FRÉTTABLAÐIÐ

18. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. JANÚAR 2021

Arndís Þórarinsdóttir, Elísabet Kristín Jökulsdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson tóku í gær við Íslensku bókmenntaverðlaununum 2020. Hulda Sigrún Bjarnadóttir, meðhöfundur Arndísar, var fjarverandi. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veitti verðlaunin á Bessastöðum. Hlutu verðlaunahafar eina milljón króna hver í verðlaun. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Merki um fábreyttan markað

Nauðsynlegt að beina sparnaði landsmanna í verðbréfakaup og fjárfestingu í atvinnulífinu, segir Lilja Alfreðsdóttir. Ekki á að draga stuðning ríkisins til baka of snemma. Bólusetning muni ganga hratt fyrir sig.

VIÐSKIPTI Miklar hækkanir á húsnæðismarkaði eru merki um „fábreyttan eignamarkað hér á landi sem myndar óþarfa þrýsting á vísitölu neysluverðs," segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins.

„Það er þess vegna þjóðþrifamál að beina þeim mikla sparnaði sem hefur safnast upp í hagkerfinu inn í arðbær og fjölbreyttari fjárfestingaverkefni sem efla samfélagið. Á Íslandi eru neikvæðir raunvextir og því verða að vera til langtímafjárfestingakostir fyrir fólkið sem það

> **Stóra áskorunin í hagstjórn hins opinbera er ekki núna, heldur verður hún á næsta ári.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

hefur trú á," útskýrir Lilja í viðtali við Markaðinn, og bætir við:

„Eitt af stóru úrlausnarefnunum okkar næstu ár svo auka megi fjárfestingastigið er að fá sparnað landsmanna meira inn á verðbréfamarkaðinn þannig að almenningur komi að kaupum á hlutabréfum og skuldabréfum beint."

Lilja, sem situr einnig í ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins, segir að fólk eigi meira að taka ákvarðanir sjálft um sparnað sinn og verða þannig um leið þátttakendur þegar kemur að fjárfestingu og uppbyggingu í atvinnulífinu.

Aðspurð segist hún ekki vera „í nokkrum vafa um að það yrði til bóta" að heimila almenningi meira frjálsræði í því hvert hann beinir séreignarsparnaði sínum og það yrði til þess að „skapa meiri dýnamík og skoðanaskipti á markaði."

Lilja hefur ekki áhyggjur af aukinni skuldsetningu ríkissjóðs og segir ekki standa til að taka til baka stuðningsaðgerðir ríkisins of snemma. Hún vill að ríkið fari í stóra skuldabréfaútgáfu erlendis og að það gerist fyrr frekar en síðar.

Að sögn Lilju hafa bæði forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra „fullvissað ríkisstjórnina um það að bólusetning muni ganga hér hratt og örugglega fyrir sig og að við verðum komin á góðan stað hvað það varðar innan mjög fárra mánaða." **– hae / sjá Markaðinn**

ON íhugar að kæra Landsnet

VIÐSKIPTI Orka náttúrunnar (ON) íhugar nú að kæra Landsnet til samkeppnisyfirvalda vegna þess að Landsvirkjun er sagt hyglað umfram aðra raforkuframleiðendur í framkvæmdaáætlun Landsnets.

Þetta kemur fram í nýlegu erindi ON sem stílað er á Orkustofnun. Vísað er til fyrirhugaðrar tengingar Fljótsdalsstöðvar við suðvesturhorn landsins.

„Að mati ON er málið skýrt. Um er að ræða óréttláta úthlutun gæða og kostnaðar á markaði þar sem ríkir samkeppni. Það er mögulega umfjöllunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld ef Landsnet knýr í gegn breytingar sem hygla stærsta eiganda Landsnets á kostnað annarra á samkeppnismarkaði," segir ON. **– thg / sjá Markaðinn**



SÉRBLAÐ

fylgir Fréttablaðinu í dag

Færri í sóttkví en í einangrun

COVID-19 Staðan í útbreiðslu kórónaveirunnar hérlendis í gær var að færri voru í einangrun en í sóttkví. 59 voru í einangrun en 53 í sóttkví.

Eftir mánudaginn höfðu 4.789 verið bólusettir að fullu hérlendis og 5.646 höfðu fengið fyrsta skammt bóluefnis. Þetta kom fram í munnlegri skýrslu Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um stöðu bólusetninga á Alþingi.

„Fregnir berast nú af því að framleiðsluvandi hafi og muni leiða til þess að afhending frá Pfizer og AstraZeneca verði mögulega minni en til stóð á næstu vikum," sagði Svandís. „Aðalatriðið er að enn eru allar líkur á því að við munum ná að bólusetja þorra þjóðarinnar á fyrstu tveimur ársfjórðungum þessa árs sem hefur verið markmiðið frá upphafi." **– gar**

Saga í mótun

Gengið í grunni nýs Landspítala við Hringbraut. Áætlað er að nýtt sjúkrahús sem muni uppfylla þær nútímakröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu verði tekið í notkun árin 2025-2026. Fleiri byggingar munu rísa á næstu árum en framkvæmdir munu taka um áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á Laufásborg er löng hefð fyrir skákkennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Snemmbúinn skákáhugi

SKÓLAR Í tilefni skákdagsins, sem haldinn er á afmælisdegi Friðriks Ólafssonar 26. janúar, heimsótti Guðlaug Þorsteinsdóttir, læknir og margfaldur Íslands- og Norðurlandameistari í skák, elstu börnin á leikskólanum Laufásborg í kennslustund í skák. Á Laufásborg er löng hefð fyrir skákkennslu og eru fyrstu kynni barnanna af íþróttinni jafnvel við tveggja ára aldur. Þá er spurningin: Man anginn manngangginn? **– atv**

Kynlíf og klám langt frá að vera það sama

Í næstu viku hefst VikaSex í skólum borgarinnar þar sem áhersla er lögð á kynheilbrigði. Íslensk ungmenni horfa töluvert mikið á klám og íslenskir drengir eiga Norðurlandametið í klámhorfi. Fræðslan er þó alltaf að aukast.

KLÁM „Í VikuSex sinnum við kynheilbrigði," segir Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra jafnréttisskóla Reykjavíkur, en Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur lagt til að í viku sex hvert ár leggi bæði grunnskólar og félagsmiðstöðvar í borginni sérstaka áherslu á að nemendur fái fræðslu um kynheilbrigði. Hugmyndin kemur frá Danmörku og þetta er í annað sinn sem þessi vika er haldin. Í fyrra var þema VikuSex tilfinningar og samskipti en í ár er þemað kynlíf.

„Mér fannst mikilvægt að unglingarnir sjálfir hefðu val um það hvað við erum að leggja áherslu á þannig að ég hef reynt að hafa þetta lýðræðislegt, í fyrra komu fulltrúar nemenda úr öllum grunnskólum borgarinnar og völdu þemað í sameiningu.

Núna, út af COVID, sendi ég póstkort á alla nemendur í níunda bekk í Reykjavík og þeir skrifuðu hvað þá langaði að fræðast meira um.

Ég fékk 640 svör og það svar sem kom lang, lang oftast fyrir var kynlíf, sem er þemað í ár. Ég bætti svo við undirflokkunum: hvað er kynlíf, hvenær er ég tilbúinn að stunda kynlíf með öðru fólki, hvað þýðir að kynlífi fylgi ábyrgð, með hverjum má ég stunda kynlíf og af hverju ætti ég að stunda kynlíf."

Allir skólar í borginni fá veggspjöld með fróðleik og myndum og starfsfólk fær aðgang að samantekt á kennsluhugmyndum og hentugu kynfræðsluefni. Útbúin hefur verið Instagram-síða vikasex_island þar sem finna má litla fróðleiksmola um kynlíf. Innslög með kynfræðsluefni verða sýnd á UngRÚV og ýmislegt fleira. Kolbrún segir marga skóla búna að skipuleggja frábæra dagskrá fyrir ekki aðeins unglingana. Norðlingaholtsskóli sé til dæmis búinn að skipuleggja kynfræðslu fyrir alla nemendur í VikuSex, frá fyrsta bekk og til tíunda.

Kolbrún segir einnig að fræðsla skili mestum árangri en klámhorf hefur minnkað milli ára hjá börnum í áttunda til tíunda bekk. „Ég hef trú á að svona átak sé að skila árangri ásamt öðru góðu forvarnarstarfi. Nú þurfum við bara að halda þessu við og halda áfram. Sjúk ást, herferð sem Stígamót er með ár hvert, var með áherslu á klám í fyrra og það hefur verið meira fjallað um það undanfarið að kynlíf sé gott en klámið ekki. Ég leyfi mér að vona að þetta sé að skila okkur í rétta átt," segir hún og bætir við: „Klám og kynlíf er ekki það sama. Börnin okkar eiga skilið að fá betri fræðslu. Ef við gefum okkur að þau séu að læra um kynlíf í gegnum klám þá verðum við að stíga upp og veita þeim mótvægi við því."

benediktboas@frettabladid.is

Tölur um klámáhorf íslenskra drengja eru á niðurleið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslendingar á Pornhub

Fimm vinsælustu leitarorðin á vefsíðunni Pornhub árið 2018

- Iceland
- Lesbian
- Fortnite
- Anal
- Milf

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra jafnréttisskóla Reykjavíkur

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Lokadagar
Rýming
Troðfull verslun af merkjavöru!
80%
afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
LES DEUX
copenhague
OSCAR JACOBSON
Bruun & Stengade
Benvenuto.
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Skipulagsfulltrúi vill að þrengt verði að skotfélögunum á Álfsnesi

UMHVERFISMÁL Setja þarf skotfélögum á Álfsnesi mun strangari skorður og veita aðeins starfsleyfi til tveggja ára, segir í umsögn skipulagsfulltrúans í Reykjavík vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur spurði skipulagsfulltrúa hvort breytingar á skipulagi hindruðu að endurnýja mætti starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur til tólf ára.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu sýndi rannsókn á svæðum Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur að 46 prósent hagla sem féllu við svæðið voru úr blýi. Heilbrigðiseftirlit og skotfélögin hafa hins vegar áður sagt notkun hinna mengandi blýhagla vera nánast enga.

Bendir skipulagsfulltrúinn á að Skotfélag Reykjavíkur hafi haft svæðið til tímabundinna afnota og

Á Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

íbúar í nágrenninu árum saman látið í ljós óánægju. Setja verði strangari skilyrði um starfsemina, svo sem opnunartíma og notkun blýhagla. Samhliða verði að kanna til hlítar að finna varanlega aðstöðu undir skotæfingar annars staðar.

„Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki hljótist ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti valdið riftun á tímabundnu starfsleyfi," segir skipulagsfulltrúi. Í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæð áhrif á vistkerfið verði blýnotkun bönnuð.

„Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eða óháðum aðila og þá jafnframt með tilliti til hljóðmengunar og opnunartíma," leggur skipulagsfulltrúi enn fremur áherslu á. – gar

Í Súgandafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fiskeldið hér í frönskum þætti

VIÐSKIPTI Útflutningsverðmæti eldisfisks jókst um 17 prósent í fyrra og nam um 28 milljörðum króna. Árið 2019 jókst verðmætið um 92 prósent.

Til samanburðar hækkaði útflutningsverðmæti sjávarafurða um 1 prósent og lækkað um 9 prósent sé tekið tillit til veikingar krónunnar.

Fyrr í mánuðinum var fjallað um íslenskan eldisfisk á TF1, stærstu sjónvarpsstöð Frakklands. Talið er að 8 milljónir hafi séð þáttinn. – khg

Bluebirdþota í Keflavík.

Þrýstingur féll í Bluebird-þotu

FLUGSAMGÖNGUR Í gær var Boeing 737-400 fragtflugvél Bluebird-félagsins snúið við á leið til Keflavíkur frá Dublin og lent í Aberdeen er þrýstingur í flugstjórnarklefanum féll.

Sigurður Ágústsson, stjórnarformaður Bluebird, segir enga hættu hafa verið á ferðum og bjóst við að vélin kæmist aftur á loft eftir skoðun.

Flugvélin var með 7,2 tonn af farmi og þrjá í áhöfn. Dublinlive hefur eftir talskonu flugvallarins að töluverður viðbúnaður hafi verið en betur hafi farið en óttast var. – bb

Mismiklir möguleikar og vilji til sameiningar sveitarfélaga

Sveitarstjórnir sumra fámennra sveitarfélaga eru enn mótfallnar þvinguðum sameiningum og hafa ekki hafið nein formleg samtöl við nágrannasveitarfélög sín. Búist er við að frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verði lögfest í vor. Önnur sveitarfélög eru farin að máta sig við nágranna sína.

STJÓRNSÝSLA Í gær fór fram fyrsta umræða á Alþingi um sveitarstjórnarfrumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar samgönguráðherra. Þar ber hæst þvingaða sameiningu sveitarfélaga með færri en 250 íbúa árið 2022 og 1.000 árið 2026.

Um áramót voru 36 sveitarfélög undir 1.000 íbúa markinu og tólf undir 250 íbúum. Íbúum Kjósahrepps fjölgaði og standa þeir nú á sléttum 250. Karl Magnús Kristjánsson oddviti segir byrjað að skoða kosti. Stefnt er á íbúafund í febrúar.

„Við tökum því sem að höndum ber því við teljum 99 prósent líkur á að frumvarpið verði samþykkt," segir Karl Magnús. „Það versta sem sveitarfélög gera er að gera ekkert fyrr en öxin fer að falla."

Karl Magnús segir ekki sjálfgefið að Kjósarhreppur sameinist Reykjavík eða Mosfellsbæ þótt hreppurinn hafi verið skilgreindur á höfuðborgarsvæðinu. Sameining á Suðurlandi eða Vesturlandi sé möguleg, þá við Bláskógabyggð, Akraneskaupstað eða Hvalfjarðarsveit. „Það er allt galopið hjá okkur," segir hann.

Það sama segir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti Dalabyggðar. Valkostagreining sé hafin og klárist í vor. „Við erum að skoða möguleika í allar áttir óháð landshlutum," segir Eyjólfur. Möguleikarnir liggja norður á Vestfirði, austur í Húnavatnssýslur, vestur á Snæfellsnes eða suður í Borgarfjörð. „Okkur finnst betra að vera búin að undirbúa okkur í tíma frekar en að vera þvinguð í eitthvað."

Stór sameining á Snæfellsnesi hefur verið rædd sem og á Vestfjörðum, en þar gætu einnig orðið smærri sameiningar.



Á Vopnafirði eru engin sameiningaráform og hafnaði hreppurinn því að ganga inn í Múlaþing. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það versta sem sveitarfélög gera er að gera ekkert fyrr en öxin fer að falla.**

Karl Magnús Kristjánsson, oddviti Kjósarhrepps

Kostirnir eru þrengri á norðausturhorninu, það er á Langanesi og Vopnafirði. Vopnfirðingar vildu ekki vera með sameiningunni sem varð Múlaþing í haust. Íris Grímsdóttir oddviti segir engin sameiningaráform uppi en íbúafjöldinn er um 650 manns.

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langnesinga, segir óformlegar samræður hafnar við Svalbarðshrepp, þar sem íbúar eru 94. Samanlagður íbúafjöldi sé þó aðeins um 600. Sameining við Norðurþing eða Vopnafjörð hefur ekki verið rædd. „Ég á enn eftir að sjá hvernig þeir ætla að framkvæma þetta," segir Þorsteinn.

Landfræðilega er viðbúið að litlir hreppar eins og Tjörneshreppur og Fljótsdalshreppur þurfi að sameinast Norðurþingi og Múlaþingi. Í Austur-Húnavatnssýslu er stefnt á sameiningu fjögurra sveitarfélaga.

Í Rangárvallasýslu verður kosið um stóra sameiningu fimm sveitarfélaga í sumar. Tillaga Árborgar um stóra sameiningu í Árnessýslu var slegin út af borðinu fyrir tveimur árum. Þar eru fjögur sveitarfélög undir mörkum. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, var fylgjandi tillögunni. Hann segir vert að skoða aðrar leiðir, svo sem sameiningu uppsveitanna. „Fólk er þó enn þá feimið við þetta," segir Jón. „Mín skoðun er sú að ef farið verði í sameiningu ætti hún að vera stór."

Sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er í pípunum en í Eyjafirði er lítill vilji til sameiningar þótt þrjú sveitarfélög séu undir mörkum. „Við höfum frekar stefnt á að fjölga íbúum og erum andsnúin lögþvinguninni," segir Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, sem í dag telur rúmlega 650 sálir, en fyrir fimm árum bjuggu þar 550. Segir hann sveitarfélögin í kringum Akureyri í góðu samstarfi um ýmis mál en ekki telja þörf á sameiningu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Ég á auðveldara með að kynnast krökkum

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Námskeið hefjast:

10 til 12 ára 10. feb. 17.00-20.00 8 skipti með viku millibili

13 til 15 ára 8. feb. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili

13 til 15 ára 9. feb. 17.00-20.30 8 skipti (Suðurnesjabæ)

16 til 19 ára 4. ágúst 18.00-22.00 8 skipti tvisvar í viku

20 til 25 ára 11. feb. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili

Dale Carnegie

Skráning á dale.is eða 555 7080

Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Copyright © 2020 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Youth_Ad_121620

Upphafið að ánægjulegra ferðalagi!

Réttur bíll frá BL gerir daglega lífið betra

- Landsins mesta úrval rafbíla
- Á þriðja þúsund rafbíla seldir
- Heim-sending á reynsluakstri
- Allir bílar kolefnis-jafnaðir

Magnaður leiðtogi í tíu ár

Nissan **LEAF**

Verð frá **4.890.000 kr.**

100% rafmagn

NISSAN

Sjö ára ábyrgð á öllum Hyundai

HYUNDAI

Rafmagnað ár hjá Renault

RENAULT

Byrjaðu rafmagnað líf með MG

Sjö ára ábyrgð

BL lengir ábyrgðina

Við höfum lengt ábyrgðartíma flestra bíltegunda okkar. Kynntu þér lengri ábyrgð og framúrskarandi þjónustu á bl.is.

Mesta úrval landsins er á bl.is

BL er stærsta bílaumboð landsins og á bl.is getur þú skoðað yfir 60 tegundir frá 11 bílaframleiðendum, pantað reynsluakstur og óskað eftir sölumati og tilboðum vegna uppítöku.

BL ehf
Sævarhöfða 2, 525 8000

Jaguar Land Rover
Hesthálsi 6-8, 525 650

Hyundai
Kauptúni 1, 575 1200

BL

BMW · MINI · JAGUAR · LAND ROVER · NISSAN · DACIA · RENAULT · SUBARU · ISUZU · HYUNDAI · MG

Yfir 100 þúsund Bretar nú látnir

BRETLAND Yfir hundrað þúsund Bretar hafa nú látist samkvæmt nýjum tölum frá heilbrigðisyfirvöldum Bretlands.

Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands

Bretland situr nú í fimmta sæti yfir heildarfjölda þeirra sem látist hafa vegna veirunnar. Þar voru settar á hertar aðgerðir í upphafi árs sem standa enn yfir.

„Hugur minn er hjá hverjum þeim sem misst hefur ástvin," sagði Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands. „Á bak við þessar sorglegu tölur eru vinir, fjölskyldur og nágrannar."

Bretar voru fyrsta ríki heims til að samþykkja bóluefni Pfizer. Tæplega sjö milljónir Breta hafa nú fengið fyrri skammt og 472.446 síðari skammt. **– atv**

Biden aflétti hömlum á Íran

ÍRAN Íranir hafa hvatt Joe Biden Bandaríkjaforseta til að aflétta viðskiptahöftum svo þeir geti betur tekist á við COVID-19.

Viðskiptahöftin, sem Donald Trump fyrrverandi forseti setti á, eru með undantekningum vegna matvöru, lyfja og neyðarbirgða en írönsk stjórnvöld segja höftin torvelda viðskipti við erlenda banka.

Íranir hafa tryggt sér aðgang að rússneska bóluefninu Sputnik V og reyna að ná samningi við AstraZeneca og önnur lyfjafyrirtæki. Ali Khamenei, æðsti leiðtogi Írans, hefur bannað innflutning á bóluefni frá Bandaríkjunum og Bretlandi, sem hann segir óáreiðanleg.

Þá hótuðu Íranir að þeir myndu hindra eftirlitsferðir Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkuver landsins, verði höftunum ekki aflétt. **– atv**

Sjö kýr fóru yfir landamærin.

Ísraelar skili kúnum heim

LÍBANON Hirðar frá líbanska þorpinu Wazzani hafa sakað ísraelska herinn um að taka kýr sem voru á beit við landamæri ríkjanna tveggja.

Ísrael og Líbanon eiga formlega í stríði og eru ekki sammála um hvar landamæri ríkjanna liggja. Svæðið þar sem kýrnar frá Wazzani eru venjulega á beit er aðeins um 200 metra frá Ísrael.

Segja hirðarnir að ísraelskir hermenn hafi farið yfir landamærin í leyfisleysi og tekið þar sjö kýr.

„Þessar kýr hafa verið þarna í yfir tuttugu ár og þetta er í fyrsta skipti sem einhver tekur þær," sagði einn af þorpsbúum Wazzani, sem missti þrjár kýr.

Talsmaður ísraelska hersins sagði hins vegar að kýrnar hefðu komist í gegnum hlið og yfir á yfirráðasvæði Ísraels á meðan heræfingar stóðu yfir. Hliðinu hafi verið lokað eftir æfingarnar. Hann sagði jafnframt að kúnum sjö yrði skilað aftur til eigenda sinna. **– atv**

Reiðir bændur við Rauða virkið

Bændur safnast fyrir framan Rauða virkið í Delí á lýðveldisdegi Indlands til að mótmæla nýjum landbúnaðarlögum. Mikil reiði hefur verið innan indverska bændasamfélagsins gagnvart stjórnvöldum síðan lögin voru samþykkt fyrir sex mánuðum. Margir bændanna telja lögin færa völdin frá bændunum sjálfum til stórfyrirtækja. Átök brutust út þegar mótmælendur brutust inn í virkið, margir hverjir á traktorum eða hestbaki. MYND/EPA

Eftirliti með leiktækjum víðar áfátt en hjá Reykjavíkurborg

Víðs vegar um landið fer aðalskoðun leiktækja, sem skal fara fram á minnst tólf mánaða fresti, ekki fram samkvæmt reglugerð. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir viðurlögum ekki hafa verið beitt við því að virða ekki reglugerðina, aðalskoðun ein og sér tryggi ekki öryggi á leiksvæðum.

ÖRYGGISMÁL Tæplega 90 prósent leiksvæða á Norðurlandi eystra hlutu aðalskoðun í fyrra að sögn Umhverfisstofnunar. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur slík skoðun aðeins farið fram á leiksvæðum í Reykjavík í undantekningartilfellum síðan 2013.

Aðalskoðun leiksvæða á að gera á minnst á tólf mánaða fresti samkvæmt reglugerð.

Tölur um fjölda leiksvæða sem hlutu aðalskoðun árið 2020 liggja ekki fyrir á Suðurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi vestra eða á Kjósarsvæði. Helmingur leiksvæða á Vestfjörðum hlaut slíka skoðun í fyrra og tæplega helmingur á Suðurnesjum. Ekkert leiksvæði á Austurlandi hlaut aðalskoðun í fyrra.

Yfir áttatíu prósent leiksvæða í Kópavogi og Hafnarfirði hlutu aðalskoðun árið 2020 en alvarlegt slys varð í leiktæki á skólalóð í Kópavogi fyrir tæpum þremur mánuðum er sex ára drengur féll úr þriggja metra háum kastala og hryggbrotnaði.

„Almennt er mjög gott eftirlit með öryggi á leikvallasvæðum og sinna heilbrigðiseftirlitssvæðin og rekstraraðilar slíku eftirliti, enda eru starfsmenn heilbrigðiseftirlitssvæða þjálfaðir í slíku eftirliti," segir Gunnar Alexander Ólafsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Á vef Umhverfisstofnunar segir að reglubundnum skoðunum og rekstrarskoðunum sé vel sinnt á flestum leiksvæðum en að um árabil hafi mikill minnihluti rekstraraðila leiksvæða óskað eftir aðalskoðun. Árið 2009 hafi aðeins 20 prósent svæða verið aðalskoðuð.

BSI á Íslandi ehf. er eina faggilta skoðunarstofan hér á landi sem getur og hefur leyfi til að framkvæma aðalskoðanir á leiksvæðum. Árni H. Kristinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að breyting hafi orðið til batnaðar því fleiri láti gera aðalskoðun árlega.



Framkvæmdastjóri BSI á Íslandi segir að þeim fjölgi sem láti gera aðalskoðun árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX

> **Í flestöllum tilfellum er hratt og vel brugðist við athugasemdum.**

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

„Hér er um vitundarvakningu að ræða," segir Árni. „Þó er hægt að segja að Reykjavíkurborg skeri sig alveg úr í þessum efnum."

Rót vandans segir Árni vera að eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sé í ólestri „þar sem horft er fram hjá samræmdum eftirlitskröfum, meðal annars við veitingu starfsleyfa leikskóla, þar sem gerð er krafa um að fylgt sé kröfum um að meðal annars aðalskoðun sé framkvæmd árlega."

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir aðalskoðun aðeins hluta af reglubundnu, innra eftirliti sem rekstraraðila sé skylt að hafa með leiksvæði.

„En reglubundnar yfirlitsskoðanir og rekstrarskoðanir ábyrgðaraðila hafa mest vægi varðandi daglegt öryggi á leiksvæðum," segir Árný.

Þá segir Árný heilbrigðiseftirlitið með lögboðið eftirlit á leiksvæðum í borginni hjá öllum rekstraraðilum, en bendir á að fleiri reki leiksvæði í Reykjavík en borgin. Langflest leiksvæði séu í góðu ásigkomulagi.

„Heilbrigðiseftirlitið gerir kröfur um úrbætur í samræmi við tilefni og í flestöllum tilfellum er hratt og vel brugðist við athugasemdum, ef ekki er því fylgt eftir," segir Árný.

Spurð hvers vegna borgin hafi ekki sætt viðurlögum við brotum á reglugerð, segir Árný Heilbrigðiseftirlitið ekki hafa beitt rekstraraðila, sveitarfélög eða einkaaðila leiksvæða þvingunarúrræðum, vegna þess einungis að aðalskoðun hafi ekki farið fram.

„Þvingunarúrræðum af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins gagnvart rekstraraðilum er beitt, til dæmis starfsemi takmörkuð eða leiktæki tekin úr notkun ef ástæða er til. Aðalskoðun ein og sér tryggir ekki öryggi á leiksvæðum eins og dæmin sanna," segir Árný.

birnadrofn@frettabladid.is

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

BIEBER
Borðstofustóll
20% afsláttur
Útsöluverð
14.320 kr.
Verð áður 17.900 kr.
Pu leður 2 litir svartur og grár

BORÐSTOFUBORÐ
180 cm stækkanlegt eikarborðstofuborð
20% afsláttur
Útsöluverð
116.720 kr.
Verð áður 145.900 kr.

LÝKUR Á LAUGARDAG

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP STRAX Í DAG

Rúmföt	Heilsurúm	Sófar	Hægindastólar	Gjafavara	Húsgögn
-20%	-20-40%	-20-50%	-20%	-20%	-20-50%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Fíkniefnavandi stjórnvalda

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Enginn efast um mikilvægi þess að huga að og efla lýðheilsu þjóðarinnar. En við búum ekki í fullkomnum heimi og lýðheilsusjónarmið eiga til að breytast í óskiljanlega grimmd gagnvart þeim sem eiga erfitt uppdráttar.

Það eru dapurleg, heilsufarsleg rök fyrir því að vísa útigangsmanni út af gistiskýli vegna ölvunar og hætta á að hann frjósi í hel. Manni í geðrofi er enginn greiði gerður með því að banna honum að reykja á geðdeild og ákvörðun um að setja ofvirknilyf á bannlista í fangelsum, þar sem meirihluti vistmanna glímir við ofvirkni, er tæplega tekin í þágu friðar í fangelsum, starfsgetu eða betrunar þeirra sem þar dvelja.

Þessi grimmd hefur hvergi verið eins augljós og í stríðinu gegn fíkniefnum, þar sem þeim sem minnst mega sín í undirheimunum hefur verið ýtt lengra út á jaðarinn með ómannúðlegri löggjöf sem framfylgt hefur verið af mikilli hörku. Þessu hefur heilbrigðisráðherra sem betur fer áttað sig á, en hún kynnti í síðustu viku áform sín um breytingar á fíkniefnalöggjöfinni. Það litla skref sem hún hyggst taka í átt að mannúðlegri stefnu í fíkniefnamálum hefur mætt gríðarlegri andstöðu hér á landi, frá því að hugmyndir fóru að bærast um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta af ólöglegum fíkniefnum. Ekki síst frá Embætti landlæknis, sem fer fyrir lýðheilsumálum í landinu.

Staðreyndin er að stjórnvöld hafa ekki aðeins brugðist í baráttu sinni við vímuefnavandann heldur eru þau sjálf stærsta vandamálið. Ástandið innan fíkniefnalögreglunnar vekur ekki beinlínis traust þeirra sem minnst mega sín í fíkniefnaheiminum, enda virðast þeir sem hæst eru settir í undirheimunum njóta þar dyggrar verndar. Það þarf ekki gagnaleka frá héraðssaksóknara til að sjá þetta, heldur dugar að fletta þekktustu undirheimamönnum landsins upp í dómasöfnum dómstólanna til að sjá hverjir njóta helst friðhelgi.

Vantraust og tortryggni í garð yfirvalda kemur í veg fyrir að þolendur andlegs og líkamlegs ofbeldis í undirheimunum leiti sér hjálpar. Vantraustið er ekki óverðskuldað. Refsingar fyrir vörslu og neyslu vímuefna skipta þar minnstu máli. Skipulagt mansal með notkun burðardýra er ekki aðeins látið átölulaust af stjórnvöldum, heldur er fórnarlömbunum refsað meðan kvalararnir njóta friðhelgi. Óútskýrður dauði barna og ungmenna er látinn viðgangast refsilaust.

Til að leysa fíkniefnavanda stjórnvalda þarf uppstokkun innan þeirra stofnana sem rekið hafa stríðið. Ekki aðeins á þeim sviðum sem rannsaka fíkniefnabrot, heldur ekki síður þeirra sem fara með ofbeldisbrot, dauðsföll, mansal og misneytingu. Það þarf að taka allt refsivörslukerfið til endurskoðunar. Yfirvöld þurfa að standast þá freistingu að loka meðferðarstofnunum sem virka og landlæknir þarf að endurskoða viðhorf sín til fólks sem á bágt. Sú lýðheilsugrimmd sem veikt fólk mætir alls staðar í kerfinu virkar ekki.

Sú lýðheilsugrimmd sem veikt fólk mætir alls staðar í kerfinu virkar ekki.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Halldór

Frá degi til dags

Djarfur leikur

Félagsmálaráðherra kveðst ekki hafa neinar áhyggjur af því að fara úr hinu Framsóknarvæna Norðvesturkjördæmi og færa sig yfir í Framsóknarfælið Reykjavíkurkjördæmi norður. Kannanir benda til að borgarbúar séu mun frekar til í að kjósa Brynjar Níelsson en Framsóknarráðherra. Formaðurinn afhjúpaði plan til að bjarga sínu fólki, það er að klára loksins Syndabrautina, brú sem beintengir lattelepjandi miðbæ Reykjavíkur við Norðvesturkjördæmi.

Spennan vex

Samfélags- og viðskiptanördar landsins bíða spenntir eftir uppljóstrunum, lofi, lasti og bankahrunsfrásögnum úr bók Einars Kárasonar um Jón Ásgeir Jóhannesson. Nafnaskrá bókarinnar birtist á vefmiðlum í gær, með smá ímyndunarafli glyttir í söguþráðinn. Merkilegt nokk þá fjallar bókin ekki einungis um Gunnar Smára og einkaþoturnar. Kemur það ekki á óvart að Davíð Oddson kemur oftast fyrir, eða hundrað sinnum. Svo kemur Björn Bjarnason. Meira á óvart kemur að á listanum er hin Æsí spæsí Leoncie. Þar er líka Alda Karen, sem kenndi Jóni að kyssa peninga. Björgólfur Thor var með Guy Ritchie og 50 Cent í sinni bók. Jón Ásgeir trompar með Tinu Turner og Herra Hnetusmjöri. Hefur Netflix nú þegar lýst yfir áhuga.

Fjarfundafært

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður Framsóknar

Þessi hraða þróun í fjarfundum mun eflaust nýtast okkur til frambúðar af því að þetta form nýtist einkar vel í stóru og dreifbýlu landi.

Þú ert á mjút“ er líklega setning síðasta árs, enda hefur fjarfundaformið rutt sér hratt og örugglega til rúms sem viðbragð við samkomutakmörkunum. Þessi hraða þróun í fjarfundum mun eflaust nýtast okkur til frambúðar af því að þetta form nýtist einkar vel í stóru og dreifbýlu landi. Við höfum ekki aðeins nýtt fjarfundina í vinnunni heldur hefur netið verið mikilvægur gluggi milli fjölskyldu og vina á erfiðum tímum.

Það er ekki langt síðan samfélagið og atvinnulífið hefði lamast algjörlega við samkomutakmarkanir eins og þær sem við höfum búið við að mestu síðasta árið. Lykillinn að því að allir þessir fjarfundir, oft landshorna á milli, hafa getað farið fram, er sú mikla uppbygging sem hefur verið í ljósleiðaratengingum um allt land. Sú stefna sem síðar fékk nafnið Ísland ljóstengt, á upphaf sitt í grein sem ég skrifaði árið 2013 og bar yfirskriftina „Ljós í fjós“. Því verkefni lýkur á þessu ári og þá verða yfir 99% heimila og fyrirtækja með ljósleiðaratengingu, sem er samkvæmt síðustu upplýsingum einsdæmi í heiminum.

Byggðamálin hafa lengi verið mér sérstaklega hugleikin. Það er mikilvægt að þau skilyrði séu sköpuð að fólk geti búið og starfað um allt land. Nú stendur yfir vinna við metnaðarfulla byggðaáætlun sem lögð verður fyrir þingið á vormánuðum. Sú áætlun sem nú er í gangi hefur reynst vel og náðst að sameina krafta ólíkra aðila í því að hugsa um hvað það er sem þarf til að byggðir geti dafnað á ólíkum stöðum. Byggðaáætlun er þó ekki eina áætlunin sem snýr að blómlegum byggðum um allt land því samgöngur og fjarskipti leika þar lykilhlutverk. Stórsókn í samgöngum er hafin og metnaðarfullar áætlanir eru um áframhaldandi eflingu fjarskipta um allt land. Það er aðeins ein leið út kófinu: Áfram, áfram veginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hálendisþjóðgarður í þágu allra

Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður Náttúrminjasafns Íslands

Skúli Skúlason
prófessor við Háskólann á Hólum og Náttúruminjasafn Íslands

Náttúran á hálendi Íslands er einstök í hnattrænu samhengi. Þar er að finna ein stærstu óbyggðu víðerni Evrópu og svæðið á fáa ef nokkurn sinn líka hvað varðar andstæður og fjölbreytileika í landslagi og náttúru, með stórkostlegu sjónarspili elds, íss og vatns. Gæði af þessu tagi fara ört þverrandi á heimsvísu vegna áhrifa mannsins og því mun gildi svæðisins aðeins vaxa með tímanum ef okkur tekst að stýra umgengninni skynsamlega á samræmdan og sjálfbæran hátt.

Afar brýnt er að stýra nýtingu og stöðugt vaxandi umferð á hálendinu með samræmdum hætti til að koma í veg fyrir og lágmarka óafturkræf spjöll áður en það er um seinan.

Hálendið gegnir mjög mikilvægu hlutverki í vistfræðilegu tilliti fyrir landið í heild og hafið umhverfis, hlutverki sem tilvist okkar og efnahagskerfi byggir á. Á hálendinu er til dæmis að finna uppsprettur orku og efna sem vatnsföllin bera í sjó fram, jafnt til vaxtar í sjávarlífríkinu og viðhalds á kolefnisbúskap sjávar og sýrustigi. Strandstraumurinn, sem sjávarlífríkið er háð á margan hátt, er undir afrennsli ferskvatns af landi kominn og því geta vatnsaflsvirkjanir haft áhrif á vistkerfi sjávar. Þá fer umtalsverður hluti kolefnisbindingar á Íslandi fram á hálendinu fyrir tilstilli lággróðurs og þar leika mosar og fleiri hægvaxta og viðkvæmar lífverur stórt hlutverk. Því verður að stíga þar létt til jarðar og gæta vel að beit og umferð. Á hálendinu eru einnig gróskumikil þurr- og votlendissvæði sem fóstra fjölbreytt lífríki, þar á meðal stóra stofna fugla sem Íslendingar bera ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samþykktum. Athafnir okkar á hálendinu hafa þannig áhrif á líffræðilega fjölbreytni á hnattræna vísu. Hrun líffræðilegrar fjölbreytni er nú þegar alvarlegt og vaxandi vandamál um heim allan. Um þessar mundir vinna Sameinuðu þjóðirnar og einstök ríki þeirra, þar á meðal Ísland, hörðum höndum að áætlunum til að bregðast við þessari vá. Ábyrgð okkar á vistfræðilegri stöðu hálendisins er því ótvíræð.

Og stærðin skiptir einnig máli. Náttúran lýtur ógjarnan tilbúnum afmörkunum á borð við bújarðir eða sýslur, hvað þá heldur smærri reiti og hólf, eins og háttur friðlýsingar hefur lengst af verið. Hinir náttúrulegu ferlar, tengsl lífrænna og ólífrænna þátta innan og milli vistkerfa með tilheyrandi víxl- og gagnverkunum, eiga sér iðulega stað í stærra samhengi og heildum sem falla illa að línulegum landamerkjum. Fagurfræðileg rök eiga einnig við þegar hugað er að stærð og sjónrænni upplifun. Fegurð landslags, til dæmis fjallgarðs eða hraunfláka, getur staðið og fallið með afmörkun og stærð viðkomandi svæðis.

Á Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, sem er stórt og mikið þjóðþrifamál með skýra, alþjóðlega tilvísun. Kynning á málinu hefur verið óvenjuítarleg, aðdragandinn langur og samráð haft við fjölmarga. Á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands er að finna greinargóða umfjöllun og skýringar með frumvarpinu þar sem veitt eru svör við mikilvægum spurningum um gerð og eðli þjóðgarðsins, alls í 26 liðum.

Meginmarkmiðið með stofnun þjóðgarðs á hálendinu er að taka frá landsvæði sem státar af einstakri náttúru á heimsvísu og stýra umgengni og nýtingu þannig að náttúran þar fái að þróast og þrífast sem mest á eigin forsendum án alvarlegra inngripa og áhrifa af mannavöldum. Þetta er skynsamleg ráðstöfun og ekki einasta fjárhagslega arðbær heldur nauðsynleg í vistfræðilegu ljósi. Afar brýnt er að stýra nýtingu og stöðugt vaxandi umferð á hálendinu með samræmdum hætti til að koma í veg fyrir og lágmarka óafturkræf spjöll áður en það er um seinan.

Mikilvægt er að samstaða náist á Alþingi um lagafrumvarpið og að það verði samþykkt til hagsældar fyrir land og þjóð og mannkyn allt. Með lögum um þjóðgarð á hálendinu verða stigin afar mikilvæg skref í átt að heildstæðari og lýðræðislegri stjórnsýslu á svæðinu, þar sem tillit er tekið til ólíkra hagsmuna í nafni allrar þjóðarinnar. Við sem búum og dveljum í þessu landi erum öll vörslumenn þess og mikilvægt er að gleyma sér ekki í baráttu fyrir sérhagsmunum heldur leita sátta og vinna saman.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2020

HAMINGJUÓSKIR!

Forlagið óskar höfundum verðlaunabókanna til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin



FAGURBÓKMENNTIR
Elísabet Jökulsdóttir
★★★★
„Ljóðræn og manneskjuleg saga sem lætur lítið yfir sér í fyrstu en býr yfir mögnuðum galdri.“
Guðrún Baldvinsdóttir / *Fréttablaðið*



BARNA- OG UNGMENNABÆKUR
Arndís Þórarinsdóttir
Hulda Sigrún Bjarnadóttir
★★★★
„Spennandi og vel skrifuð barnabók sem sver sig í ætt við skandinavísku hefðina og hefur alla burði til að verða sígild.“
Brynhildur Björnsdóttir / *Fréttablaðið*

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

Æfir í háfjallalofti í Bandaríkjunum

Þríþrautarkonan Guðlaug Edda Hannesdóttir sem er hluti af Ólympíuhópi ÍSÍ segir blendnar tilfinningar að heyra orðróm um frestun Ólympíuleikanna. Hún er við þröskuldinn á að komast inn á leikana og er að undirbúa tímabilið með augastað á Tókýó.

ÞRÍÞRAUT „Þetta er ofboðslega sérstök staða. Í fyrra var þetta að mörgu leyti erfiðara enda vissi maður minna, en í ár er maður undir það búinn að þeir gætu frestað aftur, vitandi að kórónaveiran er enn í útbreiðslu, “ segir þríþrautarkonan Guðlaug Edda Hannesdóttir, aðspurð út í orðróm sem hefur heyrst undanfarna daga um að það gæti þurft að fresta Ólympíuleikunum í Tókýó annað árið í röð, eða aflýsa þeim. Guðlaug Edda er ein af 27 manneskjum á Ólympíulista ÍSÍ fyrir leikana í Tókýó, yfir þá aðila sem stefna að þátttöku og vinna markvisst að því að tryggja sér keppnisrétt á leikunum.

„Auðvitað er erfitt að heyra þessar fréttir, að þessu verði mögulega frestað eða aflýst en þetta er ekki í mínum höndum. Það er í raun ekkert annað sem ég get gert en að halda áfram að æfa og vona að þetta fari allt saman vel. Í fyrra var þetta meira sjokk, maður átti í raun aldrei von á því að Ólympíuleikunum yrði frestað eða aflýst. Ég og þjálfarinn minn vorum sammála um að einbeita okkur bara að undirbúningnum og æfa eins og leikarnir færu fram, en á sama tíma sætta okkur við að þetta gæti farið á báða vegu. Ef ég væri að velta mér of mikið upp úr þessu í dag kemur það niður á æfingunum sem er ekki þess virði, en auðvitað yrði það sárt ef leikunum yrði frestað. “

Guðlaug Edda er rétt við mörkin að komast inn á Ólympíuleikana og er því spennt að geta keppt á ný í mótum sem gefa stig inn á styrkleikalistann í aðdraganda leikanna.

„Við erum að bíða eftir svörum frá Alþjóða þríþrautarsambandinu, ITU, um hvaða mót telja inn á Ólympíulistann. Fyrsta mótið var á dagskrá í Japan í mars en það er erfitt að sjá að það fari fram þegar útgöngubann ríkir í landinu. Þríþrautarsambandið ætlaði að gefa út dagskrá í janúar og er búið með drög að henni sem á þó eftir að staðfesta. Það getur tekið á þolinmæðina að bíða svona. Ég er rétt við línuna til að komast inn á leikana og þarf að eiga eina til tvær góðar keppnir til þess og er þess vegna mjög spennt að sjá hvaða keppnir standa til boða.“

Guðlaug Edda í hlaupi á Akureyri síðasta sumar. MYND/BIRKIR BALDVINSSON

Í þríþraut þurfa keppendur að synda, hjóla og hlaupa, en vegalengdin er mislöng. Á Ólympíuleikunum er hlaupið tíu kílómetrar, fjörutíu kílómetra hjólreiðar og 1,5 kílómetri syntur.

„Þær keppnir sem fóru fram á síðasta ári voru ekki taldar inn á styrkleikalistana og höfðu því engin áhrif á Ólympíulistann. Ég finn alveg að það eru margir orðnir spenntir að byrja að keppa aftur með annað augað á Ólympíuleikunum, enda fjögur ár af undirbúningi að baki og væntingar. Þegar þetta fer að telja aftur inn á stigalistann verður fólk grimmara í leit að fleiri stigum og gefur sig allt í verkefnin.“



Guðlaug neyddist til að æfa sund í uppblásinni laug um tíma. MYND/ERNIR

Við erum að bíða eftir svörum frá ITU hvaða mót telja inn á Ólympíulistann.

Guðlaug Edda Hannesdóttir

Guðlaug Edda er þessa dagana við æfingar í háfjallaaðstæðum í Bandaríkjunum, áður en hún fer að æfa rétt yfir sjávarmáli í aðdraganda tímabilsins.

„Ég er þessa dagana að æfa í æfingahóp í Bandaríkjunum. Við erum núna í Colorado í háfjallaæfingabúðum til að byggja upp góðan grunn. Í næsta mánuði förum við síðan yfir til Arizona og æfum við sjávarmál á meiri hraða í aðdraganda keppnistímabilsins sem á að hefjast um miðjan mars. Undirbúningurinn hófst í nóvember en það fór upp um eitt skref við að fara út og verður ansi krefjandi næstu sex til sjö vikurnar. Ég finn hvernig þetta kemur manni nær markmiðum sínum og ég sé framfarir í hverri viku hérna úti,“ segir Guðlaug sem keypti sér uppblásna sundlaug til að æfa í bílskúr foreldra sinna á Íslandi í upphafi heimsfaraldursins.

„Já, það var ótrúlegt,“ segir afrekskonan hlæjandi, aðspurð hvort að hún hafi kvatt sundlaugina fagnandi. „Maður gerir auðvitað bara það sem þarf til að komast á æfingarnar hverju sinni. Hér úti er mun betri æfingaaðstaða og ég er að vinna með þjálfaranum mínum og heimsklassa íþróttafólki, sem gefur manni ótrúlega mikið. Ég lærði það hvað það hjálpar að vera að æfa með öllu þessu fólki og þjálfaranum mínum, þó að það hafi verið talsvert vesen að komast út. Það var því mikill léttir þegar það var í höfn og mér tókst að koma til móts við hópinn.“ **kristinnpall@frettabladid.is**

Stefnir út eftir næsta tímabil

Þrátt fyrir fyrirspurnir að utan í vetur gerir Agla María Albertsdóttir ráð fyrir að leika með uppeldisfélagi sínu í sumar. Landsliðskonan sem er að ljúka háskólanámi er samningslaus í haust og stefnir þá út.

FÓTBOLTI „Þetta er svolítið sérstakt enda mjög mikil breyting á stuttum tíma. Það er auðvitað ákveðinn kjarni sem er enn til staðar en við misstum heilmikið, bæði með þeim sem fóru út og með Sonný Láru. Sonný var var mikill karakter og fyrirliðinn," segir landsliðskonan og sóknartengiliður Breiðabliks, Agla María Albertsdóttir, aðspurð hvort það sé ekki sérkennilegt að mæta til æfinga þessa dagana eftir brotthvarf fjölmargra lykilmanna á stuttum tíma.

Sonný Lára Þráinsdóttir lagði markmannshanskana á hilluna á dögunum og þá eru fimm landsliðskonur, Alexandra Jóhannsdóttir, Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmsdóttir, búnar að yfirgefa Breiðablik á tæpu ári og hafa haldið út í atvinnumennsku. Þá var Sveindís Jane Jónsdóttir í lykilhlutverki hjá Breiðablik í fyrra á láni frá Keflavík en er nú komin út í atvinnumennsku.

„Það er auðvelt að samgleðjast þeim. Þó að það væri auðvitað gaman að hafa þær áfram á æfingunum hjá okkur er gaman að sjá þær taka næsta skref á sínum ferli."

Hin 21 árs gamla Agla er þrátt fyrir ungan aldur að nálgast hundrað leiki í efstu deild. Flestir þeirra hafa komið með uppeldisfélaginu, Breiðabliki, en hún lék einnig um tíma með Val og Stjörnunni. Í 93 leikjum hefur Agla skorað 44 mörk og þrisvar orðið Íslandsmeistari. Þá á hún að baki 33 A-landsleiki.

Agla María hefur tvisvar orðið Íslandsmeistari með Breiðabliki og einu sinni með Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það er enn stefnan að fara út eftir þetta tímabil, svo er maður alltaf með opin augun fyrir tilboðum. Ég hef það gott hjá Breiðabliki og hef í raun ekki enn verið að leitast eftir því að fara út. Ég er samningsbundin út þetta tímabil og ég geri ráð fyrir að skoða mína möguleika betur næsta haust," segir Agla sem ætlar að klára háskólagráðuna fyrst. Fyrirspurnir að utan fóru því aldrei á viðræðustig í vetur.

„Það er næsta skref á ferlinum, að fara út í atvinnumennsku er skref sem ég ætla mér að taka á einhverjum tímapunkti."

kristinnpall@frettabladid.is

Sago og Schroeder ásamt Wright fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fyrstar til að dæma saman leik í NBA

NBA Natalie Sago og Jenna Schroeder, dómarar í NBA-deildinni í körfubolta, urðu í vikunni fyrstu konurnar til að dæma saman leik í deildinni. Með því voru konurnar í meirihluta í dómarahópnum sem sér um NBA-deildina í fyrsta sinn.

Fimm konur vinna í fullu starfi sem dómarar í NBA-deildinni.

Sean Wright var aðaldómari leiksins sem var á milli Charlotte Hornets og Orlando Magic. Leiknum lauk með 117-108 sigri Magic í Amyway-höllinni í Orlando.

Alls eru fimm konur sem sinna dómgæslu í NBA-deildinni þessa dagana, 24 árum eftir að Violet Palmer og Dee Kanter urðu fyrstu konurnar til að dæma í deildinni. Sago var að hefja sitt þriðja tímabil sem dómari í NBA en Schroeder er á öðru tímabili sínu í deildinni. – kpt

VR 130 ÁRA

130 ára barátta fyrir lífsgæðum

Afmælisviðburður VR í streymi í kvöld

Í dag, miðvikudaginn 27. janúar fagnar VR 130 ára afmæli. Af því tilefni verður sérstakur afmælisviðburður í kvöld kl. 19.30, í streymi á vr.is og visir.is.

Við þökkum samfylgdina í 130 ár og höldum baráttunni áfram!

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. JANÚAR 2021 MIÐVIKUDAGUR

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ágústa Anna Valdimarsdóttir

lést á Seljahlíð 8. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug til okkar allra. Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki Seljahlíðar fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun.

Þórður Grétar Árnason
Hinrik Ingi Árnason
Sigurður Þórarinn Árnason
Þórir Steindórsson
Anna Brynhildur Steindórsd.
Steingerður Steindórsdóttir
Vigdís Hjartardóttir
Oddný Steingrímsdóttir
Hafdís Jónsdóttir
Anneli Hemmingsson
Guðmundur Geir Sigurðsson
Vífill Sigurjónsson
og fjölskyldur.

†

Heittelskuð móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Sigurðardóttir

frá Ísafirði,
áður til heimilis að Kársnesbraut 87, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 21. janúar síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 13.

Börn hinnar látnu,
Aðalsteinn Þórðarson
Ásdís Þórðardóttir
Brynja Þórðardóttir Mathisen
Guðlaugur Þórðarson
Þórður Ólafur Þórðarson
og tengdabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Njáll Gunnarsson

bóndi frá Suður-Bár við Grundarfjörð,

lést laugardaginn 23. janúar.
Jarðarförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju, laugardaginn 30. janúar kl. 13.00.
Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina sem verður streymt á slóðinni https://www.facebook.com/grundarfjardarkirkja
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Grundarfjarðar.

Sunna, Gunnar, Erna, Lilja, Valgeir, Rósa, Anna, Marteinn og fjölskyldur.

†

Áskær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Hermóðsdóttir

lést fimmtudaginn 14. janúar á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Níels Níelsson **Steinunn Harðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valtýr Eyjólfsson

frá Lambavatni, Rauðasandi,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 14. janúar.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju Garðabæ föstudaginn 29. janúar kl. 11.00.

Eyjólfur V. Valtýsson **Ludene Valtýsson**
Sigurður H. Valtýsson **Siv E. Sæmundsdóttir**
Bylgja Valtýsdóttir **Jóhann Sigurþórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Með tvö verkefni í takinu

Tryggvi Gunnarsson leikstjóri var í hópi þeirra sem hlutu styrki úr potti Sviðslistasjóðs fyrir árið 2021. Hann og hans fólk er með tvö spennandi verkefni í gangi.

Hilmir Jensson og Tryggvi vinna heilmikið saman í Sóma þjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auðvitað voru öll mín egg í körfum sem liggja í geymslum og safna ryki, leikhús, leiðsögumannsstarf og athafnastjórn hjá Siðmennt," byrjar Tryggvi Gunnarsson leikstjóri, spurður út í atvinnumál sín. Heldur svo áfram. „En hópurinn minn, Sómi þjóðar, fékk styrk í fyrra til að gera sýningu og við byrjuðum að forma hana fyrir svið Tjarnarbíós. Sáum svo fram á að þurfa að slást við kollega um æfingapláss og sýningakvöld, loks þegar leyfi fengist, og ákváðum að breyta verkinu í listaverk fyrir hvítt tjald og svið, því innan okkar raða er góður tökumaður."

Tryggvi segir verkið fallegt þó það fjalli um erfitt málefni, hina hnattrænu hlýnun. „Við tökum það á mennsku nótunum og vonumst til að frumsýna í byrjun apríl. Að því kemur fullt af góðu listafólki sem fær útrás fyrir sköpunarþörfina og líka einhverja innkomu."

Ferðalangar sögunnar nefnist annað verkefni sem Tryggvi og hans fólk fæst við. Það er hljóðverk sem hlaðið er niður í síma og er ætlað börnum. „Verkið er tengt GPS-hnitum á fyrirframgefinni gönguleið, til dæmis í Elliðaárdalnum og þar fær notandinn að heyra leikrit sem tengist inn í umhverfið," lýsir hann. „Þó að fólk hafi farið þessa leið þúsund sinnum áður upplifir það hana á nýjan hátt og fær annan vinkil í útivistina."

– gun

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og vinur,

Guðný Sigurðardóttir

Espigerði 2, Reykjavík,

lést að heimili sínu föstudaginn 22. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Friðjón Hallgrímsson
Bent Russel **Helga Ingibjörg Reynisdóttir**
Rúnar Russel **Tuti Ruslaini**
Frank Russel
Ólafur Björn Ólafsson **Jolanta Marzina Glaz**
Þorsteinn Bjarki Ólafsson **Tatiana Malai**
Helga Kristín Friðjónsdóttir **Mike Klein**
Rannveig Þöll Þórsdóttir **Ólafur Sveinbjörnsson**
Solveig Björk Sveinbjörnsdóttir
ömmubörn og langömmubarn.

Okkar yndislega

Herdís Steingrímsdóttir

sameindalíffræðingur,

lést sunnudaginn 24. janúar sl. á Royal Sussex County sjúkrahúsinu í Brighton á Englandi. Hún dó ekki ráðalaus!

David Gillard
Daniel Davidsson **Maija Hall**
Robert Davidsson **Marie Lytken**
systkini og fjölskyldur.

†

Okkar elskaði, yndislegi og hjartahlýi sonur, bróðir, mágur og frændi,

Guðni Pétur Guðnason

Sólheimum 7, Reykjavík,

lést af slysförum föstudaginn 22. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Guðni Heiðar Guðnason **Sigrún Drífa Annieardóttir**
Edgar Smári **Gerður Steinarsdóttir**
Bjarki Enok
frændfólk og vinir.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

†

Okkar ástkæra

Sóley Gestsdóttir

frá Ísafirði,

lést á Droplaugarstöðum 7. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

F.h. ástvina,
Eyjólfur Vestmann Ingólfsson

†

Okkar elsku

Blær Á. S. Ástráðsson (Ásdís Jenna Ástráðsdóttir),

laganemi og táknmálsfræðingur, Breiðahvarfi 7, Kópavogi,

lést laugardaginn 16. janúar.
Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Til minningar er bent á Landssamtökin Þroskahjálp. Útförinni verður streymt á beint.is/streymi/blaerasdis.

Kevin Kristofer Oliversson
Adam Ástráður Kristófersson
Ástráður B. Hreiðarsson **Anna Ingibjörg Gunnarsdóttir**
Arnar Ástráðsson
Þorsteinn H. Ástráðsson **Berglind Þóra Árnadóttir**
Ása María Ástráðsdóttir
Soffía Sóllilja Ástráðsdóttir

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Helgi Ágústsson

Boðaþingi 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 15. janúar.
Útför fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 28. janúar klukkan 13.00. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og fjöldatakmarkana verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstödd. Athöfninni verður streymt á lindakirkja.is/utfarir

Hólmfríður Ágústsdóttir
Ásbjörn G. Guðmundsson **Hólmfríður Erlingsdóttir**
Ágúst Guðmundsson **Hafdís Viggósdóttir**
Þorsteinn Guðmundsson **Björk Birgisdóttir**
börn og barnabörn.

FÓLK
Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 27. JANÚAR 2021

Arnar Felix Einarsson, eigandi Aqua Sport, tók við rekstrinum í sumar, en verslunin hefur verið starfandi í 40 ár og er vel þekkt innan sundíþróttarinnar, enda eina sérhæfða sundverslunin á Íslandi. Nýlega bætti Aqua Sport vörum frá TYR við úrvalið og opnaði nýja vefverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allt sem þarf fyrir sundið

Hjá Aqua Sport geta þeir sem stunda sund, sundæfingar, sundleikfimi, sjósund eða eru að taka sín fyrstu skref í sundi fengið allt sem þarf. Nýr eigandi hefur bætt úrvalið og auðveldað viðskiptavinum lífið með nýrri vefverslun. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

Aqua Sport er eina sérhæfða sundverslunin á Íslandi og eina verslunin sem þjónustar bæði sundlaugar og sundfólk að öllu leyti, en þar er hægt að fá allt sem þarf til að stunda sund og reka sundlaugar. Verslunin er að auka við úrvalið hjá sér með því að bæta við vörum frá TYR og auka aðgengi viðskiptavina með því að opna glænýja vefverslun sem mun bjóða upp á góð opnunartilboð á vefsíðunni aquasport.is.

„Ég tók við rekstrinum á Aqua Sport af Guðmundi Harðarsyni og konu hans, Rögnu, þann 1. júlí síðastliðinn, en þessi verslun hefur verið starfandi í 40 ár og er þekkt innan sundíþróttarinnar, enda eina sérhæfða sundverslunin," segir Arnar Felix Einarsson, eigandi Aqua Sport.

„Ég er sjálfur búinn að vera að æfa og kenna sund síðustu 25 árin og í rekstri síðustu tólf, en í sumar þurfti ég að finna eitthvað nýtt að gera. Þá voru Guðmundur og Ragna búin að ákveða að setjast í helgan stein svo ég keypti reksturinn í sumar, þar sem ég taldi mig hafa ákveðna grunnþekkingu á þessu," segir Arnar. „Það má segja að þetta hafi verið framhald af því sem ég hef verið að fást við og það er gaman að tengjast sundíþróttinni aftur sterkum böndum og geta verið í svona miklum samskiptum við bæði sundhreyfinguna og almenning."

Sundáhugi að aukast

„Fyrst var Aqua Sport eingöngu heildverslun en í dag er opin búð fyrir almenning. Við bjóðum upp á rekstrarvörur til reksturs sundlauga og sundvörur fyrir almenning, keppnisfólk, sjósundsfólk, rekstraraðila sundlauga eða aðra. Það má segja að við þjónustum allt sem við kemur sundi," segir Arnar. „Við seljum í sundlaugarnar sjálfar, tæknibúnað, línur í sundlaugar, sundgleraugu, bakpoka, sundboli, sundkúta, leikföng í laugar, keppnisfatnað, sjósundsfatnað, neoprene galla og fleira. Þetta er eina heildverslunin sem þjónustar sundlaugar á fjölbreyttan hátt.

Það hefur verið gríðarlegur sundáhugi hjá Íslendingum eftir að sundlaugarnar voru opnaðar á ný, sérstaklega á nýja árinu. Það er að verða mikil vitundarvakning varðandi sund hjá almenningi," segir Arnar. „Fólk er að leita sér að upplýsingum á netinu, kynna sér hvað þarf til að þjálfa sig í sundi og drífa sig á skriðsundsnámskeið. Það er orðið mun algengara að fólk komi og kaupi blöðkur, spaða, millifótakúta og góð gleraugu. Þetta er oft búnaður sem eingöngu keppniskrakkar keyptu hér áður fyrr en er orðið staðalbúnaður hjá þeim sem vilja nýta sund sem hreyfingu.

Það eru líka margir sem leggja stund á sundleikfimi og eldra fólk er meðvitað um mikilvægi þess að mæta og það nýtur sín betur við að eiga réttan búnað," segir Arnar. „Þetta er einhver besta hreyfing sem er hægt að fá og heldur fólki bókstaflega gangandi."

Góðar græjur skipta máli

„Fólk finnur líka að sportið verður skemmtilegra með góðum græjum. Margir eru að æfa sig með snorkla og blöðkur sem eru til dæmis smágræjur sem geta gert sportið skemmtilegra með því að opna möguleika í skriðsundi fyrir fólk sem ekki hefur lært skriðsund," segir Arnar. „Sjósundið nýtur líka vaxandi vinsælda og við bjóðum upp á alls konar neoprene græjur, vettlinga, skó, sokka, gleraugu, sundhettur, buxur og galla í mörgum stærðum og gerðum. Það er margt í boði.

Við erum líka að auka við úrvalið hjá okkur og taka inn mjög stóran og fjölbreyttan lager frá vörumerkinu TYR, sem er eitt af stóru amerísku sundmerkjunum og það fremsta þegar kemur að fatnaði fyrir kröfuhörðustu sundmennina og keppnisfólk," segir Arnar. „Við stefnum á að vera alltaf með nýjasta nýtt frá TYR og erum líka selja þessar vörur til annarra verslana."

Aqua Sport er að auka við úrvalið og taka inn mjög stóran og fjölbreyttan lager frá vörumerkinu TYR, sem er eitt af stóru amerísku sundmerkjunum og það fremsta þegar kemur að fatnaði fyrir kröfuhörðustu sundmennina og keppnisfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aqua Sport selur rekstrarvörur til reksturs sundlauga og sundvörur fyrir almenning, keppnisfólk, sjósundsfólk, rekstraraðila sundlauga eða aðra.

Sund og sundleikfimi er einhver besta hreyfing sem er hægt að fá.

Glæný vefverslun með afslátt

„Síðasta mánudag settum við nýjan vef með glænýrri vefverslun í loftið á aquasport.is. Þar er allur lagerinn okkar aðgengilegur og við erum sífellt að auka við hann," segir Arnar. „Þar má einnig finna upplýsingar um vörur sem við seljum í gegnum sérpantanir. Við seljum til dæmis mikið af sundlaugalyftum í gegnum sérpantanir, sem og stærri hluti eins og stiga í sundlaugar og ýmislegt til reksturs, eins og teygjur, skiptiborð, tímaklukkur, hárþurrkur, sápuskammtara og fleira. Við erum með mjög breitt úrval.

Alla þessa viku erum við með sértilboð á vefpöntunum í tilefni af opnum nýja vefsins," segir Arnar. „Þar verður einnig hægt að finna svokallað „outlet" og þar verður hægt að nálgast eldri vörur á góðu verði." Á vefnum aquasport.is getur fólk sem er staðsett hvar sem er á landinu nálgast vörur og fengið sent hvert á land sem er.

Aqua Sport er staðsett í Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogi. Síminn er 564-0035 og netfangið aquasport@aquasport.is. Nýi vefurinn og vefverslunin er á aquasport.is.

Sjósund nýtur vaxandi vinsælda og Aqua Sport býður upp á mikið úrval af vörum fyrir þá sem stunda það. MYNDIR/AÐSENDAR

Aqua Sport býður upp á neoprene græjur, vettlinga, skó, sokka, gleraugu, sundhettur, buxur og galla í mörgum stærðum og gerðum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. janúar 2021

4. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Verðbólga ekki í vegi prentunar
Enn beðið eftir magnbundinni íhlutun Seðlabankans og erlendri lántöku ríkissjóðs. Mikilvægi örvandi aðgerða sagt trompa áhyggjur af verðbólgu.
2

Kostnaður hækkað um 30%
Flutningskostnaður fyrirtækja sem annast dreifingu raforku jókst töluvert á árunum 2011 til 2019. SI kalla eftir lagabreytingu.
4

Græn bréf tóku risastökk í fyrra
Útgáfa íslenskra fyrirtækja og stofnana á sjálfbærnitengdum skuldabréfum nam 130 milljörðum í fyrra. Ríkissjóður og bankarnir gætu komið inn í ár.
8

Hagkerfið á skrið síðar á árinu
Íslandsbanki gerir ráð fyrir um 700 þúsund ferðamönnum í ár. Aðalhagfræðingur bankans segir að skapa þurfi skilyrði til að íbúðafjárfesting verði aukin.
9

Sjóðirnir áhugasamir um ISAVIA
Sérfræðingar á markaði áhugasamir um að Leifsstöð verði skráð á markað. Fjármálaráðherra segir að hlutafjáraukning útiloki ekki að hlutur verði boðinn til sölu síðar.
11

Sparnaður fari í arðbær verkefni

Nauðsynlegt að beina sparnaði landsmanna í verðbréfakaup og fjárfestingu í atvinnulífinu. Ekki eigi að draga stuðning ríkisins til baka of snemma. Góðar aðstæður fyrir sölu á Íslandsbanka. Bólusetning muni ganga hratt fyrir sig. ➔ 6

Ég fullyrði að stóra áskorunin í hagstjórn hins opinbera er ekki núna, heldur verður hún eftir um tólf til átján mánuði.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Íhuga að kæra Landsnet til Samkeppniseftirlitsins

Orka náttúrunnar (ON) íhugar að kæra Landsnet til Samkeppniseftirlitsins vegna þess að hagsmunum Landsvirkjunar er sagt hyglað umfram aðra raforkuframleiðendur í kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2021 til 2028. Landsvirkjun er stærsti eigandi Landsnets. Þetta kemur fram í svari ON við athugasemdum Landsnets vegna umsagnar um kerfisáætlunina sem ON sendi til Orkustofnunar (OS). Kerfisáætlun Landsnets lýsir framtíðarsýn Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi á árunum 2020 til 2029. Framkvæmdaáætlunin á að kosta um 90 milljarða króna og er fjármögnuð með flutningsgjöldum.

Í fyrstu umsögn sinni til OS vísaði ON til þess að í upprunalegri umfjöllun OS um kerfisáætlunina kom fram að einn viðskiptavina Landsnets hefði ítrekað beiðni sína um að auka flutningsgetu milli suðvestur- og norðausturhluta landsins. Er þar vísað til Landsvirkjunar, en tilgangur tengingarinnar sem um ræðir er fyrst og fremst að tengja Fljótsdalsstöð við suðvesturhorn landsins. „Getur Landsvirkjun krafist þess að Landsnet styrki flutningskerfið, á kostnað allra notenda, svo [Landsvirkjun] geti þannig selt 300 gígavattstundir á ári, eða meira, til annarra kaupenda?“ sagði ON í fyrstu umsögn sinni sem birt var rétt fyrir jól á vefsíðu OS.

Landsnet svaraði þessum vangaveltum ON ekki með beinum hætti í viðbrögðum sínum við fyrstu umsögnum kerfisáætlunarinnar. Í nýjasta erindi sínu ítrekar ON að tenging milli Fljótsdalsstöðvar og Reykjaness muni hafa þær afleiðingar að Landsvirkjun geti selt umframorku frá Fljótsdalsstöð ef dreifikerfið yrði eflt með þeim hætti sem lýst er: „[E]n allir notendur kerfisins greiða fyrir styrkinguna,“ segir ON og tekur fram að tengingin sem um ræðir myndi auka tekjur Landsvirkjunar um tæplega 17 milljarða á ári, fyrir atbeina téðrar tengingar.

„Að mati ON er málið skýrt. Um er að ræða óréttláta úthlutun gæða og kostnaðar á markaði þar sem ríkir samkeppni. Það er mögulega umfjöllunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld ef Landsnet knýr í gegn breytingar sem hygla stærsta eigandanum á kostnað annarra á samkeppnismarkaði,“ segir ON.

Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

> **Um er að ræða óréttláta úthlutun gæða og kostnaðar á markaði þar sem ríkir samkeppni. Það er mögulega umfjöllunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld.**
>
> Úr erindi ON til Orkustofnunar

Í andsvörum Landsnets við fyrstu athugasemdir sem birtar voru í desember kom meðal annars fram að álverð væri nú á uppleið og hefði náð 2.100 dollurum á tonnið í desember. Í svari ON við þessu segir meðal annars: „Ekki er skynsamlegt að taka punktstöðu á ákveðnum hrávörumörkuðum og byggja framtíðaráform til 40 ára á þeim,“ og jafnframt: „Landsneti hefur misfarist að lesa rétt út úr álmörkuðum í byrjun desember,“ en meðalálverð á þriðja fjórðungi síðasta árs var 1.742 dollarar á tonnið.

ON bendir á að samkvæmt greiningu fyrirtækisins CRU megi leiða út að hægt sé að reka álver í Kína með hagnaði ef álver er yfir 1.350 dollarar á tonnið: „Af þessu er ljóst að líta þarf í hvert horn til að hafa undan í samkeppni á Íslandi og hagkvæmnissjónarmið þurfa einnig að eiga við flutningskerfi,“ segir í nýjustu umsögn ON um kerfisáætlun Landsnets. **thg@frettabladid.is**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Þrálátari verðbólga sé ekki í vegi prentunar

Verðbólgan gæti hjaðnað hægar en Seðlabankinn bjóst við. Enn er beðið eftir magnbundinni íhlutun bankans og erlendri lántöku ríkissjóðs. Mikilvægi örvandi aðgerða sagt trompa áhyggjur af verðbólgu. Væntingar nálægt markmiði.

Enn er beðið eftir því að Seðlabankinn hefji magnbundna íhlutun af fullum krafti og að ríkissjóður gefi út skuldabréf í erlendri mynt. Þrátt fyrir að verðbólgan verði tregari í taumi en Seðlabankinn hefur gert ráð fyrir, er áfram forgangsmál að nýta peningastefnuna til þess að örva hagkerfið, að sögn viðmælenda Markaðarins.

„Stærsta verkefnið í hagkerfinu í dag er að efla fjárfestingu og örva atvinnusköpun. Seðlabankinn og ríkissjóður eru í aðalhlutverkum þessi misserin,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá markaðsviðskiptum Arion banka.

Áformum ríkissjóðs um erlenda lántöku og Seðlabanka Íslands um magnbundna íhlutun, sem felur í sér kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði, var ætlað að slá á áhyggjur fjárfesta af að mikil lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári myndi leiða til verulegrar hækkunar á langtímavöxtum. Báðar aðgerðir fela í sér aukningu á peningamagni í umferð.

„Mér finnst mikilvægara um þessar mundir að halda þeirri stefnu til streitu en að hafa áhyggjur af hugsanlegum verðbólguáhrifum. Það væri sömuleiðis í takti við aðgerðir Seðlabanka og ríkissjóða í öðrum löndum,“ segir Stefán. „Ekkert bólar enn á erlendu lántökunni en ég trúi ekki öðru en að eitthvað fari að gerast í þeim efnum,“ bætir hann við.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði á fundi viðskipta- og efnahagsnefndar í síðustu viku að bankinn hefði stutt við kjör ríkissjóðs og sveitarfélaga í gegnum magnbundna íhlutun. Agnar Tómas Möller, sjóðstjóri skuldabréfa hjá Kviku, segir ummælin „skjóta skökku við“ í ljósi þess hversu lítið hann hefur beitt heimildinni og hvernig ávöxtunarkrafan hefur þróast.

Frá því að bankinn greindi frá fyrirætlunum sínum um kaup á ríkisbréfum í mars á seinasta ári hefur bankinn samtals keypt skuldabréf fyrir einungis um 9 milljarða en heimildin nær upp í 150 milljarða.

„Líklega hefur óskýr stefna bankans í þeim efnum búið til óvissu sem hefur leitt til hækkunar á markaðsvöxtum undanfarið á meðan kaupin sjálf eru það lítil að þau hafa hingað til skipt litlu hvað varðar verðmyndun á markaðnum,“ segir Agnar.

Tólf mánaða verðbólgan mælist nú 4,3 prósent. FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kúvending á þróun peningamagns í desember

Nýlegar tölur Seðlabanka Íslands um peningamagn í umferð sýna að mælikvarðinn M3 – sem nær yfir reiðufé, bundið sparifé og óbundið – dróst saman um 137 milljarða króna í desember. Þannig varð kúvending á þróun peningamagns síðasta árs en fram að desember hafði það aukist um 290 milljarða króna.

Setja þarf ákveðinn fyrirvara við desembertölur peningamagns en þær eiga það jafnan til að sýna samdrátt í innlánum. Aftur á móti var sveiflan í desember ívið meiri heldur en í sama mánuði fyrri ára.

Ávöxtunarkröfur óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á lengri endanum – annars vegar til sjö ára og hins vegar tíu ára – héldu áfram að hækka í gær. Krafa tíu ára bréfanna er nú komin á svipaðar slóðir og hún var í september 2019 þegar stýrivextir voru 3,5 prósent. Þróunin litast af mikilli útgáfuþörf ríkissjóðs og sveitarfélaga, og talsverðri fjármögnunarþörf bankanna vegna fasteignalána.

Hagstofa Íslands birti í gær verðbólgumælingar sem sýndu að síðastliðna tólf mánuði hefði vísitala neysluverðs hækkað um 4,3 prósent og vísitala neysluverðs án húsnæðis um 4,7 prósent. Verðbólgan hefur ekki verið jafn mikil síðan í ágúst árið 2013. Hún var aðeins meiri en greinendur höfðu spáð fyrir um, en spár um verðbólgu á ársgrundvelli lágu á bilinu 3,9 – 4,2 prósent.

Greinendum ber saman um að verðbólgan hafi náð hápunkti í janúar og taki nú að hjaðna. Verðbólguspáin sem Seðlabankinn gaf út um miðjan nóvember gerði hins vegar ráð fyrir að hápunkturinn yrði 3,7 prósent og að verðbólgan myndi hjaðna niður í markmið – 2,5 prósent – á þriðja ársfjórðungi 2021.

„Þótt allt útlit sé fyrir að verðbólgan hnígi í átt að markmiði við lok ársins mun fyrri helmingurinn að einhverju leyti verða litaður af hækkandi verðbólgu erlendis og innlendum kostnaðarþrýstingi vegna launahækkana nú í upphafi árs,“ segir Agnar Tómas.

„Biðin eftir að verðbólgan sígi undir markmið gæti því aðeins lengst, að því gefnu að krónan styrkist ekki á næstu misserum,“ bætir hann við. Hann bendir hins vegar á að mælikvarðar á framtíðarverðbólgu séu ekki fjarri verðbólgumarkmiði Seðlabankans og því ætti þessi þróun ekki að valda neinum sérstökum áhyggjum.

Stefán Broddi segir verðbólgumælinguna vonbrigði en ekki áfall. Þótt verðbólguvæntingar á markaði til langs tíma hafi hækkað séu þær enn innan skekkjumarka.

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnir vaxtaákvörðun sína á miðvikudaginn í næstu viku. **thorsteinn@frettabladid.is**



Bankinn til þín – á fjarfundi

Hittu ráðgjafa okkar á fjarfundi og fáðu ráðgjöf og aðstoð fyrir fyrirtækið þar sem þér hentar.

- Ráðgjöf vegna fjármögnunar
- Aðstoð við vörur og þjónustu
- Notendaaðstoð
- Önnur ráðgjöf eftir samkomulagi

arionbanki.is

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nasdaq

SA

6.útgáfa

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands og Nasdaq Iceland munu kynna 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja í Sjónvarpi atvinnulífsins þann 2. febrúar 2021 frá kl. 09:00 – 10:00

Dagskrá

Gildi góðra stjórnarhátta
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Ný útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti
Agla Eir Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur Viðskiptaráðs

Tilnefningarnefndir, besti samkvæmisleikurinn
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins

Góðir stjórnarhættir – Viðhorf víða að

- Arnar Þór Másson – stjórnarmaður í Marel
- Hildur Árnadóttir – stjórnarmaður og sjálfstætt starfandi ráðgjafi
- Kristín Friðgeirsdóttir – alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi
- Magnús Harðarson – forstjóri Nasdaq Iceland
- Orri Hauksson – forstjóri Símans
- Þóranna Jónsdóttir – sérfræðingur í stjórnarháttum og formaður starfshóps 6. útgáfu

Stjórnandi dagskrár er Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Skráning fer fram á sa.is

Sjónvarp atvinnulífsins 2. febrúar 2021 kl. 09:00 – 10:00

Landsnet hækkaði verðskrá sína til dreifiveitna um 9,9 prósent á árinu 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flutningskostnaður hækkað um þriðjung

Flutningskostnaður fyrirtækja sem annast dreifingu raforku jókst töluvert á árunum 2011 til 2019. Tekjumörk dreifiveitna hafa hækkað um meira en tólf prósent umfram verðlag á sama tímabili. SI kalla eftir lagabreytingu hið fyrsta.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Flutningskostnaður sem dreifiveitur raforku þurfa að greiða Landsneti hækkaði um tæplega þriðjung á föstu verðlagi á árunum 2011 til 2019. Hækkandi rekstrarkostnaður vegna dreifingu raforku hækkar tekjumörk dreifiveitna og þar af leiðandi verð til neytenda.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Analytica um forsendur tekjumarka og gjaldtöku innlendra dreifiveitna á raforku. Skýrslan var unnin að beiðni Samtaka iðnaðarins, en framkvæmdastjóri samtakanna segir nauðsynlegt að breyta raforkulögum hið fyrsta svo hagsmuna notenda sé betur gætt.

Flutningskostnaður og tekjumörk Landsnets hafa verið nokkuð til umræðu á undanförnum mánuðum. Tekjumörk Landsnets eru ákvörðuð með lögum. Landsneti hefur verið legið á hálsi fyrir að njóta meiri arðsemi af starfsemi sinni en ætla mætti hjá opinberu fyrirtæki í sérleyfisstarfsemi, en dæmi eru um að arðsemi eigin fjár fyrirtækisins hafi verið yfir 20 prósentum á undanförnum árum.

Rekstur dreifiveitna á borð við RARIK, Veitur og HS Veitur er að ákveðnu leyti sambærilegur við Landsnet, með tilliti til þess að tekjumörk þeirra ráðast af rekstrarkostnaði. Það er að segja, þegar rekstrarkostnaður dreifiveitna hækkar, þá hækka tekjumörk þeirra í kjölfarið og þar af leiðandi heimildir til verðhækkana.

Fram kemur í skýrslunni að leyfð tekjumörk dreifiveitna hækkuðu um 12,2 prósent umfram almennar verðlagshækkanir á árunum 2011 til 2019, en þá hækkun má að langmestu leyti rekja til hækkandi gjaldskrár Landsnets og þar með rekstrarkostnaðar þeirra fyrirtækja sem dreifa raforku til heimila og smærri fyrirtækja.

Nýlegasta dæmið um samspil gjaldskrár Landsnets og tekjumarka dreifiveitna er frá því í desember síðastliðnum. Þá tilkynnti Landsnet að gjaldskrá til RARIK, HS Orku og annarra dreifiveitna myndi hækka um 9,9 prósent á árinu 2021. Í byrjun janúar tilkynnti RARIK svo að gjaldskrá myndi hækka um 2,8 prósent til allflestra viðskiptavina fyrirtækisins.

Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar lá raforkukostnaður íslenskra heimila á bilinu 80 til 120 þúsund krónur á ári að meðaltali árið 2019.

Tvítalning vaxtakostnaðar

Fram hefur komið að aðferð Orkustofnunar við að meta veginn fjármagnskostnað Landsnets, sem myndar grundvöll verðskrár fyrirtækisins, kunni að vera ábótavant. Sérstök nefnd á vegum Orkustofnunar áætlar þennan vegna fjármagnskostnað.

Bent hefur verið á að notkun breyta á borð við tíu ára hlaupandi meðaltal af skuldatryggingarálagi Íslands við útreikning fjármagnskostnaðar Landsnets, gefi skakka mynd af og ofmeti raunverulegan vaxtakostnað Landsnets, enda var skuldatryggingarálag Íslands í hæstu hæðum í allmörg ár eftir hrun fjármálamarkaða 2008.

Tekjumörk dreifiveitna eru ákvörðuð með sambærilegum hætti og Landsnets, þar sem nefnd á vegum Orkustofnunar ákvarðar tekjumörk og leyfða arðsemi. „Svo virðist sem allar ákvarðanir sem teknar hafa verið til breytingar á matsbreytum [vegna leyfðrar arðsemi dreifiveitna] á tímabilinu leiði til hækkunar á vegnum fjármagnskostnaði," segir í skýrslu Analytica.

Hingað til hefur nefnd Orkustofnunar sem vélar um þessi mál notað tíu ára vísitölu verðtryggðra ríkisskuldabréfa til viðmiðunar við ákvörðun vaxtaálags. Skýrsluhöfundar benda á að á árabilinu 2008 til 2016 voru eingöngu bréf Íbúðalánasjóðs inni í þeirri vísitölu. Því megi leiða líkur að því að áhættuálag Íbúðalánasjóðs hafi verið óskert innan vísitölunnar um langt skeið, sem leiðir af sér ofmat á áhættuálagi. Hins vegar voru bréf Íbúðalánasjóðs ekki fjarlægð úr vísitölunni fyrr en í janúar á síðasta ári.

Þar sem nefnd Orkustofnunar notast við tíu ára hlaupandi meðaltal við ákvörðun vaxtaálags dreifiveitna mun þessa ofmats á vaxtakostnaði að óbreyttu gæta næsta áratuginn eða svo, sem mun leiða af sér hærri verðskrá en ella.

Segir breytinga þörf

„Mikilvægt er að stjórnvöld grípi strax til breytinga á raforkulögum, til þess að rétta af þann halla á samkeppnishæfni Íslands á sviði raforkumála sem núverandi meinbugir á sviði tekjumarka og gjaldtöku

> **Því er ljóst að forsendur og fyrirkomulag núverandi kerfis þjóni ávallt hagsmunum sérleyfisfyrirtækja.**
>
>
>
> Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

sérleyfisfyrirtækja er að valda, en af nýlegum skýrslum og úttektum er ljóst að sérleyfisstarfsemi er sá þáttur virðiskeðju raforku sem nauðsynlegt er að breyta," segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann segir jafnframt að óbreytt fyrirkomulag feli í sér að gjaldtaka þessara fyrirtækja er hærri en raunveruleg efni standa til, jafnt til heimila sem og atvinnulífs.

Sigurður bendir einnig á að núverandi fyrirkomulag sé eingöngu til þess fallið að þjóna hagsmunum sérleyfisfyrirtækja sem annast flutning og dreifingu raforku á kostnað notenda: „Á síðastliðnum árum hefur lækkandi vaxtastig í landinu ekki endurspeglast með þeim hætti sem er eðlilegt í verðskrá fyrirtækjanna sem annast rekstur raforkuinnviða landsins.

Þannig dregur skýrsla Analytica fram og styður við þá skoðun Samtaka iðnaðarins að það óhagræði sem núverandi fyrirkomulag felur í sér hvað varðar breytingar á forsendum tekjumarka er notendum í óhag. Það lýsir sér með þeim hætti að þegar vextir hækka, en tíu ára meðaltalið lækkar, þá mun forsendum verða breytt hvort eð er og þá ávallt sérleyfisfyrirtækjunum í hag á kostnað hagsmuna notenda. Því er ljóst að forsendur og fyrirkomulag núverandi kerfis þjóni ávallt hagsmunum sérleyfisfyrirtækja og því þarf að breyta."

Ráðgjafarfyrirtækið Deloitte vinnur nú að greiningu um leyfða arðsemi, fjármagnskostnað og rekstrarkostnað sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði. Skýrslan er unnin að beiðni iðnaðarráðuneytisins, en tilkynnt var um skýrslugerðina sama dag og skýrsla þýska fyrirtækisins Fraunhofer um samkeppnishæfni íslensks raforkumarkaðar var birt.

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
30-60% AF ÖLLUM VÖRUM

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 229.900 KR.
NÚ **148.900** KR.

HEADPOINT
LISTAVERÐ 93.900 KR.
NÚ **59.900** KR.

BJARG MB
LISTAVERÐ 94.900 KR.
59.900 KR.
KYNNINGARVERÐ

YOU TEAM
LISTAVERÐ 279.900 KR.
NÚ **139.950** KR.
TAKMARKAÐ MAGN

35-50% AF ÖLLUM STÓLUM

CUBE FUNDARSTÓLL MEÐ ÖRMUM
LISTAVERÐ
88.300 KR.
NÚ **52.900** KR.
TIL Á LAGER Í DÖKK- OG LJÓSGRÁU

W70 FUNDARSTÓLL MEÐ DONDOLA
LISTAVERÐ
148.900 KR.
NÚ **74.450** KR.

Útsöluverð gilda ekki af sérpöntunum.

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

„Þegar við ræðum um bankakerfið þá er mikilvægt að hafa í huga að það er allt annað í dag heldur en til dæmis árið 2006," segir Lilja Alfreðsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stóra áskorunin í hagstjórn á næsta ári

Lilja Alfreðsdóttir segir það þjóðþrifamál að koma sparnaði landsmanna inn í arðbær verkefni og auka fjárfestingastigið. Ekki eigi að draga stuðning ríkisins til baka of snemma. Góðar aðstæður fyrir sölu á Íslandsbanka. Bólusetning muni ganga hratt fyrir sig.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þessi faraldur er eitt mesta efnahagsáfall sem heimurinn hefur nokkurn tíma upplifað og það verður mjög mismunandi á milli ríkja hvernig þeim mun takast að vinna sig út úr þessu. Ég er þess fullviss að við verðum þar fremst í flokki með því að klára bólusetningu fljótt og um leið hefja skjóta efnahagslega viðspyrnu á meðan önnur og stærri hagkerfi í Evrópu munu eiga í meiri og þrálátari erfiðleikum," segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins.

Í viðtali við Markaðinn ræðir Lilja, sem situr einnig í ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins, meðal annars um efnahagsaðgerðir stjórnvalda og segir nauðsynlegt að beina þeim sparnaði sem hefur safnast upp í hagkerfinu í fleiri áttir en á fasteignamarkað.

„Eitt af stóru úrlausnarefnunum okkar á næstu árum svo auka megi hér fjárfestingastigið," útskýrir Lilja, „er að fá sparnað landsmanna í meira mæli inn á verðbréfamarkaðinn þannig að almenningur komi að kaupum á hlutabréfum og skuldabréfum beint."

Við stóðum vel að vígi þegar faraldurinn hófst. Mikill gjaldeyrisforði og skuldléttur ríkissjóður, sem stafaði meðal annars af stöðugleikaframlögum við uppgjör slitabúa. Hverju hefur þetta breytt?

„Þetta hefur skipt öllu máli og gert okkur kleift að takast á við þessar hamfarir. Sem lítið, opið hagkerfi skiptir það okkur höfuðmáli að ráða yfir stórum gjaldeyrisforða sem gefur peningastefnunni nauðsynlegan trúverðugleika og samspili hennar við ríkisfjármálin. Þegar við komum inn í svona kreppu, þegar langsamlega stærsti útflutningsatvinnuvegur landsins hefur þurrkast út, þá er mikilvægast að tryggja að það skapist aldrei það ástand að það verði hætta á gjaldeyrisskorti – og við höfum aldrei verið nærri því að vera í þeirri stöðu frá því að faraldurinn fór af stað.

Það var hægur leikur að átta sig fljótt á því að þjónustujöfnuðurinn yrði nálægt núlli og færi aftur í það horf sem hann var, fyrir uppgang ferðaþjónustunnar. Ferðatakmarkanir vegna faraldursins þýddu að Íslendingar eyddu ekki peningum í útlöndum og erlendir ferðamenn voru ekki að eyða peningum á Íslandi. Þá vissum við að gjaldeyrisforðinn, sem er um þriðjungur af landsframleiðslunni, væri það stór að við hefðum að minnsta kosti úthald í 18 til 24 mánuði ef allt færi á versta veg. Þegar markaðsaðilar áttuðu sig á þessari stöðu skapaðist traust á peningastefnunni og að verðbólgan færi ekki á skrið.

Þessi staða hefði ekki verið uppi ef við hefðum ekki búið í haginn á góðu árunum til að safna í forðann þegar hagkerfið skapaði meiri gjaldeyri en það var að eyða, ásamt því að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem voru aðeins rúmlega 20 prósent af landsframleiðslu við upphaf faraldursins.

> **Fólk á að taka ákvarðanir sjálft um sparnað sinn og verða meiri þátttakendur þegar kemur að fjárfestingu og uppbyggingu í atvinnulífinu.**

Ég held því fram að ekkert annað ríki hafi í reynd stutt eins mikið við hagkerfið og við höfum gert í þessari kreppu. Þegar beinar og óbeinar aðgerðir, sem stafa einkum af sjálfvirku viðbragði skattkerfis og atvinnuleysistrygginga, eru teknar saman, munum við fara vel yfir 12 prósent og jafnvel meira," fullyrðir Lilja.

„Allt sem við höfum gert ræðst af þeirri forsendu að staða ríkissjóðs sé traust og að skuldirnar muni ná hámarki í 60 prósentum af landsframleiðslu. Við verðum í mun betri stöðu en flest önnur ríki í Evrópu um leið og við höfum bólusett og varið fólkið okkar. Ég spái því að þetta gerist hraðar hér á Íslandi en annars staðar, því innviðirnir eru traustir."

Nú spilar Ísland vart í sömu deild og önnur stór hagkerfi sem geta leyft sér efnahagslegar aðgerðir, bæði í ríkisfjármálum og með peningastefnuna, án þess að þurfa að óttast eins áhrifin á vaxtastigið. Setur þetta okkur stífari skorður varðandi skuldasöfnun og hversu langt við getum þar gengið?

„Ég fullyrði að ef við hefðum ekki farið í allar þessar aðgerðir þá hefði atvinnuleysið, sem mælist engu að síður nú um tólf prósent, verið jafnvel enn meira.

Þegar við erum að bera saman hagkerfi þá skiptir auðvitað máli hvort viðkomandi ríki er með forðamynt, eins og Bandaríkin, sem geta þá skuldsett sig meira en ella og vaxið út úr skuldavandanum á grunni lágra vaxta. Fyrir önnur hagkerfi, eins og Ísland, þá verðum við að fara gætilega og passa að verðbólguvæntingar séu á þeim stað sem við viljum – í kringum 2,5 prósent – á meðan mörg önnur stærri hagkerfi eru hins vegar í þeim sporum að verðbólguvæntingar mælast afar lágar og hagvöxturinn sömuleiðis. Það er ekki endilega eftirsóknarverð staða að vera í.

Nú þegar okkur er að takast að kveða faraldurinn niður með bólusetningu, þá verðum við að einblína á að koma atvinnulífinu af stað, meðal annars með skattalegum hvötum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og þannig ná atvinnuleysinu niður, en það kostar ríkissjóð um 90 til 100 milljarða á ári. Þetta eru svakalegar upphæðir. Fjárhagslegi kostnaðurinn er eitt, en síðan er það allur félagslegi kostnaðurinn, mannauðurinn sem fer til spillis vegna skorts á vinnu. Ég hef ekki áhyggjur af þessari auknu skuldsetningu ríkissjóðs sem slíkri. Við förum með þær yfir 90 prósent á sínum tíma eftir bankahrunið, en náðum þeim hratt aftur niður."

Ekki vera værukær

Vaxtakostnaður ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu, verður mun hærri hér á komandi árum í samanburði við önnur vestræn ríki sem skulda engu að síður mun meira. Getum við gert betur við að ná lánskjörum á markaði niður og ætti ríkið að sækja sér lán erlendis?

„Ég er í engum vafa um að ríkið eigi að fara í stóra skuldabréfaútgáfu erlendis og ég hef verið þeirrar skoðunar að það eigi að gerast fyrr frekar en síðar. Lánskjörin sem bjóðast nú eru mjög góð. Við skulum samt muna að það er best að fara út á markaðinn verandi í sterkri stöðu, þegar við þurfum í raun ekki á lánsfjármagni að halda.

Við komum inn í þennan faraldur, ólíkt flestum öðrum Evrópuríkjum, í þeirri stöðu að geta lækkað vexti Seðlabankans verulega. Það hefur tekist vel – verðbólguvæntingar eru við markmið og raunvextir eru neikvæðir, sem styður við hagkerfið í gegnum þessar þrengingar. Það er margt sem vinnur með okkur. Við erum enn með góða aldurssamsetningu, það er eftirsóknarvert fyrir fólk

Konur í atvinnulífinu

MIÐVIKUDAGUR 27. JANÚAR 2021

Dr. Hélène L. Lauzon og Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir leiða rekstur og þróun hjá Primex, sem selur afurðir sínar meðal annars til Asíu, Evrópu og Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Vísindum og viðskiptum stjórnað af konum

Sigríður V. Vigfúsdóttir og dr. Hèlène L. Lauzon, leiða rekstur og þróun líftæknifyrirtækisins Primex á Siglufirði. Fyrirtækið framleiðir kítín og kítósan, trefjaefni úr rækjuskel, og nýtir alla rækjuskel sem til fellur á Íslandi. ChitoCare *beauty*-húðvörur Primex hafa hlotið alþjóðleg verðlaun. →2



Staða kvenna í stjórnunarstörfum er sterk hjá Primex. Konur í ábyrgðarstöðum eru hér séð frá vinstri: dr. Hélène L. Lauzon, framkvæmdastjóri R&Þ, dr. Katerina Bilkovicova, yfirmaður rannsóknastofu, Sigríður V. Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, aðalbókari og Guðný H. Kristjánsdóttir, gæðastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Framhald af forsíðu

Primex ehf. á Siglufirði framleiðir lífvirka efnið kítósan úr rækjuskel og er það meðal annars notað víða um heim sem fæðubótarefni en einnig í sáragrisjum til að stöðva blæðingu og meðhöndla sár.

„Framleiðsla Primex á kítósan er vottuð náttúruleg og hefur undanfarin tuttugu ár verið eftirsótt efni til ýmissa nota, meðal annars í fæðubótarefni, lyf, snyrtivörur og sárameðferðarefni. Fyrir rúmu ári setti Primex sín fyrstu lækningatæki á markað hérlendis, ChitoCare græðandi gel og sprey, ætluð til meðferðar á ýmsum húðvandamálum og örum. Í kjölfarið höfum við þróað húðvörulínuna ChitoCare beauty," upplýsir Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Primex.

Hvað er kítósan og hvernig virkar það?

Kítósan er öruggt náttúrulegt trefjaefni, það er lífvirk fjölliða sem hefur margþætta eiginleika með ótal möguleikum.

„Kítósan er algjört undur úr hafinu. Það ver húðina og dregur úr roða og ertingu með sínum kælandi áhrifum," útskýrir Hélène L. Lauzon, framkvæmdastjóri rannsókna og þróunar, um kítósan, sem í formi gels eða úða hjálpar húðinni að græða sjálfa sig.

„Kítósan samanstendur af amínósykrum sem finnast náttúrulega í líkamanum og hefur þannig góðan lífsamrýmanleika. Kítósan líkist sellulósa og veitir stuðning, en það verður jákvætt hlaðið í súru umhverfi. Þessi eiginleiki leiðir til þess að kítósan myndar filmu sem binst við húðina sem þarfnast verndar, og veitir rétt skilyrði til að viðhalda raka og efla náttúrulegt viðgerðarferli húðarinnar. Áhrifunum má jafnframt lýsa sem svo að verndandi filma kítósans dregur úr sýkingum, blæðingu, sviða og örmyndun. Hún sefar einkenni húðarinnar, veitir stuðning og stuðlar þannig að því að húð og sár grói á náttúrulegan hátt."

Gull fyrir ChitoCare beauty

Primex hlaut Nýsköpunarverðlaun Íslands árið 2012 og hefur síðastliðinn áratug þróað ýmsar vörur úr kítósani.

„Markmið okkar er að minnka sóun og auka verðmæti sjávarfangs, en um leið að bjóða upp á neytendavörur sem auka lífsgæði og vellíðan. Eftirspurn eftir náttúrulegum vörum hefur aukist gífurlega á undanförnum árum og neytendur leita gjarnan eftir slíkum lausnum, hvort sem þá vantar heilsu-, húð- eða sáravörur. Allt fæst það úr kítósani sem er algjört undraefni," segir Sigríður.

Þróun hjá Primex hefur leitt til nýs verðlaunahúðvörumerkis: ChitoCare beauty.

„ChitoCare beauty-húðvörurnar hafa slegið í gegn á ótrúlega stuttum tíma en fyrstu vörurnar voru settar á markað fyrir aðeins tveimur árum. Þær hafa tekið þátt í alþjóðlegum samkeppnum og borið sigurorð af hundruðum annarra húðvörumerkja," upplýsir Sigríður.

ChitoCare beauty hlaut meðal annars gull- og bronsverðlaun á Global MakeUp Awards.

„Andlitskremið Face Cream fékk gullverðlaun sem besta rakakremið, Body Scrub sem besta líkamsvaran og Serum Mask sem besti andlitsmaskinn. Auk þess hafa þessar og aðrar vörur í ChitoCare beauty-línunni hlotið bronsverðlaun og aðrar tilnefningar. Þetta er frábær árangur eftir stuttan tíma á markaði og undirstrikar einstaka virkni kítósans sem framleitt er hjá Primex."

Primex framleiðir einnig fæðubótarefnið LipoSan, sem eru náttúrulegar trefjar.

„LipoSan getur bætt meltingu og þarmaflóru, auk þess að stuðla að þyngdarstjórnun og viðhalda eðlilegu kólesteróli í blóði. Þá hafa rannsóknir á kítósani sýnt fram á lækkun blóðsykurs," útskýrir Sigríður. „LipoSan seljum við í miklum mæli til annarra framleiðanda, eins og Now Foods og fleiri fæðubótarrisa."

Minnkar þrálát sár og ör

Nýlega lauk Primex rannsókn á virkni kítósan-gels við meðferð þrálátra sykursýkisára.

„Um var að ræða tvíblinda, slembiraðaða samanburðarrannsókn með lyfleysu, sem fór fram í tveimur ESB-ríkjum með þátttöku fimm stofnana. Niðurstöður staðfesta að lækningatæki framleidd hjá Primex græði þrálát sár sykursýkisjúklinga hraðar, með því að minnka sárin með marktækum mun eftir sex vikna meðferð," upplýsir Hélène.

Á tíundu viku meðferðarinnar höfðu þrálátu sárin minnkað um 76 prósent, samanborið við 21 prósent hjá lyfleysuhópnum.

„Taka skal fram að meðalaldur sára á meðal þátttakenda voru nítján mánuðir, það er að segja, frá fjögurra vikna til níu ára gamalla sára, sem þýðir að mjög erfið og þrálát sár urðu fyrir valinu. Einnig kom í ljós að strax í annarri viku meðferðarinnar var ástand sára orðið marktækt betra hjá þeim sem meðhöndluð voru með kítósan-gelinu," segir Hélène.

Önnur rannsókn skoðaði áhrif ChitoCare-græðandi gels á þriggja mánaða til þriggja ára gömul ör eftir skurðaðgerðir.

„Þátttakendur báru á sig gelið tvisvar á dag í þrjá mánuði og það sýndi sig svo greinilega að örin breyttust og minnkuðu, bæði að umfangi og dýpt í húðinni," segir Hélène.

Áhrif rannsóknanna

Niðurstöður rannsókna eru jákvæðar og færa enn skýrari sönnur á öfluga virkni kítósanvara sem Primex hefur þróað undanfarin ár og mun markaðssetja sem sáragel og sáraúða undir merkinu ChitoCare medical.

„Primex hyggst á næstu mánuðum kynna og selja á heimsmarkaði þessar undraverðu vörur sem eru einfaldar í notkun og þarfnast engrar sérfræðikunnáttu, en geta minnkað eða læknað bráð eða þrálát sár af ýmsu tagi. Það þýðir að notendur geta brugðist hratt og örugglega við með því að nota sáragel eða sárasprey um leið og sár myndast. Einnig er hægt að nota kítósan-gel og sprey í forvarnarskyni til að styrkja húðina. Slík meðferð færir algjörlega nýja vídd inn í lækningaheiminn í dag og mun stuðla að einfaldari meðhöndlun sára, og skjótari lækningu eða bata með tilheyrandi sparnaði fyrir notendur og heilbrigðiskerfið, ásamt auknum lífsgæðum og vellíðan," segir Sigríður.

Primex styður við bakið á Brakkasamtökunum, samtökum fólks með BRCA-arfberann.

„Við erum stolt af því að styðja við fólk með BRCA-arfberann sem hefur sérstaka hættu á að fá krabbamein og fer í erfiðar aðgerðir til að koma í veg fyrir það með því að láta fjarlægja leg og brjóst. Þessar aðgerðir skilja oft eftir sig ljót ör. ChitoCare græðandi gel og sprey hafa reynst vel til meðhöndlunar á örum og við erum stolt af því að geta hjálpað," segir Sigríður að lokum.

Primex er á Óskarsgötu 7 á Siglufirði. Allar nánari upplýsingar á primex.is & www.chitocare.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is

BYKO leggur ríka áherslu á sjálfbærni í sínum rekstri

Hugtakið vistvænt BYKO lýsir því hvernig fyrirtækið vinnur að umhverfismálum í eigin starfsemi og í samstarfi við birgja og viðskiptavini, þannig minnkar vistspor fyrirtækisins og í virðiskeðjunni.

Vistvænt BYKO er hugtak sem lýsir því hvernig fyrirtækið vinnur að umhverfismálum í eigin starfsemi og í samstarfi við birgja og viðskiptavini, þannig minnkar stöðugt vistspor fyrirtækisins og í virðiskeðjunni. Berglind Ósk Ólafsdóttir er verkefnastjóri umhverfismála og ber ábyrgð á að innleiða og framfylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins. „BYKO setur sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, mæla árangurinn og upplýsa um stöðu mála. Við leggjum áherslu á að umhverfisvottuðu vörurnar okkar séu vottaðar af óháðum aðilum og að umhverfismerkið sé viðurkennt merki. Við tilgreinum þegar vörurnar okkar koma frá sjálfbærri skógrækt en vottun á skógrækt þýðir að timbrið sé ræktað samkvæmt ákveðnum sjálfbærniviðmiðum. BYKO kaupir rekjanleikavottað timbur þar sem allir helstu birgjar okkar eru með rekjanleikavottun," segir Berglind.

BYKO hefur allt frá stofnun lagt mikla áherslu á umhverfismál og samfélagsábyrgð en nú er tíminn til að hugsa lengra inn í rekstrinn með sjálfbærni að leiðarljósi. Sjálfbærni byggist ekki eingöngu á umhverfismálum, heldur einnig á félagslegum þáttum, menningarmálum, heilsu og velferð og efnahagslífi.

Aðspurð að því hvað felst í hugtakinu sjálfbærni segir Berglind að sjálfbærni felist í því að búa til virði til langs tíma, að fyrirtæki fari að greina hvaða áhrif starfsemin hefur á þessi ofangreindu þætti, umhverfið, félagslega þætti, menningarlega þætti, siðferði og rekstur. Sjálfbærni býr þannig til hvata til að skoða heildina og hvaða tækifæri eru til staðar.

„En það er ekki nóg, við þurfum að taka verkefnið alla leið. Við þurfum að setja okkur heildstæða sjálfbærnistefnu, byggða á heimsmarkmiðunum, sem við höfum nú þegar greint og valið okkur. Sjálfbærnistefna okkar skiptist í þrjá kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um BYKO sem vinnustað, sem nær yfir hvernig vinnustaður viljum við vera, hvernig hugum við að jafnréttismálum og hvernig stöndum við í umhverfismálum. Annar kaflinn fjallar um viðskiptavinina, hvernig við hugum að þjónustu, fræðslu, upplýsingaöryggi, samstarfi, hlutverki þróunar á vistvænum byggingarefnum, hvernig við hjálpum viðskiptavinum að beita tækninni til að auka skilvirkni og verða umhverfisvænni. Þriðji kaflinn fjallar svo um aðfangakeðjuna, hvernig við vinnum með birgjunum okkar til þess að bregðast við vandamálum í aðfangakeðjunni og hvernig þeir eru að vinna til dæmis í mannréttindum, vinnuréttindum og svo framvegis," útskýrir hún.

Skógrækt BYKO til margra ára

„Við leggjum áherslu á að minnka eigin kolefnisspor og hefur fyrirtækið verið að kolefnisbinda rekstur sinn á undanförnum þrjátíu árum með skógrækt í eigin landi að Drumboddsstöðum í Biskupstungum. Eigendur og starfsmenn BYKO fóru árlega að Drumboddsstöðum að gróðursetja frá árinu 1987 og hafa gróðursett um 130 þúsund trjáplöntur allt fram til ársins 2007. Til stendur í sumar að endurvekja þá hefð, fyrst og fremst út frá gleðilegum gildum sem einkenndu þessar árlegu ferðir en um leið í þeirri viðleitni að gera enn betur og stuðla að kolefnishlutleysi rekstrar," segir Berglind. „Á árinu 2020 fórum við líka í samstarf með Skógræktinni þar sem hlutverk þeirra var að framkvæma vísindalega mælingu á kolefnisbindingu skógarins. Sú skýrsla gefur okkur glögga mynd af stöðunni sem við upplýsum svo í samfélagsskýrslu fyrirtækisins sem verður gefin út á næstu mánuðum," segir Berglind.

Berglind Ósk Ólafsdóttir er verkefnastjóri umhverfismála hjá Byko sem leggur áherslu á umhverfismál og samfélagsábyrgð.
MYND/AÐSEND

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi

„Við byrjuðum á að skoða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun árið 2019 og skilgreindum hvaða markmið væru mest viðeigandi fyrir okkar rekstur. Við greindum öll 17 markmiðin og 169 undirmarkmið þeirra til að átta okkur á hvaða markmið væru mest viðeigandi fyrir okkar fyrirtæki. Þegar við skoðuðum líka hversu viðeigandi undirmarkmið heimsmarkmiðanna væru fyrir BYKO þá horfðum við líka á hverjar helstu áskoranir eru á Íslandi eins og þær eru skilgreindar af íslenskum stjórnvöldum og völdum við að lokum fjögur kjarnamarkmið til að hafa að leiðarljósi en styðjum samt um leið við önnur mikilvæg markmið," segir Berglind.

„Markmiðin sem við völdum að setja í forgang eru númer 5; jafnrétti kynjanna, númer 8; góð atvinna og hagvöxtur, númer 9; nýsköpun og uppbygging og númer 12; ábyrg neysla og framleiðsla, segir hún.

„Við höfum ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að styðja við hvert þessara markmiða á ýmsan hátt. Árið 2020 skrifuðum við undir viljayfirlýsingu við Kópavogsbæ um innleiðingu á heimsmarkmiðunum. Þar með höfum við, ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum í Kópavogi, skuldbundið okkur til að gera það sem við segjumst ætla að gera. Við erum stolt af vinnu okkar með heimsmarkmiðin og viljum við að þetta sé einnig hvatning til annarra fyrirtækja um að gera það sama. Innleiðingarferlið tekur tíma, þetta er langhlaup en ekki spretthlaup. Helsta áskorun okkar er að breyta hugarfari bæði stjórnenda og starfsmanna og læra að máta okkur inn í markmiðin. Til þess erum við með fræðslu til starfsmanna og tryggjum að þessi kjarnamarkmið séu sýnileg innan fyrirtækisins. Við höfum nú þegar farið í aðgerðir varðandi sjálfbærni eins og til dæmis orkuskiptin, lagt áherslu á að rafvæða bíla, vélar og tæki fyrirtækisins, sorpflokkun, minnka einnota búnað, sett upp reiðhjólaaðstöðu fyrir starfsfólk og sett upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla," heldur hún áfram.

BYKO setur sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, mæla árangurinn og upplýsa um stöðu mála.

Byko setur markmið númer 5, 8, 9 og 12 í forgang en fyrirtækið leggur áherslu á að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

„Við erum stöðugt að vinna í að gera betur og gera meira, við notumst við umhverfisbókhald sem gerir okkur kleift að greina sóun og til að geta reiknað út kolefnisporið þarf að grafa ofan í ýmis gögn til að fá yfirsýn yfir stöðuna. Með slíkri yfirsýn getum við séð tækifæri til úrbóta og brugðist við sóun. Við höfum lagt aukna áherslu á jafnréttismálin í heild og erum til dæmis þátttakendur í Jafnvægisvog FKA (Félag kvenna í atvinnurekstri). Við erum einnig meðlimir í Festu, sem er miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, því við viljum vera vel tengd, geta miðlað okkar þekkingu áfram sem og öðlast þekkingu til baka til að geta gert betur."

Vistvæn byggingarefni og vottanir

BYKO tók þátt í verkefni í samstarfi við Visthús þar sem hjónin Finnur Sveinsson umhverfisfræðingur og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir læknir byggðu fyrsta Svansvottaða íbúðarhúsið á Íslandi fyrir um fimm árum síðan í Urriðaholti, Garðabæ.

„Með því að taka þátt í þessu verkefni öðluðumst við í BYKO mikla reynslu og þekkingu gagnvart vistvænum byggingum en hlutverk BYKO var að koma inn í verkefnið með vistvæn byggingarefni, annaðhvort Svansvottaðar vörur eða vörur sem væru leyfilegar í Svansvottuð hús. Þarna lærðum við mikið á vöruframboð okkar þar sem farið var í gegnum hvaða vörur frá okkur væru nothæfar í slíkt verkefni og þá eiginlega hófst vegferð okkar í vistvænu vöruframboði og að gera grein fyrir því út á markaðinn," segir Berglind.

Að sögn Berglindar er regluleg fræðsla og aukin þekking mikilvægur liður umhverfismála til að stuðla að jákvæðri og breyttri hugsun og hegðun starfsmanna.

„Markmið okkar er líka að viðhalda og auka þekkingu okkar og deila henni og því erum við nýkomin í samstarf með Visthönnun. Á bak við Visthönnun stendur umhverfisverkfræðingur og hönnuður, Þórey Edda Elísdóttir, okkar fyrrverandi Ólympíufari í stangarstökki, en hún er líka að fara að byggja Svansvottað einbýlishús í Hafnarfirði. Húsið er á hönnunarstigi en hlutverk BYKO er að veita Visthönnun ráðleggingar varðandi efnisval og með tilkomu þessa verkefnis munum við geta miðlað okkar þekkingu áfram sem og öðlast nýja sýn og nýja nálgun á Svansvottuð verkefni," segir hún.

Í gegnum umhverfisstefnu fyrirtækisins býður BYKO upp á valmöguleikann að kaupa vistvænni byggingarefni og hjálpa viðskiptavinum sínum með því að útvega ýmis gögn, til dæmis vottanir á verkefni sem er verið að byggja eftir ákveðnum vistvottunarkerfum, eins og til dæmis BREEAM.

„Þetta styður til að mynda við heimsmarkmiðið um ábyrga neyslu og framleiðslu," segir Berglind. „Til dæmis eru ríki og sveitarfélög farin að gera auknar kröfur um að byggingaraðilar byggi eftir ákveðnum vistvottunarkerfum," útskýrir hún.

„Svona vistvottunarkerfi tekur á mörgum þáttum, en vægi byggingarefna er mismikið. Með því að birta rétt gögn, til dæmis umhverfisyfirlýsingar eða hvers kyns vottanir sem til þarf í slík vottunarkerfi, þá erum við að auðvelda okkar viðskiptavinum, þá hönnuðum, verkfræðingum, arkitektum og verktökum, að afla sér þessara gagna á auðveldari hátt. Með því móti geta þeir sótt sér þau stig sem til þarf í viðkomandi vottunarkerfi, en BREEAM vottunarkerfið byggist á stigagjöf úr ýmsum flokkum, og er byggingarefni einn af þeim flokkum."

Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Samkaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vel undirbúin fyrir spennandi tíma

Verslanir Samkaupa eru um 60 talsins og eru vel í stakk búnar til að takast á við breytt og spennandi verslunarumhverfi. Samkaup ætlar að verða eftirsóknarverðasti vinnustaður á Íslandi.

Samkaup er verslunarfélag á íslenskum dagvörumarkaði og rekur um 60 verslanir undir vörumerkjunum Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland um allt land. Félagið byggir rekstur sinn á gæðum, góðri þjónustu og fjölbreyttu vöruvali á eins hagstæðu verði og völ er á.

Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála, og Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, segja grunninn í þjónustu Samkaupa vera fjölbreytni og sveigjanleika til að uppfylla hinar ýmsu þarfir viðskiptavina sem og tengsl við viðskiptavini í öllum byggðum landsins. „Samkaup er leiðandi í viðskiptaháttum, vörugæðum og þjónustu sem og virkur þátttakandi í samfélaginu," segir Heiður.

Gunnur Líf hefur starfað hjá Samkaupum síðan 2018, en hún er menntuð grunnskólakennari og með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands. Heiður Björk gekk til liðs við Samkaup árið 2020. Hún er menntaður viðskiptafræðingur ásamt því að vera einnig með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands. Þessar öflugu konur hafa komið inn sem styrkur inn í stjórnendateymi Samkaupa, þar sem aðeins eru tvö ár frá því að engin kona sat í framkvæmdastjórn.

Samkaup leggur ríka áherslu á að vera eftirsóttur vinnustaður með öfluga framlínu. „Hjá okkur starfa um 1.400 starfsmenn í tæplega 700 stöðugildum, allt frá 14 ára aldri og er elsti starfsmaðurinn okkar 83 ára. Við erum því með fjölbreyttan hóp af fólki á öllum aldri, af allt að 23 þjóðernum og er kynjahlutfall í öllu fyrirtækinu nánast jafnt, eða 49% karlar og 51% konur," bætir Gunnur við.

Starfsfólk metið að verðleikum

Þær segja Samkaup hafa sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum sem sé órjúfanlegur hluti af heildarstefnu félagsins. „Framkvæmdastjórn Samkaupa hefur skuldbundið sig í allri stefnumótun að stuðla að auknu jafnrétti og samþykkti jafnréttisáætlun þar sem lögð er áhersla á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum," segir Heiður. Því er starfsfólki ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, fötlunar, skoðana eða annarra þátta. Árlega rýna stjórnendur stefnuna ásamt jafnréttisáætlun, jafnréttismarkmiðum og vinna að stöðugum umbótum. „Framkvæmdastjórn ákvað að taka þátt í Jafnvægisvog FKA árið 2020 og hlaut fyrirtækið þar viðurkenningu sem snýr að kynjahlutfalli í efsta stjórnendalagi félagsins," segir Gunnur.

Þær segja ánægjulegt að sjá að þegar heildarfjöldi stjórnenda hjá fyrirtækinu sé skoðaður út frá kynjahlutföllum sé jafnvægi á milli kynja mjög gott, en 48% stjórnenda eru karlar og 52% eru konur. „Stærsti hópur stjórnenda félagsins eru verslunarstjórar, sem eru 62 talsins. Þegar litið er á kynjaskiptingu þar er jafnvægið gott, eða 47% karlar og 53% konur. Það er gaman að segja frá því að frá 1. febrúar verða allir verslunarstjórar Iceland-verslana konur, ásamt því að rekstrarstjóri keðjunnar er kona. Þetta er einsdæmi í heimi verslunar, þar sem karlmenn hafa oft og tíðum verið ríkjandi," bætir Heiður við.

Árið 2018 hlaut félagið jafnlaunavottun án athugasemda og

> **Stærsti hópur stjórnenda félagsins eru verslunarstjórar, sem eru 62 talsins. Þegar litið er á kynjaskiptingu þar er jafnvægið gott, eða 47% karlar og 53% konur.**

fór félagið í sína þriðju úttekt á jafnlaunakerfinu í nóvember 2020. „Hægt er að skoða heildarárangur af markvissum aðgerðum síðustu ára, en við launagreiningu 2018 var launamunur í félaginu 3,1%. Árið 2019 var hann 2,9% en árið 2020 er launamunur vart mælanlegur, eða 0,4%," segir Gunnur.

Öflug fræðsla og menntun

Meginþungi í stefnu Samkaupa til framtíðar er að vera með forskot í samkeppni á grundvelli mannauðs og fyrirtækjamenningar. Það birtist í þekkingu, hæfni og einstakri þjónustu starfsfólks sem endurspeglar þá ímynd sem byggð er upp í öllum vörumerkjum Samkaupa, segir Gunnur. „Þetta er það sem við sem stjórnendur höfum að leiðarljósi þegar við byggjum upp og stuðlum stöðugt að auknum tækifærum fyrir starfsfólkið okkar, sem við gerum með því að bjóða upp á öfluga fræðslu og menntaleiðir."

Hún segir fyrirtækið vera gríðarlega heppið með hvað það hefur breiðan hóp af starfsfólki sem býr yfir mikilli færni og þekkingu. „Starfsfólk okkar er oft og tíðum með áralanga reynslu hjá okkur sem þýðir að við höfum byggt upp með starfsmönnunum umtalsverða færni og þekkingu sem snýr að verslun og þjónustu á mismunandi sviðum. Þessa færni hafa starfsmenn öðlast í gegnum reynslu í versluninni sjálfri, í gegnum starfsþjálfun, með formlegum námskeiðum, rafrænum námskeiðum, þátttöku í alls konar verkefnum á vegum félagsins og ýmsu fleira."

Reynslan nýtist vel

Samkaup hefur lagt áherslu á að búa til leiðir fyrir verslunarfólk sitt til að nýta reynslu sína áfram og fá hana metna til framhaldsskólaeininga í gegnum raunfærnimat á móti viðmiðum vinnustaðanáms fyrirtækisins. Einingarnar getur starfsfólk svo nýtt meðal annars áfram í Fagnám verslunar og þjónustu sem kennt er í Verslunarskóla Íslands. „Í því námi býðst starfsfólki að vera þátttakendur í námi sem byggir á að styrkja og efla verslunarstarfsmenn. Þar getur starfsmaður svo haldið áfram og klárað stúdentspróf frá sama skóla. Núna í desember útskrifuðust fyrstu nemendurnir frá fagnáminu en öll eru þau starfsfólk Samkaupa."

Starfsfólki Samkaupa býðst að halda áfram í diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun og þaðan í BS í viðskiptafræði eða annað háskólanám sem getur nýst í starfi. „Allar þessar námsleiðir eru styrktar af Samkaupum og hægt að stunda samhliða vinnu. Í ár ætlum við svo að bæta við og fara af stað með leiðtogaþjálfun sem nefnist Samkaup – forysta til framtíðar, sem verður tólf eininga háskólaprógramm fyrir verslunarstjóra og aðstoðarverslunarstjóra. Þannig að það eru mjög spennandi tímar fram undan sem stuðlar allt að því að hvetja áfram fólkið okkar."

Boðið upp á tækifæri

Gunnur segir hvatningu og stuðning yfirstjórnar Samkaupa vera ákveðna forsendu þess að starfsþróun starfsfólks eigi sér stað samhliða vinnu. „Með því að stuðla að og kynna raunfærnimat fyrir starfsfólki okkar, hvetja það áfram til fagnáms og frekari starfsþróunar, áfram í háskólanám og veita stöðuga fræðslu og þjálfun, höfum við möguleika á að efla fólkið okkar á markvissari hátt og sjá það blómstra enn frekar í starfi sínu og oft og tíðum svo að þróast áfram innan félagsins. Það er því okkar að bjóða upp á tækifærin og kjöraðstæður fyrir starfsfólk okkar, til að auka þekkingu þess og hæfni, hvort sem þau nýta það innan Samkaupa eða til framtíðar fyrir sjálf sig."

Áhersla á öfluga framlínu

Styrking á innviðum Samkaupa, þar sem áherslan er á öfluga framlínu, hefur verið sérstakt áhersluverkefni síðustu árin, segja þær. „Það hefur mikill kraftur verið settur í málaflokkinn og frekari styrking hans er ein af lykiláherslum í stefnumótun félagsins til framtíðar. Samkaup ætlar að verða eftirsóknarverðasti vinnustaður á Íslandi, þar sem boðið er upp á tækifæri fyrir fólk til að þróast í starfi og lögð er höfuðáhersla á ánægju starfsfólks, sem nýtist sem drifkraftur inn í allt okkar starf."

Þær segja stjórnendur félagsins stöðugt vinna að því að byggja upp Samkaupaliðið, sem er auðvitað lið sigurvegara í öllum störfum félagsins. Margir þættir spila inn í til að byggja upp gott lið og það sé krefjandi verkefni að halda góðum liðsanda með 63 starfsstöðvar um allt land. „Þar spila verslunarstjórar okkar algjört lykilhlutverk. Það þarf að ríkja liðsandi í félaginu í heild, inni í hverri verslunarkeðju og svo í hverri verslun fyrir sig. Með því að stuðla stöðugt að góðu trausti, vera með markvissar mælingar, stöðug samtöl við fólkið og stuðning við stjórnendur, náum við að halda fyrirtækjamenningunni á sem allra besta máta."

Einstakur vinnustaður

Þær benda á mikilvægi þess að sýna í verki hversu stóru hlutverki framlína fyrirtækisins skipar. „Við gerum það m.a. með þeim menntaleiðum sem við bjóðum upp á, velferðarþjónustu sem við bjóðum öllu starfsfólki upp á, óháð starfshlutfalli, skýrum tækifærum í starfsþróun og góðum afsláttarkjörum til starfsfólks. Einnig má benda á aðgerðarpakkann sem við settum á laggirnar í Covid, þar sem við settum 150 milljónir til framlínufólksins okkar í hinni ýmsu mynd. Þetta eru dæmi um það sem gerir Samkaup að einstökum vinnustað."

Mikið hefur mætt á framlínunni á Covid-tímum og um leið sést með afgerandi hætti hversu mikilvægir þeir starfsmenn eru og í raun allt Samkaupaliðið að þeirra sögn. „Þau standa vaktina, sama hvað dynur á, og erum við gríðarlega stolt af þeim. Starfsmenn okkar hafa unnið undir mjög breytilegu ástandi, tekið öllu með ró og alltaf staðið vaktina fyrir viðskiptavininn. Alltaf er hugsað í lausnum og ekkert verkefni er til sem ekki er hægt að leysa. Sem dæmi, þá kom aldrei til þess að loka þyrfti verslun vegna Covid. Bakvarðarsveit okkar var alltaf tilbúin til að leggja allt sitt til hliðar til að aðstoða næstu verslun ef starfsmenn hennar þurftu allir að fara í sóttkví. Við erum því eðlilega gríðarlega stolt af fólkinu okkar."

Verslun er að breytast

Vinnumarkaðurinn er í stöðugri þróun og áherslur breytast, þá sérstaklega í heimi verslunarinnar, segir Heiður. Á tímum þar sem sjálfvirknivæðing er að aukast er starf verslunarfólks að breytast og eflist vægi þeirra starfsmanna sem vinna í verslunum til muna. „Aðrir hæfniþættir verða mikilvægir sem nauðsynlegt er að hlúa vel að og því er mikilvægt að við séum að undirbúa starfsfólk undir þessar komandi breytingar. Það mun færast í aukana að starfsmenn séu að hlusta á viðskiptavini, greina þarfir þeirra og veita framúrskarandi þjónustu."

Innleiðing Samkaupa á sjálfsafgreiðslukössum í stað þeirra hefðbundnu hefur fækkað unnum tímum við afgreiðslu, án þess þó að fækka unnum tímum í verslunum. „Störfin hafa einfaldlega breyst og þróast í takt við áherslur viðskiptavina. Netverslun spilar stærra og stærra hlutverk, þar sem ný störf verða til sem krefjast annars konar hæfni til þjónustu en inni í verslun. En með því að auka skilvirkni og sjálfvirkni í pöntunarferli, áfyllingum og verðmerkingum, sparast tími sem hægt væri að nýta í meira virðisaukandi þjónustu. Þannig kemur starfsfólkið til með að geta einbeitt sér í auknum mæli að sölu og þjónustu við viðskiptavini í verslun eða í gegnum netið."

Heiður segir framtíðina vera bjarta og spennandi í heimi verslana, þar sem aukin sjálfvirkni mun gera verslunarstörf verðmætari og meira spennandi til framtíðar. „Samkaup er vel undirbúið undir þessa þróun með sterka framlínu að vopni."

Netverslun Nettó er á fleygiferð um þessar mundir.

Innleiðing á sjálfsafgreiðslukössum hefur fækkað unnum tímum við afgreiðslu, án þess þó að fækka unnum tímum í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nemendur sem útskrifuðust úr Fagnámi verslunar og þjónustu 2020.

Starfsmaður í framlínu Krambúðarinnar raðar hér í hillur verslunarinnar.

Þurfum sjálfbærari lífsstíl til framtíðar

Breytingar á orkukerfi heimsins eru í lykilhlutverki í baráttunni við loftslagsvána og bylting þarf að verða á lífsstíl fólks, neyslu og hegðun. Ný tækifæri fylgja nýjum áskorunum.

Orkukerfið er í lykilhlutverki í þeim breytingum sem þurfa að verða til að ná loftslagsmarkmiðum," segir Kristín Linda Árnadóttir, sem tók við starfi aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar síðla árs 2019. Kristín Linda er lögfræðingur, en áður hafði hún gegnt stöðu forstjóra Umhverfisstofnunar og þar áður verið lögfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Hvað varð til þess að hún sótti um starf aðstoðarforstjóra hjá stærsta orkufyrirtæki landsins?

„Ég var búin að vera forstjóri Umhverfisstofnunar í dágóðan tíma og hafði unnið lengi í stjórnsýslunni við að móta stefnu og reglur í umhverfismálum. Ég hafði meðal annars tekið mikinn þátt í samstarfi á vettvangi forstjóra umhverfisstofnana Evrópu og Efnastofnunar Evrópu. Umræðan þar snerist mikið um hvernig við tökumst á við loftslagsvána og þar voru breytingar er varða orkukerfi heimsins í lykilhlutverki. Þótt við Íslendingar værum komnir langt áleiðis voru komnar nýjar áskoranir með nýjum tækifærum. Og mig langaði til þess að fá að taka þátt í þriðju byltingunni. Nauðsynlegar breytingar á orkukerfum snerta líka almenna hegðun fólks, þannig að við tökum upp sjálfbærari lífsstíl til framtíðar og myndum þetta græna samfélag sem ég brenn fyrir.

Byltingin sem þarf að verða snertir ekki bara orkuskipti í heiminum. Þau eru nauðsynleg forsenda og driffjöður mjög víðtækra breytinga sem við þurfum að gera á lifnaðarháttum. Í framtíðinni verðum við ekki jafn háð einkabílnum og núna, heldur notum tæknina til þess að hjálpa okkur að finna bestu leiðirnar til að komast á milli staða. Þessi bylting snertir líka heilsu og lífsstíl, neyslu okkar og daglegt líf. Út frá þessum sjónarmiðum þótti mér gríðarlega spennandi að vinna fyrir Landsvirkjun, stærsta orkufyrirtæki landsins, sem hefur tækifæri til þess að framkvæma ýmsar mikilvægar breytingar og hefur reyndar gert það í gegnum tíðina. Það má því segja að allt hafi smollið saman, það sem ég var búin að vera að hugsa um í lengri tíma og tækifærið til þess að koma að þessum breytingum á nýjum vettvangi."

Umhverfismálin í forgrunni

Þú hefur helgað starf þitt umhverfismálum. Hvernig stendur á þessum áhuga á þeim málaflokki?

„Þetta byggist að hluta á tilviljunum og að hluta á innbyggðri ástríðu. Þegar ég var barn og unglingur var ég mikið í sveit og hef alltaf haft sterk tengsl við náttúruna. Þau fög sem ég hafði mestan áhuga á í lögfræðinni snertu mjög umhverfismál, eins og alþjóðamál og málefni hafsins. Það er mér mjög mikilvægt að vinna að einhverju sem skiptir miklu máli."

Voru mikil viðbrigði að koma til Landsvirkjunar frá Umhverfisstofnun?

„Já, sannarlega. Ég þekkti stjórnsýsluna gríðarlega vel, en það voru viðbrigði að fara inn í fyrirtæki sem er rekið á rekstrarlegum grundvelli, þótt það sé í eigu almennings. Fyrirtækið er frábrugðið mörgum öðrum að því leyti að við horfum mjög langt fram í tímann og á mjög breiðum grundvelli, sem einskorðast ekki við debet og kredit. Við erum einn af burðarstólpum íslensks samfélags og höfum sterk tengsl við okkar nærsamfélög, sem við viljum efla. Starf Umhverfisstofnunar snýst um að hafa eftirlit með fyrirtækjum, setja reglur og vinna að friðlýsingum. Þar eru önnur tæki og tól til þess að ná markmiðunum."

Hvernig hefur reynslan úr Umhverfisstofnun nýst þér?

„Hún hefur nýst gríðarlega vel. Við vinnum úr auðlindum landsins, þurfum að sjálfsögðu að fylgja íslenskum lögum og reglum og framtíðin er innan græna geirans. Það óx mér í augum, eins og svo mörgum sem ekki hafa oft skipt um vinnustað, að breyta svona til, en þetta hefur gengið ótrúlega vel. Það fylgir því orka að fara inn á nýtt svið, fást við ný viðfangsefni og nýja hugmyndafræði og kynnast fjölmörgu, nýju fólki."

Vandað og agað starfsfólk

Hvaða hugmyndir hafðir þú um fyrirtækið og reyndust þær réttar?

„Ég þekkti fyrirtækið ágætlega, hafði til dæmis skrifað meistararitgerð þar sem ég tók verkefni Landsvirkjunar fyrir. Svo hef ég unnið með starfsfólkinu áður, varðandi vatnamál, friðlýsingamál og fleira. Þess vegna kom mér kannski fátt á óvart þegar ég hóf störf. Hér eru miklir sérfræðingar, vandað og agað fólk sem hefur mikla ábyrgðartilfinningu fyrir störfum sínum, er stolt af fyrirtækinu og þeim auðlindum sem okkur er trúað fyrir. Hér er valinn maður í hverju rúmi og afar sterk tengsl milli starfsfólks. Meðalstarfsaldur er hár, sem segir manni að það ríkir mikil tryggð við fyrirtækið og samstarfsfélaga."

Kristín Linda Árnadóttir, sem tók við starfi aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar síðla árs 2019. MYND/AÐSEND

Samvinna mikilvæg

Hvað leggur þú af mörkum fyrir fyrirtækið?

„Fyrst og fremst þessa miklu ástríðu sem ég hef fyrir orkumálunum og mikilvægi burðarfyrirtækja eins og Landsvirkjunar fyrir framtíð þjóðarinnar. Ég hef mikla trú á samvinnu, bæði innan fyrirtækisins og út á við, við alla okkar hagaðila. Viðskiptavini, nærsamfélög við aflstöðvar og þjóðina alla."

Finnst þér vera verk að vinna í þessum efnum?

„Kröfurnar um samráð, samstarf og gegnsæi eru sífellt að aukast. Grundvallaratriði til framtíðar er að ná betri tengslum hins almenna Íslendings við orkumálin. Hér áður fyrr nýtti þjóðin sjálf orkuauðlindina, bændur byggðu upp raf- og hitaveitu. Amma mín og afi á Grafarbakka í Hrunamannahreppi bjuggu við þann lúxus að þar var hiti í jörðu, sem þau nýttu til þess að hita húsið og elda mat. Þessi lífsgæði voru mikil bylting frá því að fólk bjó í röku og illa hituðu húsnæði og notaðist við hitagjafa sem hafði slæm áhrif á loftgæði og heilsu. Þetta eigum við að hafa í huga og kunna að meta mikilvægi orkumála fyrir samfélagið."

Hvernig er að vera kona í orkugeiranum?

„Ég hafði unnið allan minn starfsferil í stjórnsýslunni, þar sem

> **Hér eru miklir sérfræðingar, vandað og agað fólk sem hefur mikla ábyrgðartilfinningu fyrir störfum sínum, er stolt af fyrirtækinu og þeim auðlindum sem okkur er trúað fyrir.**

þarf að huga sérstaklega að því að hafa nægilega marga karlmenn til að ná jafnrétti. Í orkugeiranum hefur ekki orðið sama þróun og hann er fremur karllægur. Við verðum að taka höndum saman, til að mynda í því að fá fleiri konur í iðnmenntun, því jafnrétti er til bóta fyrir öll kyn. Vinnustaðir verða skemmtilegri, fólki líður betur og menningin verður blómlegri þar sem jafnrétti er í hávegum haft."

Sterk tengsl við ætthagana

Víkjum aðeins að persónunni Kristínu Lindu. Hver er uppruni þinn?

„Ég er fædd og uppalin í Reykjavík, en eyddi í æsku miklum tíma hjá ömmum mínum og öfum í báðar ættir. Móðir mín, Björk Kristófersdóttir, er frá Grafarbakka í Hrunamannahreppi. Faðir minn, Árni Vigfússon, ólst upp á Skinnastöðum í Húnavatnshreppi og ég dvaldi einnig þar í æsku. Ég missti alveg af því að fara í sumarbúðir eins og jafnaldrar mínir, en ég ólst upp við að taka þátt í sveitastörfum og að vinna væri dyggð. Tengslin við átthagana eru enn þá mjög sterk. Ég á mjög stóra stórfjölskyldu og er afskaplega glöð yfir því hversu náin hún er. Dætur mínar eiga í góðu vinasambandi við frændsystkin sín og við dveljum mikið á þessum stöðum á sumrin."

Hvernig myndirðu lýsa sjálfri þér?

„Ég er mjög bjartsýn að eðlisfari. Glasið er alltaf hálffullt!" segir hún og hlær. „Ég hef afskaplega gaman af því að vinna með fólki, að stærri verkefnum sem eru í samræmi við mín gildi og mína lífssýn. Stundum er ég ofboðslega dugleg, en svo dett ég inn á milli í hámhorf á Netflix, sem mér hefur reyndar lærst með tímanum að er hreinlega nauðsynlegt og gáfulegt."

Hver eru áhugamálin þín?

„Mér finnst mjög gaman að lesa og geri mikið af því. Svo reyni ég að stunda eins mikla útivist og ég get, fer til að mynda á skíði og stunda hlaup. Í mesta myrkrinu og hálkunni yfir veturinn dregur úr útihlaupaáhuganum, en þegar veðrið er gott hleyp ég ansi reglulega. Svo er ég byrjuð að stunda golfið – er reyndar afspyrnuléleg, en hef mjög gaman af því. Það er allt í lagi að vera ekki frábær golfleikari."

„Okkur eru þessi tengsl við viðskiptavininn mjög mikilvæg og það er kannski okkar sérstaða,“ segir Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Landsbankinn vill einfalda fólki lífið

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir að það sé lykilatriði að mynda góð langtímasambönd við viðskiptavini. Landsbankinn stendur fyrir traust, að sögn Lilju Bjarkar.

Þegar Lilja Björk Einarsdóttir útskrifaðist úr framhaldsskóla ætlaði hún að verða landslagsarkitekt en endaði í fjármálaverkfræði. „Ég er alin upp í Breiðholtinu með garðyrkju sem mitt helsta áhugamál og fór úr Seljaskóla í Versló, enda mjög hrifin af öllu sem tengdist rekstri, hagfræði, bókhaldi og bókfærslu í sambland við stærðfræði. Svo lá leiðin í Garðyrkjuskólann því ég ætlaði að verða landslagsarkitekt og fannst kjörið að læra skrúðgarðyrkju fyrst. En eftir að standa í snjó upp á læri að taka niður tré í desember í niðamyrkri þá fann ég að ég vildi fara í aðra átt, þótt ég elski svona at,“ segir Lilja. „Ég elti vinkonu mína í verkfræði um haustið. Vinkonan hætti eftir viku og fór í lögfræði og ég sat eftir nánast eina stelpan í verkfræði. En þetta var æðislega skemmtilegt nám og frábærir vinir sem ég eignaðist þar. Síðan fórum við nýgift hjónin með dóttur okkar í nám til Bandaríkjanna þar sem ég tók masterspróf í fjármálaverkfræði, með þeim fyrstu sem lagði það fyrir mig, og vann þar í nokkur ár á eftir í höfuðstöðvum Ford í Detroit. Þaðan lá leiðin til London þar sem ég hóf störf hjá Landsbankanum 2005, um það leyti sem var opnað útibú í Bretlandi.“

Hún segir dvölina í Bretlandi hafa verið mjög lærdómsríka. „Ég er búin að gera allt mögulegt í bankageiranum,“ segir hún og bætir við: „Eftir bankahrunið tóku við mjög erfið og fjölbreytt verkefni þar sem áherslan var á endurheimtur og mikill hvati var til að standa sig vel, enda mikið í húfi fyrir land og þjóð. Þetta tímabil skildi mikið eftir, reynslu og tengsl og margar áskoranir. Það sem situr helst eftir er þrautseigja, að halda áfram hvað sem á dynur.“

> **Mér finnst mikilvægt að hafa sterka sýn í fyrirtækinu.**

Í senn fyrirliði og klappstýra

Lilja sótti svo um starf bankastjóra þegar það var auglýst og um þessar mundir eru fjögur ár síðan hún tókst á við það nýja hlutverk. „Hlutverk bankastjóra er að leiða bankann áfram, fá alla í liðið og vinna að markmiðum sem þjóna sömu stefnu. Ég er fyrirliði hópsins og þarf að sjá til þess að við göngum í takt og að stefna stjórnar fái framgang. Auk þess ber bankastjóri ábyrgð á ákvörðunum og utanumhaldi um þær. Formfesta og umgjörð um daglegan rekstur býr til rými í þéttskipaðri dagskránni til að huga að framþróun, hitta fólk og hvetja hópinn, svo ég er eiginlega líka aðalklappstýra bankans.“

Að einfalda fólki lífið

Landsbankinn kynnir um þessar mundir nýja stefnu sem hefur verið í mótun og undirbúningi í rúmt ár. „Hún snýst um að einfalda fólki lífið, að bankaþjónusta sé til þess að aðstoða þig, sjá þínar þarfir fyrir og veita aðstoð á mannlegan hátt. Við setjum okkur í spor viðskiptavina og sjáum til þess að það sem þeir þurfa á að halda sé skilmerkilega sett fram og aðgengilegt þegar á þarf að halda. Mér finnst mikilvægt að hafa sterka sýn í fyrirtækinu og hana er hægt að draga saman með orðunum Landsbanki nýrra tíma.“

Hún segir slíkan banka hlusta á viðskiptavini sína og vera tilbúinn til að breytast í takt við nýja tíma. „Því okkar tímar bjóða upp á miklar áskoranir. Við erum til í að breytast og leggjum áherslu á sjálfbærni og umhverfismál, sem eru sífellt mikilvægari breytur í bankastarfsemi sem við tökum í auknum mæli inn í okkar starf.“

Fjármálin að verða grænni

„Varðandi sjálfbærni skiptir mestu máli að huga að henni í samhengi við kjarnann í því sem við gerum, sem er að færa til fjármagn. Ef við getum fullvissað okkur og aðra um að það fjármagn sem við vinnum með sé að fara til fyrirtækja sem stuðla að betri heimi, sjálfbærni og betra samfélagi þá erum við að leggja okkar af mörkum.“ Hún segir mikilvægt að kasta ekki steini úr glerhúsi í því samhengi. „Við höfum verið að fara yfir okkar starfsemi og breyta því sem þarf að breyta svo reksturinn í bankanum sé að nýta verðmæti eins og hægt er, bæði aðföng, fólk og tíma. Síðan erum við komin með sjálfbæra fjármálaumgjörð, höfum fengið úttekt og getum fengið fjármögnun sem sérstaklega er ætluð í fjárfestingar og útlán til fyrirtækja sem uppfylla skilyrði um sjálfbærni. Þannig að nú getum við farið að veita fé í slík verkefni, s.s. útlán til sjávarútvegsfyrirtækja sem fylgja vottuðum ferlum og eru að stunda ábyrga nýtingu auðlinda. Það er reyndar nóg af þeim á Íslandi. Með fjármálaumgjörð og þróun í sjálfbærum fjármálum er orðið til eins konar tungumál og skilgreiningar í kringum slíkar áherslur svo nú geta fjárfestar ákveðið að fjárfesta í sjálfbærum verkefnum í gegnum bankann. Starfsemi banka er að lána fé og ávaxta. Það var mjög mikilvægt að ná sjálfbærnimælikvörðum inn í kjarna fjármálastarfseminnar, það er ekki nóg að keyra rafmagnsbíla eða draga úr pappírseyðslu, þó það hjálpi vissulega til.“

> **Landsbankinn stendur fyrir trausta og góða þjónustu.**

Við byggjum á trausti

Þegar stefnumótun stóð yfir var einnig endurskoðað hvaða ímynd og gildi Landsbankinn vill standa fyrir. „Við íhuguðum mjög djúpt og vandlega hver við viljum vera og fyrir hvað við stöndum,“ segir Lilja. „Rætt var við bæði viðskiptavini og starfsfólk og komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að Landsbankinn standi fyrir traust. Við treystum viðskiptavinunum og viljum að þeir geti treyst okkur. Þannig búum við til betri bankaþjónustu. Við viljum líka að reksturinn okkar sé traustur og þannig séum við til staðar fyrir viðskiptavini til langs tíma. Okkur eru þessi tengsl við viðskiptavininn mjög mikilvæg og það er kannski okkar sérstaða. Landsbankinn er með breiða starfsemi um allt land og kjarninn í starfinu öllu er að við byggjum á traustu langtímasambandi við viðskiptavini okkar, bæði fólk og fyrirtæki.“

BOSS

HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

VOR/SUMAR 2021

HUGO
HUGO BOSS

Erna Björg Sverrisdóttir situr, en fyrir aftan hana eru frá vinstri: Harpa Rut Sigurjónsdóttir, Aníta Rut Hilmarsdóttir, Elka Ósk Hrólfsdóttir, Lilja Gylfadóttir, Halla Sigrún Mathiesen, Rut Kristjánsdóttir og Guðný Helga Lárusdóttir. Arion banki hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum og skipa fulltrúar starfsfólks nefnd í jafnréttismálum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt að efla ungar konur á fjármálamarkaði

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum og skipa fulltrúar starfsfólks jafnréttisnefnd sem setur fram aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til þriggja ára í senn. Markmið áætlunarinnar er meðal annars að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks óháð kyni.

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað á undanförnum árum að ungar konur eru að sækja inn á fyrirtækja- og fjárfestingahlið fjármálageirans, atvinnugrein sem hingað til hefur verið karllæg. Margar konur hafa náð langt sem fjárfestar og stjórnendur, en þrátt fyrir það hallar enn verulega á konur á fjármálamarkaði. Í dag stýrir engin kona hlutabréfasjóði á Íslandi og allir forstjórar skráðra fyrirtækja í Kauphöll eru karlar, svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er að stuðla að breytingum, loka kynjagjánni, til þess að auka fjölbreytni öllum til ávinnings.

Arion banki fékk fyrst Jafnlaunavottun VR árið 2015, fyrstur banka, og fékk jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins árið 2018, einnig fyrstur banka. Á síðasta ári varð Arion banki síðan aðili að Jafnvægisvoginni, hreyfiaflsverkefni FKA og fékk jafnframt viðurkenningu fyrir jafnt hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

Arion banki er meðvitaður um þá þróun sem þarf að eiga sér stað innan fyrirtækja- og fjárfestingahliðar fjármálageirans, að auka fjölbreytni í sterkum hópi starfsfólks. Í fyrirtækja- og fjárfestingahluta bankans starfar nú hópur ungra og öflugra kvenna, allar 30 ára og yngri, sem horfa bjartsýnar til framtíðar á fjármálamarkaði.

» Í fyrirtækja- og fjárfestingahluta Arion banka starfar nú hópur ungra og öflugra kvenna, allar 30 ára og yngri, sem horfa bjartsýnar til framtíðar á fjármálamarkaði.

Bæta þarf nýliðun

Aníta Rut Hilmarsdóttir, 27 ára, starfar innan verðbréfamiðlunar. „Ég miðla þar verðbréfum fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini en þó með megináherslu á skuldabréf. Starfið er mjög krefjandi og skemmtilegt í senn og dagarnir geta verið fjölbreyttir og líflegir. En það tekur tíma að koma sér inn í umhverfið og byggja upp tengslanet. Umhverfið er mjög karllægt og nýliðun almennt lítil. Jákvæð þróun hefur þó átt sér stað upp á síðkastið. Stutt er síðan engin kona var starfandi í verðbréfamiðlun en á undanförnum tveimur árum hefur okkur fjölgað og nú er kona starfandi í verðbréfamiðlun allra stóru bankanna þriggja.“

Snýst um áhugasvið, ekki kyn

Elka Ósk Hrólfsdóttir, 27 ára, og Halla Sigrún Mathiesen, 23 ára, starfa innan fyrirtækjaráðgjafar. „Viðfangsefni fyrirtækjaráðgjafar eru mjög fjölbreytt. Má þar nefna ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, hluta- og skuldabréfaútboð og skráningar í Kauphöll. Starf innan fyrirtækjaráðgjafar er gefandi og lærdómsríkt og gefst þar tækifæri til að vinna náið með fyrirtækjum í ólíkum atvinnugreinum og kynnast mörgum hliðum atvinnulífsins. Þrátt fyrir að fjármálageirinn sé karllægur eru verkefnin það ekki. Eins og í öllu snýst þetta um áhugasvið hvers og eins fremur en kyn. Myndast hefur öflugt tengslanet meðal kvenna sem unnt er að sækja hvatningu og innblástur í. Lykiláskorun komandi ára verður að viðhalda þessari jákvæðu þróun.“

Aukinn sýnileiki kvenna

Erna Björg Sverrisdóttir, 30 ára, starfar sem aðalhagfræðingur Arion banka. „Ég var mjög stolt og upp með mér þegar starfstilboðið barst, að bankinn væri reiðubúinn að veita mér þetta tækifæri og treysta mér fyrir starfinu. Starfið er allt í senn krefjandi, áhugavert og fjölbreytt, sérstaklega á tímum sem þessum. Þó konur hafi vissulega gegnt stöðum greinenda í gegnum tíðina fagna ég breytingunni sem orðið hefur á undanförnum árum, sem felst fyrst og fremst í auknum sýnileika kvenna í efnahagsumræðunni á opinberum vettvangi. Fleiri raddir og önnur sjónarhorn dýpka og auðga umræðuna, fyrir utan að skapa sterkar kvenfyrirmyndir.“

Framtíðin björt

Guðný Helga Lárusdóttir, 27 ára, og Rut Kristjánsdóttir, 27 ára, starfa í eignastýringu fagfjárfesta. „Við erum hluti af metnaðarfullu teymi sem vinnur þétt saman við stýringu lífeyrissparnaðar almennings svo og eignastýringu og þjónustu fyrir aðra fagfjárfesta. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi en það heillar einna mest við starfið. Við störfum í hringiðu fjármálaheimsins frá degi til dags og eru nákvæmni og sjálfstæði meðal þeirra kosta sem við álítum að þurfi til þess að vinna á fjármálamörkuðum. Við finnum fyrir miklu trausti í okkar störfum, og fáum og leiðum ýmis verkefni innan bankans. Starfið hentar öllum sem hafa áhuga á fjárfestingum og greiningum og við horfum björtum augum til framtíðar varðandi það að fleiri konur velji sér starfsframa á fjármálamörkuðum.“

Aukin fjölbreytni gerir skemmtilegri vinnustað

Harpa Rut Sigurjónsdóttir, 29 ára, og Lilja Gylfadóttir, 27 ára, starfa sem viðskiptastjórar á fyrirtækjasviði. „Starf viðskiptastjóra er fjölbreytt og dagarnir skemmtilega ólíkir. Sumir dagar fara í heimsóknir til viðskiptavina, aðrir í greiningu og líkanasmíð í Excel og enn aðrir í undirbúning og flutning lánamála. Eðli starfsins býður upp á að aðilar með ólíka hæfileika geta sinnt því. Það er því nauðsynlegt að bankinn dragi að alls konar persónuleika með mismunandi skoðanir og eiginleika. Bankinn hefur unnið markvisst að því og það er frábært hvernig samsetning mannauðsins hefur breyst. Niðurstaðan er aukin fjölbreytni og töluvert skemmtilegri vinnustaður.“

20% afsláttur*

Egg og skammel

TILBOÐ

epal

FRITZ HANSEN

Hönnun: Arne Jacobsen

Efnisval:

· Áklæði Re-wool · 21 litamöguleiki

*Gildir til 31. mars 2021

Getur þú hugsað þér **daglegt líf án rafmagns?**









Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 67% jarðstrengir.

www.rarik.is

RARIK

Ólöf Rún Tryggvadóttir hefur alltaf haft mikinn áhuga á heilsu og vill aðstoða fólk við að öðlast betri líðan. Þessi áhugi varð hvatinn að stofnun fyrirtækisins Eylíf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi fyrirtækisins Eylíf sem framleiðir fæðubótarefni úr hágæða íslenskum hráefnum frá sjálfbærum auðlindum. Nafnið Eylíf vísar í lífið á eyjunni til eilífðar.

Ár er síðan vörurnar frá Eylíf komu í verslanir og hefur þeim verið vel tekið að sögn Ólafar sem enn sem komið er er eini starfsmaður fyrirtækisins.

„Ég er hugmyndasmiðurinn en úthýsi öllum verkefnum. Ég fæ sérfræðinga frá Matís í lið með mér en ég kaupi þjónustu af þeim. Ég kaupi hráefnin tilbúin og læt framleiða vörurnar fyrir mig, þeim er svo blandað saman hjá framleiðanda sem er á Grenivík. Ég get verið ein í fyrirtækinu af því ég er ekki að finna upp hjólið, ég fæ sérfræðinga og fyrirtæki til að framleiða fyrir mig sem kunna til verka," útskýrir hún.

Vörurnar frá Eylíf eru úr hreinum íslenskum hráefnum sem koma frá sjálfbærum auðlindum. „Ég sæki hráefnið í lífið á eyjunni okkar fögru, bæði frá sjó og landi. Þangað sæki ég líka nafnið á fyrirtækinu, það táknar lífið á eyjunni til eilífðar. Ég er að auðvelda almenningi aðgengi að þessum frábæru hráefnum sem til eru hér heima. Ég kem með aðeins aðra nálgun að hráefnunum en margir aðrir. Ég blanda til dæmis saman efnum sem aðrir hafa ekki verið að blanda saman, eins og kalkþörungum og Geo silica, kísli sem kemur frá heitavatnsaffallinu á Hellisheiði, og geri með því virkni þeirra jafnvel ennþá öflugri."

Uppskriftirnar að bætiefnunum koma frá Ólöfu sjálfri en svo kemur Matís að borðinu og stillir upp blöndunni.

„Þau benda á hvað þarf að fara út og hvað getur komið í staðinn, svo setja þau upp allt næringargildið enda eru það þau sem eru sérfræðingarnir. Auk náttúrulegra hráefna sem vaxa hér á landi styrki ég blönduna með til dæmis C- og D-vítamíni. En hugsunin er að nota þessi hreinu, íslensku, frábæru hráefni frá sjálfbærum auðlindum til að bæta heilsu fólks. Öll hráefnin hafa staðfesta verkun. Þess vegna vel ég þau."

Active JOINTS

Inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, liðina, meltingu og húðina.

Inniheldur kalkþörunga, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, birkilauf, C og D3-vítamín.

Stronger BONES

Inniheldur tvö íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, meltinguna og liðina.

Inniheldur kalkþörunga, GeoSilica kísil, C- og D3-vítamín, sink og mangan.

Smoother SKIN & HAIR

Inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð, neglur og hár. Hefur einnig jákvæð áhrif á meltinguna og liðina.

Inniheldur kollagen, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, vítamín A, B2, B6, C, D3, bíótín, níasín, kopar, sink, joð, selen og magnesíum.

Vörurnar frá Eylíf

Vörurnar eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum og er framleiðslan á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir eru að baki öllum hráefnunum.

„Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreinar íslenskar náttúruafurðir, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og eru vörurnar án allra aukaefna," segir Ólöf.

> **Hugsunin er að nota þessu hreinu, íslensku, frábæru hráefni frá sjálfbærum auðlindum til að bæta heilsu fólks.**

FKA er frábært tengslanet

Talið berst að Félagi kvenna í atvinnulífinu sem Ólöf segir að sé frábært tengslanet.

„Það er mjög gott prógramm hjá þeim. Ég er ekki mjög virkur þátttakandi hjá þeim, er meira hlustandi. En þessi félagsskapur hefur nýst mér töluvert með tengingar. Það er hægt að setja inn fyrirspurn á síðuna hjá þeim og spyrja til dæmis hvort þær þekki einhverjar sem taka hin og þessi verkefni að sér. Ég hef nýtt mér það svolítið. Tengingar eru öflugt tól hjá þeim," segir hún.

Ólöf hefur aðstöðu fyrir fyrirtækið sitt í Sjávarklasanum sem hún segir mjög einnig mjög öflugan fyrir fólk sem er að byrja með fyrirtæki.

„Þar er góð þjónusta, góð aðstaða og líka mikið um tengingar. Tengslanetið er svo mikilvægt, að komast í tengingu við fólk í gegnum annað fólk."

Ólöf er ekki nýgræðingur í atvinnurekstri en hún rak fyrirtæki í átta ár sem hún seldi fyrir þremur árum og hóf þá að þróa hugmyndina um Eylíf. Fyrirtækið framleiðir núna þrjár vörur en sú fjórða fer í framleiðslu í febrúar.

„Allir þeir framleiðendur sem ég hef valið að nota hráefni frá eru stórir framleiðendur, sem selja út um allan heim. Mig langaði að setja saman flotta línu sem verður vonandi stór í framtíðinni. Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Aðalvaran, Active JOINT, hefur selst upp tvisvar frá því hún fór í sölu og Stronger Bones hefur líka selst upp tvisvar," segir Ólöf og er ánægð með árangurinn.

Vörumerkið skráð í 30 löndum

„Ég er búin að skrá vörumerkið í 30 löndum en ég stefni á að fara með vörurnar til annarra landa í framtíðinni. Það verður gert með því að fara á markað úti í gegnum dreifingaraðila. Mig langar að selja hugmyndafræðina um að Ísland sé gott og hreint land og að efnin sem þaðan koma séu góð og kröftug. Jurtirnar hér hafa bara um 3-4 mánuði til að vaxa og blómstra, þær þurfa að lifa af harðan vetur og þegar þær blómstra þá eru þær mjög kröftugar. Það er svolítið sérstakt fyrir Ísland," segir hún.

Ólöf er viðskiptafræðingur og lyfjatæknir og hefur lengi haft áhuga á heilsu og heilsutengdum málefnum.

„En hver er sinnar gæfu smiður og grunnstoðir heilsu, svefn, næring, hreyfing og hugarfar, er eitthvað sem skiptir svo miklu máli. Ég vil leggja áherslu á þetta og hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Ég hef margsinnis fengið símtöl frá fólki sem notar vöruna mína og dásamar hana. Einhver sagði við mig: „Mér hefur aldrei liðið svona vel, efnin virka." Og það er rétt, þau hafa staðfesta virkni. Það er frábært að geta hjálpað fólki að finna lausn á sínum málum."

Eylíf vörurnar fast í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni og Nettó. Ókeypis heimsending af eylif.is.

Stöndum vörð um samfélagið

Vörður hefur síðustu ár lagt ríka áherslu á samfélagsábyrgð í rekstri sínum og hlaut nýverið hvatningarverðlaun Creditinfo á því sviði. Verðlaunin voru veitt í samstarfi við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, og afhent samhliða birtingu lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki.

Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á því að framúrskarandi rekstur felur í sér að fyrirtæki hámarki jákvæð áhrif sín á umhverfið og samfélagið sem þau starfa í, ekki síður en fjárhagslegan árangur sinn. Horft er til þess að fyrirtæki sýni fram á skýra stefnu um samfélagsábyrgð, sjálfbærni, kynjajafnrétti og réttindi starfsfólks.

Hildur Grétarsdóttir er gæðastjóri hjá Verði og hefur hún verið fremst í flokki þeirrar miklu vinnu sem unnin hefur verið á sviði samfélagsábyrgðar hjá félaginu. Hún segir að upphaflega hafi fyrst og fremst verið hugað að umhverfismálum og umhverfisstefna sett, sem hafi síðan þróast yfir í heildstæða stefnu um samfélagsábyrgð. „Á þeim tíma var áhersla lögð á flokkun úrgangs, grænt bókhald og að auka vitund starfsfólks á umhverfismálum. Það var í raun grasrótin í fyrirtækinu sem hóf þessa vegferð, þar sem áhugasamir einstaklingar um umhverfismál tóku málin í sínar hendur, þar á meðal ég," segir Hildur.

> **Þá er það einnig markmið að útrýma kynbundinni mismunun, sé hún til staðar, og stuðla að jafnræði og mannréttindum í hvívetna.**

Mikilvægt að byggja upp þekkingu hjá starfsfólki

Vörður gerðist aðili að Festu árið 2013 og í framhaldinu hófst vegferð félagsins á uppbyggingu þekkingar um samfélagsábyrgð fyrirtækja. „Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð og fá fyrirtæki til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni," segir Hildur og bætir við að Festa sé með reglulega tengslafundi þar sem fyrirtæki og stofnanir deili þekkingu sín á milli. Einnig sé Festa með kynningar og ráðstefnur í þeim tilgangi að efla samfélagsábyrgð og sjálfbærni í samfélaginu.

Árið 2015 undirritaði forstjóri Varðar, Guðmundur Jóhann Jónsson, loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar ásamt 103 öðrum fyrirtækjum. Yfirlýsingin snýr að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta. Í kjölfarið hafa Festa og Reykjavíkurborg verið með vinnu- og fræðslufundi fyrir þátttakendur í loftslagsyfirlýsingunni, ásamt árlegum loftslagsfundi sem haldinn hefur verið á hverju hausti. Hildur segir að starfsfólk Varðar hafi lært mikið af samstarfinu með aðildarfélögum Festu og þátttakendum í loftslagsyfirlýsingunni. „Samvinna sem þessi er gríðarlega mikilvæg fyrir okkur öll," segir Hildur.

Með jafnréttisstefnu

Vörður birti fyrst jafnréttisstefnu sína árið 2011 og hlaut jafnlaunavottun árið 2014, fyrst allra fjármálafyrirtækja hér á landi. Upp frá því einsetti félagið sér að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum í íslensku atvinnulífi og tekur virkan þátt með því efla sig í hvívetna og hvetja aðra til hins sama. Hildur segir að lögð sé áhersla á að starfsfólk sé metið á eigin forsendum, unnið sé gegn margþættri mismunun, allir eigi í reynd jafna möguleika til starfa og starfsþróunar óháð kyni og fái jöfn laun, ef um er að ræða sömu eða jafn verðmæt störf og ábyrgð. Hún segir að það sé stefna Varðar að vinna að heilindum að því marki að tryggja jöfn tækifæri allra.

„Starfshættir okkar stuðla að sanngirni og jafnrétti þar sem áherslan á jafnan rétt alls starfsfólks er sýnileg í allri starfseminni. Þá er það einnig markmið að útrýma kynbundinni mismunun, sé hún til staðar og stuðla að jafnræði og mannréttindum í hvívetna." Hildur nefnir jafnframt að Vörður styðji við fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem er jafnrétti kynjanna, og þannig standi félagið vörð um jafnrétti. Þessu til staðfestingar bendir hún á að kynjahlutföll séu nokkuð jöfn hjá félaginu, en í stjórn Varðar eru fjórar konur og þrír karlar. Framkvæmdastjórn samanstendur af forstjóra sem er karl og fjórum framkvæmdastjórum, þar af er einn karl og þrjár konur. Forstöðumenn eru sex talsins og eru kynjahlutföll jöfn í þeim hópi. Í hópi teymisstjóra eru karlmenn í meirihluta eða 54%. Konur eru í meirihluta hjá Verði eða 60% af heildarfjölda starfsfólks.

Umhverfisáhersla yfir í samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Hildur segir að í kjölfarið á jafnlaunavottuninni hafi vinna hafist við að móta stefnu um samfélagsábyrgð og birtist hún á heimasíðu Varðar um mitt ár 2015. Í upphafi vinnunnar hafi verið skoðað hvað félagið væri að gera í málefnum sem telja mætti til samfélagsábyrgðar og það hafi komið flestum á óvart hvað listinn var í raun langur, hvað mikið hefði verið gert fram að þessum tíma. Hún segir að stefnan hafi því verið mótuð á því sem vel hafi verið gert og jafnframt hafi verið horft til framtíðar varðandi enn frekari sigra og áhugaverð verkefni, til að auka vægi samfélagsábyrgðar í rekstrinum.

Hildur segir að í kjölfarið á jafnlaunavottuninni hafi vinna hafist við að móta stefnu um samfélagsábyrgð og birtist hún á heimasíðu Varðar um mitt ár 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Í upphafi vinnunnar hafi verið skoðað hvað félagið væri að gera í málefnum sem telja mætti til samfélagsábyrgðar og það hafi komið flestum á óvart hvað listinn var í raun langur, hvað mikið hafi verið gert fram að þessum tíma.**

Ný sjálfbærnistefna

Samhliða ársskýrslu gefur Vörður út sjálfbærniskýrslu í samræmi við kröfur laga þar sem skýrt er frá árangri vegna ófjárhagslegra mælikvarða. Skýrslan er unnin í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq-kauphallarinnar og er horft til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta. Hildur segir að á sinni vegferð í átt að sjálfbærni hafi Vörður unnið með ýmsum ráðgjöfum sem hafi komið að fræðslu starfsfólks og þekkingaruppbyggingu innan félagsins á málaflokknum. „Allir sem hafa komið að þessu verkefni hafa tekið þátt í því að koma félaginu áfram veginn í átt að grænni og betri framtíð," segir Hildur og bætir við að fyrir rúmu ári hafi verið farið í áhættugreiningu á UFS-þáttunum og var niðurstaðan nýtt við gerð nýrrar sjálfbærnistefnu.

„Félagið styður öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en hefur sérstaklega valið fimm þeirra þar sem þau eiga best við kjarnastarfsemi félagsins. Í stefnunni er jafnframt farið yfir hlutverk og ábyrgð stjórnar, stjórnenda, starfsfólks og annarra hagaðila."

Hildur segir að stefnan hafi verið samþykkt af stjórn þann 26. ágúst 2020 ásamt markmiði og lykilniðurstöðum þess árs. Með henni sé lýst skýrum vilja Varðar til að vinna að heilindum áfram að sjálfbærnimálum og stuðla að sjálfbærri þróun íslensks samfélags. Þannig standi félagið vörð um samfélagið.

Stofnaði loksins sitt eigið fyrirtæki

Birna Íris Jónsdóttir, eigandi Fractal ráðgjafar, hafði starfað við upplýsingatækni um árabil þegar hún ákvað í miðjum heimsfaraldri að láta draum sinn um að stofna eigið fyrirtæki verða að veruleika.

Fractal ráðgjöf var stofnað í október 2020 af Birnu Írisi. „Ég var í talsverðan tíma búin að ganga með það í maganum að stofna fyrirtæki og verða minn eigin herra eða mín eigin frú. Ég hef mátað margar hugmyndir í gegnum tíðina, en einhvern veginn alltaf skort hugrekkið til að taka stökkið. Það var svo þegar ég var föst heima með dóttur mína í einangrun vegna COVID sem hugrekkið hreinlega helltist yfir mig. Hugmyndin mótaðist á örskömmum tíma og ég ákvað að láta slag standa.“

Tæknilegur bakgrunnur

Birna Íris býr yfir umfangsmikilli reynslu en hún hefur starfað sem leiðtogi í upplýsingatækni í langan tíma. Hún hóf feril sinn sem forritari hjá Skýrr, sinnti vörustjórnun hjá Betware, var deildarstjóri UT hugbúnaðar og UT útlána hjá Landsbankanum, forstöðumaður UT hjá Sjóvá og núna síðast starfaði hún sem rekstrarstjóri UT og stafrænnar þróunar hjá Högum.

„Öll þau störf sem ég hef sinnt hafa verið skemmtileg og spennandi og ég hef lært mikið. Bakgrunnur minn er tæknilegur, ég hef meðal annars starfað sem forritari, og það hefur reynst mér styrkur í stjórnun upplýsingatækni. Ég á auðvelt með að átta mig á hvað það er sem þarf að gera til að nýta UT með sem bestum hætti, móta sýnina og brjóta stór tæknimál niður í framkvæmanleg verkefni.“

Hjá Fractal ráðgjöf snýr þjónustuveitingin fyrst og fremst að upplýsingatækni og stafrænni vegferð. Þjónustunni hefur verið skipt upp í fjóra þætti, sem allir eru þó tengdir. Líta má á hvern þátt sem brot af heildarárangri fyrirtækja og stofnana í hagnýtingu á upplýsingatækni og þróun stafrænna lausna.

Þjónustuþættirnir eru fjórir og þeir samanstanda af stjórnendaráðgjöf, ferla- og þarfagreiningu, verkefnastjórnun og stjórnenda- og starfsmannaþjálfun.

Stjórnendaráðgjöf

Birna segir stjórnendaráðgjöfina felast í alhliða ráðgjöf til þeirra sem bera ábyrgð á upplýsingatæknimálum. „Í störfum mínum hef ég rekist á að oft eru mikil hagræðingartækifæri í samningastjórnun UT-samninga sem og utanumhaldi um UT-birgja. Skýr forgangsröðun verkefna og skipulögð stjórnun verkefnaskrár er mikilvæg við úrvinnslu verkefna sem styðja stefnu fyrirtækisins. Mótun stefnu hvað varðar skýjavegferð og úthýsingu tækniinnviða er oft eitthvað sem þarf að

Birna Íris stofnaði Fractal í október síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

fást við, sem og stjórnskipulag og skipting teyma. Þetta eru þættir sem Fractal ráðgjöf sérhæfir sig í og þarna kem ég með töluvert virði að borðinu,“ segir Birna Íris.

Ferla- og þarfagreining

Upphaf mjög margra tækniverkefna er greining á undirliggjandi ferlum og þeim viðskiptalegu kröfum sem liggja að baki. Birna segir mikilvægt að horfa á verkefni og úrlausnir með notandann eða viðskiptavininn í forgrunni. „Algengt er að tækniverkefni fari fram úr tíma- og kostnaðaráætlunum. Til að minnka líkur á því er mikilvægt að skilningur sé á milli hagsmunaaðila. Markviss ferla- og þarfagreining með öllum hlutaðeigandi er einn þeirra lykilþátta sem þarf til að tryggja árangur. Aðferðir hönnunar-hugsunar og hönnunar-spretta hafa reynst vel í þessum greiningum og það eru aðferðir sem ég nýti.“

Verkefnastjórnun

Þriðji þátturinn snýr að verkefnastjórnun. „Skilvirkt stjórnskipulag verkefna, góður undirbúningur, skýr og gegnsæ upplýsingagjöf og opin samskipti eru grundvallaratriði sem hafa ber í huga ef tryggja á velgengni verkefna. Mikilvægt er að aðlaga aðferðafræði verkefnisstjórnunar sérhverju verkefni. Góð reynsla er af þverfaglegum verkefnisteymum, tíðum og stuttum verkefnafundum, skýrum mælikvörðum og markmiðum ásamt góðri upplýsingagjöf.“

Stjórnenda- og starfsmannaþjálfun sem byggir á reynslu

Birna segir að þegar upp er staðið þá snúist þetta allt um fólk. „Tækni er bara tækni og við getum nokkuð auðveldlega innleitt hana og stungið í samband alls konar flottum lausnum en þær þjóna engum tilgangi ef fólkið fylgir ekki með. Sem stjórnandi hef ég unnið náið með fólki í breytingastjórnun, markmiðasetningu, teymisuppbyggingu og fleira. Ég hef prófað margt í þessum efnum bæði á sjálfri mér og með öðrum. Þessa reynslu mína sem og almennan áhuga minn á fólki og árangri nýti ég við ráðgjöf á þessu sviði,“ útskýrir hún.

Brotin tengjast saman

„Áhersluþættir Fractal ráðgjafar eru því stjórnendaráðgjöf, ferla- og þarfagreining, verkefnisstjórnun og stjórnenda- og starfsmannaþjálfun. Þessir fjórir þjónustuþættir tengjast allir með einum eða öðrum hætti. Þeir eru allir brot af þeirri heildarmynd sem þarf til að góður árangur náist við hagnýtingu á upplýsingatækni fyrirtækja og stofnana.“

Á réttri hillu í rafvirkjun

Margrét Halldóra Arnarsdóttir braut blað í sögu Félags íslenskra rafvirkja þegar hún var kosin formaður félagsins fyrst kvenna, snemma á síðasta ári.

Margrét segist hafa farið í framboð til að vinna að góðum málefnum fyrir hönd rafvirkja. „Mér fannst kominn tími á breytingar innan okkar raða og í staðinn fyrir að sitja heima og kvarta ákvað ég að kýla á þetta og fara í framboð. Öðruvísi gerist ekki neitt,“ segir Margrét.

Hún er þakklát fyrir þann góða stuðning sem hún hefur fundið innan félagsins. „Ég lagði upp með breytingar sem snúa aðallega að innra starfinu og vil leggja mitt af mörkum til að gera starfsemi félagsins skilvirkari, til dæmis með því að færa skýrslur og önnur gögn á rafrænt form og þar með aðgengilegri fyrir félagsmenn. Margir rafvirkjar eru óánægðir með síðasta kjarasamning og ég vil beita mér fyrir betri kjörum félagsmanna og bæta stöðu okkar innan Rafiðnaðarsambandsins,“ segir Margrét, en í maí í fyrra var hún kosin varaformaður Rafiðnaðarsambandsins og er fyrsta konan til að gegna því embætti.

Alls eru 2.126 manns í Félagi íslenskra rafvirkja og er yfirgnæfandi hluti þeirra karlmenn. „Þetta er óneitanlega mikil karlastétt svo það kom mér skemmtilega á óvart hvað ég hlaut góða kosningu, eða um 80% greiddra atkvæða. Ég er þó þeirrar skoðunar að kynið

> **Ég vil gera iðnnámi hærra undir höfði. Eftir á að hyggja hefði ég viljað fara í iðnnám strax eftir grunnskólann en enginn benti mér á þann valmöguleika á sínum tíma.**

skipti ekki máli heldur hæfni einstaklinga,“ segir Margrét.

Líka fag fyrir konur

Tilviljun réði því að Margrét lærði rafvirkjun en hún fann sig strax í faginu. „Ég ætlaði að læra lögfræði eftir stúdentinn en það átti ekki við mig svo ég hætti. Háskólanám höfðaði ekki til mín og þá fór ég að skoða hvaða iðnnám er í boði. Ég sótti um inngöngu í bifvélavirkjun og rafvirkjun og komst á undan inn í rafvirkjun. Strax í upphafi var ég staðráðin í að pína mig ekki áfram ef mér litist ekkert á þetta en hef ekki litið til baka síðan. Þetta fag átti algjörlega við mig og ég er heppin að hafa fundið mína hillu í lífinu,“ segir Margrét.

Hún hefur ekki verið ýkja lengi



Margrét Halldóra er formaður Félags íslenskra rafvirkja og varaformaður Rafiðnaðarsambandsins, fyrst kvenna. Hún segir rafvirkjun ekki síður fag fyrir konur en karla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í þessum geira en daginn sem hún útskrifaðist, árið 2017, var henni boðið að vera með í Félagi íslenskra rafvirkja og þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um. „Ég vil gera iðnnámi hærra undir höfði. Eftir á að hyggja hefði ég viljað fara í iðnnám strax eftir grunnskólann en enginn benti mér á þann valmöguleika á sínum tíma,“ segir Margrét, sem einnig er stofnfélagi í Félagi fagkvenna. Markmið þess félags er að kynna iðnstörf fyrir konum og efla þær í þeim störfum sem talin eru vera karllæg iðnstörf. „Við heimsækjum grunnskóla og kynnum iðnnám fyrir stelpum jafnt sem strákum. Við viljum vera fyrirmyndir svo að stelpur sjái að það er alveg eðlilegt að konur séu í iðnstörfum, eins og öðrum störfum. Ég er líka að kenna rafvirkjun við Tækniskólann og það er gaman að segja frá því að núna eru fjórar stelpur í áfanga sem ég er að kenna. Ég held að það séu hátt í 40–50 í þessu námi í Tækniskólanum. Það er mikil fjölgun frá því að ég var í skólanum, en ég var eina stelpan í bekknum á sínum tíma. Mitt markmið er að opna augu fólks fyrir því að iðnnám er valkostur fyrir alla,“ segir Margrét.

Þetta er mikið ábyrgðarstarf

Distica hefur verið mikið í fjölmiðlum undanfarið, en fyrirtækinu var falið það verkefni að sjá um innflutning og dreifingu bóluefna gegn COVID-19. Það verkefni hefur gengið vel fram að þessu.

Distica sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lækningatækjum, lyfjum, heilbrigðis- og heilsuvörum. Júlía Rós Atladóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, fjórir stjórnendur Distica af fimm eru konur. Þær eru Hrönn Ágústsdóttir, Gerður Björt Pálmarsdóttir og Guðrún Anna Pálsdóttir.

„Í haust skrifaði Distica undir samning við Heilbrigðisráðuneytið um að við myndum sjá um um innflutning, dreifingu og hýsingu á COVID bóluefnum," segir Júlía Rós.

„Síðan höfum við unnið náið með yfirvöldum að því verkefni. Núna er innflutningurinn og dreifingin komin í ferli og allt gengur vel. Ég ber ábyrgð á samningum og samskiptum við yfirvöld, sóttvarnarlækni, landlækni og heilbrigðisráðuneytið, ásamt því að sjá um samskipti við framleiðendur, segir Júlía. Síðan hafa aðrir stjórnendur hjá Distica tekið við."

Guðrún Anna sér um samskipti við flutningsaðila sem senda bóluefni til landsins. „Ég sé einnig um tollafgreiðslur, afhendingartíma og samskipti við vöruhúsið. Gæðastjórinn Hrönn sér svo um að setja upp ferli fyrir bóluefnin," segir hún.

Hrönn útskýrir að undirbúningur fyrir komu bóluefnanna sé að miklu leyti í hennar höndum.

Júlía Rós Atladóttir, Guðrún Anna Pálsdóttir, Gerður Björt Pálmarsdóttir og Hrönn Ágústsdóttir, stjórnendur hjá Distica FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það er mikilvægt að tryggja rétt hitastig í hýsingu og dreifingu á bóluefnum, það þarf að nota réttar gildaðar flutningsumbúðir þegar bóluefninu er dreift, það þarf einnig að gilda frystana sem geyma bóluefnið til að staðfesta að allt virki rétt. Við erum með frystigeymslu fyrir -80 gráður og -20 gráður og hefðbundinn kæli sem er 2-8 gráður. Gæðadeildin gengur úr skugga um að bóluefnið sé með markaðsleyfi á Íslandi og að gæðavottorð séu til staðar sem tryggja að nota megi lyfið á Íslandi og það sé framleitt fyrir Íslandsmarkað," útskýrir Hrönn.

Gerður sér um viðskiptamannahliðina í tengslum við bóluefnið, eins og samskipti við heilsugæslur og sjúkrahús.

„Ég er í miklum samskiptum við þessar stofnanir til að ákveða hvenær á að bólusetja og hversu mikið magn bóluefnis fer á hvern stað. Ég skrái svo inn sendingarnar í viðskiptamannakerfið okkar og fylgi því síðan eftir að þær skili sér á réttan stað," segir Gerður.

„Mín deild sér einnig um að fylgjast með hitastiginu á bóluefninu í flutningi frá okkur. Við erum með hitasírita þar sem við fylgjumst með hitastiginu í sendingunni og hvar hún er stödd hverju sinni."

Birgir Hrafn Hafsteinsson er fimmti stjórnandinn, hann sér um vöruhúsin og dreifingu. „Það er á hans ábyrgð að taka saman pantanir fyrir viðskiptavini og pakka þeim. Bóluefnin eru viðkvæm fyrir ljósi, hitastigi og hristingi. Birgir skipuleggur dreifingu bóluefna um allt land og sér til þess að þau séu hýst við réttar aðstæður í lyfjavöruhúsinu," segir Júlía.

„Við notum bæði flutningabíla og flugvélar í dreifinguna. Sérþjálfaður starfsmaður fylgir alltaf bóluefnunum til að tryggja að allt sé rétt gert, þetta er mikið ábyrgðarstarf. Við gætum verið búin að bólusetja alla landsmenn en ef við stöndum okkur ekki í að passa hitastigið gæti bóluefnið verið ónýtt, en það sést ekkert á því."

Hrönn tekur fram að það sé ekkert nýtt að lyf séu viðkvæm, sérstaklega fyrir hitastigi. „Distica hefur yfir 60 ára reynslu af innflutningi og dreifingu á lyfjum, svo svona verkefni er ekki nýtt fyrir okkur þótt vissulega sé öðruvísi þegar bólusetja á heila þjóð.

„Þessi mikli áhugi fjölmiðla á okkar starfi er líka nýr fyrir okkur. Það vissi enginn hvað Distica var bara fyrir tveimur mánuðum síðan. Almennt erum við sem erum í þessu lyfjaumhverfi lítið í sviðsljósinu, við erum mjög stolt af því að hafa verið fengin í verkefnið. Við erum líka mjög stolt af því að það gengur mjög vel og ekkert hefur komið upp á. Það glittir í fleiri bóluefni og ég er bjartsýn á að þetta klárist fyrir sumarið. En svo getur allt gerst, við erum að vinna með nýja sviðsmynd á hverjum degi en það er eðlilegt þegar um ný bóluefni er að ræða."

Mikil reynsla í umsjón fasteignafélaga

Það verður sífellt algengara að ýmiss konar félög fái Eignaumsjón til að sjá um rekstur fasteigna og þjónustu sem honum tengist. Þjónustan er sniðin og mótuð eftir þörfum viðskiptavina.

Eignaumsjón hf. býr að 20 ára þekkingu og reynslu á sínu sviði og er leiðandi í rekstrarumsjón og þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa á Íslandi. Félagið hefur vaxið ört á síðustu árum og sífellt fleiri félög leita til Eignaumsjónar, sem sér nú um rekstur um 690 félaga með um 14.500 íbúðum/eignarhlutum. Bróðurparturinn eru húsfélög í fjölbýlishúsum ásamt rekstrarfélögum atvinnuhúsnæðis, leigufélögum, sumarbústaðafélögum og ýmiss konar félagasamtökum sem sjá sér hag í því að láta Eignaumsjón annast reksturinn að því marki sem hverjum og einum viðskiptavini hentar. Eignaumsjón verður í raun skrifstofa þeirra félaga sem koma í viðskipti og eini prókúruhafi á bankareikningum og sér til þess að rétt sé staðið að málum.

Jöfn kynjahlutföll í framkvæmdastjórn

Eignaumsjón er líflegur vinnustaður, starfsmenn eru 26 talsins, með fjölbreyttan bakgrunn, mikla þekkingu og samskipti eru mikil við bæði viðskiptavini og þjónustuaðila. Áhersla er lögð á skýra verkferla, skjót svör og teymisvinnu ásamt því að vera með skráð þjónustumarkmið og gildi, sem eru: Gott viðmót, þekking og skilvirkni.

Rekstri Eignaumsjónar er skipt í þrjú svið: fjármála-, fasteigna- og þjónustusvið. Þeim veita forstöðu Ágústa Katrín Auðunsdóttir, Sigurbjörg Leifsdóttir og Páll Þór Ármann, en Daníel Árnason er framkvæmdastjóri félagsins.

Rekstri Eignaumsjónar er skipt í þrjú svið og kynjahlutföllin í stjórnendahópnum eru hnífjöfn. Ágústa Katrín Auðunsdóttir stýrir fjármálasviðinu og Sigurbjörg Leifsdóttir stýrir fasteignasviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kynjahlutföll eru því jöfn í stjórnendahópnum.

Í upphafi snerist starfsemin einvörðungu um þjónustu við húsfélög íbúðarhúsa, en nú er einnig boðið upp á þjónustu við hin ýmsu rekstrar- og leigufélög auk þess sem húsumsjón, sem er nýleg þjónusta, hefur hitt í mark hjá bæði atvinnuhúsum og stærri íbúðarhúsum. Þá er æ algengara að byggingaverktakar sjái sér hag í að fá Eignaumsjón til að stofna húsfélög í nýjum fjölbýlishúsum áður en eignir fara í sölu, til að tryggja að rekstur sameignar og þjónusta sem máli skiptir sé til staðar þegar íbúar flytja inn og notkun hússins hefst.

Fjármálin eru grunnurinn í þjónustunni

„Umsjón fjármála viðskiptavina er grunnurinn í okkar þjónustu, að tryggja að þau séu bæði traust og skilvirk. Við tökum að okkur hlutverk gjaldkera og pössum upp á að allir reikningar séu greiddir tímanlega, önnumst útsendingu hús- og framkvæmdagjalda og gerum árs- og kostnaðaruppgjör og -áætlanir fyrir félögin," segir Ágústa Katrín, sem stýrir fjármálasviðinu. „Við sækjum einnig um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu fyrir viðskiptavini okkar og má til dæmis nefna að á nýliðnu ári sóttum við um endurgreiðslu á um 375 milljónum króna vegna átaksins Allir vinna."

Eignaumsjón passar líka upp á að kostnaðarskipting félaga sé í samræmi við lög og aðstoðar við framkvæmdauppgjör og innheimtu vegna stærri viðhaldsframkvæmda. „Í tilefni af 20 ára afmæli félagsins í haust endurbættum við og uppfærðum Húsbókina á heimasíðunni okkar, þar sem bæði eigendur og stjórnir félaga geta nálgast upplýsingar um málefni sinna félaga og fylgst rafrænt með greiðslustöðu og verkefnum, hvar og hvenær sem þeim hentar," segir Ágústa Katrín.

Húsumsjón og rekstur atvinnuhúsa

„Algengast er að minni og meðalstór atvinnuhús séu í þjónustuleið hjá okkur, sem felur í sér fjármálaþjónustu og aðalfund. Þá sjáum við um að innheimta gjöld og greiða reikninga, gera ársuppgjör, leggja drög að kostnaðaráætlun og undirbúa og halda aðalfundi," segir Sigurbjörg, sem stýrir fasteignasviðinu. „Stærri félög eru enn fremur í auknum mæli að nýta þjónustu sem felur í sér að við tökum að okkur framkvæmdastjórn viðkomandi félags, stýrum daglegum rekstri og sjáum auk þess um fjármál og fundi."

Húsumsjón Eignaumsjónar heyrir líka undir fasteignasviðið og hefur fengið góðar viðtökur hjá bæði íbúðar- og atvinnuhúsum. Segja má að með henni komi húsfélagið sér upp „húsverði í hlutastarfi" að sögn Sigurbjargar. „Þá heimsækja umsjónarmenn húsið reglulega og hafa m.a. eftirlit með umgengni, kerfum og öðrum búnaði í sameign ásamt þjónustuaðilum viðkomandi eignar. Þeir sinna einnig smærra viðhaldi og taka við ábendingum frá stjórn hússins um það sem betur má fara."

Nánari upplýsingar má finna á eignaumsjon.is

Kvenstjórnendur frá 52 löndum telja að heimsfaraldurinn geti fært konum ný tækifæri

Niðurstöður Global Female Leadership Outlook 2020

Í könnuninni sem er framkvæmd árlega af KPMG og Management Circle, kemur fram að 80% svarenda sjá hraðari breytingu á stafrænu umhverfi síns fyrirtækis. Rúmur helmingur svarenda segir að styrking langtímasambands við viðskiptavini sé mikilvægasta verkefnið til að takast á við áhrif faraldursins.

Könnuninni sem framkvæmd var meðal 700 kvenstjórnenda frá 52 löndum er hægt að hlaða niður af vef KPMG.

kpmg.is

KPMG

2010 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þórhildur Ólöf Helgadóttir tók við starfi forstjóra Póstsins í desember árið 2020. Hún lýsir Póstinum sem fjölskylduvænum vinnustað þar sem starfar fólk með mikla reynslu. MYND/AÐSEND

Grunnur að árangri er sterk liðsheild og lausnamiðað hugarfar

Þórhildur Ólöf Helgadóttir er nýr forstjóri Póstsins. Þórhildur Ólöf segir fyrirtækið hefja þetta nýja ár með lausnamiðuðu starfsfólki, þéttara dreifikerfi og enn betri þjónustu en áður.

Nýr forstjóri Póstsins, Þórhildur Ólöf Helgadóttir, lýsir sér sem mjög metnaðarfullri manneskju og Póstinum sem fjölskylduvænum vinnustað þar sem starfsfólkið sé eins og ein stór fjölskylda. Hún tók við nýju starfi um miðjan desember árið 2020 og hlakkar til að takast á við spennandi verkefni hjá þessu gamalgróna fyrirtæki, en sögu Póstsins má rekja allt aftur til ársins 1776. „Mér stóð til boða að taka við starfi forstjóra eftir að Birgir Jónsson hætti, en áður hafði ég starfað sem fjármálastjóri fyrirtækisins. Ég kunni vel við mig í starfi fjármálastjóra en ég steig þetta skref fyrst og fremst vegna þess frábæra starfsfólks sem vinnur hjá Póstinum. Við erum fyrst og fremst gott lið sem vinnur vel saman og þar skipta starfstitlar ekki öllu máli.“

Hún segir Birgi hafa komið sterkan inn sem forstjóra fyrirtækisins, breytt um kúrs og haldið áfram nútímavæðingu sem stundum er kennd við fjórðu iðnbyltinguna. „Mér líst mjög vel á að halda því verkefni áfram. Það er ekki launungarmál að rekstur Póstsins er og hefur verið flókið verkefni, en fyrirtækið byggir á sterkum grunni og hér er starfsfólk með mjög mikla þekkingu og reynslu.“

Endurgjöf og opin samskipti

Um 600 stöðugildi eru hjá Póstinum og segist Þórhildur vera hrifin af þeirri hugmynd að starfsmenn fari heim úr vinnu á hverjum degi hugsandi með sér: Vá, ég skilaði góðu verki í dag! „Við hjá Póstinum leggjum mikið upp úr endurgjöf og opnum samskiptum. Það er bein fylgni milli þess að halda vel utan um mannauð og ánægju viðskiptavina. Starfsmenn þurfa stuðning og þjálfun til að geta skilað sem bestu starfi. Þeir þurfa að þekkja stefnu Póstsins sem og að vera með réttar upplýsingar til að skara fram úr og geta sett sér vinnutengd markmið sem móta framtíð Póstsins á hverjum degi. Þetta er sú sýn sem ég hef, að efla starfsmenn svo þeir veiti góða þjónustu.“

Fjölgun afhendingarstaða

Staða Póstsins var alvarleg á sínum tíma og segir Þórhildur að tvennt hafi verið í boði, að auka þjónustu við viðskiptavini og að hagræða í rekstri. „Viðskiptavinir Póstsins eru kröfuharðir, þeir vilja fá góða þjónustu þegar þeim hentar og á sínum forsendum. Því var meðal annars ráðist í uppsetningu fleiri Póstboxa, bæði á höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar á landsbyggðinni. Þar geta viðskiptavinir sótt sendingar þegar þeim hentar og þeir eru ekki háðir hefðbundnum opnunartímum.“ Á síðasta ári voru sett upp 30 ný Póstbox víða um land og hefur þjónustan farið mjög vel af stað á nýjum stöðum. „Þá er gaman að taka fram að við bættum einnig við nýrri afhendingarleið á síðasta ári. Sú leið nefnist Pakkaport og er ný afhendingarleið fyrir fyrirframgreiddar sendingar, en búið er að koma upp slíkum afhendingarleiðum á nokkrum stöðum á landinu til að auka þjónustu við viðskiptavini.“

Stafræn þróun og nýjungar

Fram undan er enn frekari fjölgun á afhendingarstöðum að sögn Þórhildar. „Við ætlum að fjölga afhendingarstöðum, ekki síst á landsbyggðinni. Þá erum við sérstaklega að horfa til Pakkaporta og Póstboxa á ýmsum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Ef nóvember og desember síðasta árs kenndu okkur eitthvað, þá var það einmitt hversu mikilvægir þessir tveir þjónustuþættir eru. Það varð algjör sprengja í pakkasendingum á þessum tíma og þá kom sér vel að geta nýtt fjölbreyttar afhendingarleiðir.“

> **Við erum fyrst og fremst gott lið sem vinnur vel saman og þar skipta starfstitlar ekki öllu máli.**

Um þessar mundir vinnur Pósturinn að nýju appi sem gefur til dæmis enn meiri sveigjanleika þegar kemur að afhendingarleiðum, að sögn Þórhildar. „Þar geta viðskiptavinir valið sjálfir afhendingarleið fyrir innlendar og erlendar sendingar, í stað þess að sent sé á þann stað sem er næstur lögheimili viðkomandi. Einnig er stefnt að því að hægt verði að senda pakka án þess að koma við í pósthúsi. Þá er gengið frá öllu í appinu og pakkanum skutlað í næsta Póstbox. Mjög einfalt og þægilegt.“

Spennandi verkefni

Nýliðið ár var fullt af alls kyns áskorunum vegna heimsfaraldursins og þurftu starfsmenn Póstsins oft að hugsa út fyrir boxið. „Ég er mjög ánægð með árið og hversu lausnamiðaðir starfsmenn okkar voru þegar kom að því að leysa óvænt og krefjandi verkefni. Við kynntumst líka auknum sveigjanleika í starfi eins og fleiri landsmenn og það verður spennandi að vinna með þær hugmyndir áfram. Starfsemi okkar er þó þannig áfram að flestir starfsmenn eru að meðhöndla bréf og pakka alla daga eins og gefur að skilja.“

Árið 2020 og öll þau krefjandi verkefni sem því fylgdu hafa þjappað starfsfólki Póstsins saman. „Hér ríkir einstök fjölskyldustemning og allir starfsmenn hjálpuðust að við að vinna sem best úr verkefnum ársins. Það er nauðsynlegt fyrir okkur stjórnendur að varðveita þennan breytta hugsunarhátt og hlusta áfram á starfsfólk og viðskiptavini, en bestu hugmyndirnar koma svo sannarlega frá þessum hópum. Við munum halda áfram að hlusta, það styrkir okkur enn frekar til framtíðar, enda skilaði það okkur frábærum árangri árið 2020.“

NÝR LEXUS UX 300e

HREINRÆKTAÐUR **RAFMAGNSBÍLL**.
ALGJÖRT AUGNAYNDI OG DRAUMUR
Á VEGINUM.

FRAMTÍÐIN ER KOMIN.
KOMDU OG REYNSLUAKTU.

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

VINNUR ÞÚ
APPLE WATCH 6S
MEÐ VALOR SÚKKULAÐI?

Kauptu **tvær plötur** af gómsætu Valor súkkulaði og sendu okkur mynd af kassakvittuninni á **valor@noi.is**

Þú gætir unnið glæsilegt Apple Watch 6S.

Við drögum **föstudaginn 5. febrúar.**

VORAR

GLUTEN FREE

STEVIA SYKURLAUST

CHOCOLATES VALOR • 1881 •

Bylting fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki

Þótt Smart finance sé ungt fyrirtæki eru starfsmenn þess með mjög langa reynslu af alhliða fjármálaþjónustu sem þeir nýta í bland við nýjustu tækni. Í alhliða fjármálaþjónustu felst meðal annars bókhalds- og launavinnsla, uppgjör og ársreikningsgerð ásamt mörgu fleiru.

Með því að tengja saman sterka þekkingu okkar á fjármálum fyrirtækja og nýjustu tækni þá erum við að boða byltingu fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki þegar kemur að framsetningu og greiningu upplýsinga úr rekstrinum. Slíkar upplýsingar eru afar verðmætar fyrir stjórnendur að hafa við höndina," segja þær Katrín Ásbjörnsdóttir, Hrönn Sveinsdóttir og Hildur Pála Gunnarsdóttir, eigendur Smart finance. „Smart finance sérhæfir sig í að veita alhliða fjármálaþjónustu til millistórra og lítilla fyrirtækja sem kjósa að úthýsa fjármálum fyrirtækisins að öllu leyti eða að hluta," segir Katrín. „Þannig geta viðskiptavinir valið um hvort þeir úthýsi fjármálum fyrirtækis síns í heild eða ákveðnum verkþáttum. Hvert fyrirtæki hefur síðan greiðan aðgang að sínum eigin þjónustustjóra."

Fjölbreytt þjónusta

Í alhliða fjármálaþjónustu felst meðal annars bókhalds- og launavinnsla, uppgjör og ársreikningsgerð, stjórnendaupplýsingar þar sem boðið er upp á myndrænt gagnvirkt mælaborð og rauntíma fjármálaupplýsingar, bætir Hrönn við. „Auk þess bjóðum við upp á fjármálastjóra til leigu sem sér um stjórnun fjármála í heild sinni til styttri eða lengri tíma hjá fyrirtækjum sem kjósa að úthýsa fjármálaeiningu að öllu leyti."

Hildur segir þær einnig hafa tekið að sér að halda sérstaklega utan um fjármálagögn vegna umsókna um styrki til Rannís. „Nýverið hófum við að bjóða aðstoð við almennan rekstur, svona eins konar „personal assistance", fyrir lítil fyrirtæki sem getur hentað vel fyrir stjórnendur sem kjósa ekki eingöngu að úthýsa fjármálum heldur einnig öðru tengdu daglegum rekstri."

Reynslumiklar konur

Katrín, Hrönn og Hildur kynntust þegar þær störfuðu saman hjá Vodafone. Þær eru allar menntaðar á sviði viðskiptafræði með áherslu á fjármál og endurskoðun og höfðu starfað við fjármál fyrirtækja til margra ára. „Við höfum þekkingu á öllu sem snýr að fjármálum fyrirtækja, frá því að færa bókhald yfir í að stýra fjármálaeiningum. Reynsla okkar er mjög víðtæk, frá ólíkum fyrirtækjum og fjölbreyttum verkefnum. Sem dæmi má nefna grunnvinnu í fjármálum fyrirtækja, sem er að færa bókhald, laun, gefa út reikninga, innheimta og ganga frá mánaðarlegu fjárhagsuppgjöri. Síðan má nefna það sem er sérhæfðara, svo sem ársreikningsgerð, áætlunargerð, stjórnunarreikningsskil og skýrslugjöf til stjórnenda um hvernig fjármálahlið rekstursins lítur út en þar höfum við verið að notast við BI lausnir við framsetningu gagna."

Við starf þeirra fyrir félög á markaði segjast þær einnig hafa öðlast reynslu við að skrá félag á markað, gera áreiðanleikakannanir, sinna endurfjármögnun og samstæðuuppgjörum, skila fjárhagsuppgjöri til endurskoðenda og komið að sameiningu félaga, svo eitthvað sé nefnt. „Þessu til viðbótar höfum við reynslu af mannauðsmálum og almennum rekstrarmálum sem tengjast rekstri fyrirtækja heilt yfir."

Katrín Ásbjörnsdóttir, Hildur Pála Gunnarsdóttir og Hrönn Sveinsdóttir eru eigendur Smart finance. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Smart finance sérhæfir sig í að veita alhliða fjármálaþjónustu til millistórra og lítilla fyrirtækja sem kjósa að úthýsa fjármálum fyrirtækisins að öllu leyti eða að hluta, að sögn þeirra Katrínar, Hrannar og Hildar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Áherslan er á að bókhald sé fært í rauntíma þannig að viðskiptavinir geti alltaf nálgast nýlegar upplýsingar.**

Ekki alslæmur tími

Þrátt fyrir að undarlegt ár sé að baki hefur sá tími alls ekki nýst illa að þeirra sögn. „Stjórnendur fyrirtækja hafa gefið sér betri tíma en áður til að endurskoða starfsemi fyrirtækja sinna en full athygli stjórnenda á tekjuskapandi þætti er mikilvæg, sérstaklega í COVID-árferðinu." Það að stjórnendur hafi gefið sér tíma í að meta hvort úthýsing sé kostur til að geta einbeitt sér betur að rekstrinum, hefur skilað nýjum viðskiptasamböndum að þeirra sögn. „Á sama hátt gafst okkur betri tími fyrri hluta árs til að einbeita okkur að uppsetningu félagsins og skipuleggja okkur betur og útfæra tæknilegu hliðina áður en við fórum að taka við fyrirtækjum í viðskipti."

Mælaborð fjármála

Aðspurðar hvað einkenni þjónustu þeirra umfram samkeppnisaðila segjast þær styðjast við bókhaldslausn í skýinu við rekstur bókhalds, sem eykur sveigjanleika varðandi miðlun gagna rafrænt til viðskiptavina og frá viðskiptavinum til Smart finance, bæði í formi mælaborðs og bókhaldsgagna. „Við leggjum áherslu á að bókhald sé fært í rauntíma þannig að viðskiptavinir geti nálgast nýlegar upplýsingar um rekstur félagsins. Einnig leggjum við áherslu á umhverfismál og vinnum 100% í pappírslausu umhverfi. Við bjóðum upp á miðlægan gagnagrunn við miðlun gagna í gegnum Mitt.smartfinance, þar sem viðskiptavinir skrá sig inn með rafrænum skilríkjum til að tryggja öryggi upplýsinga sem best og bjóðum upp á myndrænt, gagnvirkt mælaborð."

Smart finance hefur einnig sterkan bakhjarl í tæknilegum lausnum sem heitir Metadata og leysir tæknilegu hliðina sem og góðan samstarfsaðila á sviði endurskoðunar þegar upp koma álitamál varðandi reikningsskil.

Hlusta á viðskiptavini

Fram undan er áframhaldandi þróun á þjónustuframboði Smart finance og að hlusta áfram á viðskiptavini sína, enda vita þeir hvað skiptir mestu máli varðandi þjónustu fyrirtækisins. „Það er síðan okkar hlutverk að bregðast við því eftir fremsta megni. Áframhaldandi þróun á Mitt.smartfinance og myndræna mælaborðinu verður klárlega ofarlega á listanum okkar. Einnig vonumst við til að halda áfram að laða til okkar viðskiptavini sem hafa áhuga á þjónustunni sem Smart finance býður upp á og vilja færa fjármál fyrirtækisins yfir í umhverfi sem styður við ákvarðanatöku."

Standa saman við krefjandi aðstæður

Þrátt fyrir heimsfaraldur hefur starfsemi TVG-Zimsen gengið vel. Elísa Dögg Björnsdóttir framkvæmdastjóri segir alla standa saman eins og eina stóra fjölskyldu og taka hlutverk sitt alvarlega.

Á því tæpa ári sem Elísa Dögg Björnsdóttir hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra hjá TVG-Zimsen, dótturfyrirtæki Eimskips, hefur gengið á ýmsu enda hefur heimsfaraldurinn sett strik í reikninginn hjá fyrirtækinu eins og víða. „Ég tók við sem framkvæmdastjóri í febrúar á síðasta ári, stuttu áður en fyrsta COVID-smitið greindist hér á landi. Fyrsta árið mitt í starfi hefur því einkennst af afar sérstökum tímum en það hefur gengið mjög vel. Ég er stolt af því að kynjahlutfallið er nokkuð jafnt í TVG-Zimsen. Við erum um 54% konur sem starfa hjá fyrirtækinu en hlutfallið fer í 47% ef við tökum dótturfyrirtækin með, Gáru og Skipakost.“

Ein stór fjölskylda

Elísa hefur starfað hjá TVG-Zimsen síðan 2006 og þekkir því vel til innan fyrirtækisins. „Við erum eins og ein stór fjölskylda og því er skrýtið að hafa ekki séð suma starfsmenn í langan tíma. Eðlilega höfum við ekki náð að hittast mikið síðustu mánuði og samskiptin eru að miklu leyti í gegnum samskiptaforrit. Í dag skiptum við starfsfólkinu á skrifstofunni þannig að hluti vinnur heima frá miðvikudegi til þriðjudags og hinn hlutinn á skrifstofunni. Svo skiptast hóparnir þannig að allir fá 2-3 daga á skrifstofunni í hverri viku. Mér finnst mikilvægt að fólkið fái að mæta einhverja daga á skrifstofuna og það var virkilega gott skref að geta leyft það við síðustu tilslakanir frá stjórnvöldum. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hversu þétt við Íslendingar stöndum saman í baráttunni við faraldurinn og frábært að sjá árangurinn af samheldni þjóðarinnar.“

Fjölbreytt þjónustuframboð

Hún segir það geta verið krefjandi að finna flutningalausnir á tímum COVID, sérstaklega þegar lönd hafa sett miklar takmarkanir vegna farsóttarinnar. Með öflugum samstarfsaðilum um allan heim hafi þó náðst að halda leiðum til og frá landinu opnum. „Það er gríðarlega mikilvægt að ekkert hökt komi á flutningakeðjuna og hefur starfsfólk TVG-Zimsen tekið hlutverk sitt alvarlega og sýnt metnað í að finna nýjar lausnir þegar á þarf að halda.

Ég er afar stolt af starfsfólkinu okkar sem stendur vaktina vel alla daga, þrátt fyrir breyttar aðstæður.“ TVG-Zimsen býður upp á mjög breytilegt þjónustuframboð og flytur í raun allt, að sögn Elísu, sama hvort það eru sjósendingar, flugsendingar eða flutningar á landi og allt frá nauðsynjavörum yfir í lifandi dýr, lífsýni eða jafnvel bóluefni. „Við sjáum til að mynda um flutning á bóluefni Moderna til landsins. Þá kemur sér vel að eiga sérhæfðan lyfjaflutningabíl sem er sá eini á landinu sem er hannaður fyrir íslenskar aðstæður. Einnig skiptir áralöng reynsla starfsfólksins höfuðmáli í öllu sem við gerum.“



Síðasta ár var mjög annasamt hjá TVG Xpress sem sér um alhliða þjónustu við netverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikill vöxtur

Síðasta ár var einstaklega annasamt í TVG Xpress, sem er sá hluti fyrirtækisins sem sér um þjónustu við netverslanir. „Við sjáum um inn- og útflutning, tollafgreiðslu, hýsingu og dreifingu fyrir netverslanir, allt eftir þörfum hvers og eins fyrirtækis. Við vorum með 140% vöxt á síðasta ári hjá TVG Xpress og yfir 550% í nóvember, samanborið við fyrra ár, en nóvember er jafnframt stærsti mánuður ársins í netverslun.“ Þau stefna á enn frekari framþróun og vöxt á árinu en TVG Xpress opnar um þessar mundir sjálfsafgreiðslukassa á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt verður að sækja sendingar allan sólarhringinn, alla daga ársins. „Þetta mun auka þjónustuframboðið enn frekar og ég tel að markaðurinn sé einmitt að kalla eftir fleiri slíkum lausnum. Við erum þá komin með 23 afhendingarstaði á höfuðborgarsvæðinu, 85 á landsbyggðinni og afhendum samdægurs til nær 80% landsmanna. Við höldum því áfram að þjónusta landsmenn hratt og örugglega næstu árin.“

Öflugt flutninganet lykilatriði

Dóra Guðmundsdóttir segir hafa verið miklar áskoranir í flutningum um allan heim undanfarið ár. Starfsmenn Eimskips hafa fyrir vikið þurft að hugsa enn frekar í nýjum og góðum lausnum.

Miklar áskoranir hafa einkennt síðastliðið ár hjá starfsfólki Eimskips. Þrátt fyrir mjög krefjandi umhverfi í kringum heimsfaraldurinn hafa flutningar frá til og fá landinu gengið mjög vel. Sterkur hópur útflutningsdeildar Eimskips hefur staðið þétt saman og unnið með viðskiptavinum að því að finna farsælar lausnir til að koma vörum á áfangastað, segir Dóra Guðmundsdóttir viðskiptastjóri í útflutningi hjá félaginu. „Ég hef starfað hjá fyrirtækinu í 28 ár, þar af sem viðskiptastjóri í útflutningi síðastliðin ellefu ár. Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi verið krefjandi fyrir okkur starfsmenn og marga af viðskiptavinum okkar og krafist þess af okkur að huga enn frekar að nýjum lausnum. Flutningar hafa gengið vel í gegnum COVID-ástandið þrátt fyrir að mikil vinna liggi að baki því að finna nýjar lausnir en í góðu samstarfi við samstarfsaðila okkar hefur tekist vel að koma vörum á áfangastaði víða um heim.“ Útflutningsdeild Eimskips býður upp á alla flutningatengda þjónustu, for- og áframflutning, skjalagerð og geymsluþjónustu. „Við sjáum í raun um flutninginn frá a til ö og sjáum um leið um öll útflutningsgögn fyrir viðskiptavini okkar.“

Fundið aðrar lausnir

Sem dæmi um breytt umhverfi á alþjóðavísu nefnir hún flutninga til Asíu þar sem mörgum höfnum hafi verið lokað vegna heimsfaraldurs-

Dóra Guðmundsdóttir viðskiptastjóri hefur starfað hjá Eimskip í 28 ár, þar af sem viðskiptastjóri í útflutningi síðastliðin ellefu ár. Hún segir síðasta ár hafa verið ákaflega lærdómsríkt og þroskandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ins. „Í þeim tilvikum þurftum við að vinna í öðrum lausnum til að koma vörum á áfangastaði. Breytt gámaflæði í heiminum hefur einnig sett sitt mark á flutninga en í því sambandi hefur styrkleiki Eimskips verið að geta útvegað gáma þrátt fyrir ástandið, að sögn Dóru. „Einnig þurfti að vinna í lausnum vegna Brexit á vöru sem áður fór í gegnum Bretland en til dæmis fer ferskur fiskur nú í meira mæli beint til Rotterdam og er dreift þaðan á áfangastaði.“

Góðar tengingar

Þrátt fyrir krefjandi en jafnframt þroskandi tíma segir Dóra að fyrirtækið hafi haldið uppi sínu öfluga flutninganeti. „Við erum með reglulegar viðkomur á ströndinni með tengingar inn á meginlandið og afhendum vörur um allan heim. Góðar tengingar tryggja að við komum vöru hratt og örugglega á áfangastað. Ferskur fiskur er að sjálfsögðu aðalsmerki okkar Íslendinga og við leggjum mikla áherslu á hraða og örugga afhendingu á honum. Sem dæmi má nefna að ferskur fiskur sem fer frá Íslandi á fimmtudegi er kominn til Bologne Sur Mer í Frakklandi á mánudagsmorgni og þaðan beint á disk neytenda.“

Umhverfisvænni lausnir

Á síðasta ári tók félagið í notkun tvö ný skip, Brúarfoss og Dettifoss, sem eru stærstu skip íslenska gámaflotans og taka 2.150 gámaeiningar hvort. „Við erum stolt af nýju skipunum okkar sem gera okkar áreiðanlega siglingakerfi enn sterkara. Þau eru umhverfisvænni, en við finnum að viðskiptavinir okkar leggja sífellt meiri áherslu á umhverfisvæna flutninga. Hjá okkur geta viðskiptavinir fengið yfirlit yfir kolefnisfótspor sitt í flutningum og margir nýta sér það. Til fróðleiks má nefna að eitt tonn í flutningi frá Reykjavík til Boston, með skipi og síðan trukk, losar ca. 20 sinnum minna CO2 en sama magn í flugi, svo það er til mikils að vinna.“ Hún segir síðastliðið ár hafa verið lærdómsríkt og þroskandi en á sama tíma hlakki starfsmenn til komandi árs. „Við erum bjartsýn á komandi loðnuvertíð og síðan verður virkilega gaman að komast út og hitta okkar góðu viðskiptavini.“

Samstarf þeirra Ásdísar og Sunnu um útgáfuna einkennist af skýrri verkaskiptingu og góðu samstarfi allt frá útgáfusamningum til dreifingar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhugaverð tækifæri í rótgróinni bókaútgáfu

Í útgáfunni Setbergi blasa við fallegar og litríkar barnabækur og fjölbreyttur bókalager, eins og við má búast í útgáfu sem hefur verið rekin á sömu kennitölu í 70 ár. Framtíðin er björt en útgáfan stendur nú á krossgötum.

Pabbi stofnaði bókaútgáfuna Setberg árið 1950 og gaf út alls kyns bækur, fræðibækur, ævisögur, þýdd skáldverk, spennusögur, matreiðslubækur og síðast en ekki síst barnabækur. Árið 2003 varð stefnubreyting þegar ákvörðun var tekin um að gefa nær eingöngu út barnabækur," segir Ásdís, dóttir Arnbjörns heitins Kristinssonar útgefanda, sem seldi henni forlagið árið 2013. „Upp úr aldamótum gætti æ meiri samkeppni við hljóðbækur en við töldum að áfram væri þörf fyrir barnabækur í stafrænum heimi. Okkur fannst líka mikilvægt að ýta undir lestur barna og lögðum alla áherslu á útgáfu fyrir börn tólf ára og yngri. Þessi stefna gafst mjög vel og ég hef ekki séð ástæðu til að breyta henni eftir að ég tók við."

Vandaðar og fræðandi bækur

Bækurnar eru fjölbreyttar og litríkar og hér getur að líta marga kunnuga titla á borð við Snúð og Snældu, Dagbók barnsins og Íslensku dýrin, sem fagna 60 ára afmæli um þessar mundir. Hér eru einnig bækur margra nýrri höfunda sem jafnvel leitast við að virkja bæði huga og hönd. „Ég legg mikið upp úr því að barnabækur okkar séu vandaðar og fræðandi," segir Ásdís. „Þær fjalla meðal annars um nýjustu tækni og vísindi, lífríkið og umhverfið. Til dæmis var Mannslíkaminn söluhæsta bók Setbergs um jólin."

Inn af öllum þessum bókastæðum í húsnæði Setbergs í Kópavogi eru skrifstofur Ásdísar og Sunnu Sveins. Saman annast þær allt sem viðkemur bókaútgáfunni. „Svo erum við með þýðingar, umbrot og prófarkalestur í verktöku."

Veruleg veltuaukning

Rekstur Setbergs hefur sjaldan verið sterkari, en veltan jókst um tugi prósenta á síðasta ári. „Það kemur kannski á óvart að á sama tíma og þjóðfélagið er næstum lamað vegna kórónuveirufaraldursins gefur Miðstöð íslenskra bókmennta út að fólk á öllum aldri lesi meira en fyrir COVID-19. Konur og barnafjölskyldur lesa mest. Mér finnst meira að segja líklegt að þessar breyttu lestrarvenjur viðhaldist þegar kófinu linnir."

Faraldurinn kallaði á endurskipulagningu hjá Setbergi. Salan á heimasíðunni margfaldaðist og útgefendurnir komust í nánari tengsl við viðskiptavinina en oftast áður, þrátt fyrir að tekið væri tillit til grímuskyldu og tveggja metra reglu. „Við höfum verið að keyra út bókasendingar beint til viðskiptavinanna. Sumir vilja að bókapakkinn þeirra sé skilinn eftir á þröskuldinum, til dæmis þeir sem eru í sóttkví, aðrir koma hlaupandi til dyra til að taka á móti sendingunni, fullir eftirvæntingar."

Ásdís segir að Setberg sé ört vaxandi bókaútgáfa og bjóði upp á margvísleg tækifæri. Þó langar hana að snúa sér að öðru og hugleiðir jafnvel að selja.

Fjölskyldufyrirtæki í 70 ár

Ásdís segir að reksturinn sé fjölbreytilegur og skemmtilegur og á bak við hann búi áratuga reynsla og traust og náið samstarf við erlenda birgja og íslenska bóksala. „Ég og systkini mín byrjuðum öll snemma að vinna í fyrirtækinu á sumrin og um jól. Bókaforlagið var lengi á Freyjugötu og þar var einnig prentsmiðja fyrirtækisins, sem var aflögð 1980. Við pökkuðum, flokkuðum, bárum mörg tonn af bókum á milli hæða í lyftulausu húsi, rukkuðum og keyrðum út. Nú höfum við verið hér í Kópavogi í meira en áratug og þetta húsnæði er hentugra fyrir Setberg eins og bókaútgáfu er hagað í dag."

Spennandi möguleikar

Ásdís er eini eigandi bókaútgáfunnar Setbergs ehf. og hefur verið í söluhugleiðingum að undanförnu. „Persónulegir hagir mínir ráða því fyrst og fremst," segir hún, „en mér liggur ekkert á. Barnabókaútgáfan hefur veitt mér mikla ánægju. Framtíðin er björt, það er jöfn og góð sala í barnabókum frá janúar og út september og svo nær hún hámarki í október fram til jóla. Við gefum að jafnaði út 15 barnabækur árlega og endurprentum þær vinsælustu. Um áramótin 2020 voru útgefnir titlar Setbergs komnir upp í 1.100 talsins."

Netið gefur aukna möguleika

Spurð nánar út í starfsemina segir Ásdís að þær Sunna fari á tvær bókasýningar á ári hverju til að velja nýja titla, yfirleitt til Frankfurt og Bologna. „En vinnan fer meira og minna fram á netinu, ekki síst eftir að öllu var lokað vegna faraldursins. Það hefur reyndar gefist mjög vel. Fjarfundir hafa að ýmsu leyti tekið við af staðfundum og það auðveldar á margan hátt samskiptin, auk þess sem það hefur sparnað í för með sér og fækkar kolefnissporum. Einnig hefur netsala aukist. Í þessu eru fólgin spennandi sóknarfæri fyrir útgáfuna. Það skiptir ekki öllu hvar maður er staðsettur og því fylgir líka visst frelsi."

Almennt séð líða innan við sex mánuðir milli þess að gerður er samningur um útgáfu erlendrar bókar þar til hægt er að bjóða hana kaupendum hér á landi. Er þá búið að fara yfir sýnishorn, þýða og brjóta um, prenta og senda til Íslands. Sala bókanna fer fram í bókaverslunum, ritfangaverslunum, matvöruverslunum, sérverslunum og netverslunum. Um jólin bætast fleiri matvöruverslanir í hópinn. Allar nýjar bækur Setbergs eru auk þess auglýstar í Bókatíðindum sem dreift er á flestöll heimili landsins. „Markhópur Setbergs er, samkvæmt Hagstofu Íslands, um 60 þúsund manns og bætast 5.000 nýir í hópinn á hverju ári."

Tímamót

Spurð hvaða persónulegu hagir valdi hugleiðingum um sölu á gömlu fjölskyldufyrirtæki svarar Ásdís: „Ég er búsett í Stokkhólmi og hef verið það síðastliðin 30 ár. Rekstur Setbergs hefur gengið vel og ég hef getað unnið framleiðsluferlið meira og minna þaðan. Á milli okkar Sunnu er ákveðin og góð verkaskipting og hefur hún séð um ferlið eftir að bók kemur á lager úr prentun. Ég hef að vísu verið mikið á Íslandi undanfarið ár út af heimsfaraldrinum, sem hefur verið virkilega ánægjulegt þar sem dreifing bókanna og öll vinnan í kringum jólabókaflóðið er svo skemmtileg.

Eins og ég segi hef ég lengi verið viðloðandi Setberg og tengst fyrirtækinu nánum böndum. Ég hef áður fengist við sitthvað um dagana og starfað við sjálfstæðan atvinnurekstur í smásölu og heilbrigðisþjónustu, bæði í Svíþjóð og á Íslandi, til dæmis rekið læknastofu í Stokkhólmi. En nú finnst mér tími til kominn að snúa mér að öðru. Hvað framtíðin ber í skauti sér verður bara að koma í ljós. Ég er sennilega ekki búin að átta mig á því sjálf."

Við viljum öll taka þátt og hafa hlutverk í samfélaginu

Frá því að VIRK hóf starfsemi fyrir um 12 árum hafa þúsundir einstaklinga nýtt sér þjónustuna og náð að koma sér aftur inn á vinnumarkaðinn. Starfsemi VIRK hefur því gríðarlega þýðingu fyrir samfélagið, einstaklinga og fyrirtækin í landinu. Mikilvægt er að hjálpa og fjárfesta í fólki.

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, var fyrsti starfsmaður starfsendurhæfingarsjóðsins og hóf störf rétt fyrir hrunið. „Þetta er auðvitað talsvert merkileg saga. Þá voru aðilar vinnumarkaðarins búnir að stofna VIRK og það var komin skipulagsskrá en það átti alveg eftir að útfæra starfið. Ég byrja 15. ágúst 2008, fékk lánaða eina skrifstofu hjá ASÍ, og er þá alein og fer að reyna að finna mér fagfólk til þess að vinna með.

Þegar hrunið skellur á er ég rétt svo að koma starfseminni af stað og þeir segja við mig, bæði fulltrúar verkalýðsfélaganna og Samtaka atvinnulífsins, að ég eigi bara að setja í fimmta gír, sem ég gerði. Það veitti ekkert af og strax á árinu 2009 vorum við farin að taka á móti fólki í þjónustu.“

Meirihluti í vinnu eða nám

Vigdís segir meirihluta þjónustuþega hafa náð virkni að lokinni endurhæfingu þó vissulega séu alltaf einhverjir sem hætti líka. „Í dag eru 2.624 einstaklingar hjá VIRK og frá upphafi hafa komið um 19.500 manns. Af þeim hafa tæplega 12.000 lokið þjónustu hjá okkur og af þeim eru 75-80% í einhverri virkni þegar þau útskrifast.“

Vigdís segir þetta auðvitað hafa áhrif á samfélagið. „Við erum að tala um mörg þúsund manns sem ná að útskrifast annaðhvort í vinnu eða nám. Við náum að sjálfsögðu aldrei árangri með alla, sumir eru kannski það illa staddir þegar þeir koma að það er ekki raunhæft að þeir komist á vinnumarkaðinn en meirihluti fólks sem fer í gegn hérna hjá okkur nær að fara í vinnu, annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Margir ná að fara aftur í sitt fyrra starf og svo er alltaf ákveðinn hluti, sérstaklega unga fólkið, sem fer í nám og það er náttúrulega líka mjög verðmætt.“

Vigdís segir það að hjálpa og fjárfesta í fólki hafa gríðarlega mikla samfélagslega þýðingu. „Það á við um VIRK og allar aðrar stofnanir og fyrirtæki sem veita samfélagslega þjónustu og líka fyrir vinnumarkaðinn sem væri auðvitað mun fátækari ef allar þessar þúsundir einstaklinga hefðu ekki farið aftur í þátttöku á vinnumarkaði. Þetta skiptir máli varðandi verðmætasköpun í landinu og ekki síst fyrir líf og lífsgæði þessa fólks, það vilja allir vera þátttakendur í samfélaginu, það vilja allir hafa hlutverk.“

Mörg úrræði í boði

Vigdís segir fjölda einstaklinga hjá VIRK um þessar mundir vera svipaðan og undanfarin tvö ár og að biðin sé ekki löng í dag. Ferlið hefst á því að fara til læknis og fá beiðni. „Ástæðan er sú að fólk kemur til okkar með heilsubrest og við þurfum að vita hver hann er svo við getum verið með ábyrga starfsendurhæfingaráætlun. Síðan er farið yfir hana af sérfræðingum hjá okkur og fólk svarar spurningalista svo við fáum sem bestar upplýsingar til þess að geta búið til góða áætlun,“ útskýrir hún.

„Því næst fær fólk úthlutað ráðgjafa en þeir eru staðsettir í flestum tilfellum hjá stéttarfélögunum um allt land. Þetta eru sérhæfðir starfsendurhæfingarráðgjafar sem eru yfirleitt með mjög góða menntun á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda. Flestir ráðgjafarnir hjá okkur eru með mastersgráðu og hafa svo allir fengið sérstaka þjálfun hjá okkur. Þeir hafa þetta mikilvæga hlutverk að hvetja einstaklinginn áfram í sínu ferli og halda utan um hann,“ útskýrir Vigdís.

„Svo höfum við tök á að kaupa alls konar úrræði fyrir fólk hjá þjónustuaðilum um allt land, ýmis námskeið, sjálfsstyrkingu, sálfræðiþjónustu, sjúkraþjálfun og líkamsrækt. Við höfum möguleika á að veita einstaklingum mjög fjölbreytta þjónustu. Ef þjónustuþegarnir þurfa mikið utanumhald þá erum við með samninga við starfsendurhæfingarstöðvar víða um land sem veita daglega þjónustu, þá mætir fólk á hverjum degi og fær mjög mikið utanumhald og svo eru aðrir sem þurfa minna og koma þá bara til ráðgjafa öðru hvoru og eru síðan kannski að fá þjónustu frá sálfræðingi og hugsanlega einhver námskeið og líkamsrækt sem dæmi.“

Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri segir VIRK leggja áherslu á að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki okkar hlutverk að lækna

Vigdís segir mikið lagt upp úr því að kenna fólki ýmis bjargráð þannig að það geti bjargað sér sjálft. „Við erum að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Hver þjónustuþegi setur sér markmið um endurkomu til vinnu í upphafi starfsendurhæfingarinnar, gerir ætlun með ráðgjafa sínum um hvernig best sé að ná markmiðum sínum og við nýtum fjölbreytta þjónustu og leiðir til að vinna að þeim markmiðum.

Margir einstaklingar glíma við ýmsar skerðingar og heilsubrest, jafnvel ævina á enda. Við getum ekki alltaf breytt því og það er ekki okkar hlutverk að lækna eða veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu en við getum aðstoðað einstaklinga við að takast á við sinn heilsubrest og auka þannig vinnugetu sína og þátttöku í samfélaginu þrátt fyrir heilsubrestinn.“

Hún segir flesta ná flugi út á vinnumarkaðinn en það sé alltaf ákveðinn hópur sem er með þannig skerðingar að hann eigi erfitt með það. „Þá erum við með svokallaða atvinnulífstengla sem fara í raun og veru svolítið út á örkina og reyna að finna störf fyrir þessa einstaklinga en oft eru þetta hlutastörf. Þetta er þjónusta sem hefur verið í þróun hjá okkur undanfarin ár og hefur gefið mjög góða raun. Við höfum náð samstarfi við nokkur hundruð fyrirtæki sem hafa verið ákaflega viljug og búa þá til hlutastörfin til að mæta þessum einstaklingum. Það hefur gengið ótrúlega vel að vera með þessa beinu tengingu við atvinnulífið þegar þess þarf.“

Forvarnir mikilvægar

Fyrir nokkrum árum var heimasíðan velvirk.is sett á laggirnar en Vigdís segir hana vera hluta af forvarnarverkefni VIRK. „Markmið þeirrar síðu er að reyna að koma í veg fyrir að fólk þurfi að koma til okkar með því að bjóða upp á fræðslu og ráðleggingar, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Það er líka mikilvægt að fyrirtæki bjóði upp á heilsusamlegt starfsumhverfi og styðji fólkið sitt. Við erum alltaf að bæta við síðuna og þarna geta stjórnendur náð sér í alls konar fræðslu, tæki og tól og starfsmenn líka.“

Athygli vekur að um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma eða stoðkerfisvanda. „Ef þú ert að glíma við mikla verki þá hefur það áhrif á sálina og öfugt þannig að það er ekkert skrítið að þetta tvennt tengist. En þessi mikla fjölgun geðgreininga er auðvitað áhyggjuefni í samfélaginu. Það er eins og fólki líði ekki eins vel og að við séum að takast á við afleiðingar einhvers sem þarf að fara betur ofan í kjölinn á. Á sama tíma og við erum á réttri leið með marga hluti þá er þetta eitthvað sem við sem samfélag þurfum að horfast í augu við og athuga hvað við getum gert betur. Það eru margir hlutir í þessu samhengi sem þarf að skoða.“

Erfitt en ekki ómögulegt

Vigdís segir COVID hafa haft neikvæð áhrif á marga og þá ekki síst hjá þeim sem eru að glíma við atvinnumissi. „Því fylgir auðvitað mikið óöryggi og við finnum það vel hjá okkar þjónustuþegum sem eru að glíma við þunglyndi og kvíða og standa nú frammi fyrir enn meiri einangrun. Þetta hefur komið mjög illa við þá einstaklinga og það þarf að halda sérstaklega vel utan um þann hóp. Við bjóðum fólki upp á fjarviðtöl og hjá þeim sem þurfa að fá að hitta ráðgjafa er farið eftir ítrustu sóttvarnafyrirmælum. Áhrif COVID á vinnumarkaðinn hafa gert það að verkum að það er kannski erfiðara að koma fólki í vinnu en það er ekki ómögulegt.“

Þá hafi þau líka orðið vör við að ákveðinn hópur hafi haft það betra í COVID, sennilega vegna þess að það hafi dregið úr hraða í samfélaginu. Það veki upp ýmsar spurningar. „Við hljótum að þurfa að spyrja okkur hvort við séum hreinlega að gera of miklar kröfur til okkar. Það þyki jafnvel eðlilegt að foreldrar sem eiga nokkur börn séu líka í fullu námi, stundi ræktina, sinni tómstundum og vinnu. Eru þetta eðlilegar kröfur sem við eigum að gera á okkur sjálf og aðra? Það eru margir sem hafa ekki möguleika á að uppfylla þessar kröfur eða forsendur til að standa undir svona væntingum. Þetta er margþætt og flókið og það skiptir máli fyrir okkur öll að byggja upp gott samfélag þar sem okkur líður vel.“

Við stefnum hátt

Af því jafnrétti skiptir máli

Við hjá dk hugbúnaði leitumst eftir að bæta okkur á hverju ári og eitt af þeim verkefnum er jafnrétti innan fyrirtækisins. Við vitum að árangri er einungis náð með fjölbreyttu teymi starfsfólks. í dag er kynjahlufallið hjá dk hugbúnaði 60/40 en á hverju ári færumst við nær því takmarki að ná jöfnu kynjahlutfalli innan fyrirtækisins. Konur voru í meirihluta ráðninga hjá dk á síðasta ári og við viljum halda áfram á þeirri braut til að markmiði um jafnt kynjahlutfall verði náð.

dk hugbúnaður

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2020

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

dk hugbúnaður
510 5800 | dk@dk.is | dk.is
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

Ástríða og von sem knýr fram breytingar á öllum vígvöllum

Hin 29 ára gamla Björgheiður Margrét Helgadóttir hóf störf hjá Alvotech fyrir rúmu ári sem verkefnastjóri í verkfræðideild. Björgheiður er mikil hugsjóna- og baráttukona sem hefur ástríðu fyrir jafnréttis- og umhverfismálum og segir frábært að geta tekið þátt í að móta stefnu á vinnustað.

Björgheiður segir ungt fólk í dag hugsa mikið um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, sérstaklega í umhverfis- og jafnréttismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björgheiður er með M.Sc. í heilbrigðisverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og starfaði áður sem ráðgjafi og forritari í hugbúnaðargeiranum. Björgheiður situr einnig í stjórn Ungra athafnakvenna (UAK), þar sem hún gegnir hlutverki fjármálastjóra.

Fjölbreytt teymi árangursrík

Björgheiður segir starfið bæði fjölbreytt og lærdómsríkt. „Ég er verkefnastjóri í verkfræðideild fyrirtækisins, með áherslu á framleiðslusvæðið. Það eru mjög fjölbreytt verkefni sem falla undir mitt starfssvið, en ég er ákveðinn milliliður þeirra sem vinna við framleiðslu lyfjanna og svo tæknimanna sem sinna viðhaldi tækjanna. Starfið mitt felur í sér að vinna með mörgum mismunandi deildum og fólki með alls konar bakgrunn og sérfræðiþekkingu. Það er virkilega góð reynsla fólgin í því og styrkir enn fremur þá skoðun mína að fjölbreyttustu teymin skili alltaf bestu niðurstöðunni.“

Alvotech er alþjóðlegur vinnustaður þar sem vísindamenn og sérfræðingar af um 45 þjóðernum vinna að því sameiginlega markmiði að móta framtíðina á sviði líftæknilyfja og auka aðgengi sjúklinga um allan heim að hágæða lyfjum. „Fyrirtækið vinnur að þróun nýrra líftæknilyfja sem notuð eru við erfiðum sjúkdómum eins og gigt, psoriasis og krabbameini. Líftæknilyf eru gríðarlega dýr, en líftæknihliðstæðan, sem hefur sömu virkni, er mun ódýrari. Markmið fyrirtækisins er að auka aðgengi sjúklinga um allan heim að hágæða líftæknilyfjum, lækka lyfjaverð og auka lífsgæði.“

Ljóst er að það er nóg um að vera á þessum líflega vinnustað. „Það er mikið að gera hjá öllum, eins og gefur augaleið í nýju ört vaxandi fyrirtæki þar sem ríkir mikill metnaður til þess að koma vörunum okkar á markað sem fyrst,“ segir Björgheiður en hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns og þar á meðal eru margir af færustu vísindamönnum landsins.

Konur hvattar til að sækja um

Björgheiður segir Alvotech leggja mikla áherslu á að byggja upp þekkingu hér á landi. Fyrirtækið hefur ráðið til sín tugi sérfræðinga á þessu ári og auglýsti nýverið fjölda nýrra starfa á Íslandi fyrir háskólamenntað fólk.

„Það vantar alltaf ungt og ferskt vísindafólk og munum við bæta við okkur mikið á næstu árum. Því er tilvalið fyrir allar þær konur sem eru að lesa að skoða framtíð í líftæknilyfjavísindum. Almennt eru kynjahlutföll í fyrirtækinu jöfn og það er mikið af flottum kvenkyns stjórnendum á öllum sviðum. Verið er að kynna nýja og metnaðarfulla jafnréttisáætlun og við erum á lokametrunum með að tryggja okkur jafnlaunavottun. Í verkfræðideildinni jafnast hlutföllin með hverju árinu, en undir þá deild falla ýmsar starfsgreinar þar sem hefur gjarnan hallað á konur í gegnum tíðina. Viljinn er klárlega fyrir hendi til að laga þann halla og ég hvet konur sérstaklega til að sækja um þegar auglýst er eftir tæknifólki.“

Sú staðreynd að fyrirtækið sé alþjóðafyrirtæki á íslenskri grundu hafi enn fremur í för með sér mikilvæg tækifæri hvað kynjajafnrétti snertir. „ Það þýðir að íslenska jafnréttislöggjöfin verður grunnur að því sem við gerum alþjóðlega. Því mætti segja að við séum að flytja út íslenskt jafnrétti,“ segir Björgheiður og bætir við að í fyrirtæki af þessari stærðargráðu sé einnig brýnt að huga að jafnrétti á fleiri sviðum.

„Þegar fyrirtæki er svona fjölþjóðlegt, þá skiptir ekki einungis máli að hugsa um kynjajafnrétti, heldur einnig jafnrétti í víðara samhengi. Þá þarf að gefa öllum menningum rými og virðingu. Fyrirtækið er líka iðið við að styrkja góðgerðarmál, en reglulega eru safnanir fyrir hin ýmsu góðgerðarmál, þar sem bæði fyrirtækið sjálft gefur í og starfsfólk getur sjálft lagt í. Fyrir jólin söfnum við til dæmis alltaf pökkum fyrir mæðrastyrksnefnd.“

Stuðningur við starfsfólk

Björgheiður segir ákaflega vel haldið utan um starfsfólk Alvotech. „Fyrirtækið býður reglulega upp á fyrirlestra frá ýmsum sérfræðingum sem eru hugsaðir til þess að veita starfsfólki tól til þess að skapa betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs og einnig bæta vinnuaðstæður. Þar má nefna fyrirlestur um svefn og áhrif svefnleysis á heilsu, sem og sjúkraþjálfara sem fór í gegnum líkamsstöðu með starfsfólki og gekk svo um skrifstofuna og hjálpaði fólki að stilla sína vinnuaðstöðu að sér.

> **Mér finnst persónulega skipta máli að vinna í átt að æðra markmiði, eins og í Alvotech þar sem við erum öll mikilvægir hlekkir í því að virkilega bæta lífsgæði og oft hreinlega lífslíkur fólks úti um allan heim.**

Þá er starfsmannafélagið líka öflugt og miðar að því að gera eitthvað fyrir starfsfólk síðasta föstudag mánaðar. „Það getur verið allt frá pílukastkeppni yfir í að bjóða upp á eitthvert góðgæti. Ég kom ný inn í stjórn félagsins í vor og það hefur verið ákveðin áskorun að halda uppteknum hætti í gegnum COVID, en okkur hefur tekist ágætlega til. Við höfum til dæmis verið með bingó á Teams og héldum svo stafræna jólaskemmtun þar sem öllu var tjaldað til og þriggja rétta máltíð send heim til starfsfólks. Ekki má svo gleyma því að á hverjum föstudegi er boðið upp á nammi eftir hádegismat.“

Aukin krafa um ábyrgð

Það fer ekki á milli mála að Björgheiður er á réttri hillu í lífinu. „Mér finnst persónulega skipta máli að vinna við eitthvað sem vinnur í átt að æðra markmiði, eins og í Alvotech þar sem við erum öll mikilvægir hlekkir í því að virkilega bæta lífsgæði og oft hreinlega lífslíkur fólks með því að gera þessi hátæknilyf aðgengilegri fyrir almenning úti um allan heim. Það sem ungt fólk hugsar líka mikið um í dag er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, þá sérstaklega þegar kemur að jafnréttis- og umhverfismálum,“ segir Björgheiður en þau málefni eru henni einna hjartfólgnust.

„Ég hef mikla ástríðu fyrir jafnréttis- og umhverfismálum og fæ meðal annars útrás fyrir það með stjórnarsetu minni í UAK. Helsta markmið okkar er að stuðla að jafnrétti, hugarfarsbreytingu og framþróun í samfélaginu. UAK vill gera allt sem í valdi félagsins stendur til að jafna stöðu kynja á íslenskum vinnumarkaði með því að styrkja stöðu og framtíð ungra kvenna sem stjórnenda og þátttakenda í atvinnulífinu. Á hverju starfsári erum við með fjölbreytta viðburði þar sem félagskonur fá innsýn í ólíka upplifun kvenna út frá starfi þeirra og bakgrunni. Það er ekkert aldurstakmark og hægt að nýskrá sig á uak.is.“

Björgheiður segir baráttuandann eiga góða samleið með ungu og kröftugu fyrirtæki á borð við Alvotech. „Þegar þú hefur svona mikla ástríðu fyrir einhverju skiptir máli að vinnustaðurinn þinn styðji þig og gefi þér rými til þess að vinna að þínum persónulegu markmiðum, og jafnvel hafa áhrif innan fyrirtækisins og taka þátt í að skapa umhverfi þar sem öll geta notið sín. Þá er frábært að vera hjá ungu fyrirtæki eins og Alvotech þar sem þú getur tekið þátt í að móta stefnuna.“

Þörf á samstöðu

Alvotech er með mjög sterka stefnu í umhverfismálum, en í fyrirtækinu er heilt teymi sem hugar að umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. „Allt rusl er flokkað eftir fremstu getu, boðið er upp á samgöngustyrk og fólk er hvatt til þess að koma til vinnu á annan hátt en með einkabílnum, en það er þægileg búningsaðstaða fyrir fólk sem kýs að ganga eða hjóla í vinnuna. Einnig hefur fyrirtækið kolefnisjafnað sig með því að planta trjám.“

Björgheiður segir þær fjölmörgu áskoranir sem mannkynið stendur nú frammi fyrir krefjast margþættra aðgerða. „Við verðum að standa saman gegn loftslagsvánni og jafnrétti skiptir þar sköpum, enda þurfum við öll að eiga sæti við borðið til þess að móta sameiginlega stefnu og framtíðarsýn.“

Björgheiður horfir björtum, eða í það minnsta vongóðum, augum til framtíðar. „Framtíðarsýn mín er að félag eins og UAK þurfi ekki að vera til, þar sem fullkomnu jafnrétti hefur verið komið á. Mín von er að þessir skrítnu fordæmalausu tímar sem við höfum gengið í gegnum upp á síðkastið geri okkur auðmjúkari og auki samkennd í samfélaginu.“

Orkugeirinn spennandi vettvangur

Árið 2020 var eitt mesta framkvæmdaár í sögu Landsnets. Þrátt fyrir óvenjulegt ár segir Unnur Helga Kristjánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda, að verkefnin hafi öll gengið býsna vel.

Það er margt spennandi í gangi í orkugeiranum um þessar mundir, þróunin er hröð og verkefnin eru krefjandi og skemmtileg," segir Unnur Helga Kristjánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda hjá Landsneti. Það hefur verið nóg að gera hjá Unni og teymi hennar því árið sem var að líða var eitt mesta framkvæmdaár í sögu Landsnets.

Sátt við umhverfi og öryggi

Síðastliðinn rúman áratug hefur Unnur Helga starfað hjá Landsneti, bæði sem verkefnastjóri í framkvæmdaverkum og síðustu árin sem forstöðumaður framkvæmda. „Ég er byggingarverkfræðingur frá Háskóla Íslands og lauk síðan mastersprófi frá tækniháskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi. Í kjölfarið hóf ég störf á verkfræðistofu þar sem ég starfaði í um áratug bæði við hönnun og eftirlit og einnig sem millistjórnandi. Ég datt beint inn í orkumálin og heillaðist strax af þessum geira."

Hún segir Landsnet vera með fjölmörg framkvæmdaverkefni í gangi á hverjum tíma, ýmist í áætlanagerð, hönnun, innkaupaferli eða verklegri framkvæmd. „Þessi verkefni eða verkefnastofnar spanna yfirleitt nokkur ár og er framkvæmdakostnaður á bilinu 500 milljónir til 9 milljarðar. Hagsmunaaðilar eru margir og verkefnahópurinn er stór, þar með taldir hönnuðir, eftirlitsaðilar, verktakar og birgjar. Það er að mörgu að hyggja á lífsferli framkvæmdaverka og hjá Landsneti er rík áhersla lögð á að vinna í sátt við samfélagið og umhverfið og jafnframt eru öryggismál ávallt í forgrunni."

„Hjá Landsneti er rík áhersla lögð á að vinna í sátt við samfélagið og umhverfið," segir Unnur Helga Kristjánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný kynslóð að rísa

Árið 2020 var eitt umfangsmesta framkvæmdaár í sögu Landsnets. Þá var fjárfest í flutningskerfinu fyrir um 11 milljarða og þar var hlutur nýrrar kynslóðar byggðalínunnar stærstur, segir Unnur Helga. „Við erum stöðugt að leita leiða til að styrkja flutningskerfið og auka afhendingaröryggi raforkunnar. Í sumar verður lokið við fyrsta áfanga nýrrar kynslóðar byggðalínu, Kröflulínu 3, sem er rúmlega 120 kílómetra löng loftlína milli Kröflu og Fljótsdals og verður það gríðarlega stór áfangi þegar hún verður spennusett."

Á síðasta ári voru einnig hafnar framkvæmdir við næsta áfanga í styrkingu byggðalínunnar með Hólasandslínu 3, raflínu milli Akureyrar og Hólasands, sem samanstendur bæði af loftlínu og jarðstreng næst Akureyri auk nýrra tengivirkja á Rangárvöllum á Akureyri og á Hólasandi. „Áætlað er að spennusetja þessa nýju tengingu í árslok en um er að ræða stærsta fjárfestingarverkefni Landsnets á árinu 2021."

> **Það er margt spennandi í gangi í orkugeiranum um þessar mundir, þróunin er hröð og verkefnin eru krefjandi og skemmtileg.**

Spennandi tímar fram undan

Þrátt fyrir þær áskoranir sem heimsfaraldurinn bauð upp á er ekki hægt að segja annað en að framkvæmdir ársins hafi gengið býsna vel þegar á heildina er litið, að sögn Unnar Helgu. „Við erum með viðamiklar áætlanir um uppbyggingu í flutningskerfinu á næstu árum sem eru í sífelldri endurskoðun. Eftir óveðrið sem gekk yfir landið fyrir rúmu ári og olli víðtæku rafmagnsleysi víða um landið, var forgangsröðunin til dæmis yfirfarin. Þannig náum við að uppfylla markmið okkar og framtíðarsýn um öruggt rafmagn, því jú, við viljum öll geta gengið að rafmagni sem sjálfsögðum hlut."

Frá píanóinu yfir í orkugeirann

Á þremur árum hefur konum í stjórnstöð Landsnets fjölgað úr einni í fjórar. Arnbjörg Arnardóttir segir orkugeirann skemmtilegan og mikilvægan fyrir samfélagið.

Þegar Arnbjörg Arnardóttir, sérfræðingur í stjórn flutningskerfisins hjá Landsneti, hóf störf fyrir tveimur árum í stjórnstöðinni var ein kona að vinna þar af sextán vaktmönnum. Tveimur árum síðar eru þær orðnar fjórar. „Fyrir mér snýst þetta um að vekja athygli á þessum störfum, bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Þetta er ótrúlega skemmtilegur og mikilvægur bransi og það hefur orðið mikil vitundarauknging innan hans um jafnréttismál á síðustu árum," segir Arnbjörg.

Leið Arnbjargar inn í orkugeirann var ekki hefðbundin. Hún lauk 8. stigi í píanóleik og stefndi um tíma á að leggja tónlistina fyrir sig en tók svo u-beygju og kláraði BS-gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands. „Ég fékk sumarstarf hjá Landsneti strax á fyrsta ári í náminu og átti frábært sumar þar sem ég fékk að ferðast út um allt land með línu- og tengivirkjaflokkunum okkar. Næstu tvö sumur vann ég í stjórnstöðinni við ýmsar greiningar og fékk að kynnast því frábæra fólki sem þar starfar. Þegar ég kláraði námið losnaði staða í stjórnstöðinni og í mínum huga kom ekki annað til greina en að sækja um. Ég gæti ekki verið sáttari við þá ákvörðun."

Góð og skýr samskipti

Stjórnstöðin vaktar flutningskerfið allan sólarhringinn allan ársins hring og sér um aðgerðastjórn í öllu skipulögðu viðhaldi og í truflunum, að sögn Arnbjargar. „Starfið byggist að stórum hluta á góðum og skýrum samskiptum við bæði innri og ytri viðskiptavini. Samhliða stjórnstöðinni vinnum við ýmis verkefni og greiningar. Ég er til dæmis núna ásamt öðrum að vinna í frammistöðuskýrslu Landsnets 2020 þar sem meðal annars lagt er mat á afhendingaröryggi flutningskerfisins á síðastliðnu ári."

Hún segir Landsnet vera samheldið fyrirtæki með mikinn metnað og það sjáist best þegar á reyni. „Við erum alltaf að leita leiða til að þróa ferlana okkar og læra af reynslunni. Það sem við lærðum í desemberóveðrinu 2019 nýttist okkur mikið í febrúaróveðrinu 2020. Við leggjum mikið upp úr rýnifundum eftir truflanir, notumst við SÁBF-kerfi að forskrift almannavarna auk þess sem við förum í þjálfunarhermi tvisvar á ári til að þjálfa viðbrögð okkar."

Öruggt rafmagn er undirstaðan

Arnbjörg segir það vera hlutverk Landsnets að tryggja öllum öruggt rafmagn og að halda ljósunum í landinu logandi. „Í grunnatriðum tryggjum við hjá Landsneti orkuflæði frá framleiðslufyrirtækjum til dreifiveitna og stórnotenda auk þess að þróa flutningskerfi sem getur tekist á við framtíðarþarfir samfélagsins. Ef búnaður okkar bilar getur til dæmis heilt bæjarfélag orðið rafmagnslaust. Við erum því öll mjög meðvituð um ábyrgðina sem fylgir því og það hvetur okkur áfram, því hver gæti hugsað sér lífið án rafmagns í dag?"

> **Þegar ég kláraði námið losnaði staða í stjórnstöðinni og það kom ekki annað til greina en að sækja um.**

Spennandi verkefni fram undan

Það eru mörg spennandi og áhugaverð verkefni fram undan hjá Landsneti. „Þar má meðal annars nefna verkefni sem miða að því að skapa samfélaginu, viðskiptavinum og eigendum okkar virði með tryggu afhendingaröryggi, hagkvæmum rekstri flutningskerfisins og hámörkun nýtingar á raforku. Ég er spenntust fyrir gagnastefnuverkefni sem er í gangi hjá okkur núna því við eigum ógrynni af gögnum sem hægt er að nýta enn betur til að taka betri ákvarðanir í framtíðinni."

„Þetta er ótrúlega skemmtilegur og mikilvægur bransi og mikil vitundarauknging orðið innan hans um jafnréttismál," segir Arnbjörg Arnardóttir, sérfræðingur í stjórn flutningskerfisins hjá Landsneti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vegferð Ljóssins er áræðni og þor

Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðin Ljósið fagnaði fimmtán ára afmæli á síðasta ári. Þar er krabbameinsgreint fólk endurhæft andlega, líkamlega og félagslega. Margir hafa nýtt sér það.

Ef maður þorir að fylgja draumum sínum og stefnir á að láta markmiðin verða að veruleika þá er allt hægt," segir Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess. Hún var eini starfsmaðurinn í upphafi en nú starfa um 30 fastráðnir starfsmenn þar, auk nokkurra verktaka og fjölda sjálfboðaliða.

Hún segir hugmyndina að Ljósinu hafa kviknað eftir að hafa starfað við endurhæfingu krabbameinsgreindra á Landspítalanum um tveggja ára skeið. „Ég hafði mikinn metnað til að búa til endurhæfingu úti í samfélaginu sem væri ekki stofnanaleg. Draumurinn var að þar kæmu að margar fagstéttir sem ynnu þétt saman. Grunnurinn að hugmyndafræði Ljóssins er sótt í smiðju iðjuþjálfunar, þar sem ég er iðjuþjálfi að mennt. Í hugmyndafræðinni skiptir ytra og innra umhverfi miklu máli, fólki er mætt á þeim stað þar sem það er statt í lífinu og það hefur áhrif á eigin endurhæfingu. Ég sá þetta ljóslifandi fyrir mér í huganum og hugsjónin var sterk."

Hafði óbilandi trú

Hugmyndin að Ljósinu var vissulega hugmynd Ernu, hún hafði áræðnina sem þurfti og dreif hugmyndina áfram. En hún segist líka hafa talað við fólk og sagt því frá þessum draumum sínum. „Það hafði greinilega áhrif því það voru margir sem vildu láta þessa hugsjón rætast. Þar sem ekki var til króna í verkefnið þá byrjaði ég sem sjálfboðaliði haustið 2005 og allir þeir sem studdu við verkefnið í upphafi. Neskirkja lánaði okkur húsnæði, félagasamtök og fyrirtæki gáfu okkur fyrstu tölvuna, saumavélina, ritföng, pappíra og umslög svo eitthvað sé nefnt. Ég fór á ótal kynningarfundi hjá félagasamtökum, hitti alla ráðherra sem mér fannst nauðsynlegt að tala við og svona mætti lengi telja. Ég hafði óbilandi trú á verkefninu og var viss um að við værum á réttri braut með þessa endurhæfingu."

Stuðningur víða

Grasrót Ljóssins var ómetanleg hjálp í upphafi og hefur verið allar götur síðan, segir Erna. „Ég segi alltaf að Ljósið hefði ekki orðið eins og það er í dag án þess að fá stuðning, skilning og samkennd frá öllu því fólki sem var í grasrótarstarfi Ljóssins. Það er erfitt að nefna nöfn sérstaklega því þá er ég hrædd um að gleyma einhverjum en þar koma við sögu formenn stjórna, stjórnarmeðlimir og umhyggjusamar fjölskyldur sem lögðu til fjármagn. Svo má ekki gleyma stuðningi frá þjóðinni í tengslum við átakið „Á allra vörum" sem gerði okkur kleift að kaupa húsnæði við Langholtsveg 43. Árið 2015 byggði Oddfellowreglan á Íslandi við það hús og árið 2017 keyptum við lóðina við hliðina á gamla húsinu og þar er nú komið stórt hús sem hýsir hluta starfseminnar. Auk þess hafa ótal einstaklingar lagt hönd á plóg gegnum árin enda virðist Ljósið laða fram það besta í fólki."

Enn mikill metnaður

Hún segir að vegferð Ljóssins sé áræðni og þor. „Ég hef enn þá mikinn metnað og hugsjón fyrir starfinu og er með samstarfsfólk, sjálfboðaliða, stjórnarfólk og Ljósavini, sem gera starfið bæði faglegt og áþreifanlegt. Saman höfum við byggt upp heildræna, þverfaglega endurhæfingu með fjölbreyttum hópi fagmanna sem hafa öðlast sérþekkingu á endurhæfingu krabbameinsgreindra. Við endurhæfum fólk, andlega, líkamlega og félagslega."

Í dag á félagið tvö hús við Langholtsveg og býður upp á um 50 dagskrárliði í stundaskránni. „Húsin eru bæði heimilisleg með fallegum vistarverum, en þar sinnum við öllum þeim sem leita til okkar og eru greindir með krabbamein frá sextán ára aldri. Við bjóðum einnig fjölskyldumeðlimum upp á stuðning því þegar einn greinist þá snertir það alla fjölskylduna. Það eru yfir 500 manns sem koma til okkar í endurhæfingu í hverjum mánuði og við vitum að fólki líður vel og orðsporið er gott. Heilbrigðisyfirvöld hafa samþykkt Ljósið sem heilbrigðisstofnun og á fimmtán ára afmælisárinu fögnuðum við því að komast á fjárlög með samningi við Sjúkratryggingar Íslands."

Þróunin heldur áfram

Það er sannarlega engin stöðnun í starfsemi Ljóssins og segir Erna að hópurinn muni halda áfram að þróa starfið, eins og þau hafi gert frá upphafi. „Eins og svo mörg önnur fyrirtæki þá þurftum við að kasta okkur út í stafræna þjónustu á síðasta ári. Öll námskeiðin okkar fóru fram gegnum fjarfundarbúnað, einnig mikið af viðtölum og við sendum út myndbönd og streymi til að endurhæfingin félli ekki niður. Um þessar mundir erum við hægt og rólega að bæta við fólki í hús aftur samkvæmt sóttvarnareglum."

Einnig er verið að þróa landsbyggðadeild Ljóssins. Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni til að þjóna landsbyggðinni betur, bæði þeim sem greinast, en einnig er verið að leita eftir góðri samvinnu við fagaðila í heimabyggð. „Ég veit af fyrri reynslu að þetta ár verður fullt af áskorunum eins og öll árin á undan. Að lokum langar mig að þakka öllum þeim sem hafa byggt upp starfsemi Ljóssins með mér, Íslendingar eru einstakir þegar kemur að samkennd, kærleika og sköpunarkrafti."

Hjá Ljósinu er góð aðstaða til alls kyns afþreyingar og gleði í loftinu.

500 manns koma í endurhæfingu í hverjum mánuði hjá Ljósinu og njóta þar frábærrar þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég segi alltaf að Ljósið hefði ekki orðið eins og það er í dag án þess að fá stuðning, skilning og samkennd frá öllu því fólki sem var í grasrótarstarfi Ljóssins.

Erna Magnúsdóttir er forstöðukona Ljóssins, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess. „Grunnurinn að hugmyndafræði Ljóssins er sóttur í smiðju iðjuþjálfunar, þar sem ég er iðjuþjálfi að mennt," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÁBÆRT ÚRVAL
AF GÆÐA STURTUKLEFUM

ÁRMÚLI 31 | 588 73 32 | I-T.IS
VIRKA DAGA 9-18 | LAUGARDAGA 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Allir taki jafna ábyrgð á heimilinu

OR leggur mjög mikið upp úr jafnrétti í víðu samhengi á vinnustaðnum. Lögð er áhersla á þekkingu, fræðslu og umræður um jafnréttismál, til að stuðla að betri vinnustaðamenningu.

Við búum í samfélagi sem er mjög kynjað þar sem karlastörf eru hærra metin en störf sem konur sinna frekar og við hjá OR fyrirtækjunum viljum og ætlum að vera þátttakendur í að breyta því," segir Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Hjá OR er talað um að fremja jafnrétti og segir Sólrún að hugtakið hafi verið að mótast og þróast. „Við vitum núna að jafnrétti er ekki eingöngu kynjajafnrétti heldur jafnrétti í mun víðara samhengi, til dæmis varðandi aldur, kynhneigð, fötlun, litarhátt og hvað sem það er sem fólki er mismunað eftir. Við viljum skapa vinnustað þar sem öllu starfsfólki líður vel."

Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar hjá OR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jafnréttisfræðsla skylda

Sólrún tekur dæmi um verkefni innan OR sem snýr að því að koma auga á misrétti gagnvart aldri og uppruna. „Nú höfum við til dæmis ekki aðeins sett upp ferli í tengslum við ráðningar hjá okkur, sem á að hjálpa okkur að koma auga á ómeðvitaða fordóma í tengslum við kyn, heldur einnig varðandi aldur og uppruna umsækjenda."

Sólrún segist finna fyrir mikilli ánægju með þá ákvörðun OR að setja jafnréttismálin á oddinn, bæði hjá starfsfólki og þeim sem sækjast eftir að vinna hjá samstæðunni.

Þetta snúist þó alltaf um að halda áfram. „Það eru til dæmis mörg ár síðan við náðum kynjajafnrétti í stjórnendastöðum en við hættum ekkert þar, heldur fórum að einbeita okkur að öðrum hópum og höfum breytt og aðlagað jafnréttisstefnu okkar í samhengi við það."

Sólrún segir OR hafa verið með jafnréttisfræðslu sem skyldu fyrir alla nýliða og stjórnendur lengi. „Við erum nýlega búin að endurnýja hana í samvinnu með Sóleyju Tómasdóttur hjá Just Consulting og hún er orðin enn vandaðri og ítarlegri."

Konur taka meiri ábyrgð

Sólrún segir að það sé samt ekki nóg að fræða eða ræða til að breyta því ýmislegt í samfélaginu skapi hindranir og nefnir sem dæmi að konur almennt beri meiri ábyrgð á ólaunuðum störfum og heimilisábyrgðin sé frekar þeirra. Karlar hafi því meira frelsi til að velja hlutverk sem til dæmis krefjast lengri viðveru og það sé ekki síst vegna þessarar misskiptu ábyrgðar innan heimilisins sem erfiðlega gangi að ná jafnrétti kynjanna.

„Við í samstæðunni tókum þátt í að viðhalda þessu lengi, með því að vinnutími hjá iðnaðarfólki okkar sem hefur yfirleitt verið yfir 90% karlastörf, var lengri en í flestum öðrum störfum. Með því að hafa vinnutilhögun svona þá sáum við til þess að starfsfólkið í þessum störfum, aðallega karlar, gátu ekki sinnt til jafns fjölskylduábyrgð til dæmis varðandi umönnun barna."

Þannig hafi OR verið að viðhalda þessu ójafnrétti samfélagsins og þá hafi lítið annað verið í stöðunni en að taka slaginn og breyta vinnutímanum – það hafi alls ekki verið auðvelt mál. Almenn ánægja hafi verið meðal starfsfólks við að stytta vinnudaginn en margir óskuðu hins vegar eftir því að vinnutíminn yrði aðeins styttur í annan endann – hinn síðari.

Aðlaga vinnutímann

„Við vorum hins vegar mjög föst fyrir, vegna þess að til þess að hafa samfélagsleg áhrif þá yrðum við að aðlaga vinnutímann að því að stuðla að því að starfsfólk okkar geti tekið jafna ábyrgð á fjölskyldulífinu. Við viljum að öll okkar geti bæði farið með og sótt börnin á leikskólann – líka Orkuveitupabbinn."

En það var ekki nóg að breyta bara vinnutímanum því hluti af launasamsetningu þessara starfa miðaði að þessum langa vinnutíma og því þurfti að breyta í samstarfi við stéttarfélögin.

„Ég veit til þess að þessi breyting okkar hafði áhrif á önnur fyrirtæki í að gera viðlíka breytingar. Með aðgerðum sínum geta fyrirtæki nefnilega haft áhrif á samfélagið – annaðhvort með því að taka þátt í að útrýma eða viðhalda misrétti."

OR þakkar FKA og tæplega þúsund fundargestum fyrir samstarfið og samskiptin á rafrænu ráðstefnunni Loftum út sem haldin var í desember. Við höldum áfram að virkja jákvæða orku í fundarherbergjum landsins og hlökkum til að lofta áfram út með ykkur.

OR
Orkuveita Reykjavíkur

Frá vinstri: Bryndís Hlíf Maríasdóttir fjármálastjóri, Aðalheiður Dögg Reynisdóttir bakarameistari, Anna Kristín Lárusdóttir gæðastjóri og Helga Margrét Friðriksdóttir mannauðsstjóri.

Gæðabakstur hefur komið til móts við óskir neytenda með girnilegri línu lágkolvetnabaksturs.

Bakarameistarinn Aðalheiður Dögg Reynisdóttir skreytir hér ljúffengar og undurfagrar bóndadagsmöffins, en slíkur bakstur er dæmi um árstíðabundið verkefni hjá Gæðabakstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Öllum líður betur þegar það næst jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Bakarí Gæðabaksturs stendur á 69 ára gömlum grunni. Þar starfa um 135 starfsmenn við fjölbreytt störf. Gæðabakstur leggur mikið upp úr að mæta kröfum og eftirspurn neytanda.

Forskot Gæðabaksturs liggur fyrst og fremst í gæðum og sveigjanleika. Þrátt fyrir að vera iðnaðarbakarí höfum við ákveðna sérstöðu á markaði þar sem hluti framleiðslu okkar er að einhverju leyti handverk sem svipar til lítilla bakaría," segir Anna Kristín Lárusdóttir, gæðastjóri Gæðabaksturs.

Fyrirtækið Gæðabakstur var stofnað 1993 en á rætur að rekja til ársins 1952 þegar Ömmubakstur var stofnað. Það er leiðandi í framleiðslu á fersku brauðmeti; brauðum, kökum, smábrauðum, hamborgarabrauðum, pylsubrauðum og fleiru fyrir almenna neytendur, hótel, veitingastaði, mötuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

„Undanfarin misseri höfum við lagt mikla áherslu á vörunýjungar og að svara eftirspurn neytenda. Þar má helst nefna lágkolvetna samlokubrauð, bollur og flatkökur, sem hafa fengið góðar viðtökur. Það freistar svo vafalaust margra að á næstunni bætast við nýjar og gómsætar vörur í lágkolvetnalínunni okkar. Allar lágkolvetnavörurnar okkar eru vegan og við höfum einnig svarað kalli grænkera með því að baka sérstakar vegan-kökur, nú síðast Súkkulaðisælu sem er gómsæt súkkulaðikaka sem hentar jafnt grænkerum og öðrum."

Gæðamál ávallt í forgrunni

Hjá Gæðabakstri er sífelld vöruþróun, umbætur og minnkun sóunar.

„Við ætlum að halda áfram að vaxa og skapa okkur sterkari stöðu á markaði, en fyrst og síðast að gæta þess að tapa ekki sýninni á hvert við stefnum og hvað við viljum standa fyrir," segir Anna Kristín.

Fyrsti útgangspunktur í allri ákvarðanatöku fyrirtækisins séu gæðamál.

„Stefna Gæðabaksturs er að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavina. Við vinnum eftir OFSS-staðlinum, sem er strangur gæðastaðall fyrir matvæli, og leggjum mikla áherslu á að starfsmenn fái þjálfun og fræðslu við sitt hæfi, ásamt fræðslu um gæðakerfi fyrirtækisins," segir Anna Kristín og heldur áfram:

„Við leggjum mikið upp úr því að farið sé eftir ferlum gæðakerfisins, að því sé viðhaldið daglega og það sé endurskoðað reglulega. Þrátt fyrir að vera einn mikilvægasti hluti í framleiðslu fyrirtækjum, er gæðastýring oft ósýnileg út á við. En fjölbreytt verkefni gæðastýringar gefa að einhverju leyti vísbendingu um mismunandi störf sem finna má innan fyrirtækja á þessu sviði, þar má nefna stjórnun, dreifingu, markaðsstarf, mannauðsmál, ferlastýringu, fjármál, umbótavinnu og fleira."

Framúrskarandi fyrirtæki

Árið 2020 einkenndist af sigrum hjá Gæðabakstri.

„Í upphafi árs höfðum við sett markið hátt enda vorum við að flytja í nýtt og betra húsnæði, en svo tók árið óvænta stefnu og við þurftum að tóna framkvæmdagleðina aðeins niður og nýta kraftinn í umbóta- og uppbyggingarverkefni," segir Helga Margrét Friðriksdóttir mannauðsstjóri.

„Hjá Gæðabakstri starfa um 135 manns og kláruðum við jafnlaunavottun á síðasta ári. Við vorum búin að marka okkur stefnu í jafnréttismálum og vorum sannfærð um að innleiðing á jafnlaunavottun hefði jákvæð áhrif á starfsánægju starfsfólksins, sem í kjölfarið hefði jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Við kláruðum því innleiðinguna í haust og erum gríðarlega ánægð með það," segir Helga Margrét.

Gæðabakstur hefur frá árinu 2012 verið framúrskarandi fyrirtæki.

„Við leggjum metnað í að halda fyrirtækinu á þeim lista. Við leggjum líka mikið upp úr því að gera það besta úr erfiðum aðstæðum og þegar maður lítur um öxl getur maður ekki annað en verið stoltur af árangrinum sem hefur náðst. Jafnréttisstefna Gæðabaksturs gengur út á að allir fái að njóta sín innan fyrirtækisins, óháð bakgrunni einstaklinganna, og að allir njóti virðingar og umburðarlyndis. Með jafnréttisáherslur að leiðarljósi teljum við að við séum að auka almenna starfsánægju og bæta starfsandann," segir Helga Margrét.

Traust til starfsfólksins

Konurnar í Gæðabakstri búa yfir miklum fjölbreytileika þegar kemur að bakgrunni.

„Framkvæmdastjórinn Vilhjálmur Þorlákssson hefur verið duglegur að gefa ungu fólki tækifæri og treystir sínu fólki til að stýra stórum og mikilvægum verkefnum. Þannig hafa starfsmenn fyrirtækisins fengið fjölbreytt og krefjandi verkefni upp í hendurnar," segir Bryndís Hlíf Maríasdóttir, fjármálastjóri Gæðabaksturs.

Skýrt dæmi um þetta megi sjá í stjórnendahópi fyrirtækisins þar sem þrír af sex stjórnendum séu undir 35 ára aldri.

„Markmiðið er auðvitað að hafa sem mestan fjölbreytileika í öllum hópum innan fyrirtækisins sem endurspeglar fyrirtækið í heild sinni. Hlutfall kynja er innan 40/60-markanna og það er einnig hlutfallið í stjórnendahópnum. Af þessu erum við mjög stolt og leggjum metnað í að halda," segir Bryndís Hlíf.

Hlustað á rödd bakarans

Aðalheiður Dögg Reynisdóttir er 24 ára bakarameistari sem hóf störf hjá Gæðabakstri í fyrra.

„Það var stórt skref fyrir mig og mikil breyting að fara til starfa í iðnaðarbakarí eftir að hafa unnið á minni stöðum í sérhæfðari verkefnum. Við það að koma inn í jafn stórt fyrirtæki og Gæðabakstur er fær maður að snerta á fjölbreyttum verkefnum, öðlast þekkingu á nýjum vinnuferlum og skilja í hverju verðmætin felast," segir Aðalheiður sem þótti sömuleiðis áhugavert að sjá og öðlast þekkingu á hvernig svo stórt fyrirtæki hugsar um viðskiptavini sína.

„Hjá Gæðabakstri hef ég fengið tækifæri til að snerta á fleiri þáttum úr bakaramenntun minni, svo sem kostnaðarútreikningum, en einnig þarf ég að leggja mikinn skilning og þekkingu á líftíma vörunnar. Í hefðbundnum bakarastörfum kemst maður upp með að gera litlar tilraunir með ólíkar vörur en í þessu starfi þarf að leggja mikla vinnu í að hugsa framleiðsluferlið frá upphafi til enda. Maður bakar ekki bara köku og setur hana á borðið til kaups. Hér þarf að hanna umbúðir og koma kökunni í sölu og þar reynir á sannfæringarmáttinn þar sem söluferli kökunnar er ekki undir okkur einum komið."

Það skiptir Aðalheiði líka miklu að finna að hún hafi rödd hjá Gæðabakstri.

„Hér er hlustað á mig, ég get komið með hugmyndir og fæ að prófa mig áfram með þær. Það má kannski segja að það sé að mörgu leyti sorglegt að maður fagni því sem ætti að vera sjálfsagður hlutur, en reynsla mín sem ung kona hefur sýnt að það er tilhneiging til að setja mann í einhvers konar bómull. Þá er látið eins og maður hafi rödd og eitthvað um hlutina að segja en mögulega sat maður eingöngu við borðið til að mæta kynjakvótum. Konur vilja auðvitað heyra ólíkar skoðanir, þá fá þær allavega tækifæri til að færa rök fyrir máli sínu og í versta falli aðlagar hópurinn sig þá þeirra skoðunum og í undantekningartilfellum draga þær mögulega stutta stráið."

Hamingjan í fyrirrúmi

Gæðabakstur er upphaflega fjölskyldufyrirtæki þrátt fyrir að hafa tekið stórt vaxtarskref frá því að það var stofnað.

„Við leggjum mikið upp úr því að fólk geti sinnt fjölskyldu-ábyrgð sinni og fundið jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Þá líður starfsfólkinu vel, það er hamingjusamara og gefur meira af sér í leik og starfi. Þannig vinna allir," segir Helga Margrét.

Gæðabakstur er á Lynghálsi 7. Sími 545 7000. Sjá gaedabakstur.is

Ráðstefna Jafnvægisvogar var rafræn í ár en hér er Andrea með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra á ráðstefnunni sem var haldin á Grand árið 2019. „Það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með félagskonunni Thelmu Kristínu Kvaran hjá Intellecta massa mál Jafnvægisvogar á tímum COVID.“

Andrea Róbertsdóttir ráðstefnustjóri í hátíðarsal HÍ að heilsa upp á frú Vigdísi Finnbogadóttur og Jón Atla Benediktsson, rektor HÍ, sem voru meðal gesta. „COVID bauð upp á örfá gigg í raunheimum 2020 innan og utan FKA.“

Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri í Fokk ofbeldi-bol UN Women. „Ég var einu sinni í stjórn UN Women og styð framtakið, ekki spurning!“

„Við höfum verið að hlúa vel að okkur og fóstra nærumhverfið,“ segir Andrea sem er hér í sjósundi í boði FKA-Vesturlands.

„FKA-Fjalladrottningar er nýr hópur fyrir reyndar göngukonur, minna reyndar og óreyndar fjalladrottningar í FKA. Þar eru þær Edda Rún og Maríanna fánaberinn og hljómsveitarstjórinn í þessari snilld.”

Þegar ég verð vitni að töfrum tengslanetsins fyllist ég orku

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA, segir starfið blómstra þrátt fyrir áskoranir á tímum heimsfaraldurs. Hún segist fá orku út úr því að þjónusta atvinnulífið og finna að FKA hefur vigt og skiptir máli. FKA hefur verið í samstarfi við sjónvarpsstöðina Hringbraut undanfarið.

Andrea Róbertsdóttir hefur vakið athygli fyrir öfluga innkomu í starfi framkvæmdastjóra Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA. Breytingastjórnun hefur einkennt feril Andreu sem stjórnanda síðustu ár þar sem hún hefur kafað í vinnumenningu stofnana og fyrirtækja, farið fyrir húsnæðisbreytingum og flutt fyrirtæki svo eitthvað sé nefnt.

Skapandi nálganir hafa einkennt starf FKA síðustu misserin að mati Andreu. „Í upphafi starfsárs boðuðum við sýnileika, hreyfiafl og tengslanet í takt við nýja tíma. Síðan þá höfum við verið að blása í lúðra og gjarnan verið á lokametrum í skipulagningu á viðburðum sem við höfum þurft að hugsa alveg upp á nýtt með skömmum fyrirvara. Gott dæmi um það er ráðstefna Jafnvægisvogar sem átti að vera í raunheimum en náði að lokum frábæru flugi hjá verkefnastjóra sem rafræn ráðstefna á RÚV. Opnunarviðburður FKA í haust var svo gjörningur þar sem félagskonur mynduðu táknræna keðju í Búrfellsgjá og þannig mætti lengi telja.

Við höfum heldur betur fengið tækifæri til að sýna að við erum sveigjanlegar, kvikar og þorum að gera tilraunir,“ segir Andrea um starf FKA á tímum COVID. „Við höfum ekki gefið afslátt af sóttvörnum. Það er ekki í boði að brjóta reglur ef þú ert í forystu og þarft að sýna gott fordæmi.“

Úthald og þrautseigja skiptir alltaf sköpum í starfinu

Andrea bendir á að þegar félagskonur hafa þurft að taka nokkur tilhlaup við skipulagningu viðburða hafi úthald og þrautseigja skipt sköpum.

„Að velja sér viðhorf og vinna með þakklætið hefur síðan komið okkur í gegnum fjölmarga skaflana en ég er þakklát félagskonum, stjórn og formanni fyrir að hafa verið tilbúnar að gera tilraunir með sköpunarkraftinn að vopni. Félagskonur hafa tekist á við þessa breyttu sviðsmynd af miklu æðruleysi.“

Niðurtalningin í Viðurkenningarhátíðina hófst í haust

Faraldurinn kallaði einnig á nýjar lausnir varðandi árlega Viðurkenningarhátíð FKA sem í ár verður sjónvarpsþáttur. „Það er gott og gefandi samstarf við Hringbraut og Guðmund Örn framkvæmdastjóra sem er að skila af sér þessari frábæru afurð. Niðurtalningin í Viðurkenningarhátíðina hófst á Hringbraut í haust með þáttaröðinni Stjórnandinn í umsjá Huldu Bjarnadóttur á þriðjudagskvöldum. Hulda stýrir einnig kvöldinu með Sigmundi Erni og Elínu Sveinsdóttur framleiðanda sem er frábært að vinna með.

Hátíðin verður í kvöld á Hringbraut og þar veitum við framúrskarandi konum þrjár viðurkenningar, FKA Viðurkenninguna, FKA Þakkarviðurkenninguna og FKA Hvatningarviðurkenninguna,“ segir Andrea og bætir við: „Allar þessar flottu konur fyrr og nú. Allar þessar axlir sem við stöndum á!“

> Í upphafi starfsárs boðuðum við sýnileika, hreyfiafl og tengslanet í takt við nýja tíma.

Við lýsum ekki upp myrkur

„FKA er mikilvægt sem aldrei fyrr nú þegar félagskonur þurfa að nálgast framandi, áður óþekkta sviðsmynd og sækja fram með hugarfari grósku á afar sérstökum tímum.

Við erum að vinna með hugrekkið og það á að vera gefandi og nærandi að vera í FKA þar sem við vöxum og erum sterkari saman, þar sem hver og ein er dýrmætur hlekkur. Það er enginn að stela einhverri sól. Það er nóg sól fyrir okkur allar, okkur öll,“ segir Andrea og bætir við: „Svo lýsum við ekki upp myrkur með myrkri og höfum því verið að hlúa vel að okkur og fóstra nærumhverfið til dæmis í landsbyggðardeildum.“

Hún segist fá mikið út úr því að vinna með og fylgjast með öflugum deildum, nefndum og stjórn. „Hver félagskona verður að ákveða sjálf hvað hún vill gefa félaginu og fá frá félaginu. Auðvitað er dagskráin fjölbreytt þegar stór hópur ólíkra kvenna um landið allt sameinast í félag með það yfirmarkmið að vera alvöru hreyfiafl. Hver og ein verður að ákveða hvað hentar henni best hverju sinni og engin ástæða til að örvænta ef þú ert upptekin í öðru og ferð í smá dvala, því þannig er lífið. Lífið er í köflum og við misvirkar í félagastarfi og það þarf ekkert að útskýra frekar.

Eina sem við mælum með er að félagskonur refsi sér ekki heldur sýni sér sjálfsvinsemd, mildi og mæti svo öflugar til leiks og setji sig í forgang. Þegar konu líður eins og hún hafi sem minnstan tíma fyrir sig þá er þörfin mest fyrir að gera einmitt það – að gefa sér leyfi og setja sig á dagskrá.“

Sýnileikadagur fyrir félagskonur FKA 24. febrúar

FKA hefur verið í fararbroddi þegar kemur að því að auka sýnileika kvenna í atvinnulífinu og Andrea segir engan bilbug vera á því starfi.

„Við verðum með Sýnileikadag fyrir félagskonur þann 24. febrúar og þar fyllum við á verkfærabeltið með hæfnipáttum sem hjálpa okkur að ná forskoti á atvinnumarkaði í takt við nýja tíma,“ segir hún og bætir við: „Það er búin að vera góð þátttaka og mikill sýnileiki hjá FKA á sérstökum tímum og hefur COVID og tæknin fært félagskonur af landinu öllu nær hverri annarri, aukið samtalið og jafnræði. Sem félagskona tilheyrir þú heild og það er hægt að benda á margvíslega verndandi þætti sem fylgja félagastarfi.

Staðan er eðlilega mjög misjöfn hjá félagskonum eins og gengur, konur er útsettari fyrir afleiðingum af veirunni og þannig má áfram telja. Þess vegna verður sérstakur Sýnileikadagur FKA, þar sem við kynnumst og náum að tileinka okkur alla þá hæfni sem við verðum að búa yfir til að geta verið leiðandi og náð forskoti.

Við þurfum að efla okkur í tækni, skrifum og vera með hlutina í lagi er kemur að framsetningu og því að vekja athygli á okkur, sérþekkingu okkar eða koma vöru og þjónustu á framfæri,“ segir Andrea og bætir við: „Það er svo margt sem er breytt. Við getum til dæmis gleymt lyfturæðunni – þið munið, lyfturæðunni sem við höfðum fyrir COVID. Þegar við vorum bara nokkrum sentímetrum frá ókunnugum einstaklingi í lyftu, með enga grímu og gafst færi á að koma okkur á framfæri og „pitch-a“ hugmynd á örskotsstund. Það er engin lyfturæða lengur því þú ert ekki lengur í lyftu með ókunnugum í nýja veruleikanum,“ segir Andrea og glottir. „Þú þarft að finna nýjar leiðir til að ná í gegn. Þess vegna er Sýnileikadagurinn næstur á dagskrá.“

„Okkar markmið er að keðja FKA-kvenna nái órofin hringinn í kringum landið og að allir hlekkirnir hafi sama vægi og sama styrk," segir Hulda Ragnheiður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tökum fjölbreytni opnum örmum

FKA var stofnað árið 1999 og hefur á þessum rúmu tuttugu árum frá stofnun orðið mikilvægt hreyfiafl í íslensku samfélagi auk þess að gjörbylta stöðu kvenna í viðskipta- og atvinnulífinu.

Það má eiginlega segja að ég eigi fyrra líf og seinna líf," segir Hulda Ragnheiður, formaður FKA, spurð um eigin hagi, og það eru orð að sönnu. Hún lærði kjólasaum um tvítugt og rak saumastofu í nokkur ár meðfram því að vera bóndakona í Hraunkoti í Aðaldal.

„Þar var ég á kafi í félagsmálum, var meðal annars í sveitarstjórn og fann þá að mig þyrsti í meira nám og byrjaði á því að taka diplómanám í opinberri stjórnsýslu og stjórnun."

Fjölbreyttur ferill

Hulda Ragnheiður ætlaði fyrst bara að bæta aðeins þekkingu sína til að vera betur í stakk búin fyrir sveitarstjórnarmálin, en það var erfitt að stoppa þar. Hún skráði sig í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri þegar börnin hennar voru fimm, sjö og níu ára og þurfti að keyra 90 kílómetra á dag til að komast í skólann.

Hulda réði sig til starfa að loknu B.S.-námi til Húsavíkurbæjar, þar sem hún var framkvæmdastjóri á stjórnsýslusviði og einnig kom hún við á Blönduósi þar sem hún leysti bæjarstjórann af í einn vetur, samhliða því að stunda meistaranám í fjármálum, bankastjórnun og alþjóðaviðskiptum.

„Ég fékk starf í innri endurskoðun Arion banka þegar ég var að ljúka meistaranáminu 2007 en 2010 sótti ég um framkvæmdastjórastöðu hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands og hef verið þar síðan þá."

Fjölbreytileikinn er áskorun

Hulda var á stofnfundi Félags kvenna í atvinnurekstri þegar hún rak saumastofuna í Aðaldalnum. Það var ekki auðvelt að vera virk í félaginu úr Aðaldal og hún tók því hlé en gekk aftur í félagið fyrir sjö árum.

„Stóra breytingin er sú að þegar félagið var stofnað var þetta fyrst og fremst fyrir konur í eigin rekstri og þá voru mun færri konur gjaldgengar í félagið," segir hún aðspurð um breytingar á þessu tímabili. „Árið 2010 voru gerðar breytingar á félaginu og það var opnað fyrir leiðtogum og stjórnendum í atvinnulífinu, en ekki aðeins bundið við konur í atvinnurekstri."

Hún segir að mörgu leyti flóknara að vera með félag sem sinnir ólíkum hópum með ólíka hagsmuni, þar sem það sé ólíkt að reka eigið fyrirtæki eða vera á launaskrá hjá öðrum. „Og fjölbreytnin eykst stöðugt. Við erum með deild fyrir ungar konur sem heitir FKA framtíð og var stofnuð fyrir fjórum árum, LeiðtogaAuði, Atvinnurekendadeild og svo landshlutadeildir.

Við höfum sett stefnuna á það þau tvö ár sem ég hef gegnt formennsku að vanda okkur við að leyfa fjölbreytileikanum að njóta sín og gefa öllum rödd. Við höfum líka stofnað sérstaka deild fyrir konur sem kallast FKA Nýir Íslendingar, því það er mikil þörf á því að bjóða konur af erlendum uppruna velkomnar í íslenskt umhverfi með markvissum hætti.

> **Við erum mjög auðmjúkar og þakklátar yfir því að konur skuli ekki hafa sett FKA til hliðar í COVID, og starfið hefur verið mjög blómlegt í ár miðað við aðstæður í samfélaginu.**

Við erum samt aðeins að finna okkar takt í því, þar sem við erum bara með einn starfsmann og getum ekki rekið félagið á nema einu tungumáli."

Netið eykur jafnrétti

FKA er félag sem setur mark sitt á samfélagið enda eru um 1.200 konur í félaginu. „Þetta er svipaður fjöldi og verið hefur undanfarin ár," segir Hulda og bætir við: „Við erum mjög auðmjúkar og þakklátar yfir því að konur skuli ekki hafa sett FKA til hliðar í COVID, og starfið hefur verið mjög blómlegt í ár miðað við aðstæður í samfélaginu. Við í stjórninni höfum lagt okkur fram við að breyta áherslum í félaginu þannig að við erum að leggja okkur fram um að þjóna konum áfram þó að áherslur hafi breyst tímabundið."

Félagið hefur staðið fyrir ýmiss konar netviðburðum og Hulda segir að konur hafi líka verið duglegar að bjóða hver annarri á eigin viðburði innan vébanda FKA. „Við héldum rafrænan aðalfund í vor og stóra ráðstefnu í haust um konur og fjármál sem var að hluta til rafræn. Undanfarna mánuði hafa allir okkar viðburðir verið rafrænir en svo vonum við að okkur takist að hittast í raunheimum því sýnileiki og tengslanet eru okkar stærstu áherslur og erfitt þegar við getum hvorki sést né hist.

Félagskonur hafa sýnt ótrúlegan sveigjanleika og tekið vel í nýja nálgun að viðburðum og okkur finnst að það hafi opnast mörg tækifæri fyrir konur til að tengjast þar sem netið ryður úr vegi ýmsum breytum sem aðgreina okkur. Nú sitja konur af landsbyggðinni til dæmis við sama borð og aðrir. Við munum nýta það sem við höfum lært á þessu í áframhaldandi starfi í framtíðinni."

Tengsl kynslóða mikilvæg

Framtíð FKA er björt. „Mín framtíðarsýn fyrir FKA er sú að við leggjum meiri áherslu á að færa þekkingu milli kynslóða," segir Hulda. „Við höfum verið með mentoraverkefni þar sem við pörum saman konur á ólíkum aldri og með ólíkan bakgrunn. Það eru mikil verðmæti fyrir ungar konur að læra af reynslu reyndra kvenna en líka er mikilvægt fyrir konur sem hafa reynslu úr viðskiptalífinu að nýta sér þekkingu í tækni og samskiptum frá ungu konunum sem eru óhræddari við að stíga út fyrir þægindahringinn sinn og gera spennandi hluti. Þessi þekking er margfalt verðmætari þegar við leggjum saman."

Hún nefnir viðburð sem FKA stóð fyrir sem táknrænan fyrir þessa samstöðu. „Í haust var sóttvarnagluggi sem gerði okkur kleift að hittast 200 saman uppi í Heiðmörk. Þar tengdum við okkur saman í göngu að Búrfellsgjá með táknrænum hætti. Við gengum í rúma tvo kílómetra með tveggja metra bönd á milli okkar og mynduðum keðju á brún Búrfellsgjár, þar sem engin ein var sterkari en veikasti hlekkurinn. Þetta var nokkurs konar opnun fyrir FKA Nýir Íslendingar, sem komu þarna á sinn fyrsta viðburð.

Okkar markmið er að keðja FKA-kvenna nái órofin hringinn í kringum landið og að allir hlekkirnir hafi sama vægi og sama styrk. Við getum áorkað svo miklu þegar við leggjum allar saman í einingu og kærleika hver gagnvart annarri. Ég tel ljóst að við munum hafa aukin áhrif á framtíð kvenna í atvinnurekstri og atvinnulífinu öllu með því að standa saman og vinna sem ein heild," segir Hulda Ragnheiður að lokum.

Nánari upplýsingar um FKA má finna á fka.is.

Frumkvæði, framúrskarandi þjónusta og jafnrétti

Ágústa Björg Bjarnadóttir, mannauðsstjóri hjá Sjóvá, segir að fyrirtækið hafi mælst efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni síðustu þrjú árin og starfsánægja sé mikil.

Starf mannauðsstjóra í tvö hundruð manna fyrirtæki er annasamt og dagsdaglega er í mörg horn að líta. „Þetta er afar yfirgripsmikið starf því verkefnin spanna í raun allt frá því að ákveðið er að ráða starfsmann og þangað til hann kveður fyrirtækið. Ráðningar, launamál, fræðsla, starfsþróun og ýmiss konar ráðgjöf og upplýsingagjöf til starfsmanna eru meðal reglulegra verkefna og einnig er stór hluti starfsins að móta stefnu og verklag, halda utan um tölfræði og árangursmælikvarða og viðhalda og þróa hin ýmsu mannauðskerfi, svo eitthvað sé nefnt," segir Ágústa.

Hún er með BA-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands og mastersgráðu í stjórnun og stefnumótun frá sama skóla. Hún var fræðslu- og jafnréttisráðgjafi hjá Reykjavík um tíma að námi loknu og í framhaldi af því varð hún mannauðsstjóri á einu af sviðum borgarinnar. „Það var lærdómsríkt og skemmtilegt að vinna hjá Reykjavíkurborg. Ég var svo heppin að fá tækifæri til að móta starfið og setja á það mitt mark, og það varð til þess að ég ákvað að leggja mannauðsmál alfarið fyrir mig. Þessi reynsla kom sér mjög vel þegar ég hóf störf á þessu sviði hjá Sjóvá, fyrir rúmlega þrettán árum," segir Ágústa.

Þegar hún er spurð hvort margt hafi breyst á þessum árum segir Ágústa að vissulega sé svo. „Já, sérstaklega síðustu fjögur til fimm árin. Innan Sjóvár hefur verið unnið markvisst að mörgum þáttum sem miða að því að bæta ánægju bæði viðskiptavina og starfsfólks," segir Ágústa og leggur áherslu á að starfsánægja hjá Sjóvá hafi hins vegar alltaf verið mikil. „Starfsánægjan hefur þó aldrei mælst jafnhá og nú. Við erum auðvitað afar stolt af því og ekki síður af því að Sjóvá var í hópi Fyrirtækja ársins 2020, þriðja árið í röð. Við stefnum auðvitað á að halda áfram að gera vel og halda því sæti 2021. Okkar markmið er að hjá Sjóvá sé starfsfólkið ánægt í vinnunni. Það er lykillinn að því að viðskiptavinir okkar séu líka ánægðir. Og áherslan á jafnréttismálin hefur jákvæð áhrif á alla þessa þætti," segir Ágústa.

Starfsánægjan hjá Sjóvá hefur aldrei mælst jafnhá og nú. Við erum auðvitað afar stolt af því og ekki síður af því að Sjóvá var í hópi Fyrirtækja ársins 2020, þriðja árið í röð.

Markviss vinna að jafnréttismálum skilar árangri

Um árabil hefur Sjóvá unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt mikið upp úr að vera í fararbroddi í þeim málaflokki. „Stefna okkar í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu okkar. Á hverju ári eru skilgreindar markvissar aðgerðir sem byggja á mannréttindastefnunni sem ná m.a. til launaákvarðana, ráðninga, stöðuveitinga og annarra tækifæra hjá okkur. Þetta er lykilatriði til að mælanlegur árangur náist. Þessar áherslur okkar tala síðan beint við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og svonefndra ESG mælikvarða, sem mæla árangurinn sem næst í kjarnastarfsemi fyrirtækja í mælikvörðum sem snúa að umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Staða okkar í jafnréttismálum er þannig m.a. birt árlega sem hluti af þessum mælikvörðum í ársskýrslu. Að okkar mati er afar mikilvægt að fyrirtæki birti opinberlega árangur sinn í þessum málaflokkum, þetta eru upplýsingar sem viðskiptavinir þeirra eiga rétt á að vita og hvetur þau einnig áfram til góðra verka," segir Ágústa.

Sjóvá hefur verið með jafnlaunavottun allt frá árinu 2014 og segir Ágústa það hafa verið mikilvægt skref í að opna alla umræðu um jöfn tækifæri og jöfn laun. „Við vorum einnig fyrsta fyrirtækið til að fá 10 á kynjakvarða Kauphallarinnar Gemmaq 2019 og mældumst enn með hæstu einkunn íslenskra fyrirtækja þar 2020. Í lok síðasta árs hlutum við síðan Hvatningarverðlaun jafnréttismála sem veitt eru fyrirtæki sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni og erum við afar hreykin af þeirri viðurkenningu," bætir hún við.

Með skýrri stefnu og skipulögðum ákvörðunum um ráðningar hefur Sjóvá náð góðum árangri í að jafna hlut kynjanna í stjórn, stjórnendastöðum og öðrum almennum stöðum. „Það hefur skilað okkur gífurlega öflugu og fjölbreyttu stjórnendateymi sem við erum mjög stolt af. Fjölbreyttur hópur í öllum deildum starfseminnar skilar að okkar mati betri árangri og hefur jákvæð áhrif á samskipti og fyrirtækjamenningu. Stjórnendur hjá Sjóvá eru enda sannfærðir um að áherslan á jafnrétti hefur átt sinn þátt í þeim góða árangri í rekstrinum sem hefur náðst á undanförnum árum, hún stuðli að betri ákvarðanatöku í allri starfseminni og skili aukinni verðmætasköpun," segir Ágústa og bætir við: „Það má eiginlega segja að áhersla á jafnréttismál sé komin í DNA-ið í allri okkar vinnustaðamenningu. Starfsfólk hefur trú á að jafnrétti sé virt við ákvarðanatöku og það skilar sér í meira trausti og ánægju innan vinnustaðarins. Starfsfólk er einnig vel upplýst og tekur virkan þátt og mælingar staðfesta þetta, því jafnréttisvitund starfsfólks okkar er með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum og fer stöðugt vaxandi.

Frá því að þessi vinna hófst hefur ánægja viðskiptavina einnig aukist til muna, enda helst þetta tvennt þétt saman í hendur. Við erum því ekki í nokkrum vafa um að það skilar sér margfalt til baka að leggja ríka áherslu á jafnréttismálin, hvort sem stjórnendur fyrirtækja vilja horfa til ánægju viðskiptavina, starfsfólks eða hreins rekstrarlegs ávinnings."

„Sjóvá hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála í lok síðasta árs og erum við afar hreykin af þeirri viðurkenningu, enda eru jafnréttismálin málaflokkur sem skiptir okkur hjartans máli," segir Ágústa Björg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt að halda umræðu og þróun áfram í framtíðinni

„Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum öll áfram að vinna að því að tryggja jafnrétti í íslensku samfélagi og hvetja til virkrar umræðu um þessi mál. Það hefur sýnt sig að það skiptir miklu máli og það leiðir til breytinga, þótt sumum þyki þær vissulega of hægar. Við hjá Sjóvá erum stoltur styrktar- og stofnaðili Jafnvægisvogarinnar, sem hefur það m.a. að markmiði að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi. Við styrkjum einnig starf UAK sem vinnur að því að efla ungar athafnakonur. Við höfum að sama skapi tekið virkan þátt í umræðunni um jafnréttismál með þátttöku í ráðstefnum, fyrirlestrarröðum og fleira. Við lítum á það sem samfélagslega ábyrgð okkar að miðla þeim leiðum sem virkað hafa fyrir okkur í gegnum árin. Þetta samstarf hefur síðan einnig gefið okkur mikið á móti, verið afar lærdómsríkt og hjálpað okkur að marka okkar leið áfram í jafnréttismálum," segir Ágústa.

Þótt góður árangur hafi náðst síðustu árin þýðir það þó ekki að vinnunni sé lokið. „Jafnréttismál eru eitthvað sem þarf stöðugt að vinna að af krafti og það má ekki sofna á verðinum. Við höldum því áfram að setja okkur metnaðarfull markmið með hliðsjón af stöðunni hverju sinni," segir Ágústa.

Hjá Sjóvá vinnur fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri en fyrirtækið er með útibú á ellefu stöðum á landinu, auk þess sem það er með þéttofið net umboðsaðila sem nær yfir allt landið.

„Það ríkir mjög góður andi hjá okkur, við þekkjum hvert annað vel og höfum gaman að því að umgangast hvert annað, hvort sem fólk er 67 ára eða 27 ára. Sá sem hefur lengsta starfsaldurinn hefur unnið í næstum hálfa öld hjá Sjóvá, sem er mjög skemmtilegt. Þrátt fyrir kórónuveirufaraldurinn blómstra samskipti starfsfólksins. Við höfum líka fundið það að sú vinna sem hefur verið lögð í að auka starfsánægju, frumkvæði og sjálfstæði starfsfólks undanfarin ár hefur skilað sér margfalt á þessum síðustu misserum þegar við höfum lítið sem ekkert getað hist nema í gegnum tölvuna. Við erum einnig afar þakklát okkar frábæru viðskiptavinum sem hafa unnið þétt með okkur á síðasta ári í að láta allt ganga vel upp. Við horfum því afar björtum augum til ársins 2021," segir Ágústa.



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Ánægðari viðskiptavinir

Ósk Sigurðardóttir segist hafa stokkið út í djúpu laugina þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar. Menntun hennar og reynsla hefur reynst fullkominn grunnur fyrir starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Sjálfsbjörg og samfélag fyrir alla

Þegar Ósk Sigurðardóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar í nóvember í fyrra fannst henni mikilvægt að koma sterk inn í nýtt starf og setti hún sér 90 daga markmið.

Áður hafði hún meðal annars starfað í fimm ár sem verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra Landspítala, þar sem hún sinnti ýmsum verkefnum þvert á spítalann. Þetta voru ýmis ferlamál, húsnæðismál og kennsla í straumlínustjórnun.

„Ég stökk út í djúpu laugina þegar ég hóf störf hjá Sjálfsbjörgu og ákvað að endurskoða ýmis mál er varða reksturinn. Þegar þú kemur inn í nýtt starf býrðu yfir dýrmætu gestsauga sem gerir þér kleift að sjá hlutina í nýju ljósi. En það er hætta á að ef ekkert er að gert í byrjun verði maður samdauna því ástandi sem fyrir er. Það var því tilvalið að nýta kraftinn til að keyra af stað þörf og góð verkefni. Ég setti mér því ákveðin markmið fyrir fyrstu þrjá mánuðina í starfi og að vinna vel að þeim, því þá verður framhaldið auðveldara," segir Ósk.

Efla og styrkja nafn Sjálfsbjargar

Ósk byrjaði strax að skoða möguleikana á því að efla og styrkja nafn Sjálfsbjargar. „Það var ljóst að við þyrftum að kynna starfið enn betur en áður. Við höfum nú þegar sett af stað nokkur skemmtileg verkefni og er eitt af þeim að sameina þrjár heimasíður, það er heimasíður Sjálfsbjargar, Þekkingarmiðstöðvarinnar og svo Hjálpartækjaleigunnar, undir einn hatt í nýja heimasíðu Sjálfsbjargar. Með því að hafa þessar upplýsingar og þjónustu á einni og sömu síðunni skýrum við betur hlutverk Sjálfsbjargar og einföldum aðgengi fyrir notendur að efninu.

Einnig var kominn tími á að veita Klifri, tímariti Sjálfsbjargar, andlitslyftingu. Við höfum því ráðið nýjan ritstjóra og ætlunin er að gera blaðið fallegra og aðgengilegra, sem mun gefa okkur betri tengingu við félagsmenn og þjóðina alla. Þetta munum við gera með því að segja fleiri sögur af fólkinu okkar, hetjunum sem eru þarna úti. Við munum taka fleiri viðtöl og kynna þá þröskulda og hindranir sem hreyfihamlaðir rekast á daglega og líka sigrana sem þeir uppskera. Með því að segja ekki bara frá starfi Sjálfsbjargar, heldur frá því fólki sem starfið miðast að, munum við tengja baráttumál okkar inn í sögur fólksins sem mun vonandi efla nafn Sjálfsbjargar enn frekar. Við höfum einnig hafið samstarf með frábærum hópi meistaranema í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík um samfélagslegt verkefni nú á vorönn.

Húsnæði Sjálfsbjargar í Hátúni 12 er svo komið í yfirhalningu. Verið er að mála húsið að innan, endurnýja húsgögn, setja upp plöntur og gluggatjöld og gera íbúagangana hlýlegri svo að íbúunum, gestum og starfsfólki líði sem best."

Fjölbreytt starf framkvæmdastjóra

„Starfið mitt er afar fjölbreytt og skemmtilegt, ég er umvafin frábæru starfsfólki og við tökumst á við ótal verkefni á hverjum degi," segir Ósk og heldur áfram: „Ég vinn meðal annars að allri stefnumótun Sjálfsbjargar og þróun framtíðarmarkmiða Landssamtakanna í góðri samvinnu við stjórn og Berg Þorra, formann samtakanna. Síðan sé ég um skipulagningu kynningarmála fyrir samtökin innanlands og erlendis og almenn samskipti við opinbera aðila.

Sem framkvæmdastjóri ber ég ábyrgð á rekstrinum í Hátúni 12. Í þessu í 10.000 fermetra húsnæði er Sjálfsbjargarheimilið til húsa, einnig eru 36 leiguíbúðir

> **Fáir gera sér grein fyrir því hversu mikil undirbúningsvinna fer í það hjá hreyfihömluðum einstaklingi að plana eitthvað svo einfalt eins og veitingahúsaferð með vini.**

fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, þjónustumiðstöð, hjálpartækjaleiga og sundlaug. Þar fyrir utan eru ýmis heilsutengd fyrirtæki eins og sjúkraþjálfun, kírópraktor og nálastungur og nokkur frumkvöðlafyrirtæki.

Ég ber að auki ábyrgð á allri fjáröflun samtakanna en þau mál eru í endurskoðun. Sjálfsbjörg starfrækir til að mynda happdrætti tvisvar á ári og við erum svo heppin að eiga stóran og góðan hóp tryggra Hollvina sem stutt hafa okkur í gegnum árin. Við viljum stækka og styrkja þennan hóp til að efla Sjálfsbjörgu enn frekar, til að styðja við réttindabaráttu okkar og til að getað fjölgað búsetuúrræðum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í nánustu framtíð."

Smellpassaði í starfið

Bakgrunnur Óskar má segja að geri hana að allt að því fullkomnu vali sem framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar, en hún er með grunnmenntun sem iðjuþjálfi frá Danmörku. Þá er hún með MPM-meistaragráðu í verkefnastjórnun og framhaldsnám í straumlínustjórnun frá HR. Einnig hefur hún lokið post graduate námi í nýsköpun og stefnumótun frá Oxfordháskóla. Núna er hún að klára MBA-nám sem tengir þetta allt saman.

„Það má segja að ég sé sérstakur áhugamaður um aðgengismál, en fáir gera sér grein fyrir því hversu mikil undirbúningsvinna fer í það hjá hreyfihömluðum einstaklingi að plana eitthvað svo einfalt eins og veitingahúsaferð með vini. Það þarf að panta bíl með góðum fyrirvara, skoða heimasíðu staðarins eða hringja til að athuga með aðgengi. Stundum þarf að senda vin á staðinn til að sannreyna að aðgengi sé í lagi og margt fleira," segir Ósk, sem hefur stýrt eigin frumkvöðlafyrirtæki, sem snýr að snjallforritinu Travable, í fimm ár. „Appið veitir fólki með hreyfihömlun áreiðanlegar upplýsingar um aðgengi að ýmsum byggingum og þjónustu sem gerir líf hreyfihamlaðra töluvert einfaldara og þægilegra."

Ný námskeið auka þekkingu og samstarf

„Sjálfsbjörg mun fara af stað með sérstök aðgengisnámskeið í janúar, þar sem aðilar úr aðildarfélögum Sjálfsbjargar og fleiri félögum fá þjálfun í að taka út aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Markmiðið er að efla þessa þekkingu um allt land og styrkja í leiðinni samvinnu við sveitarfélög, stofnanir og rekstraraðila sem geta leitað til okkar ef þau vilja bæta aðgengi, til að mynda þegar er verið að byggja nýjar byggingar eða breyta eldri byggingum. Einnig höfum við hafið samvinnu við ÖBÍ og Ferðamálastofu um aðgengismál á ferðamannastöðum um land allt.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er misjafnt, sumir standa sig frábærlega og eru með skýrar upplýsingar á heimasíðu. Ég vil til dæmis hrósa sérstaklega aðgengi við Fjaðrárgljúfur, en þar gera plastmottur öllum kleift að komast á leiðarenda. Síldarminjasafnið á Siglufirði er annað gott dæmi en þar er gott aðgengi að aðalbyggingu safnsins. Einnig eru margir utandyra ferðamannastaðir, gististaðir, veitingastaðir og kaffihús til fyrirmyndar. Það er ánægjulegt að sjá að fleiri og fleiri byggingar eru byggðar með algilda hönnun og aðgengi í huga.

Einnig fer bílastæðum fatlaðra fjölgandi og fólk er að verða meðvitaðra um að veita góða þjónustu fyrir alla og almennt vill fólk vel.

Á öðrum stöðum mætti gera betur. Stundum þarf að leggja betri stíga, eða bara setja upp einn lítinn ramp, skábraut eða lausar sliskjur. Það skiptir líka máli að starfsfólk komi fram við hreyfihamlað fólk eins og alla aðra viðskiptavini.

Öllum er frjálst að hafa samband við okkur hjá Sjálfsbjörgu og fá upplýsingar og leiðbeiningar um æskilegt aðgengi og annað sem viðkemur þjónustu við hreyfihamlaða."

Við viljum öll vel

Verkefnum Sjálfsbjargar lýkur líklega aldrei, því lengi má gott bæta. „Okkar markmið er að bæta líf hreyfihamlaðra í góðri og fallegri samvinnu við sem flesta. Sjálfsbjörg mun alltaf þurfa að vera til staðar fyrir fólk með hreyfihömlun og við munum halda áfram að beita okkur í ýmsum málefnum er varða réttindi, að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að skólum, vinnustöðum og ýmissi þjónustu. Að aðgengilegt húsnæði sé í boði fyrir þau, bílastyrkir fyrir þau sem þurfa stærri bíla með lyftum, að þau geti farið í framhaldsnám, geti búið í sjálfstæðri búsetu og að aðstæður séu þannig að fólk geti tekið þátt í daglegu lífi og gert þá hluti sem skipta það máli. Samfélagið á að vera fyrir alla þegna þess."

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

Virkilega skemmtilegt starf að vera endurskoðandi

Ingunn H. Hauksdóttir ákvað að verða fyrsti kvenforseti Íslands ef Vigdís næði ekki kjöri árið 1980, en til vara að verða endurskoðandi eins og pabbi hennar. Hún starfar nú sem endurskoðandi hjá Ernst og Young. Fyrirtækið er alþjóðlegt með um sjö hundruð starfsstöðvar í heiminum.

Ingunn H. Hauksdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young, segir að mikill sveigjanleiki sé í starfinu og áhersla lögð á heilsu starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er dóttir endurskoðanda og vissi mjög ung hvert hugur minn stefndi," segir Ingunn og bætir við: „Eins óvenjulegt og það kann að hljóma þá hefur það verið draumastarfið mitt frá því ég var sex ára að vera endurskoðandi. Þess vegna hef ég í námi alltaf valið það bókhald sem í boði var." Hún hvikaði aðeins einu sinni frá þessari sannfæringu. „Það var árið 1980 þegar kjósa átti forseta Íslands. Vigdís Finnbogadóttir var í framboði og ég skynjaði það að þetta væri mjög merkilegt. Ég ákvað því að ef Vigdís næði ekki kjöri ætlaði ég að verða fyrsti kvenforseti Íslands. Var þó með það til vara að verða endurskoðandi þar sem pabbi minn var endurskoðandi. Svo náði Vigdís kjöri og örlög mín voru ráðin." Ingunn fór í Versló, þaðan í viðskiptafræði í HÍ og tók svo löggildingarpróf í endurskoðun meðfram ýmsum störfum, meðal annars fimleikaþjálfun, en hreyfing er eitt helsta áhugamál hennar. „Hingað til hef ég ekki verið sérstök útivistarkona en síðasta sumar kenndi mér mikið. Ég gekk Laugaveginn í stórkostlegum hópi vina og barna og fór í veiðiferð með vinkonum mínum. Það er skemmst frá því að segja að það er búið að plana bæði göngu- og veiðiferð sumarið 2021."

Ein af stærstu endurskoðunarskrifstofum landsins

„Fyrirtækið er eitt af „Big4" endurskoðunarfyrirtækjum heims og er alþjóðlegt fyrirtæki með um 700 starfsstöðvar í 150 löndum," segir Ingunn, en um 70 manns starfa hjá fyrirtækinu hérlendis. „Með þessum fjölda náum við einstakri fyrirtækjamenningu þar sem allir þekkjast og við styðjum hvert annað, en erum samt hluti af alþjóðlegu neti. Við bjóðum upp á margvíslega þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki, auk þess að þjónusta stærstu félög á Íslandi. Sú þjónusta sem við bjóðum upp á er meðal annars endurskoðun, bókhaldsþjónusta, ráðgjöf og skattaráðgjöf."

Þykir vænt um viðskiptavinina

Ingunn hefur starfað við endurskoðun í 22 ár, eða nánast hálfa ævina. „Ég er mjög þakklát fyrir hvað mér finnst gaman í vinnunni og tel mig vera með bestu viðskiptavini sem hægt er að hugsa sér. Manni þykir vænt um hvern einasta viðskiptavin sem maður hefur fengið að aðstoða í gegnum tíðina. Það er alltaf eitthvað sem maður lærir nýtt í hverju verkefni, bæði faglega og auðvitað af öllu því góða fólki sem maður fær að starfa með. Ég hugsa að almennt geri fólk sér ekki grein fyrir því hvað starf endurskoðenda er fjölbreytt." Hún segir starfið hafa breyst töluvert á þessum árum. „Tæknin hefur breyst og við höfum lært margt í Covid-ástandinu, og við erum stolt af því að hafa haldið áfram að geta boðið upp á framúrskarandi þjónustu við erfiðari aðstæður. Þar njótum við góðs af því hversu framarlega EY stendur í stafrænum lausnum, en ég held að það hjálpi líka hversu þéttur starfsmannahópurinn er. Við þekkjumst vel og erum vön að vinna saman, þannig að viðskiptavinir okkar hafa ekki þurft að upplifa miklar truflanir í þjónustu okkar þrátt fyrir erfiðar aðstæður."

> **Starfsfólk okkar getur unnið alla sína vinnu þar sem það er statt þá stundina með tölvuna sína. Hjá okkur er jafnrétti milli kynja algjört, bæði í ásýnd og raun. Þetta hef ég fundið frá fyrsta degi í störfum mínum hjá EY.**

Mikil mannleg samskipti

Hún segir marga ekki átta sig á því hversu líflegt starf endurskoðandans er. „Það að vera endurskoðandi felur í sér mikil mannleg samskipti, það er oft mikil pressa og það getur þurft að taka erfiðar ákvarðanir og vinna hratt, en samt af mikilli nákvæmni. Ég bý mjög vel að því að hafa verið fimleikaþjálfari og í stjórn fimleikadeildar KR. Þar lærði ég hvernig hægt er að hvetja börn áfram með ólíkum hætti og hvernig mismunandi aðferðir henta hverjum og einum. Það var líka mikill skóli að vera treyst fyrir því dýrmætasta sem foreldrar eiga, börnunum þeirra, og samskiptum sem snúa að foreldrum. Þetta lærir maður ekki í skóla. Jafnframt var það virkilega áhugavert að fá tækifæri til þess mjög ung að sitja í stjórn fimleikadeildarinnar og glíma við rekstur lítillar deildar og sjá þær áskoranir og finna tækifæri þegar maður stendur í rekstri. Þetta er reynsla sem ég hef getað nýtt mér ítrekað eftir því sem verkefnin stækka, þótt stærsta reynslan sé auðvitað sú sem maður hefur safnað í sarpinn á ríflega tuttugu ára ferli í endurskoðun. Þar skiptir öllu máli að vera tilbúinn til þess að standa með sannfæringu sinni en vera einnig tilbúinn til þess að ræða málin og útkljá þau af fagmennsku og sanngirni."

Hamingja og heilsa starfsmanna í fyrirrúmi

Hún segir fyrirtækið leggja mikið upp úr hamingju og heilsu starfsmanna. „Við bjóðum því upp á hlutastörf, því við vitum að fólk lendir í ýmsu á lífsleiðinni og þarf þá stundum aukinn sveigjanleika í vinnu. Starfsfólk okkar getur unnið alla sína vinnu þar sem það er statt þá stundina með tölvuna sína. Hjá okkur er jafnrétti milli kynja algjört, bæði í ásýnd og raun. Þetta hef ég fundið frá fyrsta degi í störfum mínum hjá EY. Það er frábært að sjá hvað hefur breyst í þessu starfi á þeim tíma sem ég hef starfað í faginu. Ungir feður í dag taka jafn mikinn þátt í uppeldi og heimilishaldi og makar þeirra, þeir sækja börn á leikskóla tvisvar til þrisvar í viku, alveg eins og ungar mæður, og þeir taka líka veikindadaga barna. Þetta er góð þróun."

Hátt hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum

Hlutfall kvenna er einnig hátt í stjórnunarstöðum hjá Ernst og Young. „Ég er stjórnarformaður og forstjórinn okkar er líka kona. Ríflega helmingur starfsmanna er kvenkyns og meðal endurskoðenda hjá okkur er 38% konur, en það hlutfall er 30% í stéttinni á Íslandi."

Markmið fyrirtækisins er að reka góða þjónustu fyrir viðskiptavini. „Í endurskoðuninni erum við líka bundin af því hlutverki sem okkur er falið í samfélaginu; að standa vörð um traust í viðskiptalífinu með því að passa upp á að hægt sé að treysta upplýsingum frá fyrirtækjum. Við tökum hvort tveggja mjög alvarlega og teljum að þetta tvennt fari vel saman. Það er sífelld áskorun að viðhalda góðri þjónustu, vera framarlega í faginu sjálfu og vera góður og gefandi vinnustaður. Ég held að okkur gangi vel með alla þessa þætti."

Kraftmiklar konur hjá NTC

Svava Johansen segir að góður stjórnandi þurfi að geta greint styrkleika hvers og eins hratt og vel. Hjá NTC starfi hörkuhópur sem hleypi svo sannarlega nýju blóði í fyrirtækið.

Það er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt að gerast í NTC. Nýjasta verslun tískuvörukeðjunnar er GK Reykjavík á Hafnartorgi. Verslunin á sína sögu, enda 24 ár síðan hún var stofnuð. Að sögn Svövu Johansen keyptu þau hana fyrir fimm árum og þar sem markmiðið var að efla verslunina á hátískumarkaðinum var Hafnartorgið tilvalinn staður fyrir hana: „Mörg flott hátískumerki eru fáanleg í GK eins og til dæmis VVB Victoria Beckham, Helmut Lang, Acne Studios, Paul Smith, Filippa K og Diemme auk annarra spennandi nýrra merkja. Við rekum einnig öfluga vefverslun, NTC.is, en hún fór á algjört flug núna 2020. Við sjáum gríðarlega breytingu á neysluhegðun Íslendinga eftir að COVID skall á; sífellt fleiri neytendur kjósa að versla á netinu.

Markmið vefverslunarinnar er að bjóða upp á öll flottu merkin sem við erum með í verslunum okkar á einum stað svo það er eitthvað fyrir alla. Okkar vöruúrval höfðar til mjög víðtæks markhóps og eru því verslanirnar margar mjög ólíkar og úrvalið því mjög fjölbreytt. Vörurúrvalið okkar er í þremur verðflokkum og á það að endurspegla vöruúrvalið í verslunum okkar.

Við stefnum á að efla vefverslunina okkar enn meira og erum að vinna að nýrri og endurbættri vefverslun sem fer í loftið á þessu ári.“ Einnig erum við að fara að opna nýja verslun á þessu ári – svo það mætti segja að það sé margt spennandi og skemmtilegt að gerast hjá okkur.“

Sjálfstraust og heiðarleiki

Hver telur þú að sé besta leiðin til þess að efla konur í atvinnulífinu, almennt annars vegar og í stjórnunarstöðum hins vegar?

„Það er grunnatriði að hafa gott sjálfstraust, vera sjálfsörugg. Skortur á því getur hamlað okkur í svo mörgu. Trú á okkur sjálfum skapast á margan hátt en að vera heiðarlegur gagnvart sjálfum sér tel ég algjörlega vera í fyrsta sæti.

Mjög mikilvægt er að hafa í huga að það þarf ekki allt að vera fullkomið. Þótt við eigum að vera við sjálfar þá er líka nauðsynlegt að eiga sér flottar kvenfyrirmyndir, líkt og fyrirmyndarkonur sem hafa skarað fram úr í atvinnulífinu og rutt veginn. Ungar konur eiga að treysta sér til að standa á sama palli og aðrar afrekskonur hafa náð. Þær eiga að setja metnað sinn í að ná þangað og jafnvel að fara enn lengra.

Þegar kona er í stjórnunarstöðu er lykillinn að fá fólk til að vinna með sér. Góður stjórnandi þarf að geta greint styrkleika hvers og eins hratt og vel – hann setur markmiðin, en hlustar alltaf á hópinn sinn því teymisvinna er mikilvæg. Sveigjanleiki er líka nauðsynlegur eiginleiki. Góður stjórnandi þarf alltaf að vera viðbúinn hinu óvænta; hafa plan B tilbúið og vera fljótur að vinna sig út úr vandræðum. Það er einnig mjög mikilvægt að horfa á sig í spegli og sjá hvaða andlit undirmenn sjá þegar þeir horfa á mann – þá áttar maður sig oft á því að maður þarf að brosa meira – eitt bros yfirmanns getur gert kraftaverk og létt allt andrúmsloft á vinnustaðnum.“

Vor- og sumartískan einstaklega skemmtileg í ár

Hvernig verður vor- og sumartískan?

Svava Johansen, forstjóri og eigandi NTC, er með stóran hóp fólks í vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stjórnendur hjá NTC ásamt Svövu Johansen, eiganda og forstjóra fyrir miðju. Katrín Steinunn Antonsdóttir vörumerkjastjóri, María Einarsdóttir, rekstrar- og innkaupastjóri, Tania Lind markaðsstjóri, Sigrún Sif, rekstrar- og innkaupastjóri, Margrét Björg Guðmundsdóttir, innkaup / tollafgreiðsla, Sigrún María Kristjánsdóttir, aðalbókari, Margrét Júsa Pétursdóttir mannauðsstjóri og Signý Davíðsdóttir uppgjör. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

„Vor- og sumartískan verður einstaklega skemmtileg í ár. Hún er í raunsvolítið í allar áttir. COVID „heimavinnandi“ áhrifa gætir þar þó enn í áframhaldandi kósí stemningu og mikið er um þægileg sett í alls konar útgáfum, jogginggallar, prjónuð sett og sett úr þægilegum fallegum efnum eru allsráðandi. Kasmír og angóraull seljast vel núna. Svo er það konan sem er komin í smá uppreisn gegn kósí tískunni, það er, hún vill frekar vera í kjól, og þá eru margar síddir í gangi, til dæmis verða skósíðir siffon sumarkjólar heitir í sumar. Tískulitirnir í sumar einkennast bæði af ljósum hlutlausum litum,

> **Góður stjórnandi þarf að geta greint styrkleika hvers og eins hratt og vel – hann setur markmiðin, en hlustar alltaf á hópinn sinn því teymisvinna er mikilvæg.**

jarðlitum og fallegum pastellitum fyrri hluta sumars, sem og tvílitum flíkum, svart og hvítt. Silki og satín eru efnin í toppum, blússum og fallegum kjólum sem hægt er að klæðast hversdags eða við mjög fín tilefni með perlum sem eru mjög inni núna. Strigaskór verða áfram mjög áberandi í sumar fyrir allan aldur sem og sætir sandalar, bæði flatir og með þykkari botni. Háu stígvélin koma sterk inn, upp að hnjám sem og yfir hné. Ökklaskór með smá hæl eru enn svakalega vinsælir og jafnvel í rúskinni fyrir sumarið. Við munum sjá eitthvað um síð pils í sumar við stuttar prjónaðar peysur. Litríkar buxur og skemmtileg munstur í fatnaði verða líka áberandi. Gaman er að sjá að buxurnar eru orðnar útvíðar aftur svona ’70 / ’90 tíska og beinar víðar, alveg síðar og líka kvart. Svo í lokin má ekki gleyma „The MASK“ – grímunni – hún verður í öllum sumarlitum.“

Einstaklega góður starfsandi

Hvernig myndirðu lýsa starfsandanum hjá NTC?

„Starfsandinn í NTC hefur verið einstaklega góður undanfarin ár. Maður má aldrei gleyma því að meiri árangur næst betur í skemmtilegu umhverfi. Síðastliðið COVID-ár kenndi okkur bæði að vinna öðruvísi og hittast með öðrum hætti. Við þurftum að sleppa árshátíðinni 2020 en unnum úr því eins og margir aðrir með ýmsum skemmtilegum vefhittingum. Fólk skemmti sér bara mjög vel.

Það vinna hjá okkur um 150 manns í fyrirtækinu. Við rekum fata- og skóverslanir fyrir konur og menn. Um 70% starfsfólks eru konur og rekum við þó nokkrar verslanir sem selja eingöngu kvenmannsfatnað og skó eins og EVA, Companys, Karakter og GS Skór. Við rekum margar ólíkar verslanir á þremur markaðssvæðum – í Kringlunni, Smáralind og í miðbæ Reykjavíkur. Við rekum einnig NTC heildsölu og seljum þar fatnað og skó um allt land. Ný sportheildsala var opnuð hjá okkur í fyrra. Þar erum við meðal annars með sænska merkið J.Lindeberg í golfvörum en þær vörur hafa slegið í gegn hjá landanum og um allan heim.

Það vinna í heildina um 100 konur og 50 menn í verslunum NTC sem er hæft fólk bæði sem verslunarstjórar sem og annað sölufólk. Mannauður er líklega dýrmætasta og vandmeðfarnasta auðlind sem fyrirtækin eiga. Fyrirtækið er starfsfólkið og ég tel okkur mjög heppin með yndislegt og duglegt samstarfsfólk í gegnum tíðina. Í öllum verslunum okkar leggjum við mjög upp úr heiðarlegri sölumennsku og markmiðið okkar er að viðskiptavinurinn sé ánægður og komi aftur. Það hefur líka verið stefna okkar að bjóða kaffi og súkkulaði í vissum verslunum og léttvín eða búbblur á stærri dögum. Það á að vera upplifun að fara í verslanir okkar. Taka gott spjall við afgreiðslufólk og fá góða ráðgjöf yfir einum espresso eða smá léttvíni.

Á skrifstofunni hjá okkur vinna ellefu manns. Þar erum við níu konur og tveir karlmenn. Kraftmiklar konur eru í eftirtöldum stöðum: markaðsstjóri, mannauðsstjóri, vörumerkjastjóri, tveir rekstrar- og innkaupastjórar, innflutningsstjóri, yfirmanneskja í uppgjöri og bókari. Björn, maðurinn minn, er framkvæmda- og fjármálastjóri NTC en auk hans er einn annar karlmaður sem er yfir tölvumálum.

Ungar, klárar konur hafa verið að raða sér inn á skrifstofuna hjá okkur og er gaman að sjá kraftinn í þeim og upplifi ég mikið sjálfstraust hjá þeim. Þetta er hörku hópur sem hleypir svo sannarlega nýju blóði inn í fyrirtækið og ég er þakklát fyrir það. Þegar talað er um jafnrétti þá sé ég að þótt við höfum oftfáa karlmenn er ég þó alltaf á því að hæfasta manneskja eigi að fá starfið. Ég tel að stöðurnar hjá okkur séu vel skipaðar í dag.“

NTC

Svanni kom fyrirtækinu til hjálpar

Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri geoSilica, leitaði til Atvinnumála kvenna og Svanna lánatryggingasjóðs þegar fjármagn var af skornum skammti. Fida Abu er annar stofnenda geoSilica.

Fyrirtækið geoSilica Iceland ehf. var stofnað árið 2012 af Fidu Abu Libdeh og Burkna Pálssyni og hefur það að markmiði að framleiða hágæða kísilríkar heilsuvörur, úr jarðhitavatni jarðvarmavirkjana á Íslandi.

Í lok árs 2014 kom á markað fyrsta varan frá geoSilica, hágæða 100% náttúrulegt íslenskt kísilsteinefni í vökvaformi, tilbúið til inntöku.

„Við framleiðum hágæða steinefni úr náttúrulegu jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun. Aðalhráefnið okkar er kísill en svo bætum við öðrum steinefnum við til að ná fram mismunandi áhrifum," segir Fida, framkvæmdastjóri geoSilica. „Nú framleiðum við fimm vörutegundir: fyrir hár og neglur, vöðva og taugar, liði og bein, hug og orku, og svo hreina kísilinn sem er okkar aðalvörutegund."

Hún segir fyrirtækið vera með litla yfirbyggingu. „Við sjáum um framleiðsluna á hráefninu en ráðum verktaka í annað, eins og að pakka vörunum, dreifa og svo framvegis. Okkar sérþekking felst í þessari framleiðsluaðferð sem við fundum upp og höfum einkaleyfi á, að ná steinefnum úr jarðhitavatni án þess að nota til þess önnur efni. Við erum þau einu í heiminum sem framleiðum kísil úr jarðhitavatni, annar kísill er framleiddur með aukaefnum og á tilraunastofum. Það er engin samkeppni." geoSilica er með

Frida Abu fyrir framan vinnslustöðina geoSilica Iceland ehf.
MYND/AÐSEND

stærri fæðubótarframleiðendum á Íslandi og hefur einnig haslað sér völl erlendis, til dæmis í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Hugmyndina fékk Fida út frá lokaverkefni sínu í orku- og umhverfistæknifræði við Háskóla Íslands þar sem hún kannaði nýtingarmöguleika á þeim steinefnum sem falla til við framleiðslu á rafmagni. Eftir að náminu lauk stofnaði hún geoSilica ásamt Burkna Pálssyni og fór þá í MBA-nám til að læra hvernig á að stofna og reka fyrirtæki. Hún viðurkennir að róðurinn hafi verið þungur í fyrstu. „Það er erfitt að fjármagna sprotafyrirtæki og sannfæra fjárfesta. Við vorum nýútskrifuð, með góða hugmynd, en lentum oft á vegg, þurftum að kaupa tækjabúnað og það var enginn til í að lána okkur nema Svanni, sem var forsenda þess að við gátum haldið áfram," segir Fida og bætir við: „Við fengum styrki til að þróa hugmyndir en máttum ekki nota þá til að þróa tækjabúnaðinn sem var nauðsynlegur fyrir framleiðsluna. Við áttum ekki neitt, rákum fyrirtækið í leiguhúsnæði og bankinn var ekki til í að lána okkur án ábyrgðar. Lánatryggingasjóðurinn Svanni bjargaði okkur og verkefninu frá því að enda sem rannsókn ofan í skúffu, lánaði okkur án tryggingar svo við gátum keypt tækjabúnað og þróast hægt og rólega yfir í alvöru fyrirtækið."

Eins og önnur fyrirtæki hefur geoSilica fundið fyrir áhrifum heimsfaraldursins. „Við vorum byrjuð að herja á erlenda markaði, gera samninga og finna dreifingaraðila sem er ekki hægt núna svo við erum að vinna í því að auka sýnileika okkar í gegnum netið," segir Fida. „Við erum komin á Amazon í Þýskalandi og víðar og svo erum við að undirbúa ráðstefnur og sýningar sem við ætlum að taka þátt í þegar opnar aftur og við getum farið aftur í gang, stækkað og dafnað."

Aðspurð um ráðleggingar handa öðrum frumkvöðlakonum segir Fida ekki annað í boði en að halda áfram að berjast. „Þótt þú fáir nei frá fjárfestum og styrktarsjóðum, þá er bara að styrkjast við hvert nei. Og muna að við erum svo heppnar að hafa sjóði eins og Atvinnumál kvenna og Svanna sem eru sérhannaðir fyrir konur. Það er staðreynd að verkefnin okkar þykja ekki eins áhugaverð og verkefni strákanna og við fáum ekki eins mikið fjármagn og þess vegna er svo gott að geta sótt í þennan aukastuðning og um að gera að nýta það, ekki gefast upp."

Ekki til án Atvinnumála kvenna

Guðný Harðardóttir er einn stofnenda og nú stærsti eigandi Breiðdalsbita, framleiðslufyrirtækis sem fékk styrk úr Atvinnumálum kvenna. Breiðdalsbiti er staðsettur í Breiðdal, fjarri markaði.

Ég er sauðfjárbóndi og vildi vinna úr mínu eigin kjöti og auka arðsemina af búinu með því að vinna sjálf úr hráefninu," segir Guðný um aðdraganda stofnunar Breiðdalsbita. „Og fleiri sauðfjárbændur voru áhugasamir um að auka arðsemina úr okkar eigin kjöti. Okkur fannst rollukjötið vanmetið svo við höfum verið að einbeita okkur að því. Við byrjuðum á að framleiða vel smyrjanlega góða kindakæfu, ekki þessar glerhörðu sem margir þekkja, og vorum með hana í glerkrukkum því við viljum vera umhverfisvæn og sneiða framhjá plastinu eins og við komumst upp með. Þetta tókst ágætlega Svo þróuðumst við áfram og fórum að koma okkur inn á matarmarkaði sem er náttúrlega ekkert hægt í dag."

Hægt og rólega bættust við fleiri vöruflokkar, reykt kjöt, bjúgu og hakk. „Í maí var ráðinn einn starfsmaður því ég sá að í sauðburðinum gæti ég ekki verið á tveimur stöðum í einu og þá fórum við að auka vöruflokkana töluvert, fórum til dæmis að vinna með bjórhratið úr brugghúsinu í næsta húsi við okkur. Við erum alltaf að horfa til staðbundinna hráefna og vinnum til dæmis með kryddjurtir sem vaxa í nágrenninu."

Guðný átti stærsta hlutann af fyrirtækinu og komst að því það að koma fyrirtæki á koppinn er hægara sagt en gert. „Það að koma upp vörumerki kostar hellings pening, markaðssetningin og öll vinnan sem maður leggur sjálfur í þetta er meira en að segja það,"

Guðný Harðardóttir rekur Breiðdalsbita, sem er lítið framleiðslufyrirtæki.

„Í maí var ráðinn einn starfsmaður því ég sá að í sauðburðinum gæti ég ekki verið á tveimur stöðum í einu og þá fórum við að auka vöruflokkana töluvert, fórum til dæmis að vinna með bjórhratið úr brugghúsinu í næsta húsi við okkur.

segir hún. „Ég sá fram á að ef ég ætlaði að láta þetta gerast þyrfti utanaðkomandi fjármagn að koma til, sérstaklega þar sem ég er ekki fjársterk, enda sauðfjárbóndi."

Guðný vann viðskiptaáætlun á Brautargengisnámskeiði Nýsköpunarmiðstöðvar og heyrði þar af Atvinnumálum kvenna. „Brautargengisnámskeiðið var eingöngu ætlað konum og þar var talað um þennan sjóð og hann kynntur vel svo ég ákvað að sækja um. Ég get með sanni sagt að Breiðdalsbiti væri ekki til í dag ef ekki hefði komið til þessi styrkur."

Hún segir mestu áskorunina í rekstrinum snúa að markaðssetningu. „Breiðdalur er rosaleg jaðarbyggð og það er langt í alla okkar markaði. Ég hefði ekki trúað að þetta væri svona mikið mál og endalaust hark."

Hún er þó ákveðin í að halda áfram að þróa nokkrar hugmyndir. „Sem verða pottþétt til þess að ég sæki um fleiri styrki, einmitt í markaðsstarf til að koma okkur betur af stað. Ég held að við þróumst meira í þá átt að selja beint til neytenda, breytingarnar á samfélaginu samhliða Covid kalla eiginlega á að fólk geti líka pantað beint, þótt við verðum auðvitað áfram í völdum verslunum eins og Gott og blessað, sem er okkar söluaðili í Reykjavík," segir hún og bætir við: „Við erum með litla framleiðslu og leggjum áherslu á að þetta sé matarhandverk þannig að við erum ekki með stóran lager af vörum og vöruúrvalið fer eftir árstíma og fáanlegum hráefnum hverju sinni. Við sendum vörur vikulega svo það ætti að vera nýkomin sending þegar þetta blað kemur út, léttreykt bjúgu og kæfa og góðmeti."

Að lokum vill Guðný segja við frumkvöðlakonur: „Ekki láta deigan síga ef þetta er ástríðan þín. En þú verður að hafa ástríðu fyrir þessu, það gengur ekki annað upp."

Styrkirnir eru ætlaðir konum með góðar viðskiptahugmyndir og/eða verkefni, segir Ásdís Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt að hvetja allar konur til að efla atvinnulífið

Ásdís Guðmundsdóttir er verkefnastjóri hjá Vinnumálastofnun og hefur hún umsjón með Atvinnumálum kvenna, veitir ráðgjöf og sinnir eftirfylgni við styrkþega. Fjölmargar konur og fyrirtæki hafa notið aðstoðar síðustu ár.

Ásdís Guðmundsdóttir er verkefnastjóri hjá Vinnumálastofnun og hefur hún umsjón með Atvinnumálum kvenna.

Hvað er Atvinnumál kvenna?

„Atvinnumál kvenna er eins konar samheiti yfir stuðningsverkefni fyrir frumkvöðlakonur sem eru vistuð hjá Vinnumálastofnun. Annars vegar erum við að veita styrki til frumkvöðlakvenna fyrir hönd félagsmálaráðherra og hins vegar erum við að veita lán í gegnum Svanna lánatryggingasjóðs kvenna til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna.“

Fyrir hverja eru styrkirnir?

„Styrkirnir eru ætlaðir frumkvöðlakonum með góðar viðskiptahugmyndir og/eða verkefni. Þannig er hægt að sækja um styrk til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna vöruþróunar og markaðssetningar en einnig vegna launakostnaðar styrkhafa (ef fyrirtæki er þegar stofnað). Einstaklingar geta sótt um sem og einnig starfandi fyrirtæki sem eru að þróa nýja vöru eða þjónustu.“

Eru áherslur á einhverja sérstaka hópa í úthlutun ársins?

„Í ljósi atvinnuástandsins þá viljum við sérstaklega hvetja þær konur sem eru atvinnulausar til að skoða möguleikana á styrkjum. Einnig viljum við hvetja konur á landsbyggðinni til að sækja um.“

Hvaða reglur gilda um styrkina?

„Reglur um styrkveitingar eru þannig að verkefnið þarf að vera í meirihlutaeigu konu/kvenna (51%), Verkefnið skal fela í sér atvinnusköpun á Íslandi til frambúðar, þannig að ekki eru stök verkefni styrkt (námskeið, ráðstefnur o.þ.h.). Um nýnæmi skal vera að ræða, annaðhvort nýja vöru/þjónustu eða þróun vöru/þjónustu. Kröfur eru um að verkefnið skekki ekki samkeppnisstöðu á þeim markaði sem varan eða þjónustan er á. Hámarksstyrkur er kr. 4.000.000.“

Hvað er gott að hafa í huga við gerð umsókna og hvert er ferlið?

„Varðandi umsóknina, þá er mikilvægt að hún sé skýr og skilmerkileg og að allar upplýsingar sem beðið er um séu til staðar. Ráðgjafarnefnd fer síðan yfir umsóknir og eru þær metnar út frá nýnæmi, samkeppni, áætlanagerð, lýsingu á viðskiptahugmynd og framþróun verkefnis. Þegar mati lýkur er tekin sameiginleg ákvörðun um styrkveitingar.“

Hvenær var byrjað að veita styrki og hversu margir styrkir hafa verið veittir?

„Í ár eru 30 ár síðan byrjað var að veita styrki og nemur fjöldi styrkhafa hundruðum talsins, en að jafnaði er verið að veita 30–40 styrki á ári. Í könnun sem gerð var árið 2017 kom í ljós að 75% af fyrirtækjum sem fengu styrk voru enn starfandi og flest fyrirtækjanna höfðu fjölgað starfsmönnum.“

Hvernig verkefni hafa fengið styrk og hvernig er ferlið við styrkveitingarnar?

„Verkefnin sem við styrkjum eru mjög fjölbreytt og snerta flestar atvinnugreinar landsins. Það er virkilega gaman að sjá fjölbreytnina í styrkumsóknum og hvað konur eru hugmyndaríkar og öflugar. Af verkefnum má nefna þjónustu af ýmsu tagi, framleiðslu, hönnun, tækni og fleira. Hægt er að sjá lista með verkefnum á heimasíðunni okkar.“

Hvað er Svanni?

„Svanni er lánatryggingasjóður fyrir starfandi fyrirtæki í meirihlutaeigu konu/kvenna (51%). Samkvæmt samþykktum hans er hlutverkið að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki, að auka aðgengi kvenna að fjármagni, að fjölga störfum og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Sjóðurinn er þannig viðleitni stjórnvalda til að efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar. Svanni er í eigu þriggja aðila, forsætisráðuneytisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann sem veitir lánin.“

„Ég tel almennt að það sé hlutverk opinberra aðila að styðja við og stuðla að atvinnusköpun með einhverjum hætti. Þegar upp er staðið þá munu þessi fyrirtæki og verkefni skila til baka því fjármagni sem veitt var í formi skatta og sköpun starfa með þeim margfeldisáhrifum sem því fylgir.

Hvernig virkar lánatrygging og til hvaða þátta er hægt að sækja um lán til?

„Lánatrygging virkar þannig að ekki þarf að leggja fram veð fyrir láninu, heldur er það sjóðurinn sem tekur áhættuna. Hvað varðar upphæðir, þá er hægt að sækja um 10 m.kr. lán að hámarki. Hægt er að sækja um lán fyrir verkefnum sem byggjast að einhverju leyti á nýsköpun og þarf verkefnið að leiða til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar. Stjórn sjóðsins og bankinn leggur mat á viðskiptaáætlun fyrirtækisins eða þann afmarkaða þátt sem sótt er um fyrir. Ekki er veitt lán fyrir launakostnaði eigenda sjálfra og ekki er að jafnaði veitt lán fyrir reglubundnum rekstrarkostnaði. Til greina kemur að veita lán vegna tækjakaupa en þá er tekið veð í þeim tækjum.“

Hvers vegna sjóðir sérstaklega fyrir konur?

„Rannsóknir sýna að konur eiga oft erfitt uppdráttar við að nálgast fjármagn úr hefðbundnum sjóðum þó að þetta sé óðum að breytast. Einnig má benda á að 35% fyrirtækja á landinu eru í eigu kvenna og það er því mikilvægt að hvetja konur til þess að stofna fyrirtæki, skapa störf og efla atvinnulífið. Þessi kynbundnu stuðningsverkefni stuðla að því. Við vísum einnig í jafnréttislög þar sem stendur að efla hallar á annað kynið þá má grípa til sértækra aðgerða til að jafna þann mun.

Með fjölgun fyrirtækja í eigu kvenna er verið að leggja á vogarskálarnar hvað varðar atvinnuuppbyggingu og ekki veitir af í þessu atvinnuástandi. Við þurfum einnig fjölbreytta atvinnustarfsemi þannig að eggin fari ekki öll í sömu körfuna.“

Hvaða máli skiptir starfsemi opinberra sjóða?

„Ég tel almennt að það sé hlutverk opinberra aðila að styðja við og stuðla að atvinnusköpun með einhverjum hætti. Þegar upp er staðið þá munu þessi fyrirtæki og verkefni skila til baka því fjármagni sem veitt var í formi skatta og sköpun starfa með þeim margfeldisáhrifum sem því fylgir. Fjárfesting í stuðningi mun skila sér til baka til samfélagsins.

Sjóðir sem þessir eru hluti af þessum stuðningi. Ég tel reyndar einnig mikilvægt að hið opinbera sinni að einhverju leyti ráðgjöf til þeirra frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref. Í samtölum okkar við frumkvöðla þá kemur fram að þessi þjónusta er mjög mikilvæg, en á fyrstu stigum hugmyndar hafa þeir oftast ekki úr miklu fjármagni að spila. Það getur skipt sköpum að hafa aðgang að ráðgjöf sem er endurgjaldslaus þegar fyrstu skrefin eru stigin.“

Hver er framtíðarþróunin?

„Það eru miklar breytingar fram undan í heiminum, áskoranir sem jafnframt fela í sér tækifæri. Ég vil nefna Covid-19, sem hefur og mun breyta samskiptum okkar til framtíðar og áhersla á umhverfismál fyrirtækja sem er gríðarleg áskorun. Í þriðja lagi sjáum nú þegar mikla þróun í ýmiss konar þjónustu og lausnum sem tengjast hinni svokölluðu fjórðu iðnbyltingu.

Að lokum langar mig að hvetja allar konur, sem hafa hugmynd í pokahorninu, að skoða möguleikana á lánum og styrkjum.“

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðunni atvinnumalkvenna.is og þar er einnig að finna rafrænar umsóknir.
Umsóknarfrestur um lán er til og með 15. febrúar.
Umsóknarfrestur um styrki er frá 25. janúar til og með 1. mars.
atvinnumalkvenna.is

Einfaldar lausnir fyrir betri rekstur

Katrín Magnúsdóttir er framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Godo, sem sérhæfir sig í þjónustu og hugbúnaðarlausnum fyrir hótel, gististaði og ferðaskrifstofur og hefur vakið athygli.

Upphaflega var Godo lítið sprotafyrirtæki í hugbúnaðargeiranum en í dag þjónustar það flest hótel og gististaði landsins með einum eða öðrum hætti, auk margra innlendra sem erlendra ferðaskrifstofa. „Godo var stofnað 2012 af tveimur gömlum vinum mínum, þeim Sveini Jakobi Pálssyni og Sverri Steini Sverrissyni, sem þá voru nýlega fluttir heim eftir langa dvöl erlendis við verkfræðinám og -störf. Þeir horfðu til ferðaþjónustunnar, sem er spennandi atvinnugrein og í venjulegu árferði full af spennandi tækifærum á sviði tækniþróunar. Ég ákvað að slást í hóp með þeim og sé ekki eftir því," segir Katrín með bros á vör.

Sjálf er hún með fjölbreyttan bakgrunn sem nýtist vel í starfinu sem framkvæmdastjóri hjá Godo. „Sumir verða dálítið hissa þegar í ljós kemur að ég er tannsmiður að mennt. Ég vann við fagið í nokkur ár í Danmörku, þar sem ég var búsett. Samhliða vinnunni ákvað ég að láta gamlan draum rætast og skráði mig í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum, en mér hefur alltaf fundist ferðaþjónustan spennandi. Eftir útskrift fór ég að vinna hjá stórri hótelkeðju og þurfti starfsins vegna að ferðast um landið. Ég kynntist ferðaþjónustunni þannig frá fyrstu hendi. Sú reynsla hefur nýst mér mjög vel í starfi mínu hjá Godo," segir Katrín.

„Við höfum óbilandi trú á því að fólk muni ferðast á ný. Það er að lifna yfir bókunum og við sjáum að það er að komast hreyfing á hlutina.

Einfalda starf annarra

Meðal lausna Godo er Property hótelbókunarkerfi, sem heldur utan um alla þætti hótelreksturs á einum stað og gefur góða yfirsýn yfir allar bókanir. Pronto er heitið á samvinnulausn fyrir starfsfólk hótela, þar sem rennur saman umsjón þrifa, viðhalds og gæðastýringar með snjöllu appi. Travia er markaðstorg fyrir ferðaskrifstofur og hótel sem tengir ferðaskrifstofuna beint við framboð hótelsins og Primo er verðstýringarkerfi fyrir hótel og gististaði. „Property er svokallað PMS kerfi, eða hótelkerfi, sem er miðlægur grunnur fyrir verð, framboð, bókanir og margt fleira. Þessi kerfi eru hjartað í hótelunum og auðvelda starfsfólki vinnu sína. Markmið okkar er að bjóða upp á hagkvæmar lausnir sem sjálfvirknivæða og hagræða rekstri hótela og gististaða," segir Katrín, en starfsfólk Godo telur nú 15 manns hérlendis og 20 erlendis. „Við erum virkilega heppin með starfsfólk og hér starfar samheldinn hópur af flottu og skemmtilegu fólki með víðtæka reynslu bæði í ferðaþjónustu og hugbúnaðarþróun."

Katrín Magnúsdóttir er framkvæmdastjóri Godo. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar talið berst að því hvort kórónuveirufaraldurinn hafi haft áhrif á starfsemina segir Katrín að vissulega sé svo. „Ferðaþjónustan er sú grein sem hefur orðið hvað harðast úti í faraldrinum en við höfum óbilandi trú á því að fólk muni ferðast á ný. Að baki íslenskri ferðaþjónustu stendur sterkur hópur af úrræðagóðu fólki sem í auknum mæli er farið að nýta sér tæknilausnir við reksturinn og einfalda sér þannig lífið. Frá þeim tíma sem ég starfaði í hótelgeiranum hefur orðið algjör bylting í tæknilausnum. Nú nýta langflestir gististaðir, stórir og smáir, sér tæknilausnir að einhverju leyti, en þar að auki eru fleiri og fleiri sem kjósa að nýta sér enn frekari þjónustu hjá okkur. Þar komum við inn sem eins konar „fjar-starfsmaður", sem sér um ótal hliðar rekstursins er snertir verð- og sölustýringu, samskipti við gesti og næturvörslu, svo fátt eitt sé nefnt."

Síðasta árið hefur Godo breikkað vöruúrvalið og lagt mikla áherslu á þróun til að geta þjónustað viðskiptavini sína enn betur þegar ferðaþjónustan tekur við sér aftur. „Við erum í mjög góðu sambandi við viðskiptavini okkar úti um allt land og heyrum reglulega í þeim til að taka stöðuna. Það er aðeins byrjað að lifna yfir bókunum og við sjáum að það er að komast hreyfing á hlutina. Við horfum því björtum augum til framtíðar. Það er ekki spurning um hvort allt fari af stað aftur, heldur hvenær," segir Katrín, bjartsýn að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á godo.is

Hér má sjá Akrópólishæð í Aþenu í Grikklandi, en ferðaþjónustan mun bjóða upp á hópferðir til Grikklands í september á þessu ári.

Sérsniðnar utanlandsferðir fyrir margvíslega hópa

Okkar konur í Kína, eða Iceland Europe Travel, hefur ætíð verið eingöngu í eigu kvenna. Í samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur hefur fyrirtækið sinnt ferðamönnum sem koma til Íslands, Grænlands og Norðurlandanna. Í september mun fyrirtækið bjóða upp á sérsniðnar ferðir út í heim.

Megináherslan hefur lengi verið að taka á móti betur borgandi ferðamönnum, tiltölulega litlum hópum, fjölskyldum, vinum, samstarfsfélögum og félagasamtökum. Þar sem tvær okkar hafa búið til lengri og skemmri tíma í Asíu, höfum við sérstaka tengingu þangað en stór hluti af okkar gestum kemur einmitt frá Kína, Taívan og Indlandi. Fyrst og fremst er starf okkar skemmtilegt og fjölbreytt en einnig krefjandi. Það kemur ýmislegt upp á og við upplifum ófá skemmtileg atvik, enda erum við í samskiptum við mörg mismunandi þjóðerni og ólíka menningarheima. Þá er okkur minnisstæður auðugi ferðamaðurinn sem sótti næturvörðinn á hágæða gististað um miðja nótt, bauð honum sæti á rúmstokki þeirra hjóna og bað hann um að segja þeim sögur þar til þau sofnuðu," segir Jónína Bjartmarz, sem er einn eigandi ferðaskrifstofunnar ásamt Hildi Jónu Gunnarsdóttur og Ástu Birnu Hauksdóttur.

Þriðji stærsti hópurinn

Miklar umræður hafa átt sér stað undanfarið um hvernig taka megi á móti Kínverjum þannig að þeim finnist þeir velkomnari og öruggari á ferðalagi um Ísland, nú síðast á mjög stórum fundi á Grand hóteli í janúar 2020. „Þrátt fyrir það hefur að okkar mati ekki verið ráðist í nauðsynlegar úrbætur. Sem dæmi um hvað brýnast er að bæta úr má nefna upplýsingar á kínversku í Leifsstöð sem og að auka hættumerkingar á ferðamannastöðum þar sem þeirra er þörf. Einnig má nefna að enn bjóða mjög fá hótel upp á upplýsingar á kínversku. Samt eru Kínverjar orðnir þriðji stærsti hópur ferðamanna sem sækir Ísland heim og kínverskt flugfélag hefur væntanlega enn í hyggju að hefja hingað flug þegar heimsfaraldrinum léttir," bætir Hildur Jóna við.

Þekkingarheimsóknir

„Auk þess sem við skipuleggjum ferðir um Ísland fyrir fólk sem er í fríi og slökun frá dagsins önn, bjóðum við upp á þekkingarheimsóknir eða „study visits" með fundum og námskeiðum og leggjum okkur fram við að mæta áhugasviðum og óskum allra gesta. Við bjóðum einkum upp á kynningar og fyrirlestra á vegum Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings við borgina, og einnig hjá ýmsum fyrirtækjum og frumkvöðlum í þeirri von að gestgjafar geti að auki haft gagn af þeim tengingum sem við komum á," segir Hildur.

Til vinstri er Xiaohang Liu, starfsmaður hjá fyrirtækinu. Næst eru Jónína Bjartmarz, Hildur Jóna Gunnarsdóttir og Ásta Birna Hauksdóttir sem eru eigendur Iceland Europe Travel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Það er ekki að ástæðulausu sem Kambódía er svo vinsæll áfangastaður enda er þar að finna heillandi og litríkt menningar- og mannlíf. MYNDIR/AÐSENDAR

Kínamúrinn er næstum skylda að heimsækja ef haldið er til Kína, enda eitt markverðasta undur veraldar. Múrinn var byggður á Ming-tímanum (14. til 16. öld).

Sérsniðnar hópferðir fyrir Íslendinga

Vegna heimsfaraldurs hefur verkefnaleysi Iceland Europe Travel verið algert síðan í mars í fyrra. „Því höfum við þurft að hugsa út fyrir kassann," segir Jónína og heldur áfram: „ Sem aukabúgrein munum við nú bjóða fyrirtækjum, fagfélögum, starfsmannafélögum, útskriftarárgöngum og vinahópum og öðrum upp á sérsniðnar ferðir út fyrir landsteinana. Ferðirnar verða ávallt í samstarfi við virtar og traustar ferðaskrifstofur í Asíu og Evrópu, sem við höfum starfað með um árabil og allt á áfangastaði sem við þekkjum vel.

Auk fjölda áfangastaða í Evrópu munum við meðal annars bjóða upp á fræðandi og skemmtilegar ferðir til Kína, sól og slökun á Balí, golf- og sælkeraferðir til Malasíu og ævintýraferðir til Kambódíu, Laos og Víetnam."

Grikkland fyrir ferða- og sólarþyrsta Íslendinga

Eins og staðan er núna virðast vera litlar líkur á að hægt verði að ferðast til Asíu næstu mánuðina. „Því horfum við fyrst um sinn til sérsniðinna Evrópuferða. Í samstarfi við rótgróna gríska ferðaskrifstofu byrjum við á því að bjóða upp á tveggja vikna ferð til Grikklands í september fyrir ferða- og sólþyrsta Íslendinga. Þar munum við drekka í okkur menninguna og rifja upp söguna. Svo endum við á góðri slökun á yndislegu hóteli, allt í sömu ferðinni," segir Jónína. Hildur bætir við að farastjóri í þessari ferð verði Ingibjörg Lárusdóttir. „Ingibjörg skottaðist sem lítil stelpa í kringum Sigurð A. Magnússon í Grikklandi, talar grísku og er öllum hnútum kunnug þar um slóðir."

Hægt er að sjá nánar um Grikklandsferðina á vefsíðunni ferdumst.is og á info@ferdumst.is, auk sýnishorna af nokkrum öðrum ferðum sem við getum boðið upp á og sérsniðið eftir þörfum.

ICELAND EUROPE TRAVEL partnership

Áratugur aðgerða er runninn upp

Endurræsum atvinnulífið á sjálfbæran hátt og náum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir 2030. Heimsmarkmiðin eru raunveruleg og sanngjörn markmið um réttlátan heim.

Eftir 10 ár eigum við að vera búin að ná öllum 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ná tökum á loftslagsvandanum í leiðinni. Margir telja að bakslag hafi komið í baráttuna við loftslagsvandann síðastliðið ár þar sem heimsfaraldur saug til sín fjármagn og mannauð. Nú þurfa þjóðir heims að snúa bökum saman og klára málið. Sameinuðu þjóðirnar hafa boðað að áratugur aðgerða sé hafinn og virkja þurfi alla alls staðar, leiðtoga heims, ríkisstjórnir, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga – mig og þig. Við þurfum að skapa bylgju í heiminum sem tengir sig beint við heimsmarkmiðin þar sem þjóðir heims takast saman á við loftslagsmálin, sárafátækt og ójafnrétti. Eigi það að nást þurfum við að sameinast um að lýsa yfir neyðarástandi, líkt og António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, kallaði eftir á árinu 2019. Í millitíðinni lærðum við að takast á við neyðarástand," segir Eva Magnúsdóttir stjórnendaráðgjafi, sem rekið hefur ráðgjafarfyrirtækið Podium frá 2014.

Sanngjörn markmið

Að sögn Evu eru heimsmarkmiðin ekki bara falleg hugmyndafræði heldur raunveruleg og sanngjörn markmið um réttlátan heim. Hún segir Ísland í kjöraðstæðum til þess að taka forystu og verða fyrsta þjóðin til þess að ná að uppfylla heimsmarkmiðin og vera öðrum þjóðum leiðarljós í þeirri vegferð.

> **Tími aðgerða er runninn upp. Að takast á við loftslagskrísu, ójafnrétti, nýja tegund ofbeldis og offjölgun fólks.**

„Við höfum vakið mikla athygli fyrir það hvernig við tókumst á við heimsfaraldurinn með samstöðu og öflugri stjórnun og höfum árum saman vakið athygli fyrir jafnrétti, umhverfisvænar orkulindir og stjórnun auðlinda. Í lok árs greindu stjórnvöld frá nýjum markmiðum Íslands í loftslagsmálum þar sem boðaður var aukinn samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og markið sett á 55% samdrátt. Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis munu gegna lykilhlutverki í því að auðvelda Íslandi að ná settu markmiði um kolefnishlutleysi fyrir 2040," segir Eva.

Leiðtogahæfileikar í verki

Hún segir að við þurfum að sýna leiðtogahæfileika okkar í verki, vera fyrirmynd og virkja aðrar þjóðir. Miklar breytingar eiga sér stað í kauphegðun og sjálfbær nýsköpun þarf að vera leiðandi. Auk þess þarf að efla grænar fjárfestingar og gefa ungu fólki tækifæri til þess að stjórna og fylgja eftir hugmyndum sínum.

Eva Magnúsdóttir, stjórnendaráðgjafi hjá Podium, hefur sérhæft sig í stefnumótun með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég er vongóð og trúi því að við getum klárað málið en við þurfum öll að vera breytingin sem við boðum. Tími aðgerða er runninn upp. Að takast á við loftslagskrísu, ójafnrétti, nýja tegund ofbeldis og offjölgun fólks kallar á samstarf í tækni, yfir landamæri, starfsgreinar og kynslóðir. Heimsmarkmiðin eru okkar sameiginlega sýn og í gegnum þá vinnu stefna Sameinuðu þjóðirnar á að auka samvinnu þjóða og móta nýja sameiginlega sýn fyrir árið 2045, auk þess sem ætlunin er að greina og auka skilning á þeim áskorunum og hættum sem að mannkyninu stafa. Ég ætla að taka þátt í þeirri vinnu – en þú?"

Vertu í vinningsliðinu

Eva stofnaði fyrirtækið Podium árið 2015 en nafnið þýðir verðlaunapallur eða púlt, en fyrirtækið sérhæfir sig í stefnumótun með sjálfbærni að leiðarljósi auk breytingastjórnunar og samskiptamála. Undanfarin misseri hefur Podium lagt áherslu á stefnumótun með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og hefur fyrirtækið aðstoðað fjölda fyrirtækja og sveitarfélaga við að innleiða sjálfbærni í bæði viðskiptastefnu og stefnu sveitarfélaga. Innleiðing heimsmarkmiða, fyrirlestrar og sjálfbærniskýrslur eru jafnframt í þjónustuframboði Podium. Eva á að baki fjölda ára sem stjórnandi í fjarskiptageiranum, auk starfa við fjölmiðla- og samskiptamál.

AUKIN AFSLÁTTUR

Bóel

VIÐ GEFUM DÚNDUR AFSLÁTT
AF GEGGJUÐUM HÖNNUNARFATNAÐI OG SKÓM.

FULLT TIL AF FLOTTU!
RUNDHOLZ, TRIPPEN, MOYURU, STUDIOB3,
KLAES&MYRAS, MANDARINA DUCK.

HANDTÖSKUR & SKÓR -**40%**
FATNAÐUR Í VERSLUN -**50%**

70% Í OUTLET ER AÐEINS Á NETINU EKKI Í VERSLUN

VELKOMIN Í VERSLUN
ÓÐINSGÖTU 1 EÐA Í NETVERSLUN
www.boel.is

Bóel

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið mánud - föstud 12-18 laugard 12-16
www.boel.is

Náttúruleg og varanleg förðun

Snyrtistofan Ágústa býður upp á mikið úrval af góðum og nærandi meðferðum. Eitt af því sem hefur notið mikilla vinsælda er varanlega förðunin, en kostir hennar eru ótalmargir og ótvíræðir.

Ágústa Kristjánsdóttir, fótaaðgerða- og snyrtifræðingur, stofnaði Snyrtistofuna Ágústu árið 1989. Þar starfa nú sjö starfsmenn og telur Ágústa sig afar heppna með sitt teymi. Á snyrtistofunni er mikil fagmennska, reynsla og þekking sem hefur einkennt stofuna um árabil.

Veljum saman lit og lögun

Ein af vinsælustu meðferðunum sem Snyrtistofan Ágústa býður upp á er varanleg förðun eða tattú. „Í varanlegri förðun setjum við litarefni rétt undir yfirborð húðarinnar til að skerpa á augnlínu og fylla í og móta augabrúnir. Við sérhæfum okkur í náttúrulegu útliti og er varanleg förðun til langs tíma. Í samráði við okkar viðskiptavini veljum við lit og lögun á augabrúnum," segir hún.

„Margir viðskiptavinir kjósa að skerpa lítillega á lit í augabrúnum meðan aðrir velja að hafa skarpari og dekkri brúnir. Varanlega augnlínan er líka gríðarlega vinsæl en þá er línan sett við augnhárin og gefur skarpari augnsvip."

Sparar tíma og fyrirhöfn

Ágústa segir margs konar ávinning felast í varanlegri förðun. „Það er mjög þægilegt að vakna á morgnana með fallegar línur í kringum augun og þurfa lítið sem ekkert að farða sig. Það sparar mikinn tíma og fyrirhöfn." Viðskiptavinir þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að meðferðin sé sársaukafull, því alltaf er boðið upp á yfirborðsdeyfingu.

Ágústa segir viðskiptavini vera konur á öllum aldri. „Við erum bæði með konur sem eru með þunnar og þykkar augabrúnir og meðferðin er alltaf miðuð við óskir hvers og eins. Meðferðin hentar auðvitað bara öllum konum. Þetta einfaldar alla rútínu og þær eru alltaf klárar í daginn.

Margar sem eru með varanlega augnlínu koma svo reglulega í augnháralengingar og þurfa þá enn minna að hafa fyrir því að gera sig til. Augnhárin eru sett á þín eigin augnhár og bæði er hægt að lengja og þykkja eftir óskum hvers og eins. Maskarinn heyrir því sögunni til."

Himnesk upplifun

Önnur meðferð sem hefur slegið í gegn er svo Himneska upplifunin sem Ágústa segir hafa notið mikilla vinsælda í gjafabréfunum um jólin. „Það er ótrúlega skemmtileg og endurnýjandi andlitsmeðferð þar sem við notum silkimjúkar skeljar til að ná fram djúpri og góðri slökun. Við setjum efni í skeljarnar sem gerir þær heitar. Á andlitið notum við súrefnismeðferð sem er afar hressandi og fær húðina til að hreinsa sig og endurnýja."

Ágústa segir skeljameðferðina tiltölulega nýja, en á stofunni er

Snyrtistofan Ágústa var stofnuð 1989 og er í Faxafeni 5. MYND/AÐSEND

lögð mikil áhersla á að kynna og bjóða upp á nýjar og spennandi meðferðir. „Við förum á stafrænt námskeið, þegar við þurftum að loka í vor og nýttum tímann vel í endurmenntun."

Ágústa hefur lengi starfað sem meistari og lagt mikið upp úr því að bjóða nemendum að koma á námssamning hjá stofunni. „Það er bæði gefandi og skemmtilegt að geta gefið þeim tækifæri til að klára sína menntun hjá okkur og hef ég oftar en ekki fengið framúrskarandi nemendur sem hafa orðið mínir öflugustu starfsmenn," segir hún.

Ágústa Kristjánsdóttir mælir með varanlegri förðun. MYND/ELSA KATRIN

„Ég var að gera námssamninga við tvo nemendur um daginn og áttaði mig þá á því að meistarabréfið var gefið út 1991 og er því 30 ára gamalt. Það er magnað hvað tíminn líður hratt þegar þú nýtur þess sem þú gerir en við á Snyrtistofunni Ágústu leggjum metnað á hverjum degi í að senda okkar viðskiptavini ánægða frá okkur. Þetta gerum við með því að bjóða upp á faglega þjónustu og auðvitað tileinka okkur allar helstu nýjungar sem eru á markaðnum."

Hægt er að bóka tíma á snyrtistofanagusta.is eða í síma 5529070.

Fallegt en ekki tabú að gefa notað

Endurnýting og umhverfisvernd eru einkunnarorð Barnaloppunnar sem hitt hefur landsmenn í hjartastað með gríðarlegu úrvali barnavarnings sem fengið hefur framhaldslíf í þágu jarðar.

„Það er fallegt að endurnýta og gefa vörum framhaldslíf," segir Guðríður Gunnlaugsdóttir, eigandi nytjamarkaðsins Barnaloppunnar sem slegið hefur rækilega í gegn hjá Íslendingum.

„Við viljum meina að hugsunarháttur Íslendinga hafi breyst með tilkomu Barnaloppunnar því hugmyndafræðin okkar gerir fólki auðveldara fyrir að endurnýta barnavarning með því að kaupa og selja notaðar vörur á einum stað og ganga að því vísu að finna ótal margt gott og gagnlegt handa börnum," segir Guðríður.

Úrvalið í Barnaloppunni er gríðarlegt; yfir 35 þúsund barnavörur á einum stað, allt frá fatnaði og leikföngum yfir í barnavagna og bílstóla.

„Að gefa notaðar vörur í tækifærisgjöf hefur líka stóraukist í íslensku samfélagi. Það er ekki lengur tabú, enda fær maður töluvert meira fyrir peninginn þegar verslað er í Barnaloppunni. Með því að endurnýta minnkar líka sóun og ekki er gengið á auðlindir jarðar, fyrir okkur sem nú lifum og komandi kynslóðir. Til að framleiða fatnað þarf gríðarmikið vatn og orku en með endurnýtingu spörum við kolefnissporin til muna og minnkum eiturefnin sem myndast við framleiðsluna. Því segjum við í Barnaloppunni: „Áfram umhverfið!"."

Ný og stærri Barnaloppa

Guðríður kynntist Barnaloppunni þegar hún bjó með fjölskyldu sinni um sjö ára skeið í Danmörku, en fyrirbærið er finnskt að uppruna.

Guðríður Gunnlaugsdóttir á og rekur Barnaloppuna með eiginmanni sínum, Andra Jónssyni. Þar er hægt að finna notaðar flíkur, leikföng og hvers kyns búnað fyrir börn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég fór fyrst mikið á þessa venjulegu „loppe-markaði" þar sem fólk stendur og selur vörur sínar sjálft en í Barnaloppunni gat ég einfaldlega komið vörunum mínum fyrir í bás þar sem þær voru seldar fyrir mig á meðan ég litaðist um og keypti vörur fyrir stelpurnar mínar," segir Guðríður sem í Barnaloppunni fann vettvang til að kaupa og selja barnavörur á einum stað.

„Þegar við tókum svo ákvörðun um að flytja aftur heim til Íslands kom ekki annað til greina en að taka Barnaloppuna með; það var einfaldlega ekki hægt að skilja uppáhaldsbúðina okkar eftir í Danmörku."

Móttökurnar hér heima fóru strax fram úr björtustu vonum.

„Auðvitað fylgir því alltaf smá stress að koma með nýtt konsept heim en sem betur fer tóku landsmenn því opnum örmum og alveg greinilegt að Ísland var tilbúið í Barnaloppuna," segir Guðríður.

Eftir tæp þrjú ár í Skeifunni 11D hafði Barnaloppan sprengt húsnæðið utan af sér og gott betur en það.

„Eftirspurnin var orðin svo mikil að biðtími eftir básum var orðinn á fjórða mánuð og vel þröngt á þingi í búðinni. Eftir margra mánaða vangaveltur og útreikninga ákváðum við að stökkva á húsnæði sem við höfðum lengi haft augastað á og þar erum við núna, í Skeifunni 11A. Góðir hlutir gerast hægt og við sjáum alls ekki eftir því að hafa gripið tækifærið því rétti tíminn var klárlega kominn."

Með flutningnum stækkaði Barnaloppan um ríflega helming og um þriðjungi fleiri básar bættust við.

„Það má með sanni segja að ný og stærri Barnaloppa hafi haft í för með sér aukna traffík, rýmra pláss, betri lýsingu, stærra barnahorn og styttri biðtíma eftir bás. Sala leigjenda hefur verið í takt við fjölgun básа og meðaltalssala á hvern bás meiri en á síðasta ári. Þetta vildum við gera til að bæta upplifun viðskiptavina og alveg ótrúlega gaman að sjá hvað þeir eru ánægðir og jákvæðir með breytinguna. Þeir ausa okkur lofi og við erum rosalega þakklát fyrir það," segir Guðríður sæl.

Umhverfið er hjartans mál

Komið er rúmt ár síðan eigendur Barnaloppunnar fengu umhverfisverkfræðinga Eflu til að reikna út kolefnissporin sem sparast hafa vegna verslunarinnar og eru tölurnar vægast sagt sláandi.

„Frá opnun til dagsins í dag höfum við sparað rúmlega 10 þúsund tonn af koldíoxíði (CO_2), en það jafngildir losun gróðurhúsalofttegunda frá fimm þúsund bifreiðum á ári. Það jafngildir jafnframt fullum klæðnaði á 120 þúsund íslensk börn (átta flíkum og tveimur leikföngum/bókum á barn)," útskýrir Guðríður.

„Umhverfið og endurnýting er okkar hjartans mál, og var opnun Barnaloppunnar kjörin leið fyrir okkur til að taka virkan þátt í umhverfisstefnu og hringrásarhagkerfinu sem Ísland vinnur og stefnir að. Draumurinn var að opna fyrirtæki sem bæri samfélagslega ábyrgð og hefði skýra stefnu í umhverfismálum. Okkur þykir það hafa heppnast afar vel og frá fyrsta degi hefur Barnaloppan vaxið og dafnað með hjálp landsmanna sem eru orðnir sýnilega mun meðvitaðri um umhverfi sitt. Þetta er engin skammtímalausn heldur viljum við horfa til langs tíma og taka virkan þátt í hringrásarhagkerfi landsins á hverju ári."

Barnaloppan er í Skeifunni 11A. Sjá nánar á barnaloppan.is.

Katrín H. Árnadóttir, stofnandi og eigandi Ecospíru. MYND/ÁSLAUG SNORRA

Spírurnar er hægt að nota í margvíslega matargerð.

Spírur skreyta fiskinn fallega á diskinum og gera hann bragðgóðan. Svo eru þær lífrænar og mjög hollar.

Allar spírur stuðla að aukinni orku og eru auðmeltar, þar sem spírun brýtur næringarefnin niður í það form sem líkaminn getur best nýtt sér. Sannkölluð hollusta.

Spírurnar passa vel ofan á flatkökur. MYND/ÁSLAUG SNORRA

Ecospírur eru 100% lífrænt heilsufæði og eru ræktaðar í Hafnarfirði.

Ecospíra er leiðandi í framleiðslu á spírum úr fræjum, linsum, ertum og baunum. Engin kemísk efni, aukefni eða rotvarnarefni eru notuð við framleiðsluna, sem uppfyllir ströngustu gæðakröfur. MYNDIR/AÐSENDAR

Blandaðar, lífrænar spírur frá Ecospíru er hægt að fá í allflestum smásöluverslunum um allt land.

Ecospíra – spírandi fæðuapótek

Ecospíra var stofnuð árið 2012 af Katrínu H. Árnadóttur, viðskiptafræðingi og Msc í umhverfisfræðum. Hún reyndi af eigin raun spírað og grænt fæði sér til heilsubótar eftir langvarandi heilsuvanda.

Upplifun Katrínar á endurnýjunarmöguleikum fæðisins fyrir líkamlega og andlega líðan var kraftaverki líkust. Reynslan vakti áhuga hennar á að kynna sér nánar eiginleika lifandi og spíraðs fæðis, sem og söguna á bak við þetta fæði. Niðurstaða þeirrar athugunar sannfærði hana um mikilvægi þess að koma þessari vöru á almennan markað hér á landi, sem leiddi síðan til þess að Ecospíra varð til.

Ecospíra fékk Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar árið 2017 sem fyrirtækið er mjög þakklátt fyrir og stolt af. Starfsemin er í dag vel tækjum búin, með gott iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði og síðast en ekki síst frábært, vel þjálfað starfsfólk. Þróunin fram undan er áframhaldandi uppbygging, ásamt því að auka þjónustu við einstaklinga varðandi heilsufæði og ráðgjöf í þeim efnum.

Katrín segir marga hafa leitað til sín um heilsuráðgjöf með spírað fæði og hefur hún aðstoðað fólk í þeim efnum með góðum árangri. Hún er fullkomlega sannfærð um að heilnæmt fæði ásamt hæfilegri hreyfingu sé lykillinn að heilbrigði. Núverandi álag á heilbrigðiskerfið er ekki náttúrulögmál heldur að stórum hluta afleiðing af röngum lífsstíl. Með aukinni vitund fólks um mikilvægi ensímríks jurtafæðis koma spírurnar sterkar inn.

Hvers vegna spírur?

Það sem greinir spíraðar afurðir frá annarri fæðu er fyrst og fremst:

- Gnægð ensíma sem gerir þær auðmeltar og auðveldar næringarupptöku. Með aldrinum minnkar ensímforði okkar til að melta fæðu og er því mikilvægt að neyta ensímríkrar fæðu til að líkaminn fái þá næringu sem hann þarfnast.
- Við spírunina umbreytast kolvetni í einfaldar sykrur, flókin prótín í amínósýrur og fita í fitusýrur, sem eru allt auðmelt efnasambönd fyrir líkamann.
- Ríkulegir sindurvarar sem hægja á öldrun. C-vítamín verður til í miklu magni við spírun, ásamt öðrum vítamínum, einkum A og E. Að auki taka spírur upp steinefni og snefilefni úr vatni sem þau vaxa í. Steinefnin í spírunum eru auðmelt og frásogast vel út í blóðið. Vítamínin A, C og E eru öflugir sindurvarar (andoxunarefni) sem vernda frumur og hægja á öldrun.
- Fjöldi lífvirkra jurtaefna. Sum þessara jurtaefna leysast úr læðingi við meltingu og hafa síðan hæfileika til að endurnýja og vernda frumur mannslíkamans.

Með neyslu spíra gefum við líkamanum hágæða næringu og orku, seinkum hrörnun og styrkjum og eflum ónæmiskerfið.

eco spíra
Spírandi ofurfæði
Nærandi, orkugefandi og eykur lífsgæði

Öruggar lausnir í framkvæmdum

Vinnupallar ehf. bjóða upp á síaukið úrval áhalda og tækja fyrir alls kyns framkvæmdir, til leigu og sölu. Þar er lögð áhersla á öryggi og persónulega og lausnamiðaða þjónustu á sanngjörnu verði.

Vinnupallar ehf. bjóða hnitmiðað vöruúrval öruggra áhalda og tækja sem og þjónustu á hagstæðu verði, til að styðja við bætta öryggismenningu í mannvirkjaiðnaði. Þrátt fyrir að vera með fjölbreytt vöruúrval sem þjónustar meðal annars öryggisbúnað fyrir vegavinnu og jarðvinnuframkvæmdir, sérhæfðan öryggisbúnað, fallvarnakerfi og að reka öfluga tækjaleigu, eru kjarnavörur Vinnupalla enn í nafni fyrirtækisins: hágæðavinnupallar frá Plettac og fallvarnabúnaður frá Protekt.

„Vinnupallar eru í örum vexti og það gengur afar vel að byggja upp fyrirtækið," segir Sigríður Hrund Pétursdóttir, eigandi Vinnupalla. „Mannvirkjaiðnaðurinn hefur fengið gott aðhald frá bönkunum og stjórnvöldum í gegnum COVID, sem þýðir að mannvirkja- og vegaframkvæmdir hafa haldið ágætum takti og veitir það margfeldisáhrif í aðfangakeðjunni, til dæmis fyrir fjölda smærri fyrirtækja eins og Vinnupalla.

Einnig var fólk duglegt við viðhaldsvinnu á síðasta ári og sást það vel í sölu og leigu á ál- og stálpöllum hjá fyrirtækinu. Í ár verðum við með aukið vöruúrval, bæði í kjarnavöruflokkum en einnig nokkrar viðbætur sem allar styðja við gildin okkar: „Öruggar lausnir"," segir Sigríður Hrund. „Má þar helst nefna öfluga tækjaleigu sem býður meðal annars upp á hitablásara, ryksugur, hita- og þurrktæki frá Biemmedue, ruslarennur, vinnustaðagirðingar, álpalla frá Euroscaffold og útleigu á vörubíl, svo dæmi séu tekin. Nýtt vöruúrval tekur einnig til persónuhlífa, trappa, stiga og vegavinnumerkinga. Allt til að sinna öryggi vinnustaðarins sem best."

Sölustjóri Vinnupalla, Ásgeir Þórðarson, sést hér ásamt eiganda fyrirtækisins, Sigríði Hrund Pétursdóttur. Sigríður segir að það hafi gengið afar vel að byggja upp fyrirtækið og að það sé í örum vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhersla á öryggi og sanngirni

„Við leggjum mjög mikla áherslu á öryggi vinnustaða og persónulega og lausnamiðaða þjónustu. Við kennum viðskiptavinum á vörurnar okkar og viljum styðja við og auka þekkingu þeirra á öryggismenningu í byggingariðnaði," segir Sigríður Hrund. „Vöruúrvalið endurspeglar það, okkar hlutverk er að bjóða hágæða öryggisbúnað fyrir byggingarsvæði á hagstæðu verði.

Á undanförnum árum og áratugum hafa öryggismál á byggingarsvæðum tekið miklum framförum öllum til heilla. Við viljum styðja við áframhaldandi þróun í þá átt með auknu vöruframboði á vinnuverndar- og öryggisbúnaði á Íslandi," segir Sigríður Hrund. „Segja má að starfsemi Vinnupalla sé tvíþætt, þar sem við bjóðum flestar okkar vörur bæði til leigu og sölu. Þannig teljum við okkur koma sem best til móts við þarfir viðskiptavina okkar.

Við erum með góða verðstefnu og hvikum ekki frá henni. Vinnupallar munu alltaf bjóða góð, sanngjörn verð með langtíma viðskiptasamband í huga," segir Sigríður Hrund að lokum.

Vinnupallar eru til húsa í glæsilegu húsnæði að Smiðsbúð 10 í Garðabæ. Þar er verslun, skrifstofa, lager og allt sem þarf til að fyrirtækið dafni og þroskist. Í fyrra var ný heimasíða sett í loftið, vpallar.is, sem aðstoðar við markaðssetningu og miðlun á efni til viðskiptavina.

Vinnupallar ehf. taka á móti viðskiptavinum alla virka daga frá 8-18 og hægt er að ná sambandi alla daga í síma 787 9933 og í gegnum netfangið vpallar@vpallar.is. Vefsíðan er www.vpallar.is.

Viltu komast á skrið við skrifin?

Stílvopnið er þekkt fyrir fjölbreytileg og áhugaverð ritlistarnámskeið. Eigandinn, Björg Árnadóttir, veitir einnig einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð og ráðgjöf við allt frá hugmynd til útgáfu.

Ég laumaðist bakdyramegin inn í ritlistina," segir rithöfundurinn og ritlistarkennarinn Björg Árnadóttir, sem rekur litla fræðslufyrirtækið Stílvopnið. Björg er menntaður myndlistarkennari sem síðar lærði blaðamennsku og lauk loks meistaraprófi í menntunarfræðum með áherslu á skapandi greinar og fræðslu fullorðinna.

„Ritlistarkennslu kynntist ég í Svíþjóð á níunda áratug síðustu aldar þegar ég sem nýútskrifaður myndlistarkennari starfaði við virta menningarstofnun þar sem þróaðar voru skapandi aðferðir til valdeflingar jaðarsettu fólki. Ég vissi ekki þá að hægt væri að kenna ritlist en heillaðist af hugmyndinni, enda var ég sjálf alltaf betri penni en myndlistarmaður," segir Björg sem alla tíð hefur fengist við eigin skrif; sögur og hugleiðingar, gerð námskrár og kennsluefnis, skýrsluskrif og fræðigreinar auk þess að hafa sem blaðamaður matreitt hin margvíslegustu málefni ofan í ólíka lesendahópa.

Sóknarfæri í kreppu og kófi

„Árið 2015 ákvað ég að setja alla þekkingu mína undir einn hatt og stofna Stílvopnið, reynslu mína af hvers kyns skrifum en einnig reynslu af kennslu og fræðslustjórnun sem ég hef fengist við í fjörutíu ár. Sem ritlistarkennari hef ég farið víða um lönd en eftirminnilegastar eru líklega vikurnar sem ég átti eitt sinn með hópi blaðamanna í palestínskri borg."

Þegar syrti í álinn í fyrravor þurfti Stílvopnið að hætta þeirri starfsemi sem gefur mestar tekjurnar. Þegar brast á með farsótt mátti Björg ekki lengur smala skrifandi fólki saman í kennslustofu.

„Ég var lengi treg til að hefja kennslu á Zoom enda byggja námskeiðin mín á mikilli samveru í náND og trúnaði. Auk þess taldi ég ástandið tímabundið og sá í því langþráð tækifæri til að ljúka við bókina sem beið í minni eigin tölvu. En um leið og ég sleppti tökum framkvæmdastjórans á fyrirtækinu var sem villt blóm færu víðs vegar að spretta. Aukabúgrein mín til margra ára varð allt í einu aðalatvinnan. Í kófi og kreppu opnuðust ný tækifæri af því að allt í einu vildu allir fá persónulega aðstoð við skrif sín!"

Björgu Árnadóttur hjá Stílvopninu þykir gaman að skrifa en hefur einnig endalaust gaman af að vinna með texta annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í hverju felst aðstoðin?

„Stundum á ég stutt, rafræn kynni við þau sem leita aðstoðar en öðrum fylgi ég eftir mánuðum saman. Hvert og eitt ákveður hversu mikla aðstoð það vill og hvar í ritunarferlinu. Einum höfundi getur nægt hugarflugsfundur en öðrum leiðbeini ég um sársaukafulla ritnauð eins og ljósmóðir. Ég kalla það textaviðgerðir þegar ég laga skrif annarra og stundum er ég jafnvel beðin um að skrifa frá grunni í nafni annarrar manneskju. Ég hef talsverða reynslu af þýðingum úr ensku og sænsku en nú þýði ég aðallega úr íslensku yfir á íslensku eins og ég kalla það að breyta málsniði texta. Fræðilegum greinum hef ég snarað yfir á alþýðlegt mál og um þessar mundir á ég í afar skemmtilegu samstarfi við vel ritfæran mann sem ekki hefur skrifað á íslensku í meira en hálfa öld og þarf því hjálp við að finna réttu orðin. Ég hjálpa fólki við að breyta hugmynd í útgefið verk en fyrir kemur að ég kem vitinu fyrir fólk með of miklar væntingar. Fjölbreytnin er endalaus. Það leita til mín einstaklingar og fyrirtæki og stundum þarf ég að veita skyndihjálp þegar prentvélarnar bíða heitar eftir handritinu."

Nú eru námskeið Stílvopnsins óðum að hefjast að nýju eftir árs hlé, fjarkennd í fyrstu en færast í kennslustofur þegar líður á vorið.

„Ég kenni skapandi skrif, endurminningaskrif, greinaskrif, hetjuferðarskrif og einnig sköpunarsmiðjur sem virkja áður óþekkta hæfileika fólks. Auk þess kenni ég kennslufræði ritlistar og held utan um stuðningshópa fyrir skrifandi fólk. Ég hef endalaust gaman af þessu. Eigin skrif og annarra vekja mér nefnilega djúpstæða hamingju og skilning á lífinu og tilverunni, sjálfri mér og öðru fólki," segir Björg Árnadóttir, rithöfundur, ráðgjafi og kennari á námskeiðum Stílvopnsins.

www.stilvopnid.is

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

FKA

Vilt þú vera partur af hreyfiafli kvenna í íslensku atvinnulífi?

Skráning á WWW.FKA.IS

Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið

Skráðu þig á frettabladid.is, á Facebook síðu Fréttablaðsins eða skannaðu QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins

@barnaloppan

ENDILEGA FYLGSTU MEÐ OKKUR Á INSTAGRAM OG FACEBOOK!



Barna loppan

Kristín María Dýrfjörð er stjórnarformaður og eigandi Te & Kaffi, sem er stærsta kaffivörumerki á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ryðja brautina með umhverfisvænni kaffiristun

Te & Kaffi hefur alla tíð verið rekið sem fjölskyldufyrirtæki frá því það var stofnað af foreldrum Kristínar Maríu Dýrfjörð, þeim Berglindi Guðbrandsdóttur og Sigmundi Dýrfjörð. Nú er áhersla lögð á umhverfissjónarmið.

Allt frá unglingsaldri sinnti Kristín hinum ýmsu helgar-, sumar- og jólastörfum innan fjölskyldufyrirtækisins með skóla og árið 2003 tók hún við starfi gjaldkera og innheimtufulltrúa. Þá starfaði hún einnig við hlið föður síns sem eins konar lærlingur. „Á þessum tíma lágu nefnilega allar rauðglóandi línur inn til hans og hann fljótandi upp fyrir haus af verkefnum. Ég stundaði nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík frá 2006–2009 og eftir námið kom ég aftur til baka sem launafulltrúi og sinnti bókhaldsvinnu. Ári síðar tók ég að mér starf markaðsstjóra fyrirtækisins, en þar lá einmitt áhugasvið mitt.

Árið 2017, þegar pabbi dó, steig ég til hliðar sem markaðsstjóri og setti mig inn í verkefni sem hann hafði sinnt er snúa að fasteignum og fjármálum. Ég tók þá við sem stjórnarformaður félagsins. Ásamt þeim verkefnum hef ég verið upptekin af vöruþróun á öllum sviðum fyrirtækisins, umhverfismálum, samfélagslegri ábyrgð og öðrum verkefnum sem koma inn á borð framkvæmdastjórnar fyrirtækisins. Þau geta verið mjög fjölbreytt.

Fyrirtækið er enn í dag í eigu móður minnar, sem er aðaleigandi fyrirtækisins, ásamt mér og systur minni. Einnig eiga Halldór, maðurinn minn, Guðmundur, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Stefán framleiðslustjóri hlut í fyrirtækinu, en þeir hafa verið með okkur í hátt í 20 ár.“

Í upphafi var lítil sérverslun

Þegar foreldrar Kristínar stofnuðu Te & Kaffi 1984 var engin önnur sérverslun með kaffi eða te á landinu. „Pabbi var alltaf frekar stórhuga, mikill framkvæmdamaður og með mikinn drifkraft. Mamma þurfti stundum að toga hann niður á jörðina enda ögn rólegri í tíðinni. Samspil þeirra í vexti fyrirtækisins var aðdáunarvert. Fólki fannst ótrúlega spennandi að koma til þeirra og kaupa nýristað og ilmandi kaffi og te í lausu á Barónsstígnum, þar sem þau voru fyrst til húsa. Fljótlega stækkuðu þau við sig og fluttu á Laugaveg 24 í bakhús þar sem þau opnuðu lítið kaffihús en héldu líka áfram með verslunina. Eftir þrettán ár í rekstri, eða árið 1997, stækkuðu þau við sig í annað sinn og færðu sig út á Laugaveg 27, þar sem eitt kaffihúsa okkar er enn þann dag í dag. Framleiðsla á kaffi var strax farin að spila veigamesta þáttinn í starfseminni en mikill metnaður, ástríða og þekking hafði orðið til á þessum fáu árum þar sem mikið var lagt í að hafa gæðin alltaf þau bestu sem völ var á.

Á þessum tíma var nánast hver einasti veitingastaður bæjarins með kaffi frá Te & Kaffi, en pabbi var menntaður kokkur og þekkti því til margra veitingamanna. Það var hvorki mannskapur né tækjabúnaður til að framleiða og selja kaffi til matvöruverslana og því fékkst það einungis í Fjarðarkaupum, nágrönnum okkar í Hafnarfirði, og í versluninni hjá okkur. Ég man að á Laugavegi kepptist maður við að vigta upp kaffið fyrir viðskiptavini á milli þess sem hlaupið var niður og sótt meira kaffi til að fylla á kaffidunkana. Fólk var greinilega þyrst í gott kaffi.“

Tímarnir breytast og markaðurinn með og að sögn Kristínar fer nánast öll sala kaffis í dag fram í matvöruverslunum og gegnum samstarfsaðila fyrirtækisins á fyrirtækjamarkaði, Innnes, og í vefverslun. „Á kaffihúsunum okkar er aukinheldur að finna spennandi úrval ýmissa kaffitegunda frá mismunandi búgörðum um allan heim.“

Breytingar í menningunni

„Um aldamótin 2000 má segja að kaffihúsamenning á Íslandi hafi blómstrað. Við vorum farin að prófa okkur meira áfram í kaffigerðinni og lögun á espresso. Að flóa mjólk varð svo að hálfgerðri listgrein í kjölfarið. Haldin voru árleg kaffibarþjónamót þar sem starfsmenn kaffi- og veitingahúsa á Íslandi spreyttu sig í kaffigerð og mjólkurlist. Þessar keppnir ólu af sér metnaðarfulla kaffibarþjóna, og þar á meðal er eiginmaður minn, Halldór, sem í dag á hlut í og rekur fyrirtækið með okkur.

Mamma og pabbi studdu við og hvöttu starfsfólkið sitt alla leið. Þau mættu á keppnir og innanhússmót kvöld eftir kvöld og vörðu miklum tíma í að leiðbeina og dæma rennsli. Þá fylgdu þau keppendum kaffihússins utan á kaffibarþjónamót og voru alltaf til staðar þegar á þurfti að halda. Þau hafa alltaf verið svo hógvær bæði tvö og mér finnst rétt að nefna hversu natin þau voru og hversu mikla ástríðu þau lögðu í þetta ferli.

Það má með sanni segja að þarna hafi grunnur verið lagður að þeirri góðu kaffihúsaflóru sem Íslendingar þekkja í dag, en þess má geta að fyrrverandi starfsfólk okkar hefur meðal annars opnað sín eigin kaffihús. Það er alveg frábært að sjá að gæði á kaffi og áhugi almennings hefur aukist mikið á undanförnum árum. Áður hrópaði fólk upp yfir sig yfir flauelsmjúkum cappuccino með mynstri í mjólkinni og í dag er þetta talinn hinn eðlilegasti hlutur. Hún leynir sér þó ekki gleðin þegar kúnninn tekur fyrsta sopann af nostursamlega brugguðu kaffi eða te. Það er gífurlega gefandi að sjá hvern viðskiptavininn á fætur öðrum ljóma yfir bollanum sínum, bragði og útliti.“

Uppáhaldskaffi Íslendinga

„Í kringum 20 ára afmæli fyrirtækisins, árið 2004, höfðu foreldrar mínir hugsað mikið um næstu skref í rekstrinum og hvernig mætti leyfa fleirum að kynnast fyrirtækinu og vörum þess. Þau tóku þá ákvörðun að sækja harðar inn á hinn almenna markað, en til þess þurfti að gera ýmsar breytingar. Á því ári var vörumerki Te & Kaffi breytt í það útlit sem við þekkjum í dag. Allur tækjabúnaður í framleiðslu var uppfærður með aukinni afkastagetu sem gerði okkur loksins kleift að framleiða fyrir matvörumarkaðinn. Á undanförnum 16 árum höfum við vaxið úr 0% markaðshlutdeild á matvörumarkaði upp í 27% að jafnaði síðastliðið ár. Í dag erum við því ekki einungis stærsta kaffivörumerki á Íslandi, heldur einnig uppáhaldskaffi Íslendinga undanfarin þrjú ár samkvæmt könnunum.“

Þessar breytingar voru stórt framfaraskref og sú reynsla og þekking sem hafði myndast í fyrirtækinu undanfarin 20 var nauðsynlegur undanfari stórra breytinga. Árin á eftir einkenndust af opnun fleiri kaffihúsa en upp

Systurnar Sunna Rós Dýrfjörð (t.v.) og Kristín María (t.h.) sitja hér á skrifstofu sinni í Hafnarfirði með móður sinni, Berglindi Guðbrandsdóttur. MYND/AÐSEND.

„Það eru nefnilega ekki bara umbúðirnar sem við höfum verið að taka í gegn, heldur lítum við á þetta sem heildrænt verkefni í gegnum allt fyrirtækið.

úr 2010 jókst ásýnd þeirra og varð enn stærri partur af rekstri fyrirtækisins. „Þarna var orðið ljóst að meginhersla Te & Kaffi lá í rekstri kaffihúsa og sölu kaffis í gegnum matvöruverslanir.“

Grænna í dag en í gær

Í dag leggur fyrirtækið sífellt aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, enda eru það þau samfélagsmál sem brenna á flestum þessa stundina og nær ómögulegt að horfa framhjá. „Þessi mál hafa lengi verið fyrirtækinu hugleikin en við höfum unnið ötult að því undanfarin ár að verða grænna fyrirtæki. Við höfum látið útbúa fyrir okkur loftslagsbókhald frá árinu 2017 þar sem öll losun gróðurhúsalofttegunda af okkar völdum er reiknuð út. Þannig er auðveldara fyrir okkur að sjá í hvaða átt við eigum að beina mótvægisaðgerðum okkar. Við höfum nú skipt út öllum umbúðum á matvörumarkaði yfir í niðurbrjótanlegar umbúðir unnar úr plöntusterkju. Baunir, malað kaffi, kaffipúðar og kaffihylki eru því alfarið komin yfir í þessar umbúðir en þetta ferli hefur tekið sinn tíma. Bæði vildum við ekki henda neinum umbúðum heldur klára allt sem við áttum fyrir. Svo hafa framleiðendur ytra vart náð að halda í við eftirspurnina.“

Það hefur reynst þrautinni þyngri að finna umbúðir sem standast ströngustu kröfur Te & Kaffi hvað varðar gæði og umhverfissjónarmið. „Að viðhalda gæðum vörunnar okkar er okkur alveg jafnmikið hjartans mál eins og að bjóða upp á umhverfisvænni lausn í umbúðum. Við þurftum til að mynda að bjóða upp á samsettar umbúðir í millitíðinni á fyrirtækjamarkaði en umbúðir úr pappír með álfilmu sem innra lag getur stundum reynst erfiðara að endurvinna en sjálft plastið eða álið. Kaffi þarf að varðveita í umbúðum sem hleypa ekki súrefni að og fram að þessu hefur gengið illa að framleiða niðurbrjótanlegar umbúðir sem uppfylla okkar gæðakröfur. Við vildum ganga alla leið með þetta og fundum loksins umbúðir fyrir allt okkar kaffi sem þjónar ekki einungis umhverfissjónarmiðum heldur einnig gæðalegum.“

Te & Kaffi er langstærsta íslenska kaffivörumerkið á íslenskum markaði. Allar vörur Te & Kaffi á matvörumarkaði, þar á meðal á kaffi og baunum í lausu, kaffihylkjum og kaffipúðum, eru nú í niðurbrjótanlegum umbúðum.

Kolefnisjafnað kaffi

„Gæðasjónarmiðin voru einnig ástæða þess að við svöruðum kalli markaðarins varðandi kaffihylki seinna en áætlanir gerðu ráð fyrir, en það eru fimm ár síðan við tókum ákvörðun um að bæta þeirri lausn við okkar vöruúrval. Við ristum kaffið hér heima eftir okkar prófílum og því er svo pakkað í Hollandi, en í því samhengi er rétt að nefna að flutningurinn er að fullu kolefnisjafnaður. Það eru nefnilega ekki bara umbúðirnar sem við höfum verið að taka í gegn, heldur lítum við á þetta sem heildrænt verkefni í gegnum allt fyrirtækið.

Við horfum á allt ferlið frá ræktunarlöndum til ristunar kaffibaunanna hér hjá okkur. Við leggjum því okkar af mörkum til umhverfismála, ekki bara heima heldur höfum við til dæmis varið mörg hundruð þúsundum á árinu í mótvægisaðgerðir á ræktunarsvæðunum sjálfum, en þar er mikil neyð vegna eyðileggingar regnskóga.

Hérna heima erum við enn fremur að skipta út orkugjafanum okkar við ristun á kaffibaunum. Það þarf að rista kaffi við gas til að hægt sé að stjórna ristuninni á sem nákvæmastan hátt. Því höfum við nú samið við Sorpu um kaup á metan og höfum unnið í því undanfarna mánuði að steypa upp byggingu undir herlegheitin fyrir utan framleiðsluna okkar í Hafnarfirði. Þar sem nánast öll bein losun á vegum okkar hefur verið vegna ristunar á kaffi við própangas getum við nú stolt sagt frá því að þessi útskipti minnka kolefnisspor okkar umtalsvert.“

Nýr vágestur

Starfsemin á tímum heimsfaraldurs hefur óhjákvæmilega breyst hjá fyrirtækinu. „Frá ársbyrjun 2018 höfum við verið í miklum skipulagsbreytingum og einföldun á okkar rekstri sem hjálpaði okkur mikið í gegnum þetta erfiða ár. Við lokuðum kaffihúsunum okkar í nokkrar vikur í fyrstu bylgju COVID. Það var gríðarlega erfiður tími. Okkur fannst það rétt skref á þeim tíma á meðan allir voru að læra að umgangast þennan nýja vágest. Sem betur fer færðust viðskipti yfir á matvörumarkaðinn þar sem varð gríðarleg aukning á sama tíma sem hjó aðeins á tapið. Við áttum fínt sumar á kaffihúsunum, fyrir utan kannski miðbæinn, en það vantar mikið þegar ferðamennirnir eru ekki þar. Samkomutakmarkanir í haust hafa líka verið mjög erfiðar og við, eins og aðrir, höfum þurft að skipuleggja okkar staði eftir sóttvörnum hvers tíma. Það getur tekið á að laga sig stöðugt að breyttum reglum en við erum svo ótrúlega þakklát okkar starfsfólki fyrir hugarfar og aðlögunarhæfni, sem og viðskiptavinum okkar sem hafa stutt okkur og haldið áfram að koma þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu.

Við erum líka stolt að segja frá því að við stefnum á opnun nýs kaffihúss á Garðatorgi á vordögum, en okkur finnst það einstaklega skemmtilegt þar sem við fjölskyldan erum Garðbæingar sjálf.“

Nauðsyn að slíta vinnu frá einkalífi

Ásdís Ósk Valsdóttir hefur frá upphafi verið eini eigandi fasteignasölunnar Húsaskjóls. Hún hefur ánægju viðskiptavina að leiðarljósi, segir öll kyn jöfn og vinnur að nýju matarbloggi í frístundum.

„Ég er í draumastarfinu," segir Ásdís Ósk Valsdóttir, sem stofnaði fasteignasöluna Húsaskjól árið 2010 og er enn eini eigandi stofunnar. „Ég stofnaði Húsaskjól því ég vildi reka mitt eigið fyrirtæki á mínum forsendum. Ég vildi geta prófað mig áfram í þjónustu og markaðsmálum og er óhrædd við að prófa nýja hluti."

Ásdís hefur verið farsæll fasteignasali í átján ár.

„Ég fæ aldrei leiða á starfinu. Ég er sífellt að kynnast nýju og skemmtilegu fólki, og í gegnum tíðina hef ég selt rúmlega þúsund eignir. Þá eru forréttindi að starfa á skemmtilegum vinnustað, með skemmtilegu samstarfsfólki og frábærum viðskiptavinum."

Leiðarljós Húsaskjóls er að bjóða viðskiptavinum alltaf upp á bestu þjónustuna.

„Ánægja viðskiptavina okkar er lykilatriði. Við viljum því veita þeim sömu þjónustu og við myndum sjálf vilja fá. Markmið okkar er að vera fyrsta val þegar kemur að því að selja fasteign og að viðskiptavinum okkar líði vel með að mæla með okkur við aðra."

Leiðandi í tækninýjungum

Húsaskjól býður upp á fjóra mismunandi sölupakka og því geta allir fundið þjónustu og markaðssetningu við hæfi.

„Með því að sinna færri viðskiptavinum í einu getum við sinnt þeim betur," segir Ásdís. „Við erum leiðandi í tækninýjungum og erum nú að sjálfvirknivæða öll kerfi hjá okkur. Við þurftum að breyta ýmsum vinnubrögðum vegna Covid-19, þegar hefðbundin opin hús duttu út. Í fyrstu vorum við með netsýningar, sem hentuðu mörgum, en erum nú mikið með opin hús í hádeginu, þegar fólk á í raun auðveldara með að skreppa frá. Við létum líka skrifa kerfið „Mínar síður" á heimasíðuna okkar og þar geta kaupendur skráð sínar kaupóskir, eytt þeim og breytt, og seljendur leitað að fjölda kaupenda á skrá hjá okkur. Á heimasíðunni er einnig samskiptakerfi við seljendur sem geta fylgst með hverju skrefi sem við gerum og gegnsæi því orðið mun meira."

Ásdís er í draumastarfinu sem eigandi Húsaskjóls. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Næstu skref hjá Húsaskjóli er að halda áfram að þróa „Mínar síður" og útvíkka kaupendaþjónustu þar sem margir vilja nýta sér þjónustu fasteignasala við kaup eigna. Verður hún kynnt betur á næstu vikum.

„Við stofnuðum jafnframt greiningadeild Húsaskjóls og sendum nú út greiningu á markaðnum með mánaðarlegu fréttabréfi okkar. Hana má einnig nálgast á samfélagsmiðlum okkar," upplýsir Ásdís, sem hefur skýra framtíðarsýn hjá Húsaskjóli.

„Það er að gera ferlið allt gegnsærra og sjálfvirkara en það er í dag. Rafrænar þinglýsingar koma vonandi á þessu ári og það mun gera ferlið bæði skilvirkara og fljótlegra."

Stefna fyrirtækisins í jafnréttismálum liggur líka fyrir.

„Við gerum öllum jafn hátt undir höfði og mér finnst gott að hafa blandaðan hóp, því öll kyn eru jafn mikilvæg."

Fjölbreytt og líflegt starf

Ásdís segir starf fasteignasala einstaklega fjölbreytt.

„Við seljum heimili fólks og þá þarf að skoða fasteign, sækja gögn sem henni tilheyra, panta stílista og ljósmyndara, taka myndband, undirbúa samfélagsmiðla, bóka skoðanir og opin hús. Einnig að sýna eignina og hitta kaupendur, setja upp tilboð, ráðleggja kaupendum og seljendum, og stundum koma upp gallamál sem þarf að tækla."

Hún segir fyrstu árin sín í Húsaskjóli hafa kallað á langa og stranga vinnudaga.

„Þá var vinnudagurinn frá klukkan átta á morgnana til átta á kvöldin og um helgar. Það gengur engan veginn upp og ég gerði á því miklar breytingar. Nú er vinnuvikan þannig að ég vakna korter í fimm á morgnana og tek eina til tvær æfingar, til dæmis hlaup og Ultraform eða hjól og sund. Síðan vinn ég frá níu og ófrávíkjanleg regla að vinnudeginum ljúki klukkan sex," segir Ásdís sem nú vinnur aldrei um helgar.

„Það er nauðsynlegt að slíta vinnu frá einkalífi. Ég hreyfi mig mikið í mínum tómstundum, finnst gaman að ferðast, spila og njóta þess að vera með krökkunum mínum og kærasta. Ég les mikið og það er líka algjör snilld að fara út að hlaupa með góða hljóðbók í eyrunum. Undanfarna mánuði hef ég breytt um mataræði og þróað uppskriftir með elsta syni mínum. Við erum að fara af stað með matarbloggið cleanlife.is. Það er enn í vinnslu en vel hægt að kíkja og fá forsmekkinn af því sem koma skal."

Húsaskjól er í Ármúla 4-6. Sími 519 2600. Sjá husaskjol.is.

Eitthvað nýtt á hverjum degi

Ingibjörg Birna Kjartansdóttir byggingafræðingur og Ásta Ósk Stefánsdóttir verkfræðingur vinna báðar hjá Ístaki. Þær segja andann í fyrirtækinu góðan og tækifærin fjölbreytt.

Ístak er verktakafyrirtæki með 340 starfsmenn. Þar af eru 20 konur, en þær Ingibjörg og Ásta Ósk segjast gjarnan vilja fá fleiri konur í öfluga liðsheild. Ístak hefur nýlega fengið jafnlaunavottun og tekur einnig þátt í jafnvægisvoginni.

„Það sækja margir karlmenn um störf hjá fyrirtækinu en því miður sækja fáar konur um," segir Ásta.

„Ég held þær geri sér kannski ekki grein fyrir tækifærunum sem eru hjá fyrirtækinu. Þótt við séum verktakafyrirtæki, meðal annars í jarðvinnu, þá stöndum við ekki úti í skurði í drullupolli allan daginn," bætir Ingibjörg við hlæjandi.

„Ásýnd fyrirtækisins er kannski fælandi fyrir suma en allt sem er á bak við verkefnin er mjög fjölbreytt, krefjandi og vinna, andinn er mjög góður og þetta er fjölskylduvænt fyrirtæki," segir Ásta.

Ingibjörg og Ásta hófu báðar störf hjá fyrirtækinu fyrir rúmum fjórum árum og sjá ekki eftir þeirri ákvörðun.

„Ég er þróunarstjóri BIM deildar en deildin sér um innleiðingu á ýmiss konar verkefnum tengdum upplýsingatækni og gerð upplýsingalíkana," segir Ingibjörg.

„Ég vann áður sem BIM sérfræðingur hjá Framkvæmdasýslu ríkisins og var þar mikið að kynna og dreifa boðskapnum og benda fólki á hvernig hægt er að gera hlutina með aðstoð upplýsingatækni. Svo sá ég auglýst eftir BIM sérfræðingi hjá Ístaki og sótti um. Ég sá þar tækifæri til að vinna við það sem ég var að predika allan daginn.

Ásta Ósk Stefánsdóttir og Ingibjörg Birna Kjartansdóttir segja fjölbreytt tækifæri vera í starfi hjá Ístaki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Ásta hefur undanfarin tvö ár séð um öryggis- og gæðamál í vegaframkvæmdum. „Ég get alveg sagt þér að það að vinna hjá verktakafyrirtæki var ekki það fyrsta sem ég hugsaði að ég vildi gera eftir að ég lauk námi í rekstrarverkfræði, en svo sá ég auglýst eftir manneskju í kostnaðarstýringu hjá Ístaki og prófaði að sækja um og það opnaðist fyrir mér nýr heimur. Ég gerði mér ekki grein fyrir öllum möguleikunum hér," segir hún.

Fjölbreytt tækifæri í boði

Ásta og Ingibjörg útskýra að fyrirtækið skiptist niður í framkvæmdadeild, þjónustudeildir og stoðdeildir.

> **Þótt við séum verktakafyrirtæki, meðal annars í jarðvinnu, þá stöndum við ekki úti í skurði í drullupolli allan daginn.**

„Ég vinn í framkvæmdadeild sem tæknimaður og úti á verkum. Það má segja að framkvæmdadeildin sé framleiðsludeildin sem framleiðir vöruna, varan getur verið til dæmis hús, brú eða vegir. Þjónustudeildirnar styðja svo við framleiðsluna," útskýrir Ásta.

„Við erum með innkaupadeild, mannauðsdeild, tilboðsdeild, gæðadeild, fjármáladeild og upplýsingatæknideild og BIM deild. Einnig erum við með þjónustudeildir, s.s. vélsmiðju, vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði og steypuskála. Þannig að störfin sem eru í boði eru ekki bara fyrir verkfræðinga eða byggingafræðinga. Hér vinna líka viðskiptafræðingar, rafvirkjar, smiðir og alls konar iðnaðarmenn, kerfisstjórar og margir fleiri. Það eru fjölbreytt tækifæri í fyrirtækinu."

Ingibjörg bætir við að störfin séu skemmtileg en á sama tíma krefjandi. „Það eru svo mismunandi framkvæmdir í gangi og alltaf eitthvað nýtt sem gerist á hverjum degi. Ef þú vinnur hjá fyrirtækinu þá gætirðu verið að vinna í jarðvinnu við gerð nýs Hringvegar um Kjalarnes eða við viðbyggingu við Reykjanesvirkjun eða við að byggja grunnskóla í Nuuk á Grænlandi, sem er tvöfalt stærri en stærsti grunnskólinn á Íslandi."

„Við vorum líka nýlega að sjá um viðbyggingu á Keflavíkurflugvelli, sem var stórt og flókið verkefni," bætir Ásta við. „Fyrirtækið á sér langa sögu og hefur komið að mörgum stórum framkvæmdum á Íslandi og víða um heim, til dæmis Hvalfjarðargöngunum, Smáralind og byggingu Ráðhúss Reykjavíkur, sem var stór framkvæmd á sínum tíma."

Ingibjörg og Ásta tala báðar um að þær læri mikið í starfinu sem ekki er hægt að læra í skóla.

„„Það er sama hvað þú situr marga tíma í skólanum, þú munt aldrei skilja það allt fyrr en þú ert komin út á verkstað og upplifir það sjálf," segir Ásta og Ingibjörg tekur undir:

„Það að vera tilbúinn að koma eitthvert og læra það sem þú lærir ekki annars staðar, það er krefjandi en rosalega gott inn í skóla lífsins og líka inn í þína fagþekkingu sem sérfræðingur, hvort sem þú ert karl eða kona."

TORG

Við erum konurnar á TORGI

Við veitum topp þjónustu

Kraftur – Traust – Árangur

Hafdís Rafnsdóttir
Sölustjóri, löggiltur fasteigna- og skipasali og eigandi
Sími 820-2222

Berglind Hólm
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 694-4000

Dórothea E. Jóhannsd.
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 898-3326

Jóhanna Kristín
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 837-8889

Þóra Þrastardóttir
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 822-2225

Sigríður Rut
Löggiltur fasteigna-fyrirtækja og skipasali
Sími 699-4610

Hrönn Ingólfsdóttir
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sími 692-3344

Elka Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sími 863-8813

HRINGDU NÚNA!

Fasteignasalan TORG

FASTEIGNASALAN TORG / GARÐATORGI 5 / **210 GARÐABÆR** / 520 9595 / **TORG@FSTORG.IS**

Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og Elísabet Allwood, framkvæmdastjóri fjármála hjá Steypustöðinni. Fyrirtækið hefur vaxið á síðastliðnum árum og vöruúrvalið hefur aukist jafnt og þétt. „Við myndum vilja sjá miklu fleiri konur sækja um auglýst störf í framsæknu fyrirtæki eins og Steypustöðinni," segja þær Sigríður og Elísabet. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Byggingageirinn spennandi fyrir konur

Steypustöðin er framsækinn vinnustaður með árangursdrifna menningu, lögð er áhersla á stöðugar umbætur. Stefna fyrirtækisins er að vera leiðandi í að koma með nýjungar á markaðinn.

Sigríður Björnsdóttir hóf störf sem framkvæmdastjóri mannauðs Steypustöðvarinnar síðastliðið sumar. Að sögn hennar eru verkefnin fram undan fjölbreytt og snúa að þjálfun og stuðningi við stjórnendur ásamt því að marka stefnu í mannauðsmálum og finna lausnir sem samræmast heildarstefnu félagsins. „Árið mun einkennast af áherslum sem snúa að því að efla fyrirtækjamenninguna, að öðlast jafnlaunavottun og vinna að innleiðingu á mannauðskerfi, launakerfi og mælingum er snúa að heilbrigði mannauðs." Elísabet Allwood hóf störf hjá Steypustöðinni fyrir tæplega tveimur árum og starfar sem framkvæmdastjóri fjármála. Hún segir starfið vera virkilega fjölbreytt og snúast um að hafa yfirsýn yfir alla þá þætti sem lúta að fjármálum fyrirtækisins. „Í upphafi árs 2019 sameinuðum við fimm félög í tvö, Steypustöðina og Hólaskarð, en það síðarnefnda er dótturfélag Steypustöðvarinnar. Slíkum sameiningum fylgja ýmsar krefjandi og skemmtilegar áskoranir.

Steypustöðin starfar á spennandi og áhugaverðum markaði. Það er góð og heilbrigð samkeppni til staðar og aukin krafa um umhverfisvænni afurðir til byggingarframkvæmda sem við fögnum mjög á sama tíma og það er verðugt verkefni að leysa."

Leiðandi fyrirtæki með nýjungar á markaði

„Félagið vill vera þekkt fyrir að vera framsækið og leiðandi í að koma með nýjungar á markaðinn. Nýlega höfum við sölu á steypunemum, sem er algjör bylting á steypumarkaðnum. Steypunemarnir gera aðilum kleift að fylgjast með hita og styrk steypunnar í rauntíma á meðan steypan harðnar. Nemunum er komið fyrir inni í steypunni og allt fer í gegnum snjallsímann í rauntíma. Appið greinir síðan og spáir fyrir um framþróun steypunnar. Það sem þetta þýðir er að þú veist nákvæmlega hvenær þú ert kominn með nægan styrk til að taka næsta skref. Veður á Íslandi er síbreytilegt og ómögulegt að vita hvað er að gerast í miðri steypunni. Þessi tækni mun auka gæði bygginga á Íslandi til muna og getur flýtt verulega fyrir framkvæmdum. Steypustöðin leggur mjög mikið upp úr þjónustu við viðskiptavininn, gæði afurðarinnar sem við seljum og umhverfismálin. Steypunemarnir passa vel inn í þá stefnu þar sem þeir eru aukin þjónusta við viðskiptavininn og hámarka gæði afurðarinnar. Einnig hefur verið aukin áhersla á að þétta vöruúrvalið með vörum sem styðja hver við aðra, t.a.m. með sölu á blómapottum, skrautmöl og öðrum tengdum vörum til að styðja við hellusöluna þannig að við getum boðið upp á heildstæðari lausnir fyrir garðinn. Við einblínum á að þétta vöruúrvalið til að auka þjónustu við viðskiptavininn. Þar að auki er mikil áhersla lögð á umhverfismálin og hefur sú áhersla áhrif á allt vöruframboð okkar og rannsóknar- og þróunarstarf."

> **Starfsandinn hjá Steypustöðinni einkennist af metnaði og áhuga starfsmanna til að gera betur. Í öllum deildum félagsins fáum við fullt af áhugaverðum hugmyndum frá okkar starfsfólki sem oft leiða til umbótaverkefna.**

Vilja sjá fleiri konur sækja um störf hjá Steypustöðinni

Aðspurðar segjast þær Sigríður og Elísabet hafa þá sýn að konur ættu almennt að vera viðsýnar þegar þær máta sig við hin ýmsu fyrirtæki og velta upp hvaða vinnustaðir gætu verið eftirsóknarverðir: „Það eru án efa mörg tækifæri fyrir konur í þeim geira sem almennt hefur verið talinn karllægur, hvort heldur sem er í almennum störfum sem og stjórnendastörfum. Við erum að sjá margar konur útskrifast úr verk- og tæknigreinum en sú aukning endurspeglast ekki í fjölbreytni umsókna til okkar hjá Steypustöðinni. Það er okkur ofarlega í huga að sjá fleiri konur sækja um tæknistörfin í framsæknu fyrirtæki eins og okkar. Reynslan sýnir að steypan frá Steypustöðinni hefur staðist tímans tönn með sóma en um það vitna fjölmargir ánægðir viðskiptavinir og yfir 3 milljónir rúmmetra af steinsteypu í íslenskum mannvirkjum. Steypustöðin hefur vaxið á síðastliðnum árum og úrvalið hefur aukist jafnt og þétt. Stærstu viðskiptavinirnir eru verktakar og einstaklingar í framkvæmdum. Uppistaðan í framleiðsluvörum fyrirtækisins er steypa í húsbyggingar og framleiðsla á forsteyptum einingum. Einnig er sala á gólffloti, mynsturSteypu, hellum, hleðslusteinum, ruslatunnuskýlum og öðrum garðlausnum ásamt því að Steypustöðin starfrækir múrverslun fyrir fagaðila. Að lokum er það síðan námureksturinn sem framleiðir fylliefni fyrir steinsteypu og aðra almenna verktakastarfsemi."

Metnaðarfullur starfsandi

„Starfsandinn hjá Steypustöðinni einkennist af metnaði og áhuga starfsmanna til að gera betur. Í öllum deildum félagsins fáum við fullt af áhugaverðum hugmyndum frá okkar starfsfólki sem oft leiða til umbótaverkefna. Allt er það með að leiðarljósi að skila betri þjónustu, bættri vöru og nýjungum í vöruframboði og framleiðsluaðferðum. Í dag vinna 13 konur hjá fyrirtækinu sem er einungis 5% af heildarfjölda starfsmanna. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn er aftur á móti 30%. Við erum stöðugt að leita fleiri kvenna þegar við auglýsum störf hjá okkur en fram að þessu hafa konur sótt um og verið ráðnar í skrifstofustörf, öryggismál, verkefnastjórastörf, tækniteiknun, umsjón mötuneyta og framkvæmdastjórn."

Sífellt fleiri tækifæri í sjávarútvegi

Mikilvægt er að stuðla að fjölbreytileika innan greinarinnar og ólíkur bakgrunnur, menntun og reynsla skiptir miklu máli fyrir framþróun. Ungar konur hafa verið að koma sterkar inn í fagið.

Sífellt fleiri konur laðast að sjávarútvegi, sér í lagi að frumkvöðlagreinum. Við sjáum ungar konur koma sterkar inn líka og það lofar einstaklega góðu," segir Agnes Guðmundsdóttir, formaður Félags kvenna í sjávarútvegi. Félagið er mikilvægt fyrir margar sakir en megintilgangur þess er og hefur verið, allt frá stofnun árið 2013, að búa til vettvang fyrir konur í sjávarútvegi til að bera saman bækur sínar og tengjast. „Til að standa undir núverandi lífsgæðum þarf að auka útflutning frá Íslandi verulega og undanfarið ár hefur minnt okkur hressilega á hvað við stöndum veikum fótum sem samfélag þegar ferðaþjónustan, ein stoðin af þremur, á undir högg að sækja vegna heimsfaraldurs. Þetta skerpir á hvað sjávarútvegur er okkur mikilvæg atvinnugrein. Hún er ein undirstaða þeirra lífsgæða sem við viljum búa við og geta skilað af okkur til komandi kynslóða," segir Agnes.

Hún segir að þó svo konur hafi hingað til verið færri en karlar í greininni horfi nú sannarlega til betri vegar og bendir á að vel sé hægt að brjóta á bak aftur gömul gildi og ímyndir á borð við þá karllægu slagsíðu sem hefur verið á sjávarútvegi. „Það er stundum

Agnes Guðmundsdóttir, formaður Félags kvenna í sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eins og þeir mýmörgu möguleikar sem felast í greininni séu ekki kynntir konum nægilega vel. Í hugum margra er sjávarútvegurinn eyrnamerktur hinni rótgrónu hugmynd um sjómanninn og fiskvinnsluna. Með því að skapa vettvang eins og okkar erum við að gera atlögu að þessum staðalímyndum, því raunin er sú að það er svo miklu meira á bak við greinina og pláss fyrir alls konar fólk með fjölbreyttan bakgrunn, ólíka menntun og reynslu. Og við sjáum mikilvægi félagsins kristallast meðal annars í að hlutur kvenna í geiranum er að aukast. Öll þessi skref eru í rétta átt. Það eru til dæmis ekki lengur aðeins karlar sem sækja um í sjávarútvegsfræði, yngri konur sækja æ meira í greinina og konur eru að láta til sín taka í frumkvöðlagreinunum. Þetta hefur áunnist með því að tala saman, skapa fyrirmyndir og ekki síst tengsl."

Þurfum að auka hlut kvenna í áhrifastöðum í sjávarútvegi

Agnes undirstrikar að tengslanetið sé eitt mikilvægasta tólið í að koma konum áfram innan greinarinnar. „Raunin er sú að karlmenn eru fleiri í þessari atvinnugrein og það er að miklu leyti þannig fyrir tilstuðlan tengslanetsins. Við létum gera rannsókn fyrir okkur árið 2017 þar sem kom í ljós að tengslanet skiptir gríðarlega miklu máli við ráðningu. Því liggur beinast við að efla tengslanetið okkar enn frekar, bæta við og þétta. Þannig getum við haft áhrif á ímyndina og haldið áfram að kynna möguleikana fyrir konum og sér í lagi ungu konunum sem eru virkilega opnar fyrir nýjum hugmyndum," segir Agnes ákveðin.

„En sömuleiðis skipta fyrirmyndirnar máli og við sjáum að fleiri konur vantar í áhrifastöður í efsta lagi fyrirtækja. Það er sannarlega ekki skortur á frambærilegum konum á Íslandi, en við þurfum að auka hlut þeirra í áhrifastöðum í sjávarútvegi og þær sem þar eru hvetjum við til að vera sýnilegar og fyrirmyndir. Það skiptir höfuðmáli fyrir framtíð greinarinnar," segir Agnes full bjartsýni í lokin.

Isavia er stolt af þátttöku sinni í **Jafnvægisvog FKA** sem miðar að því að jafna hlut kynjanna í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja á Íslandi. Nú er meirihluti æðstu stjórnenda Isavia og dótturfélaga konur.
Lendum jafnréttinu af öryggi!

isavia

FKA

Vilt þú vera partur af hreyfiafli kvenna í íslensku atvinnulífi?
Skráning á **WWW.FKA.IS**

FKA er dásamlegur félagsskapur

Árið 1997 tók Ása Björk Sigurðardóttir að sér að koma Praxis á markað á Íslandi en hún rak Friendtex tískufatnað í mörg ár með góðum árangri. „Þetta voru heimakynningar og það var ótrúlega skemmtilegt að kynnast þessum góðu konum. Það var síðan árið 2003 sem ég keypti Praxis, sem var mitt gæfuspor. Þá var Praxis í leiguhúsnæði en við festum fljótlega kaup á húsnæði í Faxafeni 10 þar sem við höfum komið okkur vel fyrir," segir Ása Björk, eigandi Praxis og Friendtex á Íslandi.

„Praxis er með ótrúlega góðar, fallegar og vandaðar vörur. Praxis hefur háan gæðastaðal sem vörumerkið er þekkt fyrir. Praxis er aðili að Global Compact, Okotex 100, sem er trygging fyrir því að efnið sem notað er í fatnaðinn er ekki skaðlegt heilsu notandans.

Ása Björk Sigurðardóttir rekur Praxis og Friendtex. MYND/SILLAPÁLS

„Með árunum hefur átt sér stað skemmtileg þróun hjá fyrirtækinu og nú seljum við fallegan vinnu- og frístundafatnað víða á Íslandi.

Slagorð fyrirtækisins er: Praxis þegar þú vilt þægindi," segir Ása.

„Það er skemmtilegt frá því að segja að Praxis varð til af því að í Friendtex-vörulistanum var þægilegur bómullargalli og í framhaldi komu margar pantanir frá tannlæknastofum í Noregi. Praxis og Friendtex eru með höfuðstöðvar í Herning í Danmörku. Það vantaði fyrirtæki sem seldi fallegan og endingargóðan vinnufatnað fyrir heilbrigðisstofnanir. Praxis var stofnað árið 1995 og selur í dag fatnað og skó í tíu löndum.

Með árunum hefur átt sér stað skemmtileg þróun hjá fyrirtækinu og nú seljum við fallegan vinnu- og frístundafatnað víða á Íslandi, má þar nefna, sjúkrahús, öldrunarstofnanir, tannlæknastofur, rannsóknarstofur, snyrtistofur, fótaaðgerðastofur, mötuneyti og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ásamt því eru margar einkareknar stofnanir sem versla við fyrirtækið. Ég er þakklát fyrir viðskiptavini mína sem eru allir frábærir. Ég held, svei mér þá, að ég eigi bestu viðskiptavinina á Íslandi," segir Ása Björk brosandi, sem hlakkar til komandi ára með Praxis.

Opin landamæri fyrir þekkingarflæði

Hulda Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Itera, 30 ára samskipta- og tæknifyrirtækis sem er skráð í norsku kauphöllina.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Osló en auk þess eru skrifstofur í Reykjavík, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Kiev og Bratislava. Allt í allt starfa um 500 manns hjá Itera og er Hulda Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá fyrirtækinu. „Við erum sérfræðingar í að skapa sjálfbær og stafræn viðskipti en viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki sem ná fram markmiðum sínum með snjallri samskipta- og tækninotkun."

Undanfarin fimm ár hefur Itera verið á lista yfir mest nýskapandi fyrirtæki Noregs, þvert á atvinnugreinar. „Við vinnum að ólíkum verkefnum fyrir fjölda alþjóðlegra fyrirtækja í öllum helstu atvinnugreinum. Mörg þessara fyrirtækja eru meðal þeirra fremstu í heiminum í ólíkum greinum, en þar má t.d. nefna fyrirtæki í bankastarfsemi og tryggingum, í heilbrigðisgeiranum, í sjávarútvegi, í þjónustu og smásölu, orku- og veitufyrirtæki auk opinberra stofnana og fyrirtækja."

„Við vinnum að ólíkum verkefnum fyrir fjölda alþjóðlegra fyrirtækja í öllum helstu atvinnugreinum," segir Hulda Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Itera. MYND/ÁSTA KRISTJÁNS

Stórt jákvætt skref

Hulda segir að í efnahagsþrengingum og tæknibyltingu, sem við stöndum nú frammi fyrir, sé ljóst að nútímasamfélög muni taka gríðarlegum breytingum á komandi árum og áratugum. „Efnahagslegur grunnur ríkja og velsæld þeirra mun enn fremur grundvallast í vaxandi mæli á hugviti, þekkingu, nýsköpun og tækni."

Ein af helstu áskorunum Íslands sem samfélags í viðspyrnu eftir heimsfaraldur, að hennar mati, er að mikill skortur er á tæknimenntuðu fólki á ákveðnum sérsviðum. „Fjölbreytni verður lykilatriði til að ná árangri, vegna þess að við erum ekki eingöngu í samkeppni við aðrar þjóðir um sölu á því sem hér er framleitt, heldur líka um hæfileikaríkt fólk."

Hulda segir stórt jákvætt skref hafa verið stigið með breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017. Hún gerir erlendum ríkisborgurum, frá ákveðnum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), mögulegt að dvelja á Íslandi í allt að sex mánuði og stunda vinnu sína hjá erlendum fyrirtækjum í fjarvinnu. „Mér finnst lagabreytingin jákvæð og nýtt kynningarátak þessu tengt, sem heitir Work in Iceland, vera mjög flott og lofa góðu. Nú þarf að taka næsta skref og gera umsóknarferlið einfalt því það er þungt í vöfum, sérstaklega þegar horft er til þess að við erum að tala um mannauð."

Þurfum gott fólk

Hún tekur sem dæmi starfsmann fyrirtækisins í Úkraínu sem býr yfir eftirsóttri sérþekkingu. „Starfsmaðurinn vinnur í því alla daga að leita sér að tækifærum fyrir sig og fjölskyldu sína og endar annars staðar ef ferlið er ekki notendavænt hér á landi. Auðvitað væri best ef ferlið væri rafrænt og notendamiðað. Hver aukadagur sem það tekur að átta sig á þessu umsóknarferli er tapað tækifæri til að laða að hæft fólk með rétta færni fyrir íslenskt atvinnulíf. Við þurfum sannarlega á fjölbreyttu fólki að halda til að taka þátt í nýsköpun og verðmætasköpun sem er okkur til góðs."

Endalaus tækifæri og atvinnumöguleikar

Á 30 ára starfsferli sínum sem kerfisfræðingur hefur Svava Garðarsdóttir tekist á við ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Á þeim tíma hefur hún fengið góða innsýn í ólíkar atvinnugreinar og einstaka hluta þeirra, t.d. fiskútflutning, fjármálabókhald, afgreiðslukerfi verslana og lagerrekstur, svo eitthvað sé nefnt, en undanfarin sjö ár hefur hún starfað hjá RB. „Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um tölvunarfræði er fjölbreytileikinn. Þú ert í rauninni ekki að takmarka þig við einn afmarkaðan geira því að tölvur eru notaðar við allt, alls staðar. Þannig eru tækifærin endalaus." Eitt af uppáhaldsverkefnum hennar var t.d. í fluggeiranum en þar kynntist hún flugvélaviðhaldi mjög vel þegar hún skrifaði kerfi sem hélt utan um varahluti í flugvélar og gaf til kynna viðhaldstíma þeirra út frá flugtímum.

Mjög fjölbreytt fag

Tölvunarfræðin er mjög fjölbreytt fag þar sem sviðin eru mörg að sögn Svövu. „Þetta snýst ekki eingöngu um forritun eina og sér, heldur er hönnun líka ríkur þáttur, bæði kerfishönnun og svo viðmótshönnun, greining og prófanir svo eitthvað sé nefnt. Þannig er hægt að fara út í ýmsa sérhæfingu kjósi maður slíkt."

Hún segir atvinnumöguleikana vera mjög góða, eftirspurnin hafi verið mikil og sér ekki fyrir endann á því. „Þá er líka rétt að minnast á launin, sem eru vel yfir meðallagi góð. Ef við drögum þetta aðeins saman þá ættu þeir sem eru lausnamiðaðir og finnst gaman að leysa fjölbreyttar þrautir og fá sæmilega vel greitt fyrir það svo sannarlega að leiða hugann að tölvunarfræði."

Svava Garðarsdóttir er kerfisfræðingur hjá RB. MYND/AÐSEND

Góð fyrirmynd

Það er greinilegt að Svava kann vel við sig í starfi kerfisfræðings því áhugi hennar og eldmóður hefur heldur betur smitað út frá sér. „Það er gaman að segja frá því að bæði systurdóttir mín og dóttir hafa leiðst út í þennan geira og eru báðar tölvunarfræðingar. Dóttir mín fullyrðir að ég hafi verið hennar helsta fyrirmynd þegar kom að því að velja nám. Reyndar er pabbi hennar líka kerfisfræðingur svo að blessað barnið átti ekki undankomu auðið. Hún tók þetta inn með móðurmjólkinni og hefur hlustað á „úrlausn vandamála" við kvöldverðarborðið alla sína tíð og nú er hún sjálf komin í lausnahópinn. Þar með er ekki allt upptalið því maður hefur einnig orðið þess valdandi að bæði tengdasonur og mágur leiddust út á þessa braut."

RB er skemmtilegur vinnustaður að sögn Svövu og andrúmsloftið er mjög gott. „Ég myndi eiginlega segja að það sé bæði vinalegt og heimilislegt, þrátt fyrir að fjöldi starfsmanna sé á annað hundrað. RB er sneisafullt af snillingum með sérfræðiþekkingu, hvort sem um er að ræða tæknilegs eða fjármálalegs eðlis. Það er gott að leita til samstarfsfólks og allir eru boðnir og búnir til að ausa úr viskubrunni sínum."

Mikil eftirspurn eftir hágæða vörum

Karin Kristjana Hindborg varð vör við mikla eftirspurn eftir hágæða vörum á Íslandi og jafnframt netverslun. Hún opnaði því netverslun árið 2014 og síðan verslun sem er staðsett í Ármúla 38.

Við flytjum inn okkar merki sjálf og þau eru öll „cruelty free“ og vegan. Við einblínum á að flytja inn vörur sem eru með einhverja sérstöðu og fást ekki annars staðar á Íslandi. Náttúrulegar lífrænar vörur og vörur með virk innihaldsefni eru áberandi hjá okkur. Við skoðum vel sögu hvers merkis, hvar varan er framleidd og hvort stefna merkisins sé í takt við okkar stefnu. Þessi snyrtivörubransi er í stöðugri þróun en neytandinn er orðinn kröfuharðari á vörur og gæði innihalds. Við erum á góðri leið með að verða ein stærsta verslun í Skandinavíu sem selur einungis „cruelty free“ snyrtivörur.

Það er nokkuð jafnt yfir heildina hvaða vörur eru vinsælastar en gjarnan árstíðatengt. Húðvörur, eins og serum og maskar, hafa selst vel nú á Covid-tímum. Viðskiptavinir okkar vilja vörur sem virka og eru án þekktra, skaðlegra innihaldsefna.“

Karin Kristjana Hindborg er stofnandi og eigandi Nola. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Húðvörur, eins og serum og maskar, hafa selst vel nú á Covid-tímum. Viðskiptavinir okkar vilja vörur sem virka og eru án þekktra, skaðlegra innihaldsefna.

Nýtt og spennandi merki

Karin Kristjana segir að í febrúar taki Nola inn nýtt merki sem heitir Lixir Skin. „Vörurnar eru hannaðar af Colette, sem er með doktorsgráðu í lyfjafræði og með áherslu á húð. Hún hefur þróað ógrynni af húðvörum fyrir mörg snyrtivörumerki á markaðnum og það eru miklar líkur á að við séum með einhverjar af hennar formúlum inni á baðherberginu okkar. Colette vildi gera sína eigin línu og hafa hana einfalda en breiðvirka. Við erum ótrúlega spennt að bjóða upp á Lixir Skin Nola.

Flestir viðskiptavina okkar eru á aldrinum 20–50 ára og eiga það sameiginlegt að vilja fá persónulega þjónustu, gæðavörur og fræðslu. Við erum komnar með stóran hóp af vinum Nola sem kemur reglulega til okkar og það er óendanlega dýrmætt. Einnig er ótrúlega gaman að strákarnir eru orðnir mun duglegri að láta sjá sig og fræðast meira um húðvörur.“

Voru mjög fljót að fá jafnlaunavottun

Rubix á Íslandi er hluti af stærsta sölu- og dreifingaraðila Evrópu á iðnaðar- og rekstrarvörum. Þar er lögð mjög mikil áhersla á jafnrétti og samfélagslega ábyrgð.

Rubix á Íslandi hóf starfsemi árið 2007 og er hluti af evrópsku keðjunni Rubix Group, sem er stærsti sölu- og dreifingaraðili Evrópu á iðnaðar- og rekstrarvörum. Fyrirtækið er með starfsemi í 22 löndum, hefur yfir 8.500 starfsmenn og árið 2019 var veltan rúmlega 2,5 milljarðar evra.

„Hér heima eru alls 35 starfsmenn á tveimur starfsstöðvum. Önnur er á Reyðarfirði og þjónustar starfsemi Alcoa Fjarðaáls og hin er á Dalvegi í Kópavogi, en þar er verslun, vöruhús og verkstæði,“ segir Brynja Vignisdóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Rubix.

„Við höfum aðgang að sérfræðingum, vöruhúsum og birgjum Rubix um alla Evrópu og getum nýtt þennan aðgang þegar kemur að sölu varahluta, viðgerðarþjónustu, iðnaðarsjálfsölum, tækniaðstoð og öðru,“ segir Brynja. „Við erum líka stöðugt að bæta vefverslunina okkar og stefnum á að bjóða upp á meira úrval af rekstrar-og iðnaðarvörum en áður hefur sést á Íslandi.“

Brynja Vignisdóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Rubix. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jafnræði hentar öllum

„Við fengum jafnlaunavottun árið 2018 og höfum viðhaldið henni síðan. Fljótlega eftir að Alþingi setti lög um jafnlaunavottun árið 2017 urðum við staðráðin í að fá vottunina sem fyrst, þrátt fyrir að við þyrftum ekki að vera búin að því fyrr en árið 2022. Okkar stærstu viðskiptavinir voru að fara í þetta ferli á sínum tíma og það var bara ekki eftir neinu að bíða,“ segir Brynja. „Við erum sannfærð um að jafnlaunavottun geri Rubix Ísland að enn eftirsóknarverðari vinnustað þar sem jafnrétti og jafnræði ríkir og einnig að eftirsóttum samstarfsaðila fyrir bæði núverandi og tilvonandi viðskiptavini.

Okkur finnst líka mikilvægt að vinna að sjálfbærni og sýna samfélagslega ábyrgð í verki,“ segir Brynja. „Rubix Group er búið að skuldbinda okkur til að stuðla að velferð samfélags og umhverfis í heildarstefnu fyrirtækisins og er það staðfest með úttekt EcoVadis, sem gaf okkur silfureinkunn á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Jafnframt hefur Rubix Ísland skrifað undir viljayfirlýsingu við Markaðsstofu Kópavogs þess efnis að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu okkar og daglegan rekstur.“

Vefverslun Rubix er að finna á slóðinni: is.rubix.com.

EXTRA loppan

Bókaðu bás á www.extraloppan.is

GEFÐU HLUTUNUM NÝTT LÍF

fatnaður & fylgihlutir
húsbúnaður
hönnunarvara o.fl

FKA

Vilt þú vera partur af hreyfiafli kvenna í íslensku atvinnulífi?

Skráning á WWW.FKA.IS

DOMUSNOVA KYNNIR
MEÐ STOLTI OKKAR KONUR
Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

Bergþóra Lárusdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 895 3868
bergthora@domusnova.is

Ingunn Björg Sigurjónsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 856 3566
ingunn@domusnova.is

Vilborg Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 891-8660
vilborg@domusnova.is

Nadia Katrin Banine
Löggiltur Fasteignasali
S: 692 5002
nadia@domusnova.is

Þórey Thorlacius
Skrifstofustjóri
thorey@domusnova.is

Kristín Einarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 894-3003
kristin@domusnova.is

Bergrós Hjálmarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 893 9381
bergros@domusnova.is

Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
S: 821-6610
gudny@domusnova.is

LÁTTU FAGKONUR SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

BRIM

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

FKA VIÐKURKENNINGARHÁTÍÐ 2021 Í KVÖLD KL. 21.00

Viðurkenningarhátíð FKA verður sýnd á Hringbraut í kvöld kl. 21.00 í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Huldu Bjarnadóttur.

Veittar verða þrjár viðurkenningar til kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd.

FKA Viðurkenning

FKA Þakkarviðurkenning

FKA Hvatningarviðurkenning

SJÓVÁ Íslandsbanki FKA HRINGBRAUT

Jafnrétti ekki lengur val

Samtök atvinnulífsins líta á jafnréttismál í víðu samhengi. Af ýmsu er að taka enda margir þættir sem hafa áhrif á stöðu ólíkra hópa á vinnumarkaði. Fagna má til dæmis lengingu fæðingarorlofs.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa sett jafnréttismál á vinnumarkaði á oddinn undanfarið. Málaflokkurinn er flókinn. Fjölmargir þættir hafa áhrif á jafna stöðu ýmissa hópa í atvinnulífinu. SA hafa því leitað fjölbreyttra leiða til að stuðla að þróun í rétta átt.

„Jafnrétti kynjanna er sennilega það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar jafnréttismál ber á góma," segir Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði SA. „Þar viljum við sjá enn betri árangur. Þó að margir sigrar hafi unnist á síðustu árum er enn nokkuð í land."

Jafnréttismál eru alls konar

„Við höfum tamið okkur að líta á jafnréttismál í víðu samhengi. Þannig snúa sum verkefni að vitundarvakningu um ákveðin mál á meðan önnur snúast frekar um breytingar á lögum og regluverki, breytingum á grunnþjónustu samfélagsins eða hvatningu til fyrirtækja, fyrir það sem vel er gert. Við stöndum frammi fyrir margþættum vanda og við þurfum fjölbreytt verkfæri til að takast á við hann."

Sem dæmi nefnir Ingibjörg áherslur SA í menntamálum. „Við höfum bent á mikilvægi þess að dagvistunarbilið sé brúað þannig að öllum börnum sé tryggð dagvistun frá því að fæðingarorlofi lýkur. Eins er mikilvægt að skoða sumarfrí í íslenskum grunnskólum sem eru hreinlega ekki í takti við það sem sést í nágrannalöndunum. Íslendingar hafa fríin mun lengri. Það getur bitnað á framvindu náms barnanna og skapar auk þess vandræði fyrir foreldrana. Álagið sem því fylgir virðist svo oftar lenda á mæðrum," segir Ingibjörg.

„Okkar hlutverk er ekki síst að halda uppi umræðunni um þessi mál og minna stöðugt á hvað þarf að bæta. Við þurfum alltaf að vera að horfa á jafnréttismálin."

Jafnrétti og fæðingarorlof

Ingibjörg segir það ekki einkamál atvinnurekenda, einstaklinga eða opinberra aðila að vinna að auknu jafnrétti á vinnumarkaði. Það þurfi samstillt átak. Nauðsynlegt sé að nálgast málaflokkinn úr öllum áttum.

„Nýlegt dæmi um jákvætt skref í þessum efnum er lenging fæðingarorlofs í tólf mánuði og þær breytingar sem voru gerðar þar," segir Ingibjörg, en nú um áramótin var fæðingarorlofið lengt í tólf mánuði. Sú breyting varð samhliða að sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig er nú sex mánuðir en foreldri er heimilt að framselja hinu allt að sex vikur af sínu orlofi.

Ýmis samtök gagnrýndu þetta fyrirkomulag og vildu meiri sveigjanleika í því hvernig foreldrarnir gætu skipt orlofinu á milli sín. Þessu vöruðu Samtök atvinnulífsins við og vísuðu í rannsóknir sem sýna fram á að því meira sem foreldrar geta skipt fæðingarorlofinu sín á milli, því meiri hætta sé á að það halli á konur á vinnumarkaði.

„Ég skil það afar vel að þessi breyting hafi truflað einhverja. Þetta gengur á margan hátt gegn okkar gildum um það að einstaklingar ættu að hafa val um ráðstöfun á rétti sínum. Hér er hins vegar verið að nálgast afar mikilvægt samfélagslegt verkefni, þróun sem þarf að verða yfir tíma. Við höfum litla hreyfingu séð á síðustu árum og okkar mat á þessum tímapunkti var að þetta væri rétt leið þó að sú ákvörðun hafi ekki verið einföld," segir Ingibjörg.

„Við höfum lagt áherslu á að jafnréttismálin og samfélagsábyrgð séu ekki lengur gæluverkefni eða markaðsaðgerðir," segir Ingibjörg Ösp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rannsóknir hér innanlands og utan sýna það greinilega að tilhneigingin sé sú að konur taki lengra fæðingarorlof ef þær geta. „Það verður til þess að við lendum í einhvers konar spíral þar sem við viðhöldum þessum launa- og stöðumismun kynjanna þegar karlarnir fá lengri tíma á vinnumarkaði," útskýrir hún.

Hamlandi aðgerðir nauðsynlegar

„Þó við styðjum nú sjaldnast íþyngjandi aðgerðir sem fela í sér hömlur og þvinganir þá teljum við í þessu tilfelli að það hafi þurft að draga úr valfrelsinu sem hefur verið. Það er einfaldlega ekki hægt að horfa fram hjá því að það hefur þurft lagasetningu til að ná árangri í þessum jafnréttisverkefnum, eins grátlegt og það nú er," heldur hún áfram.

Ingibjörg segir eitt besta dæmið um þetta lög um kynjakvóta í stjórnum, sem ná til þeirra fyrirtækja sem eru með fimmtíu starfsmenn eða fleiri. Í nýlegri samantekt SA má sjá þann árangur sem lögin hafa skilað. „Við sjáum það mjög greinilega að samsetningin á þessum stjórnum er orðin allt, allt önnur. Og þar sem lögunum sleppir, það er að segja hjá fyrirtækjum sem eru með færri en fimmtíu starfsmenn, þar sjáum við að samsetning stjórnanna breytist aftur til baka."

Jafnrétti fyrir alla

En jafnrétti snýst ekki einvörðungu um jafnrétti kynjanna. Ingibjörg segir að þó kynjajafnrétti sé oftast í brennidepli, og það eflaust réttilega, þurfi einnig að huga að jafnrétti annarra hópa á vinnumarkaði. „Við viljum nálgast jafnréttismálin heildstætt og höfum því einnig verið að horfa á þau út frá byggðamálum, réttindum fatlaðra og því sem snýr að ólíkum aldurshópum."

Þannig tala SA fyrir sveigjanleika í tengslum við starfslok og auknum tækifærum fyrir fatlaða á vinnumarkaði. „Okkar sýn á þetta er sú að atvinnulífið eigi verkefni fyrir alla. Við þurfum á öllum vinnufærum höndum að halda í íslensku atvinnulífi," segir Ingibjörg. „Þetta snýst um réttindi og velferð einstaklingsins en líka atvinnulífsins. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að hafa jöfn tækifæri og sjá til þess að allir geti nýtt krafta sína."

Ekki lengur bara gæluverkefni

Það gagnist fyrirtækjum í landinu ekki síður vel: „Við sjáum það greinilega að þau fyrirtæki sem huga vel að jafnréttismálum, samfélagsábyrgð og fjölbreytileika innan fyrirtækisins, þeim gengur yfirleitt betur og vegnar vel í sínum rekstri," segir Ingibjörg.

„Við höfum lagt áherslu á að jafnréttismálin og samfélagsábyrgð séu ekki lengur gæluverkefni eða markaðsaðgerðir. Þetta eru hreinar efnahags- og rekstrarákvarðanir innan fyrirtækja. Ég held að vitund um það sé að aukast hratt þó okkur finnist þetta taka meiri tíma en það ætti að gera," segir hún.

Ingibjörg kveðst þó bjartsýn á að meiri árangur náist í málaflokknum á næstu árum. „Óskastaðan er auðvitað sú að við komumst á þann stað að við þurfum ekki að nýta okkur lagasetningar og þvingandi aðgerðir til að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði. En við erum ekki komin þangað enn og á meðan svo er þá höldum við áfram að beita okkur fyrir umbótum á öllum þessum ólíku sviðum til að ná markmiðinu um aukið jafnrétti."

Andrea Lilja Ottósdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, og Sonja M. Scott, mannauðsstjóri CCEP á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Velferð starfsmanna sett í forgrunn

Jafnréttismál eru samofin stefnu CCEP og frá 2019 hefur helmingur æðstu stjórnenda fyrirtækisins verið konur. Háleit markmið fyrir framtíðina í jafnréttismálum og velferðarmálum.

Við erum heppin að vera hluti af stóru alþjóðlegu fyrirtæki sem setur jafnrétti og velferð starfsmanna í forgrunn," segir Sonja M. Scott, mannauðsstjóri CCEP á Íslandi. „Jafnréttismál eru samofin stefnu CCEP og frá 2019 hefur helmingur æðstu stjórnenda fyrirtækisins verið konur. Við horfum jafnframt á jafnréttismál í víðara samhengi og leggjum mikla áherslu á velferðarmál. Síðasta ár reyndi mikið á jafnvægi milli einkalífs og vinnu vegna Covid-19 og allt starfsfólk okkar þurfti að breyta einhverju; vinnutíma, vinnustað og/eða jafnvel taka önnur verkefni að sér. Oft og tíðum urðu skilin á milli heimilis og vinnu óskýr og á sama tíma var árið krefjandi með tilliti til andlegrar líðanar vegna óvissu í tengslum við faraldurinn."

„Til þess að hlúa að starfsmönnum í þessu ástandi héldum við sérstakar vinnustofur þar sem farið var yfir andlega líðan, orku og streitustjórnun og hvernig hægt væri að koma á betra jafnvægi," segir Andrea Lilja Ottósdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, en rúmlega 90% starfsfólks af öllum sviðum tók þátt í vinnustofunum. „Mikil áhersla var lögð á að fá sem flesta inn á stofurnar, hvort sem það voru sölumenn á landsbyggðinni, skrifstofufólk eða starfsfólk í verksmiðjunum. Með þessu náðum við að hvetja fólk til þess að vera vakandi fyrir eigin líðan og tileinka sér nýjar venjur til að hlúa að jafnvægi og draga úr streitu."

Sonja bætir við að einnig hafi verið haldnar sérstakar vinnustofur fyrir stjórnendur: „Þær snerust um að hjálpa þeim að koma auga á líðan sinna starfsmanna og opna á samtal um andlega líðan. Það er jafnréttismál að geta verið maður sjálfur í vinnunni. Það á ekki að vera feimnismál ef manni líður ekki vel."

> **Sjálfbærnistefna CCEP nær ekki bara yfir umhverfismál heldur einnig jafnréttismál og hegðun fyrirtækisins gagnvart samfélaginu.**

Ráðgjafarþjónusta á móðurmálinu

„Í maí í fyrra settum við jafnframt í loftið ráðgjafarþjónustu í gegnum CCEP, sem allt starfsfólk getur hringt í nafnlaust til að fá ráðgjöf sér að kostnaðarlausu, hvort sem er fjármálaráðgjöf eða sálfræðitímar, svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að fá ráðgjöfina á öllum tungumálum, þannig getur starfsmaður fengið þjónustu á sínu móðurmáli. Okkur finnst mikilvægt að horfa á jafnrétti í víðara samhengi en bara milli kynja, sem þó er ávallt í brennidepli," segir Sonja.

„Við erum með háleit markmið fyrir framtíðina í jafnréttismálum og þar með í velferðarmálum. Við viljum gera enn betur gagnvart starfsmönnum okkar af erlendum uppruna og erum sífellt að leita leiða í þeim efnum. Við eigum enn nokkuð eftir áður en við náum jafnvægi í kynjahlutfalli á ákveðnum sviðum hjá okkur."

Gott að gefa til baka

Sjálfbærnistefna CCEP nær ekki bara yfir umhverfismál heldur einnig jafnréttismál gagnvart samfélaginu öllu. „Starfsfólk CCEP fær tvo launaða daga á ári þar sem það getur unnið í sjálfboðaliðastarfi. Þannig getur það gefið af sér til samfélagsins. Sem dæmi tók starfsfólk þátt í starfi Píeta samtakanna og Fjölskylduhjálpar Íslands á síðasta ári. Það var einróma álit allra að reynslunni lokinni að störfin hafi opnað augu og gefið þeim sjálfum margfalt til baka."

FASTEIGN Á SPÁNI

ER LJÚFUR LÍFSSTÍLL FYRIR
Golfara og göngufólk
Hlaupara og hjólreiðafólk
Matgæðinga og FKA konur
Og alla hina sem vilja njóta lífsins
Í sól og blíðu allt árið
Út af fyrir sig eða
Með fjölskyldu og vinum

Aðalheiður Karlsdóttir,
löggiltur fasteignasali hjá Spánareignum
Veitir persónulega og góða þjónustu
Við val á réttu eigninni
Yfir 20 ára reynsla af sölu fasteigna á Spáni til Íslendinga
Tryggir þekkingu, reynslu og öryggi

Skoðið úrvalið á www.spanareignir.is
Sendið fyrirspurn á adalheidur@spanareignir.is

SPÁNAREIGNIR
Traust þjónusta frá 2001

ES&SY mynstraður peysujakki
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

ES&SY Maud skyrta
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY - Naftali peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY - Savannah peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY Zira kragabolur
Stærðir 36-46
Verð kr. 6.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE·ZE Nordic | OPHILIA

YEST - kjóll með blómamynstri
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980

YEST - „wrap around “, kjóll með pífukanti
Stærðir 36-48
Verð kr. 15.980

YEST - Ylona, kjóll með vösum
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980

YESTA - Addy kjóll með vösum
Stærðir 44-56
Verð kr. 11.980

BELIVE pelsfóðruð úlpa
Stærðir 40-52
Verð kr. 54.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana®

YESTA - Opin peysa með hringa mynstri
Stærðir 44-56
Verð kr. 8.980

Studio - langermakjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 13.980

Studio - Peysukjóll með löngum ermum
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

ROBELL Rose ökklabuxur
Stærðir 34-52
Verð kr.13.980

NAVIGAZIONE létt úlpa
Stærðir 40-60
Verð kr. 18.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Konur eru konum bestar

Hjá Fjárstoð starfar úrvals fagfólk sem klæðskerasníður þjónustu að viðskiptavinum á sviði bókhalds og starfsmannaráðgjafar. Konur eru þar í meirihluta og hlúð er að starfsfólkinu í hvívetna.

Frá vinstri eru Áslaug Hansen, sviðsstjóri launasviðs hjá Fjárstoð, Soffía Friðgeirsdóttir, eigandi og stjórnarkona, og Elísabet Einarsdóttir, ráðgjafi í mannauðsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjárstoð er góður vinnustaður. Við kappkostum að hafa gaman í vinnunni og erum stolt af fyrirtækjamenningunni okkar. Hún byggir á gildum fyrirtækisins, sem eru þekking, þjónusta og þægindi, en til að geta veitt góða þjónustu þarf starfsfólkinu að líða vel. Því hlúum við að fólkinu okkar með góðu atlæti í hvívetna, góðri aðstöðu, hreyfingu, góðu fæði, sveigjanlegum vinnutíma og samræmi á milli vinnu og einkalífs.“

Þetta segir Elísabet Einarsdóttir, ráðgjafi í mannauðsmálum hjá Fjárstoð. Fyrirtækið var stofnað árið 2001 og verður því tuttugu ára á árinu.

„Í upphafi voru starfsmenn einungis sex talsins en í dag starfar hjá Fjárstoð fimmtán manna samhentur hópur starfsfólks á öllum aldri, með fjölbreytta menntun og yfirgripsmikla reynslu úr atvinnulífinu. Stjórn og millistjórnendur eru að meirihluta konur og er Soffía Friðgeirsdóttir aldursforsetinn, 75 ára gömul. Hún er jafnframt annar eigandi Fjárstoðar, frábær fyrirmynd fyrir okkur konurnar og syndir enn heilan kílómetra á degi hverjum,“ segir Elísabet.

Hagstæð heildarþjónusta

Sérstaða Fjárstoðar felst í stærðinni sem og fjölbreytileika þjónustunnar sem fyrirtækið býður upp á, en það er heildstæð þjónusta sem felur í sér mikið hagræði fyrir viðskiptavini.

„Meginstarfsemin er bókhaldsþjónusta sem felur meðal annars í sér færslu bókhalds, skil á virðisaukaskatti, launaumsjón, reikningagerð og greiðsluþjónustu. Einnig gerð skattframtala, endurskoðun og gerð ársreikninga, ásamt ýmiss konar greiningu og starfsmannaráðgjöf, sem er nýjasti þjónustuþátturinn,“ upplýsir Elísabet um margþætta þjónustu Fjárstoðar sem hentar fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum upp í stór fyrirtæki sem staðsett eru víðs vegar um landið og jafnframt í útlöndum.

„Fjárstoð er persónulegt fyrirtæki sem tekur vel á móti viðskiptavinum sínum og hingað er gott að koma í kaffi. Við getum klæðskerasniðið þjónustuna að þörfum viðskiptavinanna, hvort sem það er Jói smiður með nóturnar sínar í rassvasanum eða stór og umsvifamikil fyrirtæki, og sama hvort það vantar alla þjónustuþættina eða bara einn.“

Undirstaðan er mannauður

Hjá Fjárstoð starfar úrvals starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn; rekstrarhagfræðingar, viðskiptafræðingar, viðurkenndir bókarar og almennir bókarar, sem og sérfræðingar í uppgjörsmálum og greiningum.

„Við leggum okkur fram við að veita úrvals fagþekkingu og persónulega þjónustu sem byggir á áratuga reynslu og metnaði okkar frábæra starfsfólks, enda hafa mörg fyrirtæki haldið mikilli tryggð við okkur til fjölda ára sem við erum afar þakklát fyrir,“ segir Elísabet.

Fram undan eru spennandi tímar hjá Fjárstoð.

„Við ákváðum að auka enn á þjónustuþættina og höfum nú bætt við mannauðsráðgjöf. Við bjóðum fyrirtækjum mannauðsstjóra til leigu í lengri eða skemmri tíma. Þjónustan miðast við þarfir viðskiptavina hverju sinni og getur verið allt frá ráðningum eða starfslokum, gerð starfslýsinga og samningagerð, markþjálfun eða lausn ágreiningsmála,“ útskýrir Elísabet sem er lærður markþjálfi og sáttamiðlari, og býr yfir mikilli reynslu og þekkingu í starfsmannastjórnun en hún starfaði áður í sextán ár sem framkvæmdastjóri starfsmannamála hjá Ölgerðinni og síðan hjá Íslandshótelum.

„Okkur líður mjög vel að geta boðið upp á þessa þjónustu. Hún mætir sérstaklega þörfum minni fyrirtækja sem eru ekki með mannauðs- eða starfsmannastjóra í fastri vinnu en þurfa á því að halda tímabundið. Það er mikilvægt fyrir öll fyrirtæki að hlúa að mannauð sínum. Hann er undirstaða fyrirtækisins og ef starfsfólk er ekki ánægt eða líður ekki vel í vinnunni hefur það bein áhrif á framleiðnina, fjarvistir aukast og afköstin minnka.“

Gengið í kringum Ísland

Samfélagsleg ábyrgð er í hávegum höfð hjá Fjárstoð.

„Við erum meðvituð um samfélagslegt hlutverk okkar og erum staðráðin í að leggja okkar af mörkum,“ segir Elísabet. „Eitt af því sem vinnustaðurinn hefur einbeitt sér að er heilsueflandi aðgerðir fyrir starfsfólk. Á döfinni er meðal annars fyrirlestur um heilsu, vellíðan og sjálfstraust, og í gangi er skemmtileg áskorun meðal starfsmanna sem felst í því að ganga hringinn í kringum landið.“

Áslaug Hansen, sviðsstjóri launasviðs er ein þeirra sem ganga nú hringveginn.

„Til þess notum við app sem veitir okkur medalíu þegar áskoruninni er náð. Í fyrirtækinu eru nokkrir íþróttaálfar sem labba einir og svo aðrir sem labba saman og ríkir mikill keppnisandi á milli fólksins,“ segir Áslaug sem gekk fram hjá Staðarskála áður en vinnudagur hófst í morgun.

„Við sjáum á appinu hvert við erum komin á hringveginum, sem er ákaflega skemmtilegt og

Konurnar í Fjárstoð. Frá vinstri: Sunna Pálmadóttir, Tatiana Malai, Lára H. Grétarsdóttir, Ásta Lín Hilmarsdóttir, Soffía Friðriksdóttir, Guðbjörg Vernharðsdóttir, Eirún Eðvaldsdóttir, Sigrid Roloff, Katrín G. Þórðardóttir, Árný S. Sigurðardóttir, Áslaug Hansen og Elísabet Einarsdóttir.

hvetjandi. Fólk fer ýmist gangandi, hlaupandi eða hjólandi, og fyrirtækið greiðir góða upphæð til starfsmannafélagsins fyrir hvern hring sem genginn er og stuðlar um leið að heilsueflingu starfsfólksins,“ segir Áslaug.

Starfsmönnum er einnig boðið upp á fjarvinnu sé þess kostur og sveigjanlegan vinnutíma til að mæta betur þörfum um samþættingu vinnu og einkalífs.

„Við þurfum einnig að vera meðvituð um að eiga innihaldsríkt líf fyrir utan vinnuna þar sem það skilar sér margfalt til baka í aukinni starfsorku og betri líðan. Því leggjum við áherslu á og hvetjum starfsfólkið til að sinna áhugamálum sínum en vitaskuld koma álagspunktar inn á milli og lengri vinnudagar í kringum launagreiðslur, virðisaukaskýrslur, ársuppgjör og fleira,“ segir Elísabet.

Stór hluti starfseminnar er í dag rafrænn og pappírsnotkun hjá Fjárstoð er í lágmarki.

„Við flokkum allt rusl, bjóðum ekki upp á pappamál, og erum nánast hætt að prenta út pappír. Skiptir það tugum kílóa hvað við höfum sparað af pappír á liðnu ári. Jafnframt leggjum við áherslu á og erum vakandi yfir hvernig við getum einfaldað og fundið upp skilvirkari leiðir til að stuðla að lækkun kostnaðar, aukið þannig gæðin og sveigjanleika sem skilar sér í lægri kostnaði fyrir viðskiptavinina okkar,“ segir Elísabet.

Vel tekið á móti konum

Áslaug hefur starfað hjá Fjárstoð síðastliðin ellefu ár.

„Ég er í draumastarfinu. Ég vinn við það sem mér finnst gaman, starfið er krefjandi og fjölbreytt, og ég kann vel við frjálsræðið og starfsandann. Þetta er kvennaríki og aðeins tveir karlmenn sem vinna hjá Fjárstoð og vitaskuld dekrum við konurnar við þá,“ segir Áslaug og hlær.

Elísabet tekur undir orð Áslaugar.

„Mér líkar vel við fjölbreytileikann í Fjárstoð, hér eru alltaf nýjar áskoranir og skapandi verkefni. Viðskiptavinirnir eru frábærir og ég er auðvitað sérstaklega spennt fyrir komandi tímum og því að geta boðið upp á mannauðsráðgjöfina.“

Áslaug vann á árum áður á vinnustöðum þar sem karlar voru í meirihluta og segir annars konar stemningu ríkja þar sem konur eru í flestum stöðum.

„Allt er auðvitað gott og gaman í bland en á meðal kvenna myndast þó eins konar frænkufílingur. Í vinnunni deilum við gleði og sorg og samstarfið gengur alltaf mjög vel. Aldurshópurinn er breiður og samkenndin mikil. Tímarnir hafa líka breyst mikið til batnaðar. Þegar ég byrjaði á vinnumarkaði sást kona varla í stjórn fyrirtækja en í dag kippir maður sér ekki upp við að konur séu í stórum stjórnunarstörfum. Það er virkilega jákvæð þróun. Konum er í dag vel tekið sem stjórnendum og við erum komin vel á veg þar,“ segir Áslaug.

Elísabet var lengi vel eina konan í framkvæmdastjórn Ölgerðarinnar en sér nú í auknum mæli framgöngu kvenna í framkvæmdastjórnum sem er góð og ánægjuleg þróun.

„Í FKA er líka unnið geysilega gott starf og félagið á heiður skilinn fyrir framgöngu sína og hversu duglegt það er að styðja við og minna á konur, til dæmis í fjölmiðlaverkefninu. Þetta er frábær vinna og tengslanetið sem maður hefur í gegnum FKA sýnir og sannar að konur eru konum bestar.“

Fjárstoð er á Höfðabakka 9. Sími 556 6000. Sjá nánar á fjarstod.is

Við notum Probi® Mage mjólkursýrugerla fyrir meltinguna, þarmaflóruna og varnir líkamans

Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***

Þórunn Kristjónsdóttir

Ég hef notað **Probi® Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi® Mage** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.

Birgir Þórðarson

Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi® Mage** gerði honum gott og tekur það inn daglega.

Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***

Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!

abel heilsuvörur

Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín - fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum

Algengt er að einungis örlítill hluti af járni úr hefðbundnum háskammta járnbætiefnum nýtist í líkamanum og óupptekið járn getur því valdið óþægindum á borð við magaverk, ógleði og hægðatregðu.



Probi® Járn vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka **upptöku** járns, ekki eingöngu inntöku. Útkoman er því jafnari upptaka járns, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.

Probi® Járn er milt í maga og er góð leið til að viðhalda góðum járngildum. Hentar einnig á meðgöngu.

Probi® Family - mjólkursýrugerlar, fólasín, D-vítamín og B-12 vítamín fyrir ónæmiskerfið

Stór hluti ónæmiskerfis okkar er staðsett í meltingarveginum. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveruflóru hans, þarmaflórunni.



Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvern. **Probi® Family** eru bragðgóðar tuggutöflur fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

Fjölbreytt starfsemi er innan FKA, meðal þess er hreyfing og skemmtilegur félagsskapur kvenna.

Fjárfestu ávallt í sjálfri þér!

Um tólf hundruð athafnakonur, stjórnendur og leiðtogar úr öllum greinum atvinnulífsins mynda þétt og öflugt tengslanet FKA um land allt. Með því að vera FKA-kona tekur þú þátt í fjölbreyttu starfi, ert partur af hreyfiafli og þessu öfluga tengslaneti kvenna. Félag kvenna í atvinnulífinu styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinar þær til aukins sýnileika og þátttöku og hefur tekist að vinna með sýnileika, tengslanet og hreyfiafl í takti við nýja tíma. Tæknin hefur fært félagskonur af landinu öllu nær hverri annarri á tímum COVID og aukið samtal og jafnræði. Settu þig á dagskrá og vertu með. Frekari upplýsingar á www.fka.is.

Gott tengslanet er grunnurinn að góðri samvinnu hjá FKA.

FKA í þjónustu við atvinnulífið

Félag kvenna í atvinnulífinu á í stöðugu samtali við atvinnulífið og hefur staðið fyrir ýmsum verkefnum til að knýja fram breytingar. Hreyfiaflsverkefni á borð við Fjölmiðlaverkefni FKA og Jafnvægisvog FKA með stuðningi forsætisráðuneytisins er gott dæmi um þetta. FKA þjónustar atvinnulífið og hefur samtalið við aðila atvinnumarkaðarins skilað ólíkum röddum við borðið. Í FKA er nefnilega fjölbreyttur hópur kvenna og fjölmargar konur sem vilja vera í stjórnunarstöðum, stjórnum og koma að borðinu, eða fram með sína sérfræðiþekkingu með einhverjum hætti. Félag kvenna í atvinnulífinu er stolt af því að vera alvöru hreyfiafl í íslensku samfélagi og leggur sitt af mörkum svo að þjóðin nái settum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna árið 2030.

FKA
FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

FKA Viðurkenningahátíðin

FKA Viðurkenningahátíðin er haldin árlega við hátíðlega athöfn þar sem konur úr atvinnulífinu eru heiðraðar. Veittar eru viðurkenningar á hátíðinni til þriggja kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd. Í ár verður Viðurkenningarhátíðinni sjónvarpað á Hringbraut í umsjón Huldu Bjarnadóttur og Sigmundar Ernis Rúnarssonar. Almenningi gafst tækifæri til að tilnefna og hafa áhrif á val á konum sem hljóta FKA viðurkenninguna, FKA þakkarviðurkenninguna og FKA hvatningarviðurkenninguna. Við skipan dómnefndar var leitast við að einstaklingar hefðu sem breiðastan bakgrunn í aldri, reynslu og búsetu.

Dómnefndin í ár er vel skipuð.

Dómnefnd 2021:

Áslaug Gunnlaugsdóttir, stjórnarkona FKA, lögmaður og eigandi LOCAL lögmenn / formaður dómnefndar.
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.
Hilmar Garðar Hjaltason, Vinnvinn / ráðgjöf, ráðning stjórnenda, lykilstarfsmanna og sérfræðinga.
Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR og situr í stjórn Orku náttúrunnar.
Lilja Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.
Nökkvi Fjalar Orrason, stofnandi og eigandi SWIPE og podify.
Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest.

Bandarískri seðlabankinn að styðja við velferðarsamfélagið

„Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með aðgerðum seðlabankans í Bandaríkjunum með kaupum á skuldabréfum fyrirtækja, jafnvel í ruslflokki, fylkja og borga fyrir feykilegar upphæðir í því skyni að tryggja aðgengi þeirra að lánsfjármagni á meðan á þessari kreppu stendur," segir Lilja, þegar hún ræðir um ólíkar aðgerðir helstu seðlabanka heimsins í kórónakreppunni.

„Þetta eru mjög félagslega sinnaðar aðgerðir, sem kemur mér ekki á óvart, enda vitum við að Bandaríkin eru með mun veikara atvinnuleysistryggingakerfi og ekki með þessa sjálfvirku sveiflujafnara eins og við þekkjum hér á landi. Peningamálayfirvöld eru því með þessu að taka að sér það hlutverk að styðja við velferðarsamfélagið með slíkum fjárhagsinnspýtingum við þessar aðstæður.

Bandaríski seðlabankinn er afar öflugur og leiðandi í seðlabankaheiminum. Hann hefur haft sterkt forystufólk, nefni ég sérstaklega Janet Yellen fyrrverandi seðlabankastjóra og fjármálaráðherra. Fyrsta konan til að gegna þessum hlutverkum í sögu Bandaríkjanna Ég hef haft unun af því hvernig hún vill auka jöfnuð í bandarísku samfélagi, þar sem það auki velsæld. Flott kona með hjartað á réttum stað."

frá öðrum ríkjum að koma hingað og starfa og við eigum að fagna því hversu opinn og sveigjanlegur vinnumarkaðurinn er. Þá hefur safnast upp mikill sparnaður í hagkerfinu sem á eftir að nýtast okkur vel við að auka hér fjárfestingarstigið. Þannig að við erum að mínu viti með allar forsendur fyrir hendi svo að þessi áratugur verði frá efnahagslegu sjónarhorni mjög góður.

Það þýðir samt ekki að við eigum að vera værukær. Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir þurfa eftir sem áður að fylgjast mjög náið með því hvernig allar þjóðhagsstærðir eiga eftir að þróast þegar efnahagslífið verður komið á fullt á nýjan leik; um leið og við sjáum að peningamagn í umferð er farið að aukast meira en góðu hófi gegnir, eða það fer að skapast mikill þrýstingur á ákveðna eignamarkaði, þá eigum við að vera óhrædd við að grípa til þeirra tækja og tóla sem við ráðum yfir – af því að hagkerfið okkar er svo lítið að þá kallar það á að við séum ávallt meira á tánum en stærri þjóðir."

Stóri munurinn á lausara taumhaldi í kórónakreppunni og síðustu fjármálakreppu er að þá leitaði nýtt fjármagn ekki í útlán heldur til að tryggja eigin- og lausafjárkröfur fjármálastofnana. Nú er nýja fjármagnið – peningaprentunin – hins vegar að fara í aukin útlán, einkum til heimila. Er ástæða til að óttast að þetta muni skila sér í auknum verðbólguþrýstingi?

„Við eigum að fylgjast mjög náið með þeirri þróun, ásamt öðrum þjóðhagsstærðum, og hvaða áhrif þær óvenjulegu aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til eru að hafa. Sjálfvirku sveiflujafnararnir, sem eiga einmitt að minnka taumhald ríkissjóðs og styðja við hagkerfið í svona efnahagshremmingum, hafa meðal annars haft veruleg áhrif og umfang þeirra óbeinu aðgerða nemur um 250 milljörðum króna.

Við eigum hins vegar ekki að taka stuðning ríkisins til baka of snemma, eins og Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti gerði 1937 og sá strax mjög eftir því, og það stendur heldur ekki til. Það er mikilvægt að halda áfram að örva innlenda eftirspurn og einkaneyslu, halda uppi samneyslunni og koma fjárfestingunni af stað, þannig að hér myndist sjálfbær hagvöxtur

Ríkið á að fara í stóra skuldabréfaútgáfu erlendis og ég hef verið þeirrar skoðunar að það eigi að gerast fyrr frekar en síðar.

sem mun auðvitað ráðast af þeim útflutningstekjum sem þjóðarbúið skapar þegar fram líða stundir."

Ferðaþjónustan stóð undir um þriðjungi af öllum gjaldeyristekjunum fyrir faraldurinn. Erum við að fara að reiða okkur jafn mikið á hana og áður, eða þurfum við að horfa til annarra vaxtasprota?

„Ég er ekki í vafa um að ferðaþjónustan verður tvímælalaust áfram ein okkar mikilvægasta útflutningsgrein. Við eigum eftir að sjá fólk ferðast mjög mikið á milli landa um leið og þessum faraldri slotar.

Það er hins vegar ólíklegt, og ekki endilega æskilegt, að ferðaþjónustan muni bera uppi hagvöxt hér á landi eins og hún gerði á árunum 2010 til 2018. Þess vegna þurfum að horfa til fleiri vaxtasprota með áherslu á nýsköpun, rannsóknir og þróun. Sú fjárfesting sem við höfum ráðist í, sem byggir einkum á endurgreiðslum á rannsókna- og þróunarkostnaði og skattafrádrætti, skapar mikla hvata fyrir nýsköpunarfyrirtæki til að ráða til sína fleira fólk, eins og við höfum séð gerast.

Fjárfesting í þessum málaflokki hefur aukist um tæp 80 prósent og við ætlum að taka þátt í því að skapa fleiri störf í þekkingargreinum. Nýtt reiknilíkan háskólastigsins verður tilbúið í febrúar, sem leggur áherslu á þekkingargreinar í auknum mæli. Ný menntastefna, sem grundvallast á því að nemendur geti beitt rökvísi, ígrundun og hafi hugrekki til að skapa, markar þar tímamót."

Skýrari línur á nýju ári

Lilja starfaði um langt skeið hjá Seðlabankanum, sem aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra og alþjóðasamskipta, þar sem hún sá meðal annars um samskipti við lánshæfismatsfyrirtækin.

Það hefur mætt mikið á Seðlabankanum frá því að faraldurinn hófst. Vextir hafa verið teknir niður fyrir eitt prósent og bankinn boðaði magnbundna íhlutun með kaupum á ríkisbréfum fyrir allt að 150 milljarða. Hvernig finnst þér hafa tekist til?

„Það voru auðvitað blikur á lofti í efnahagslífinu strax í byrjun síðasta árs, eins og ég var ekki feimin að tala um, og útlit fyrir lítinn sem engan hagvöxt, aukið atvinnuleysi og atvinnuvegafjárfesting að skreppa saman. Mér þótti þá strax einsýnt að Fjármálaeftirlit Seðlabankans ætti að lækka sveiflujöfnunaraukann ofan á eiginfjárkröfur bankanna, sem hefði aukið svigrúm þeirra til að auka útlán til atvinnulífsins, en það tók lengri tíma en ástæða var til, að mínu mati.

Þegar kórónuveiran fer að breiðast út, sem ógnaði ekki aðeins lífi og heilsu fólks heldur lamaði einnig allt hagkerfið, var fljótlega ljóst að við stæðum frammi fyrir einni verstu efnahagskreppu lýðveldissögunnar. Sveiflujöfnunaraukinn var þá eðlilega afnuminn – úr 2 prósentum í núll prósent – og vextir lækkaðir mikið. Það hefur tekist ágætlega til við miðlunarferlið, einkum varðandi heimilin, og núna þegar áætlun í lánamálum ríkissjóðs liggur fyrir má segja að við förum inn í þetta ár með skýrari línur um hvers er að vænta heldur en fyrir um ári síðan.

Yfirlýsingar Seðlabankans varðandi magnbundna íhlutun, þar sem markmiðið er að tryggja að lánsfjárþörf ríkissjóðs þrýsti ekki upp langtímavöxtum á markaði, hafa hins vegar kannski ekki ávallt verið í samræmi við aðgerðir hans," útskýrir Lilja, en frá því að bankinn boðaði kaup á ríkisbréfum í mars í fyrra hefur hann aðeins keypt fyrir um 9 milljarða.

Hún undirstrikar að mikilvægt sé að bankinn horfi ávallt til verðbólguvæntinga í öllum aðgerðum sínum. „Það er forsenda þess að við getum viðhaldið traustum grunni að baki peningastefnunni. Við skulum heldur ekki gleyma því, núna þegar Seðlabankinn er farinn að grípa til óhefðbundnari aðgerða við framkvæmd peningastefnunnar eins og með magnbundna íhlutun, að við getum ekki gengið jafn langt í þeim efnum eins og við sjáum til dæmis í Bandaríkjunum."

Lilja leggur áherslu á að þegar hagkerfið kemst á beinu brautina á ný og hagvöxturinn fer að taka hratt við sér, þurfi stjórnvöld að vera með skýra sýn og reiðubúin að grípa til aðgerða til að tryggja stöðugleika.

„Ég fullyrði að stóra áskorunin í hagstjórn hins opinbera, ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, er ekki núna, heldur verður hún eftir um tólf til átján mánuði. Þar verðum við að horfa til framtíðar og átta okkur á því hver eru störf framtíðarinnar. Gert er ráð fyrir því að sjálfvirknivæðing sé að aukast enn hraðar með COVID-19 og talað um „tvöfalda röskun" og að um 85 milljónir starfa fari úr ákveðnum greinum í aðrar. Gervigreindin verður ráðandi afl og sú færni sem verður mest eftirsóknarverð er gagnrýnin hugsun, sköpun og sveigjanleiki."

Þurfum fleiri fjárfestingakosti

Með vaxtalækkunum Seðlabankans standa meðal annars heimilin frammi fyrir þeirri nýju áskorun að þurfa að sækja í áhættusamari eignir til að fá ávöxtun umfram verðbólgu.

„Við eigum að taka varfærin en ákveðin skref í þá veru að fólk fari að taka ákvarðanir sjálft um sparnað sinn og verði um leið meiri þátttakendur þegar kemur að fjárfestingu og uppbyggingu í atvinnulífinu. Þessi miðlun sparnaðar, sem hefur haldist mjög hár eftir bankahrunið, og fjárfestingar, á eftir að reynast mjög stór þáttur í því hvernig við munum styðja við hagvöxt á Íslandi í framtíðinni," segir Lilja, og bætir við:

„Sú mikla hækkun sem er að eiga sér stað á fasteignamarkaði, er merki um mjög fábreyttan eignamarkað hér á landi sem myndar óþarfa þrýsting á vísitöluneyslu verðs. Það er þjóðþrifamál að koma sparnaði inn í arðbær verkefni sem efla samfélagið. Á Íslandi eru neikvæðir raunvextir og því verða að vera til langtímafjárfestingakostir fyrir fólkið sem það hefur trú á."

Sérðu þá til dæmis fyrir þér að almenningi verði gefið meira frjálsræði í því hvernig hann beinir séreignarsparnaði sínum?

„Alveg tvímælalaust. Ég er ekki í nokkrum vafa um að slíkt skref yrði til bóta og væri til þess fallið að skapa meiri dýnamík og skoðanaskipti á markaði. Við viljum sjá meiri áhættudreifingu í kerfinu og að fjármagnið leiti í fjölbreyttar fjárfestingar í atvinnulífinu, meðal annars í nýsköpun, sem skapa gjaldeyristekjur og tryggja þau lífskjör sem við viljum búa við."

Allt annað bankakerfi í dag

Bankakerfið hefur staðið sterkt í gegnum þessar efnahagshremmingar. Vanskilin einskorðast að mestu við fyrirtæki í ferðaþjónustu og eiginfjárhlutföll eru með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Kemur þér þetta á óvart?

„Nei, alls ekki. Í fyrsta lagi þá var ég þeirrar skoðunar frá upphafi að þetta yrði ekki hefðbundin efnahagskreppa, heldur myndu ákveðnir geirar – meðal annars ferðaþjónustan – verða fyrir miklu áfalli á meðan aðrir, eins og verslunin, ættu auðveldlega eftir að geta staðið af sér þessa tímabundnu erfiðleika. Þess vegna hef ég verið talsmaður sértækra úrræða í þessari kreppu, þar sem við komum til móts við það fólk og fyrirtæki sem eru að upplifa

Verðum á góðum stað innan fárra mánaða

„Aðalatriðið er að við náum að bólusetja alla þá sem eru í framlínustörfum, áhættuhópum og 70 ára og eldri á næstu vikum," segir Lilja, þegar hún er spurð hvort ríkisstjórnin hafi ekki gert afdrifarík mistök með því að binda trúss sitt alfarið við ESB við samninga um kaup á bóluefni.

„Það ætti að marka þáttaskil í baráttunni við faraldurinn, með því að draga verulega úr innlögnum á sjúkrahús og þeirri hættu að álag skapist að nýju á heilbrigðiskerfið, og samfélagið færist nær því að komast í eðlilegt horf á ný."

Það er talað um að hver dagur í þessu kófi kosti þjóðarbúið um milljarð króna. Það mun því reynast okkur dýrkeypt ef þetta er að dragast mögulega að óþörfu á langinn, ekki satt?

„Ég sagði strax í upphafi þessa faraldurs að ferðaþjónustan, og þá um leið hagkerfið, myndi ekki ná sér á strik fyrr en með tilkomu bóluefnis og að við þyrftum því að reiða okkur á vísindin að koma okkur út úr þessari kreppu. Það hefur allt saman gengið eftir og ég tel að við verðum eitt af þeim ríkjum sem verður fyrst að klára bólusetningu fyrir meginþorra þjóðarinnar, einkum vegna þeirra sterku innviða sem við búum við."

En hefði ekki mátt vinna samhliða að því að reyna ná samningum sjálfstætt við Pfizer og fleiri lyfjaframleiðendur strax í haust þegar lá nokkuð ljóst fyrir hvaða bóluefni kæmu fyrst á markaðinn?

Þessir samningar eru á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Frá fyrsta degi hef ég lagt ofuráherslu á þetta mál sem ráðherra innan ríkisstjórnarinnar og ítrekað að bólusetning sé eina leiðin fram á við. Bæði heilbrigðisráðherra og forsætisráðherra hafa fullvissað okkur um það að bólusetning muni ganga hér hratt og örugglega fyrir sig og að við verðum komin á góðan stað hvað það varðar innan mjög fárra mánaða. Ég tel að það muni ganga upp."

Spurð hvort ferðaþjónustan geti þá risið upp á nýjan leik í sumar segist Lilja hafa trú á því en að það þurfi að sækja þau tækifæri sem gefast við þessar aðstæður.

„Við þurfum þá meðal annars að líta til þess," útskýrir hún, „að það hafa mjög margir fengið COVID-19 og eru því með mótefni fyrir veirunni. Þessi hópur, ásamt þeim sem verður bólusettur á komandi vikum og mánuðum, getur þá ferðast á milli landa og ég er í engum vafa um að það verði eftirsótt að koma til Íslands. Það er fullt af fólki í stórborgum beggja vegna Atlantshafsins sem hefur verið lokað heima hjá sér um langt skeið, hvorki komist til vinnu né skóla, og við eigum að sækja á þennan markað. Allir innviðirnir eru hér fyrir hendi eftir miklar fjárfestingar í ferðaþjónustunni undanfarin ár og við getum þess vegna tekið mun hraðar við okkur heldur en margt fólk kannski áttar sig á."

Við eigum ekki að taka stuðning ríkisins til baka of snemma, eins og Roosevelt Bandaríkjaforseti gerði 1937 og sá strax mjög eftir því, og það stendur heldur ekki til.

algjört tekjufall, vegna þess að hún leggst ekki jafnt yfir alla.

Þegar við ræðum um bankakerfið þá er mikilvægt að hafa í huga að það er allt annað í dag heldur en til dæmis árið 2006. Allt regluverkið og eftirlitið með starfsemi banka hefur tekið stakkaskiptum og þá var ég mikill talsmaður þess að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Reynslan hefur sýnt okkur að Seðlabankinn, sem er sú stofnun sem er lánveitandi til þrautavara, þarf að hafa heildarsýn yfir áhættuþætti fjármálakerfisins og hafa upplýsingar um lánabækur bankanna."

Það mælist samt enn mikið vantraust á meðal almennings í garð bankakerfisins, sem margir nefna sem ástæðu fyrir því að ekki sé tímabært að hefja sölu á hlutum ríkisins í bönkum. Hefur ykkur stjórnmálamönnum þá mistekist að útskýra fyrir fólki hvað hefur breyst og af hverju það skiptir máli?

„Íslandsbanki var í eigu erlendra kröfuhafa fyrir losun fjármagnshafta. Gerð var krafa um það að þjóðin eignaðist bankann í stöðugleikasamningunum til að tryggja fjármála- og gengisstöðuleika við losun hafta. Eins og þá, munu stjórnvöld leggja höfuðáherslu á hagsmuni þjóðarinnar og stöðu ríkissjóðs. Hins vegar þarf enn að vinna í trausti og tryggja að framkvæmdin sé opin og gagnsæ, eins og Bankasýslan leggur til. Vandinn er sá að öll umræða um fjármálakerfið myndar ákveðin hughrif hjá stórum hópi fólks – sem ég skil mæta vel. Ég segi samt að við verðum að halda áfram; tökum varfærin skref, gerum betur og beitum þekkingu okkar og staðreyndum á viðfangsefnið.

Það þýðir samt ekki að við eigum ekki halda vöku okkur – fjármálafyrirtæki gegna lykilhlutverki í öllum hagkerfum heimsins og það getur haft alvarlegar, kerfislegar afleiðingar ef þau lenda í erfiðleikum. Við eigum þess vegna að vakta gríðarlega vel allar þessar helstu þjóðhagsstærðir sem skipta lítil, opin hagkerfi mestu máli, einkum núna eftir þessar miklu stuðningsaðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til vegna kórónukreppunnar."

Samstaða um að selja

Það stendur til að hefja síðar á árinu sölu á allt að 35% hlut ríkisins í Íslandsbanka í opnu hlutafjárútboði og skráningu á markað. Hvernig líst þér á þessi áform?

„Við förum mjög vel yfir þessi mál strax í upphafi stjórnarsamstarfsins þar sem var samstaða um það að draga ætti úr umfangsmiklu eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Ég legg höfuðáherslu á að við erum að gera þetta í opnu og gegnsæju ferli þar sem til stendur að skrá bankann í Kauphöllina. Það eru allir í þessu stjórnarsamstarfi sammála um að ríkið eigi ekki að vera eigandi að tveimur þriðju hlutum bankakerfisins. Við erum þess vegna núna að leita leiða til að byrja að vinda ofan af því."

Sumir hafa gagnrýnt að verið sé að selja banka í miðjum heimsfaraldri. Er þetta heppileg tímasetning?

„Ákvörðun um að láta reyna á sölu um þessar mundir kemur í kjölfar mikillar undirbúningsvinnu sem hefur staðið yfir um nokkurt skeið, meðal annars með útgáfu hvítbókar um framtíðarskipan fjármálakerfisins og uppfærðri eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Þá myndi ég segja að þær aðstæður sem við erum núna að sjá á fjármálamörkuðum, sem einkennast af lágum vöxtum og takmörkuðum fjárfestingakostum, ættu að ýta verulega undir áhuga margra á að taka þátt, lífeyrissjóða, fjárfesta og eins almennings í landinu, sem er farinn að gera sig á ný gildandi á hlutabréfamarkaði.

Besta aðhaldið kemur frá fólkinu í landinu," segir Lilja, og ef það „ber traust til bankans og hvernig staðið verður að söluferlinu, þá hef ég trú á að vel muni takast til."

sushi social

25%
AFSLÁTTUR
af öllum sushirúllum
á matseðli í
TAKE AWAY

TILBOÐS
sushibakkinn

32 geggjaðir sushibitar
5.990 kr.

Panta þarf tilboðsbakkann **fyrir kl. 14.00** samdægurs.

Tekið er við pöntunum í síma 568 6600
eða með fyrirvara á netfangið
sushisocial@sushisocial.is

Nánar á **sushisocial.is**

SUSHI SOCIAL
Þingholtsstræti 5 • 101 Reykjavík

Sjálfbær og græn bréf tóku risastökk í fyrra

Útgáfa íslenskra fyrirtækja og stofnana á sjálfbærnitengdum skuldabréfum nam ríflega 130 milljörðum í fyrra. Margfalt magn frá fyrri árum. Ríkissjóður og bankarnir gætu komið inn í ár. Stjórnvöld vilja skýr skilaboð til fjárfesta.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Heildarútgáfa íslenskra fyrirtækja og stofnana á sjálfbærum skuldabréfum stækkaði um ríflega 130 milljarða króna upp í samtals 185 milljarða á árinu 2020. Áform ríkissjóðs, orkufyrirtækja og viðskiptabanka um sjálfbæra fjármögnun ráða mestu um hvort útgáfan í ár slái síðasta ári við.

„Metfjárhæð, metfjöldi útgefenda og fjölbreyttara form fjármögnunar. Árið 2020 var ár sjálfbærrar fjármögnunar hjá íslenskum fyrirtækjum," segir Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Fossum mörkuðum, sem hafa haft umsjón með nær allri útgáfu grænna skuldabréfa á Íslandi.

Frá því að fyrsta græna skuldabréfið var gefið út af Landsvirkjun í mars 2018 hefur samanlögð útgáfa á þeim skuldabréfum, sem eru tengd sjálfbærnimarkmiðum útgefanda, numið um 185 milljörðum króna. Á síðasta ári nam útgáfan ríflega 130 milljörðum og þar af nam útgáfa grænna bréfa 47 milljörðum. Til samanburðar nam útgáfan 22,5 milljörðum árið 2019 og rúmlega 31 milljarði árið 2018.

Stærsta hluta útgáfunnar í fyrra má rekja til Íslandsbanka sem gaf út sjálfbært bréf í evrum fyrir jafnvirði um 48 milljarða íslenskra króna í nóvember, og grænt bréf fyrir um 2,7 milljarða króna. Ólíkt öðrum útgefendum, sem fjármagna sín eigin verkefni með skuldabréfaútgáfu, er bankinn í heildsöluhlutverki.

Næststærsti útgefandinn var Landsvirkjun, sem gaf út grænt skuldabréf fyrir 21 milljarð króna og einnig annað skuldabréf, sem er tengt við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna, fyrir um 11 milljarða króna. Þá gaf Orkuveita Reykjavíkur út sjálfbærnitengd skuldabréf fyrir 25 milljarða, fasteignafélagið Reginn fyrir um 14,5 milljarða, Reykjavíkurborg 3,8 milljarða, og Lánasjóður sveitarfélaga fyrir 1,1 milljarð.

Andri segir erfitt að spá fyrir um útgáfu grænna og sjálfbærra bréfa á þessu ári. Áfram verði góður gangur hjá núverandi útgefendum en hvort útgáfa ársins slái síðasta ári við velti á því hvort stórir útgefendur komi inn á markaðinn.

„Það eru allar forsendur fyrir því að það haldi áfram svipaður taktur hjá núverandi útgefendum. Það gætu kannski orðið einhverjir 40 milljarðar á árinu," segir Andri.

„Stóra spurningin er hvað ríkissjóður, Landsvirkjun og síðan bankarnir gera. Ríkissjóður, sem hefur fjármögnunarþörf upp á hundruð milljarða, er í sérflokki hvað mögulega útgáfufjárhæð varðar og Landsvirkjun er einu númeri stærri en flestir aðrir á innlenda markaðnum," bætir hann við.

Í stefnu Lánamála ríkisins fyrir árið 2021 kom fram að skýrt skilgreind græn og sjálfbær verkefni hér á landi kynnu að verða fjármögnuð með útgáfu svokallaðra grænna eða sjálfbærra ríkisskuldabréfa. Verkefnahópur á vegum fjármála- og efnahagsráðherra vinnur nú að greiningu á fýsileika slíkrar útgáfu.

Arion banki og Landsbankinn eru að vinna að sjálfbærniramma utan um sína fjármögnun. Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, sagði í viðtali við Markaðinn um miðjan janúar að bankinn áformaði að fjármagna sig erlendis á þessu ári og vildi gera það undir sjálfbærniramma. Eins og í tilfelli Íslandsbanka á síðasta ári yrðu útgáfur beggja banka umtalsverður hluti af heildarútgáfu ársins.

Þá gætu nýir útgefendur bæst í hópinn á næstu misserum. Útgerðarfélagið Brim vinnur einnig að því að skilgreina grænan fjármögnunarramma sem skuldabréf þess munu falla undir en sú útgáfa gæti hlaupið á nokkrum milljörðum.

Fasteignafélög eru í góðri stöðu til að gefa út græn bréf til að endurfjármagna umhverfisvottaðar byggingar. Reitir og Eik kunna að fylgja í fótspor Regins á einhverjum tímapunkti, sem og smásölufyrirtæki á borð við Festi, sem hefur svansvottað Krónuverslanir sínar og á fasteignirnar. Einnig kunna að felast tækifæri fyrir innviðafyrirtæki eins og Landsnet og Símann í því að smíða grænan fjármögnunarramma.

Áform ríkisins táknræn

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði verkefnahóp um græna og sjálfbæra fjármögnun um mitt síðasta ár. Þegar hefur verið hafin vinna við að bera kennsl á möguleg verkefni sem unnt væri að fjármagna með útgáfu sjálfbærra eða grænna skuldabréfa.

Samhliða frekari greiningu á mögulegum verkefnum þarf að ganga frá ramma sem er grundvöllur sjálfbærrar fjármögnunar en samkvæmt svari ráðuneytisins við fyrirspurn Markaðarins er stefnt að því að sjálfbær fjármögnunarrammi geti legið fyrir á næstu mánuðum.

Sjálfbær útgáfa árið 2020 (ma.kr.)



Sjálfbær útgáfa á Íslandi (ma.kr.)

2020	132
2019	23
2018	31

> **Önnur vestræn ríki hafa gefið út sjálfbær skuldabréf en þau öll hafa gert það af sömu ástæðu: Að gefa skuldabréfamarkaðinum merki um að hann þurfi að breytast.**

Sasja Beslik, framkvæmdastjóri sjálfbærra fjárfestinga hjá J. Safra Sarasin

> **Stóra spurningin er hvað ríkissjóður, Landsvirkjun og síðan bankarnir gera.**

Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Fossum mörkuðum

„Aukin þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé á næstu árum skapar aukin tækifæri til útgáfu sjálfbærra skuldabréfa án þess að grafa undan markmiðum í lánastýringu," segir í svari ráðuneytisins.

Sasja Beslik, framkvæmdastjóri sjálfbærra fjárfestinga hjá J. Safra Sarasin bankanum í Sviss, tekur þátt í Janúarráðstefnu Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð – á fimmtudaginn. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er The Great Reset! eða Nýtt upphaf! sem er jafnframt heiti á átaki á vegum World Economic Forum sem hefur það markmið að einblína á mikilvægi þess að horfa til sjálfbærrar uppbyggingar samfélaga í kjölfar kórónaveirufaraldursins.

Beslik segir í samtali við Markaðinn að íslenska ríkið sé í góðri stöðu til að gefa út sjálfbær skuldabréf, meðal annars vegna þess hversu langt Ísland sé komið í sjálfbærri orkuframleiðslu.

„Ég held að það sé skynsamlegt fyrir land eins og Ísland að gefa út sjálfbært skuldabréf. Það liggur beint við," segir Beslik.

„Önnur vestræn ríki hafa gefið út sjálfbær skuldabréf en öll hafa þau gert það af sömu ástæðu: Að gefa skuldabréfamarkaðinum merki um að hann þurfi að breytast. Það er helsta ástæðan. Þetta er táknrænt."

Ummæli Beslik ríma við það sem kemur fram í svari ráðuneytisins sem telur að útgáfunni sé ekki síst ætlað að senda „skýr skilaboð til fjárfesta um mikilvægi umhverfismála".

„Ávinningur ríkissjóðs af sjálfbærri fjármögnun er til að mynda jákvæð ímynd og breiðari fjárfestahópur en á hefðbundnum skuldabréfum," segir enn fremur í svari ráðuneytisins.

Skilaboðin sem ráðuneytið vill senda með útgáfunni eru einnig þau að fjármálamarkaðurinn geti „beitt sér til að takast á við loftslagsvána."

Beslik bendir á að umhverfislegi ábatinn af skuldabréfaútgáfu hjá þróuðu ríki sé tiltölulega lítill. Oft sé um að ræða endurfjármögnun á umhverfisvænum verkefnum sem eru nú þegar til staðar. Ábatinn sé mun meiri í þróunarríkjum þar sem meiri þörf er fyrir fjárfestingar í umhverfisvænum verkefnum.

Hagkerfið á skrið á seinni hluta árs

Hagspáin er afar næm fyrir fjölda ferðamanna. Íslandsbanki gerir ráð fyrir um 700 þúsund ferðamönnum í ár. Aðalhagfræðingur bankans segir að skapa þurfi skilyrði til að íbúðafjárfesting verði aukin. Líkur eru á að stýrivextir verði óbreyttir fram á næsta ár.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Hagvöxtur á Íslandi verður 3,2 prósent í ár, 5,0 prósent á næsta ári og 3,6 prósent árið 2023, ef Þjóðhagsspá Íslandsbanka nær fram að ganga. Gert er ráð fyrir um 700 þúsund ferðamönnum í ár og að þeim fjölgi um ríflega 40 prósent á milli ára, þeir verði 1,3 milljónir árið 2022 og 1,5 milljónir árið 2023.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að hagspáin sé mjög næm fyrir fjölda ferðamanna sem hingað koma því þeir hafi margvísleg áhrif á hagkerfið. Fjöldinn hafi áhrif á útflutningstekjur, þróun krónu, verðbólgu, atvinnuleysi, fjárfestingarákvarðanir og einkaneyslu. „Ef við náum upp undir helmingi af fjölda ferðamanna ársins 2019 hefur það í för með sér að hagkerfið verður að líkindum komið á skrið á seinni helmingi ársins," segir hann.

Greining Íslandsbanka lagði upp með þrjár sviðsmyndir. Samkvæmt dekkri sviðsmynd koma einungis 400 þúsund ferðamenn til Íslands í ár og við það yrði hagvöxtur um eitt prósent. Rætist bjartari sviðsmyndin muni fjöldi ferðamanna nema 970 þúsundum og hagvöxtur verða 4,6 prósent. „Við vildum hafa inni sviðsmyndir sem væru ekki fram úr óhófi ólíklegar," segir Jón Bjarki.

> **Það hafa orðið miklar breytingar á hagkerfinu sem endurspeglast í því að við erum ekki með verulegan viðskiptahalla þrátt fyrir að nærri þriðjungur af útflutningstekjunum hafi nánast gufað upp.**

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur verið í sókn á undanförnum vikum í öllum viðskiptalöndum okkar en Jón Bjarki segir að teikn séu á lofti um að hann sé að byrja að hjaðna aftur. „Þegar litið er á stóru myndina eigum við ekki að vera of upptekin af tímabundnum hnökrum varðandi framleiðslu og útbreiðslu bóluefna. Íslenska hagkerfið var vel undirbúið fyrir stóran skell. Það hafa orðið miklar breytingar á hagkerfinu sem endurspeglast í því að við erum ekki með verulegan viðskiptahalla þrátt fyrir að nærri þriðjungur af útflutningstekjunum hafi nánast gufað upp. Það stingur í stúf því Ísland hefur verið með viðvarandi viðskiptahalla allt frá lýðveldisstofnun.

Það kemur að miklu leyti til af því að við erum með sterka erlenda stöðu og hagstjórn sem nýtur trúverðugleika. Sú góða vinna sem hefur verið unnin af stjórnvöldum hefur til dæmis skilað okkur í miklu bærilegri gengisveikingu en annars væri. Aukinn trúverðugleiki og að Seðlabankinn var virkur á gjaldeyrismarkaði þegar mest lá við í fyrra haust kom í veg fyrir snarpa veikingu. Við getum vel unað við okkar hagstjórnarviðbrögð miðað við önnur lönd," segir hann.

Samkvæmt Þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir 9,4 prósenta atvinnuleysi að meðaltali í ár, 4,6 prósenta atvinnuleysi á næsta ári og 3,3 prósenta atvinnuleysi árið 2023. Ástandið á vinnumarkaði fari líklega ekki að skána að ráði fyrr en undir mitt ár. „Þróun atvinnuleysis hangir að mestu leyti saman við endurreisn ferðaþjónustunnar," segir Jón Bjarki.

Að hans sögn þarf að skapa skilyrði til að íbúðafjárfesting verði aukin. „Allir sem að því koma ættu að horfa til þess að það verði ekki flöskuháls í íbúðafjárfestingu á komandi misserum. Það er að sýna sig að eftirspurnin er mun stöðugri og myndarlegri en óttast var en á sama tíma er framboðið að skreppa saman jafnt og þétt. Það er áhyggjuefni enda hafa vaxtalækkanir skilað meiri kaupgetu. Að óbreyttu kann þetta ástand að leiða til talsverðra verðhækkana," segir Jón Bjarki. Samkvæmt spánni er reiknað með að íbúðafjárfesting verði komin aftur á skrið árið 2023.

Reiknað er með að verðbólga verði að meðaltali þrjú prósent í ár, 2,2 prósent á næsta ári og 2,3 árið 2023. Styrking krónu, sem haldast mun í hendur við fjölda ferðamanna, mun meðal annars halda aftur af verðbólgunni. Líkur eru á að stýrivextir verði óbreyttir eða 0,75 prósent fram á næsta ár. Gert er ráð fyrir að þeir hækki hægt og bítandi og verði að meðaltali 1,5 prósent árið 2022 og 2,6 prósent 2023. „Enn lengra gæti verið í hækkun vaxta slái í bakseglin og gangi efnahagsbatinn hægar en vonir standa til um," segir í Þjóðhagsspánni.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli



* Spá Greiningar Íslandsbanka

Heimild: Greining Íslandsbanka

Skotsilfur

Kauptækifæri



Þingmenn Samfylkingarinnar, með **Oddnýju G. Harðardóttur** fremsta í flokki, og efnahagsráðgjafar stærstu verkalýðsfélaganna, eru í aðstöðu til að grípa einstaklega ábatasamt viðskiptatækifæri. Þau hafa jú gagnrýnt fyrirhugað söluferli Íslandsbanka á þeim grundvelli að óskynsamlegt sé að selja banka í efnahagslegri óvissu. Ef einhvern tímann eigi að selja banka skuli gera það í efnahagslegri vissu, hvenær sem það nú er. Annars er hætta á því að hálffrosið lánasafnið verði selt á miklu undirverði. Þetta hefur farið fram hjá sjóðstjórum bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, langsamlega stærsta hluthafa Arion banka með um 23,2 prósenta eignarhlut, sem freistar þess að losa um tæplega helming allra bréfa sjóðsins í bankanum. Sjóðstjórarnir hefðu betur hlustað á málflutning þingmannanna sem eiga nú völ á því að kaupa bréf í banka á hrakvirði. Ef kenningarnar standast.

Flytja í GAMMA húsið

Félag í eigu hjónanna Steinunnar Margrétar Tómasdóttur og **Aðalsteins Karlssonar**, fjárfestis og fyrrverandi eiganda heildverslunarinnar A. Karlsson, keypti undir lok síðasta árs fasteignina að Garðastræti 37 þar sem höfuðstöðvar fjármálafyrirtækisins GAMMA voru um margra ára skeið. Heyrst hefur að lögmannsstofan LMB Mandat, sem er meðal annars í eigu Stefáns Árna Auðólfssonar, hafi ákveðið að taka húsnæðið á leigu og flytja starfsemi sína þangað, en stofan er núna til húsa á Bergþórugötu. Húsið að Garðastræti 37, sem GAMMA keypti 2013 og er um 680 fermetrar að stærð, var reist í lok fjórða áratugar síðustu aldar og er á meðal elstu fúnkishúsa landsins og hýsti meðal annars lengi vel starfsemi Síldarútvegsnefndar.

Nýsköpun í eftirlitsiðnaði

Samkeppniseftirlitið, undir forystu **Páls Gunnars Pálssonar**, telur það ógna samkeppni ef lífeyrissjóðir kaupa lítinn hlut í Íslandsbanka í fyrirhuguðu hlutafjárútboði. Þeir eiga jú í Arion banka. Víðast hvar í heiminum eru eignastýringar á meðal stærstu hluthafa skráðra fyrirtækja. Sama eignastýringin á oft umtalsverðan hlut í fjölda banka. Fram að þessu hafa erlendir eftirlitsaðilar ekki fett fingur út í það, enda er völdum hluthafa skráðra fyrirtækja settar verulegar skorður þegar kemur að daglegum rekstri. Þetta má því kalla nýsköpun í eftirlitsiðnaði. Hinn valkosturinn, að láta ríkisbankana keppa innbyrðis til langframa, er ekki til bóta fyrir landsmenn.

Beygja sig ekki undir vilja vitleysinga

Hollensk stjórnvöld munu halda til streitu útgöngubanni til að draga úr útbreiðslu COVID-19. Þrjár nætur í röð hafa ríkt óeirðir í ýmsum borgum í mótmælaskyni. „Við munum ekki gefast upp fyrir nokkrum vitleysingum," segir Wopke Hoekstra fjármálaráðherra. Mótmælendur hafa rænt verslanir, ráðist á lögreglubíla og jafnvel kastað steinum í spítala. Útgöngubannið gildir frá níu á kvöldin til hálf fimm á morgnana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Frekari iðgjöld til TIF óþörf

Yngvi Örn Kristinsson
hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja

Frá árinu 2009 til 2019 hafa innlánsstofnanir greitt á bilinu 2,5-3,5 milljarða króna til tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Þessar greiðslur hafa leitt til hraðrar uppbyggingar sjóðsins og námu eignir hans um 44 milljörðum króna í árslok 2019. Með lagabreytingu var iðgjaldshlutfallið lækkað á árinu 2019 og enn frekari lækkun kom fram með breytingu á lögum um sjóðinn í september síðastliðnum, þegar skilgreining á tryggðum innstæðum var þrengd. Eigi að síður má búast við að greiðslur til sjóðsins geti numið um röskum milljarði króna á ári á komandi árum að óbreyttu. Með gildistöku laga um skilameðferð og breytingu á lögum um innstæðutryggingar í september er vandséð að þörf sé á frekari uppbyggingu sjóðsins.

Á síðasta ári tóku gildi lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Lögin eru innleiðing á evrópsku regluverki um sama efni og hluti af viðbrögðum Evrópusambandsins (ESB) við fjármálakreppunni 2008. Í kjölfar hennar var ljóst að styrkja þyrfti heimildir opinberra aðila til að hlutast til um og endurskipuleggja rekstur lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem lenda í erfiðleikum, samhliða því sem treysta þyrfti vernd innstæðueigenda við fall innlánsstofnana. Með skilameðferð er átt við úrræði stjórnvalda til þess að hlutast til um og endurskipuleggja rekstur lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Þetta leiddi til setningar nýrrar tilskipunar um skilameðferð og endurskoðaðrar reglugerðar um innstæðutryggingar, sem tóku gildi í ESB á árinu 2015. Saman mynda þessar tvær tilskipanir það sem ESB nefnir samræmda skilameðferðarkerfið (single resolution mechanism). Markmið þessa kerfis er að forða því að rekstrarerfiðleikar lánastofnana og verðbréfafyrirtækja leiði til útgjalda hjá ríkissjóðum við að forða tjóni hjá innstæðueigendum eða stemma stigu við efnahagsáfalli vegna falls fjármálafyrirtækja.

Lögin um skilameðferð innleiddu í meginatriðum efni tilskipunar ESB um skilameðferð auk þess að gera breytingar á lögum um innstæðutryggingar til samræmingar við innstæðutryggingatilskipun ESB. Meginatriði tilskipunarinnar um innstæðutryggingar er að byggja skuli upp tryggingasjóði að tilteknu marki (0,8% af tryggðum innstæðum) með iðgjöldum frá innlánsstofnunum, iðgjöldin taki mið af áhættusniði einstakra innlánsstofnana, innstæðutryggingar nái fyrst og fremst til einkaaðila annarra en fjármálafyrirtækja og að allar innstæður sama aðila hjá einstakri innlánsstofnun að 100.000 evrum séu tryggðar.

Nýjar reglur um skilameðferð

Helstu atriði tilskipunarinnar um skilameðferð eru að komið verði á fót nýju stjórnvaldi, skilavaldi, sem hafi heimild annars vegar til fyrirbyggjandi aðgerða til að forða erfiðleikum í rekstri einstakra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og hins vegar til að grípa inn í þegar þau eru fallandi eða fallin. Tilskipunin miðar að því að skilavald grípi inn í þegar um er að ræða mikilvæg fyrirtæki eða fyrirtæki með mikilvæga starfsemi, annars fari fyrirtæki í slitameðferð (gjaldþrot). Skilavald fær heimild til þess að taka yfir stjórn fyrirtækis sem er fallandi eða fallið, þar á meðal verkefni stjórnenda, stjórnar og hluthafa. Skilavaldið er staðsett í Seðlabanka Íslands og hafa Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn verið skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar. Tilskipunin skilgreinir fjögur skilaúrræði sem skilavaldið getur gripið til í því skyni að enduskipuleggja rekstur fallandi eða fallinna fyrirtækja. Þau eru sala eigna, stofnun og færsla eigna og skulda í brúarfyrirtæki, færsla eigna í eignarhaldsfélag og efirgjöf skulda.

Eftirgjöf skulda

Þrjú fyrstu skilaúrræðin eru vel þekkt og voru, svo dæmi sé tekið, öll notuð hér á landi í fjármálakreppunni 2008-2009, en eftirgjöf skulda er nýtt úrræði sem gefur skilavaldi heimild til þess að færa niður skuldir fallandi eða fallinna fyrirtækja í því skyni að endurreisa eiginfjárstöðu þannig að þau uppfylli á ný kröfur eftirlitsaðila um lágmark eiginfjár. Kröfuhafar sem sæta eftirgjöf krafna verða þá hinir nýju eigendur fyrirtækisins í hlutfalli við eftirgjöf krafna hvers og eins. Sumar skuldir er heimilt að undanþiggja eftirgjöf og skilavaldið fær heimild til þess að setja lánastofnunum skilyrði um lágmark eiginfjár og eftirgefanlegar skuldir, til að tryggja að nægjanlegar eftirgefanlegar skuldir séu í efnahag fyrirtækja til að bregðast með falli þeirra með eftirgjöf. Þessu nýja úrræði er ætlað að stuðla að því að skilavaldið geti brugðist hratt við erfiðleikum kerfislega mikilvægra fyrirtækja eða fyrirtækja í mikilvægri starfsemi og hægt sé að endurreisa þau án þess að til þurfi framlög frá ríkissjóði.

> **Rökstyðja þarf sérstaklega hvers vegna tryggingasjóðurinn þarf að vera fimm sinnum stærri en lágmarksstærð sem áskilin er á EES-svæðinu.**

Áhrif nýrrar löggjafar

Þetta nýja regluverk hefur áhrif á stærð innstæðutryggingasjóðsins hér á landi. Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír yrðu, ef kæmi til alvarlegra erfiðleika í rekstri, teknir til skilameðferðar og innlán bætt með skilameðferð en ekki með greiðslum úr innstæðutryggingarsjóði. Það er hliðstætt því sem gert var í fjármálakreppunni 2008-2009 þegar innstæður voru verndaðar með skilaaðgerðum. Innlán í bönkunum þremur voru færð í nýja brúarbanka og eignir og skuldir sparisjóða seldar öðrum innlánsstofnunum eða sett í eignarhaldsfélög. Reyndar hefur ávallt verið brugðist við falli innlánsstofnana hérlendis með skilaaðgerðum, yfirleitt með því að rekstur þeirra hefur verið yfirtekinn af annarri innlánsstofnun.

Tryggð innlán hér á landi eru um 1.000 milljarðar króna ef miðað er við hið nýja hámark innstæðutrygginga (jafngildi 100.000 evra, um 16 milljónir króna). Það samsvarar um þriðjungi af landsframleiðslu. Óraunhæft er að byggja upp tryggingasjóð til að mæta svo stórri áhættu. Evrópska regluverkið tekur mið af þessari staðreynd. Þær innstæður sem hugsanlegt er að muni njóta greiðslna úr innstæðutryggingasjóðnum (TIF) eru fyrst og fremst innstæður þeirra innlánsstofnana sem teljast ekki mikilvægar eða í mikilvægri starfsemi. Það eru minni innlánsstofnanirnar, sparisjóðir og Kvika banki. Reyndar er líklegt að við erfiðleikum í rekstri þeirra fyrirtækja yrði brugðist með skilaúrræðum fremur en að setja þau í slitameðferð eins og dæmin sanna. Heildarinnlán hjá þessum minni aðilum voru um 75 milljarðar króna í árslok 2019, og áætla má að tryggð innlán séu nálægt því að vera um helmingur þeirra fjárhæðar eða um 35-40 milljarðar króna. Eignir TIF eru nú þegar svipuð fjárhæð. Hafa þarf í huga þegar þessar stærðir eru bornar saman að litlar líkur eru á því að allar þessar stofnanir falli á sama tíma.

Núverandi stærð fullnægjandi

Tilskipunin um innstæðutryggingar gerir ráð fyrir að stærð innstæðutryggingasjóðsins sé um 0,8% af tryggðum innstæðum. Þetta hlutfall er nú um 4% hér. Samkvæmt regluverkinu getur sjóðurinn þurft að taka þátt í kostnaði við skilameðferð í samræmi við það tjón sem tryggðir innstæðueigendur hefðu orðið fyrir ef skilaúrræði hefðu náð til þeirra. Þó aldrei meira en tjón sjóðsins hefði verið í slitameðferð. Sú kvöð er takmörkuð við helming af lágmarksstærðinni, eða 0,4% af tryggðum innstæðum en heimilt er að ákveða hærra hlutfall ef aðstæður krefjast. Núverandi stærð TIF virðist því fullnægjandi, að minnsta kosti þarf að rökstyðja sérstaklega hvers vegna sjóðurinn þyrfti að vera fimm sinnum stærri en lágmarksstærð sem áskilin er á EES-svæðinu.

Lífeyrissjóðir áhugasamir um ISAVIA

Hlutafé ISAVIA var nýlega aukið um 15 milljarða króna. Sérfræðingar á fjármálamarkaði eru áhugasamir um að Leifsstöð verði skráð á hlutabréfamarkað. Fjármálaráðherra segir að hlutafjáraukningin útiloki ekki að hlutur verði boðinn til sölu síðar.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

„Alþjóðlega hafa lífeyrissjóðir fjárfest umtalsvert í innviðum," segir Ómar Örn Tryggvason. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lífeyrissjóðir hafa áhuga á að skoða það að fjárfesta í Leifsstöð. „Það skortir ekki vilja frá fjárfestum til þess að fara af alvöru í það verkefni," segir Ómar Örn Tryggvason, framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga, innviðasjóðs sem fjármagnaður er af lífeyrissjóðum. „Við höfum rætt við stjórnvöld um mögulega aðkomu að ISAVIA," segir hann.

Fram kom í fjölmiðlum í liðinni viku að ríkið hafi aukið við hlutafé ISAVIA um 15 milljarða króna til að mæta tapi sem rekja má til þess að COVID-19 hefur tímabundið lamað ferðamannaþjónustu í heiminum. Fjármunirnir gera félaginu kleift að hefja vinnu við uppbyggingu á Leifsstöð á nýjan leik.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að fjölbreyttar fjármögnunarleiðir fyrir ISAVIA hafi eingöngu verið lauslega skoðaðar undanfarin ár, að frumkvæði þeirra sem vilja bjóða fram hlutafé frá þekkingarfjárfestum í flugvallageiranum, en sú skoðun hafi ekki leitt til frekari vinnu.

„Ef taka ætti til skoðunar að selja hlutafé í ISAVIA til að draga úr áhættu ríkisins af framkvæmdum á flugvallarsvæðinu og rekstri flugvallarins, þyrfti að leita heimildar Alþingis til þess," segir hann.

> **Ef taka ætti til skoðunar að selja hlutafé í ISAVIA til að draga úr áhættu ríkisins af framkvæmdum á flugvallarsvæðinu og rekstri flugvallarins, þyrfti að leita heimildar Alþingis til þess.**

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

Sérfræðingar á fjármálamarkaði segja að áhugavert skref hefði verið ef fjármögnunin hefði farið fram í gegnum hlutabréfamarkaðinn. Mögulega hefðu erlendir fagfjárfestar sýnt áhuga og lífeyrissjóðir hefðu getað keypt hlut í fyrirtæki sem skili gjaldeyristekjum. Að sama skapi hefði ríkið dregið úr umsvifum sínum í áhætturekstri.

Heimildarmenn sem þekkja vel til segja að það hefði verið erfitt fyrir meirihlutasamstarfið að koma til leiðar sölu á hlut í Íslandsbanka, eins og stefnt er að um þessar mundir, og ISAVIA á sama tíma.

Bjarni segir að umrædd hlutafjáraukning ISAVIA útiloki ekki að hlutur í ISAVIA verði boðinn til sölu þegar fram í sækir. „Til skamms tíma tryggir hún hins vegar að hægt er að halda áfram með þau uppbyggingaráform sem lengi hefur verið unnið að og er þess vegna mikilvægur liður í að tryggja samkeppnishæfni flugvallarins, auk þess að styðja við atvinnulíf á Suðurnesjum.

Þannig stendur til að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á árinu með tilheyrandi fjölgun starfa, auk þess sem hlutafjáraukningin eykur sveigjanleika ISAVIA til að koma sterkara út úr heimsfaraldrinum. Þannig verði félagið betur í stakk búið að mæta flugfélögum með hvatakerfi og markaðsstyrkjum þegar ferðatakmörkunum verður aflétt og þannig auðveldi það þeim að taka ákvörðun um að hefja flug fyrr en ella. Með þessu er stuðlað að hraðari viðsnúningi þegar birta fer til í ferðaþjónustu og flugleiðir opnast að nýju," segir hann.

Ómar Örn segir að fjárfestingar í innviðum, eins og til dæmis flugvöllum, séu eftirsóknarverðar fyrir lífeyrissjóði. Um sé að ræða eign með langt greiðsluflæði sem sé nokkuð verðtryggt. Það passi vel við skuldbindingar lífeyrissjóða. „Alþjóðlega hafa lífeyrissjóðir fjárfest umtalsvert í innviðum. Hið opinbera og stofnanafjárfestar eiga oft innviði sameiginlega og það samstarf hefur yfirleitt gengið vel. Með þeim hætti getur hið opinbera dregið úr fjármagnsþörf sinni eða nýtt fjármagnið í önnur brýn verkefni," segir hann og bendir á að „lífeyrissjóður kennara í Ontario í Kanada og danski ATP lífeyrissjóðurinn eigi saman um 59,4 prósenta hlut í Kaupmannahafnarflugvelli á móti tæplega 40 prósenta hlut danska ríkisins."

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) lagði til í skýrslu sem Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, óskaði eftir að skoða ætti breytt eignarhald á flugvöllum. Samkvæmt skýrslunni fóru um 74 prósent farþega í Evrópu í gegnum flugvöll sem var að hluta eða öllu leyti í einkaeigu árið 2016. Hlutfallið var 48 prósent árið 2010.

Sérfræðingur á fjármálamarkaði, sem vildi ekki láta nafns síns getið, velti því upp hvort það væri ekki hyggilegra að bíða í eitt til tvö ár með sölu á hlut í Leifsstöð, að minnsta kosti ef skrá á hlutabréfin í Kauphöll, því að lífeyrissjóðum gæti þótt nóg að eiga í flugfélaginu Icelandair eins og sakir standa, en mikil óvissa er í ferðaþjónustu um þessar mundir. Eins væri það stór biti fyrir markaðinn ef selja ætti hlut í ISAVIA og Íslandsbanka um svipað leyti.

Ómar Örn segir að áhættan við að eiga hlut í flugfélögum sé ekki sú sama og að eiga í flugvöllum, jafnvel þótt það sé einhver skörun. Til dæmis hafi sveiflur í olíuverði og mikil samkeppni á flugleiðum á tímabili, dregið úr afkomu flugfélaga. Þessir áhættuþættir hafi ekki bein áhrif á afkomu flugvalla þótt vissulega sé ekki um áhættulausa fjárfestingu að ræða, eins og síðasta ár beri með sér. „Flugfélög teljast ekki til innviða samfélaga," segir hann.

Aðspurður hvort heimsfaraldurinn geri það að verkum að verðið sem fengist fyrir hlut í ISAVIA yrði of lágt, telur Ómar Örn svo ekki vera. Verðlagningin tæki ekki mið af afkomu Leifsstöðvar í fyrra, heldur horfi fjárfestar fram á veginn. „Mér þætti óeðlilegt að tímabundin COVID-19 áhrif hefðu mikil áhrif á verðmatið, en ef um varanleg áhrif væri að ræða þá þyrfti vissulega að taka tillit til þeirra."

APOTEK
KITCHEN+BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

JANÚAR TILBOÐ
1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR
Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. janúar 2021

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson

Hræðsluáróður

Hugurinn reikar óneitanlega til eftirminnilegrar spurningar Guðna Th. Jóhannessonar forseta í kosningabaráttu um embættið í sumar, þegar rýnt er í málflutning ýmissa sem vilja ekki að ríkið selji 25-35 prósenta hlut í Íslandsbanka. „Ertu stoltur af framgöngu þinni í kvöld?“

Eftir hrunið var lögum breytt á þá vegu að lán til eigenda með yfir tíu prósenta eignarhlut voru takmörkuð verulega. Það virðist skipta bíræfnustu andstæðinga bankasölunnar litlu máli. Fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar gaf lítið fyrir nýju lögin og sagði að nýir eigendur hluthafa bankans myndu finna leiðir fram hjá þeim. Þetta eru ekki heilbrigð skoðanaskipti heldur grímulaus áróður án tengsla við raunveruleikann.

Fullyrt er að erfitt sé að verðmeta hlutafé Íslandsbanka í ljósi þess að lán til ferðaþjónustunnar séu í frystingu og því muni nýir hluthafar einkum verða áhættusæknir skammtímafjárfestar. Slíkir fjárfesta einkum þegar aðrir treysta sér ekki til, vegna mikillar óvissu um virði eigna og því er markaðsverðið lágt. Nú er Arion, sem er sambærilegur banki og Íslandsbanki, skráður á hlutabréfamarkað. Gengi hlutabréfa hans er 22 prósentum hærra en við upphaf árs 2020 áður en COVID-19 veikti heimshagkerfið. Þau rök halda því ekki vatni.

Eins hefur stærsti hluthafi Arion banka, vogunarsjóður stofnaður af fyrrverandi lykilmönnum í Goldman Sachs, sett tíu prósenta hlut í bankanum í sölu eftir að hafa átt hlutinn frá árinu 2017. Gróðapungarnir í Taconic Capital telja því aðstæður til sölu á stórum hlut í íslenskum banka ágætar.

Einhverjir tóku upp reiknistokkinn, komust að þeirri niðurstöðu að arðgreiðslur ríkisbankanna hafi numið 207 milljörðum króna á árum 2014 til 2018 og segja því skynsamlegt að eiga bankana áfram. Aftur var kastað ryki í augun á almenningi. Þetta var óvenjulegt tímabil: virði lánasafna, sem hafði farið illa í hruninu, hafði aukist verulega. Auk þess greiddu bankarnir ekki arð á meðan þeir voru í eigu slitabúa og því höfðu þeir safnað ríflegu eigin fé. Það er fráleitt að gera ráð fyrir sambærilegum arðgreiðslum á næstu árum.

Það er dapurlegt hve óvandaður málflutningurinn um sölu Íslandsbanka er.

Keypt í Marel fyrir um þrjá milljarða

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels

Bandaríski vogunarsjóðurinn Kabouter Management hefur nýlega bæst við í hluthafahóp Marels með því að standa að kaupum á samtals um 3,6 milljónum hluta að nafnverði, eða sem jafngildir tæplega hálfs prósents eignarhlut. Miðað við núverandi gengi bréfa Marels er hlutur sjóðsins, sem er með eignir í stýringu að fjárhæð um fimm milljarða Bandaríkjadala, metinn á um þrjá milljarða króna.

Þetta má lesa út úr gögnum greiningarfyrirtækisins Morningstar sem heldur utan um eignarhluti erlendra félaga sem eiga bréf í Marel í gegnum kauphöllina í Amsterdam. Tuttugu stærstu sjóðastýringarfélögin á lista Morningstar, þar sem mestu munar um Capital Group, Virtus, Threadneedle, Credit Suisse, Bamco og Miton, eiga nú samanlagt um 24 prósent í Marel borið saman við um 13 prósent í árslok 2019. Hlutabréfaverð Marels hefur hækkað verulega á undanförnum misserum – hækkunin nemur 40 prósentum á síðustu tólf mánuðum – og er markaðsvirði félagsins í dag 645 milljarðar. – hae

21.01.2021

Ég get ekki tekið upp á að búa til hérna nýjar reglur. Ég er alveg með ákveðinn skilning á því að kannski eigi þetta að vera tvö stig við yfirtöku.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljungs.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

2020 2020 2021

SINFÓNÍAN STÍGUR Á SVIÐ

FÁÐU ÞÉR SÆTI

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður upp á litríka klukkustundarlanga tónleika með einleikurum og hljómsveitarstjórum í fremstu röð. Sætaframboð er takmarkað – tryggðu þér miða sem fyrst á **sinfonia.is**

Sjáumst í Hörpu!

28|01 KL.20:00

Daníel og Adams

Daníel Bjarnason
Over Light Earth

John Adams
Shaker Loops

Robert Schumann
Konzertstück fyrir 4 horn

Hljómsveitarstjóri
Daníel Bjarnason

Einleikarar
Horndeild Sinfóníunnar

04|02 KL.20:00

Ófullgerða sinfónían

Alberto Ginastera
Hörpukonsert

Franz Schubert
Sinfónía nr. 8

Þuríður Jónsdóttir
Flow and Fusion

Hljómsveitarstjóri
Eva Ollikainen

Einleikari
Xavier De Maistre

KONTOR REYKJAVÍK

Miðasala **sinfonia.is** | Sími **528 5050**

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF
GuðjónÓ
Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

Dúndurblanda fyrir afreksfólk

Fótboltakappinn Alexander Sindrason segir það algert lykilatriði fyrir endurheimt líkamans og vellíðan eftir æfingar að taka vítamínin og bætiefnin á morgnana og sleppa aldrei úr skammti.

Ég byrjaði ungur að spila með uppeldisfélagi mínu, Haukum, en svo skipti ég yfir í HK þegar ég fékk tækifæri til að spila þar með efstu deild. Einnig er ég í hlutastarfi sem ráðgjafi hjá Klettabæ sem er búseta fyrir krakka í vanda. Svo vinn ég að opnun kaffihúss í Garðabænum með Davíð félaga mínum, en áherslan á að vera á gott kaffi og heilbrigðan lífsstíl. Fólk á að geta komið hingað og átt notalegar stundir eitt eða með vinum og fjölskyldu," segir Alexander.

Dagar í lífi fótboltakappans litast af því að halda sér í formi, fara á æfingar og huga að réttri næringu. „Þá er auðvitað mikið stúss hjá mér fyrir utan það. Rútínan heldur mér gangandi og þá skiptir mestu máli að skipuleggja sig vel og hugsa vel um heilsuna. Að taka inn bætiefni á hverjum morgni hefur hjálpað mér að halda einbeitingu og orku yfir daginn og ná endurheimt eftir æfingar. Ásamt D-vítamíni yfir dimmasta tímann tek ég bæði Astaxhanthin og Collagen liðamót frá ICEHERBS. Þetta tvennt er ómissandi hluti af daglegu lífi og ég sleppi aldrei úr skammti. Með allt þetta í lagi er vellíðanin upp á tíu. Astaxhanthin hef ég tekið í mörg ár, en fjölmargir æfingafélagar sem æfa einnig stíft nota líka Astaxhanthin. Ég fann það strax eftir að ég byrjaði að taka það inn að ég var mun sneggri að ná mér eftir æfingar, sem er mjög kærkomið þar sem ég æfi með liðinu daglega og stundum tvisvar á dag. Collagen liðamót frá ICEHERBS er frekar nýtilkomið

inn í mína rútínu, en kollagen er gríðarlega mikilvægt fyrir endurheimt og vöðvauppbyggingu og gefur líkamanum stuðning og styrk. Saman er þetta pottþétt tvenna fyrir mig og gerir mér kleift að stunda mína íþrótt á heilsusamlegan og öruggan máta."

Alexander er hér staddur á nýja kaffihúsinu sem mun bera nafnið Dæinn, enda segir hann að öllum gestum verði þar boðið góðan daginn. Áhersla verður lögð á heilbrigt líferni og notalegt andrúmsloft. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tvenna fyrir íþróttafólk

Saman eru Collagen liðamót og Astaxhanthin frá ICEHERBS algerlega sniðin fyrir afreksfólk í íþróttum. Tíðar og erfiðar æfingar ganga á líkamann til lengdar og til þess að viðhalda vöðvamassa og styrk er algert lykilatriði að taka inn bætiefni sem viðhalda uppbyggingu og heilbrigði líkamans, hjálpa til við endurheimt og lækna bólgur.

Heldur líkamanum ferskum

Astaxhanthin er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni framleitt hér á landi úr efni í smáþörungum sem veitir vernd gegn umhverfisáhrifum. Astaxhanthin er 6.000 sinnum öflugra en C-vítamín sem gerir það að áhrifaríkasta andoxunraefni sem um getur. Andoxunarefni hindra áhrif skaðlegra sindurefna í vefjum líkamans en þannig halda þau líkama okkar ferskum, ef svo má að orði komast.

Þrátt fyrir óþjált nafn er Astaxhanthin eitt vinsælasta bætiefnið á Íslandi. Fyrir utan stórkostleg áhrif á húðina og vernd gegn útfjólubláum geislum sólarinnar er bætiefnið einstaklega áhrifaríkt fyrir alla þá sem stunda álagsíþróttir. Astaxhanthin er virkt í því að vinna úr bólguástandi í bæði vöðvum eða liðum. Þá hjálpar það við að lækna skemmda frumuvefi og dregur úr mjólkursýru í vöðvum. Þá er sérstaklega mælt með að íþróttafólk taki það inn til þess að flýta fyrir endurheimt eftir erfiðar æfingar og er hér um að ræða besta harðsperrulausn sem hugsast getur.

Skotheld blanda

Collagen liðamót frá ICEHERBS inniheldur einstaka blöndu af hágæða íslensku kollageni sem unnið er úr fiskroði; magnesíum fyrir eðlilega vöðvaslökun og heilbrigt taugakerfi; og túrmeriki, sem er bólgueyðandi. Blandan gerir bætiefnið að algerri undravöru fyrir liðamótin. Einnig er svartur pipar sem eykur upptöku á túrmeriki og C-vítamín sem tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.

Kollagen er helsta uppbyggingarprótín líkamans en náttúruleg framleiðsla þess í líkamanum minnkar gríðarlega hratt eftir 25 ára aldurinn. Kollagen hefur áhrif á beinauppbyggingu og langvarandi skortur á því getur jafnvel orsakað beinþynningu og aðra kvilla sem fara að hrjá okkur þegar aldurinn færist yfir.

Hrein íslensk bætiefni

ICEHERBS leggur áherslu á að framleiða hrein og kröftug bætiefni sem geta bætt lífsgæði neytenda þeirra. ICEHERBS leggur áherslu á að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá eru enn fremur engin óþörf fylliefni notuð.

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Einmanaleikinn er sársaukafullur

Þessi tími árs getur verið erfiður fyrir marga óháð heimsfaraldri. Því er sérstaklega mikilvægt núna að vera vakandi fyrir einmanaleika og depurð, bæði hjá sjálfum okkur og öðrum í kring.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Á heimasíðunni Healthline er fjallað um þetta fyrirbæri. Samfélagslegum sársauka er lýst sem sársaukafullum tilfinningum sem tengjast aðstæðum þar sem annað fólk kemur við sögu, eins og höfnunartilfinning, einmanaleiki, útskúfun og að líða eins og maður sé yfirgefinn eða einskis virði.

Hugtakið samfélagslegur sársauki hefur verið notað af sálfræðingum til þess að lýsa því hvernig fólk bregst við sambandsmissi í kjölfar þess að vera hafnað, yfirgefið, eða vegna dauðsfalls, svo eitthvað sé nefnt.

Tenging fram yfir öryggi

Fjarlægðartakmarkanir, aflýsing viðburða, lokanir og óvissa í tengslum við stjórnmál hafa gert það að verkum að margir eru að glíma við mikla og sársaukafulla einangrun sem er á margan hátt sambærileg þeirri líðan sem fylgir missi og því að vera yfirgefinn. Þegar fólk getur ekki verið í reglulegum samskiptum við þá sem eru þeim kærir getur það upplifað mikla depurð og einmanaleika. Í grein Healthline er vísað til rannsóknar sem gerð var í háskólanum



Það hefur sjaldan verið eins mikilvægt að hlúa að sjálfum sér og öðrum eins og núna þegar skammdegi mætir heimsfaraldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

í São Paulo, þar sem fram komu vísbendingar um töluverða aukningu á samfélagslegum sársauka vegna COVID.

Þessar tilfinningar séu hugsanlega ein skýringin á því hvers vegna margir fari ekki eftir sóttvarnafyrirmælum varðandi ferðalög, vinahittinga og aðra félagslega viðburði. Fólk hafi svo mikla þörf fyrir félagslega tengingu að það sé frekar reiðubúið að fara ekki eftir fyrirmælum, þrátt fyrir að það geti verið lífshættulegt fyrir það sjálft og aðra.

Sársaukinn getur verið svo mikill að hann hefur líkamleg áhrif, rétt eins og þegar fólk slasar sig. Ástæðan fyrir því hversu sársaukafull þessi tilfinning er endurspeglar það hversu miklar félagsverur manneskjur eru í eðli sínu og tilfinningin veitir okkur hvatningu til þess að mynda tengsl við aðra.

Gagnlegt að hafa í huga.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að viðurkenna að sársaukinn sé raunverulegur og einfaldlega hluti af því að vera manneskja. Þó að þetta sé erfið tilfinning þá þýði hún ekki að það ami eitthvað að viðkomandi, en hún gefur til kynna að samfélagsleg tengsl séu ekki nægilega sterk hjá þeim sem líður svona. Því er fólki ráðlagt að leyfa tilfinningunni að hafa sinn gang.

Þá er fólki ráðlagt að reyna að ná stjórn á hugsunum sínum og því hversu oft hugurinn leitar í þessar hugsanir. Ef við ímyndum okkur þessa tilfinningu og svo hvernig okkur myndi líða um leið og við gætum átt góða stund í góðra vina hópi, þá sést vel hversu tímabundin þessi tilfinning raunverulega er, eða getur verið. Til þess að draga úr þessum hugsunum er tilvalið að reyna að dreifa huganum með áhugaverðri afþreyingu á borð við tónlist, sjónvarpsþætti, kvikmyndir, hreyfingu, bakstur eða í raun hvaða áhugamáli sem er. Þá hefur hugleiðsla reynst mörgum afar vel og er frábært tæki til þess að ná stjórn á hugsunum.

Vegna þess hve líkamlegur þessi sársauki er þá er líka hjálplegt að reyna að næra skilningarvitin en það getur líka dregið úr hefðbundnum, líkamlegum sársauka. Það er því áríðandi að hvíla sig þegar færi gefst, að virða fyrir sér fallega og litríka hluti, hlusta á tónlist, faðma þá sem þú getur faðmað, hvort sem það er fjölskyldumeðlimur eða gæludýr, fara í heitt bað eða sturtu, drekka góðan tebolla, anda að sér fersku lofti eða góðum ilmi.

Enn fremur er mikilvægt að nýta tæknina til þess að skapa tengingu við annað fólk. Það getur verið í gegnum síma, tölvupóst, myndsímtöl eða jafnvel bréfapóst. Í þessu skiptir mestu máli að samskiptin séu eins bein og persónuleg eins og hægt er og þá er einnig gott að minna sig á að vera þakklátur fyrir þá möguleika sem tæknin veitir okkur.

Ef ekkert af þessu bætir líðanina þá er hugsanlega tímabært að leita til sérfræðings áður en ástandið versnar. Hægt er að leita til lækna, ráðgjafa og sálfræðinga sem bæði veita fólki andlega tengingu og geta gefið fagleg ráð varðandi það hvernig hægt er að vinna úr þessum erfiðu tilfinningum.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

Starfsmannaskápar
Fataskápar
Geymsluskápar

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTIK 5362 #

Auglýsing um skipulagsmál í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun

1. Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.
Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun til kynningar. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreind tillaga ásamt kynningargögnum frá Landsvirkjun má nálgast hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is . Auk þess sem gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita www.utu.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum við kynningargögnin er til 17. febrúar 2021. Að lokinni kynningu verður tillagan lögð fyrir skipulagnefndir og sveitarstjórnir sveitarfélaganna til afgreiðslu fyrir auglýsingu.

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Sveitarfélagið ÁRBORG

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030
Austurbyggð II, Selfossi

Bæjarstjórn Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalaskipulagi Árborgar 2010-2030 skv.
1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 213/2010.

Skipulagssvæðið markast af hesthúsasvæði til norðurs, Gaulverjabæjarvegi til austurs, Austurhólum til vesturs og fyrirhugaðri legu Suðurhóla til suðurs. Breytingin felur í sér stækkun íbúðarsvæðis í landi Dísarstaða um 5,8 ha. og samsvarandi minnkun hesthúsasvæðis. Göngu- og hjólastígur, og reiðstígur á mörkum íbúðar- og hesthúsasvæðis færast og liggja á nýjum mörkum svæðanna. Reiðleið meðfram austurhólum verður felld niður. Heimild er gefin fyrir tveimur nýjum aðkomum að íbúðarsvæðinu frá Austurhólum og/eða Suðurhólum sem útfærast nánar í deiliskipulagi.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla liggur frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, frá og með 27. janúar nk. til 10. mars 2021 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á vefsíðu Árborgar, www.arborg.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 10. mars 2021. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa á Austurveg 67 eða á netfangið skipulag@arborg.is

Sigurður Andrés Þorvarðarson
skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós – Ný svæði – Aðalskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16.12.2020 að kynna skipulagslýsingu vegna skilgreiningar á námum og efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði.

2. Krókur L170822, gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi – Skilgreining iðnaðarsvæðis – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20.janúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Króks. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuaflsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.

3. Loftsstaðir-Vestri lnr 165512 – Ferðaþjónusta, tjöld og þjónustuhús – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12.janúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Loftstaða-Vestri. Í tillögunni felst að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja upp ferðaþjónustu með gistingu í heilsárstjöldum/smáhýsum ásamt þjónustuhúsi.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Vatnsholt 2, L166398 Hrútholt – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12.janúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Hrútholts í landi Vatnsholts 2, L166398.
Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu allt að 15 íbúðarhúsalóða sem hver um sig er 10.000 fm að stærð. Nýtingarhlutafall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi Flóahrepps.

5. Krókur L170822 – Gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20.janúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu í landi Króks. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuaflsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Skyggnir L197781 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu á lóð Skyggnis, L197781. Í deiliskipulagi felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Samkvæmt skilmálum skipulagsins er gert ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr allt að 250 fm, útihúsi allt að 1500 fm auk gestahúss allt að 60 fm að stærð á þremur byggingarreitum.

7. Sultartangavirkjun L191624 – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13 .janúar 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Sultartangastöð. Markmið deiliskipulagsins er að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess sem unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og settir fram skilmálar í tengslum við hana. Þá hafa fornminjar verið skráðar.

8. Nesjar, Stapavík L170904 – Frístundalóðir – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til lóðar Staðavíkur L170904 að Nesjum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining þriggja lóða auk byggingarheimilda innan þeirra.

9. Ásborgir 44 og 46 L199041 og L199042 – Sameiningar lóða – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20.janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst sameining lóða Ásborga 44 L199041 og Ásborga 46 199042 sem báðar eru verslunar- og þjónustulóðir. Að sameiningu lokinni fær lóðin staðfangið Ásborgir 44 og verður 12.413 fm að stærð.

10. Brattholt lóð (Gullfosskaffi) 193452 – Spennistöðvarlóð, byggingarreitir fyrir skolphreinsistöð og sorpgáma, stækkun núverandi byggingarreits og sameining lóða – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21.janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á Brattholti lóð (Gullfosskaffi). Í breytingunni felst skilgreining á byggingarreitum fyrir skolphreinsistöð og sorpgáma, stækkun á núverandi byggingareit og sameiningu lóða auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir spennistöð.

11. Grænahlíð, Efri-Brú – Hliðrun lóðar og skilmálabreyting – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20.janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Grænuhlíðar í landi Efri-Brúar. Í breytingunum felst hliðrun á lóðum og grænum svæðum innan skipulagssvæðisins auk breytinga á greinargerð þar sem settar eru fram nánari kvaðir varðandi útlit og eðli bygginga og lóðaframkvæmda.

12. Hrísbraut 2, L218845 – Skipting lóðar og skilmálabreyting – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur m.a. til lóðar Hrísbrautar 2. Í breytingunni felst uppskipting lóðar Hrísbrautar 2 og skilgreining byggingarheimilda fyrir svæðið í heild sinni og stakra lóða innan deiliskipulagsins.
Samkvæmt 2.mgr.36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

13. Sporöldulón á Holtamannaafrétti, stækkun námu E16 – Aðalskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2020 óverulega breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps. Í breytingunni felst að náma E16 vestan Tungnaár um 300 metra sunnan við stíflu Sporöldulóns verður stækkuð úr 0,5 í 1,0 ha. og efnismagn hennar aukið úr 10.000 m3 í 20.000 m3. Áætluð aukning á efnismagni er ætlað til viðhalds og viðgerða á stíflum á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Náman er staðsett á röskuðu svæði innan iðnaðarsvæðis í gildandi aðalskipulagi og innan deiliskipulags fyrir Búðarhálsvirkjun. Breyting þessi hefur tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda nr. 1292-2020.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/, https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Skipulags tillögur og lýsingar eru í kynningu frá 27.01.2021 til og með 17.2.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 17.2.2021
Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 27.01.2021 til og með 12.3.2021.
Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 12.3.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2 °C | 7 ←	-3 °C | 9 ←	-6 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-6 °C | 4 ↑	-1 °C | 2 ↙	-6 °C | 2 →

Austlæg átt, 10-18 m/s í dag, hvassast syðst og á Vestfjörðum, en mun hægari austanlands. Birtir víða til, en stöku él við sjávarsíðuna. Frost 1 til 12 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 5 ←	-4 °C | 3 ↑	-6 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-5 °C | 3 ↑	-2 °C | 2 ↙	-8 °C | 9 ↗

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 8 ↖	-2 °C | 2 ↑	-5 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-5 °C | 4 ↑	0 °C | 3 ↓	-7 °C | 5 ↗

LÉTT

6		1			2	5		
		2		5	9	8	1	
					3		4	6
	6		8				2	
	5	8	1		7			9
				6				
1	9	5		4				
				7			3	
4		7	9			1	8	

MIÐLUNGS

		3		1	9			
7	8				6			
	2	4	7		5			
	3		5				7	
2		5			1			
1		9			8	2		
			6		7	9	5	
4		8					1	
5							8	

ÞUNG

7			6		2	4		
	6	2	4			5	7	
							8	
		6	8	4	7			
					1		4	6
		5	2					7
				6	9			
	4			7		1		
6	1	7					3	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 leysa
5 grátur
6 íþróttafélag
8 hætta
10 tveir eins
11 sendibíll
12 vísbending
13 ríki í arabíu
15 sögu
17 skadda

LÓÐRÉTT
1 fljótfær
2 himinn
3 kvísl
4 bak við
7 meðhöndla
9 afla
12 blýkúla
14 fljótræði
16 óðagot



LÁRÉTT: 1 hlana, 5 vol, 6 fh, 8 aflata, 10 tt, 11 van, 12 hint, 13 iran, 15 sagnar, 17 slasa.
LÓÐRÉTT: 1 hvatvís, 2 loft, 3 all, 4 aftan, 7 hantera, 9 ávinna, 12 hagl, 14 ras, 16 as.

Skák

Gunnar Björnsson

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir (1.935) átti leik gegn Alexander Oliver Mari (2.153) á Skákþingi Reykjavíkur.

29...Bf8! (ef 29...Bxg4 30. Dxg4 Bf8 31. Hf5!). Hvítur tapar manni. Hann reyndi **30. De3 en eftir 30...Bxg4!** (30...Bxa3 31. Dh6#). **31. Rd5 f5** var staðan. Fimmta umferð Skákþings Reykjavíkur fer fram í kvöld. Í gær fór fram vel heppnuð spurningakeppni og fyrirlestur tileinkað Friðriki Ólafssyni.

www.skak.is: Tata Steel-mótið.

Svartur á leik

2	8	1	5	7	3	9	6	4
9	6	5	4	1	2	8	3	7
7	3	4	6	8	9	5	1	2
6	1	2	9	5	8	7	4	3
8	4	7	2	3	1	6	5	9
3	5	9	7	4	6	1	2	8
1	7	8	3	6	4	2	9	5
4	9	6	8	2	5	3	7	1
5	2	3	1	9	7	4	8	6

3	8	4	7	2	5	9	1	6
9	5	1	3	8	6	4	7	2
6	2	7	9	1	4	5	8	3
8	7	5	1	6	9	2	3	4
1	9	2	4	7	3	6	5	8
4	3	6	2	5	8	7	9	1
7	1	8	5	4	2	3	6	9
2	6	3	8	9	7	1	4	5
5	4	9	6	3	1	8	2	7

3	7	6	1	4	8	2	5	9
9	5	4	2	6	7	3	8	1
8	1	2	9	3	5	7	4	6
4	6	8	3	7	9	5	1	2
5	2	9	4	8	1	6	3	7
7	3	1	5	2	6	4	9	8
1	9	3	6	5	2	8	7	4
2	8	5	7	1	4	9	6	3
6	4	7	8	9	3	1	2	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Sjálf er ég búin að læra gríðarlega margt af því að leikstýra Fuglabjarginu hér í Borgarleikhúsinu, segir Hallveig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þakklæti fyrir að fá að sýna, leika og skapa

Hallveig Kristín Eiríksdóttir leikstýrir Fuglabjarginu í Borgarleikhúsinu. Tónleikahús þar sem áhorfendur upplifa fuglalíf. Barnabók kemur út í tengslum við sýninguna.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fuglabjargið er tónleikhús fyrir börn þar sem áhorfendur fá að upplifa fuglalífið í eyjunni Skrúði fyrir mynni Fáskrúðsfjarðar. Verkið er sýnt í Borgarleikhúsinu og er eftir Birni Jón Sigurðsson, sem hlaut Grímutilnefningu fyrir verkið Kartöflur sem leikrit ársins 2020. Tónlist verksins er í höndum Ingibjargar Ýrar Skarphéðinsdóttur og Ragnheiðar Erlu Björnsdóttur, og Hallveig Kristín Eiríksdóttir leikstýrir.

Hallveig er myndlistar- og sviðslistakona. Hún hefur meðal annars sett á svið gjörninga og leiksýningar, unnið sem sviðsmyndahönnuður og starfað með erlendum sviðslistahópum. „Þetta hefur verið mjög áhugavert ferli. Þetta er líka í fyrsta sinn sem ég leikstýri óperu. Sjálf er ég búin að læra gríðarlega margt í þessu vinnuferli," segir Hallveig.

Vinnur myndrænt

Spurð hverjar hafi verið áherslur hennar í leikstjórninni segir hún: „Mitt áhugasvið liggur í líkamlegri vinnu og við höfum unnið mikið með fuglahreyfingar. Við horfðum á náttúrulífsvídeó af þeim fuglum sem koma við sögu í verkinu, skoðuðum einkenni þeirra, hvernig þeir hreyfa hálsinn og blaka vængjunum og hvernig hljóð þeir gefa frá sér, en í sýningunni er mikið unnið með þessi hljóð. Flytjendurnir eru þaulmenntaðir söngvarar og tónlistarflytjendur og bera ábyrgð á söngnum. Leikstjórnin fólst í því að finna og fanga eðli og sérkenni fuglanna og sjá til þess að það skilaði sér upp á svið."

Hallveig er spurð hvort það að hún er myndlistarkona setji sitt mark á áherslur hennar í leikstjórn.

> LEIKSTJÓRNIN FÓLST Í ÞVÍ AÐ FINNA OG FANGA EÐLI OG SÉRKENNI FUGLANNA OG SJÁ TIL ÞESS AÐ ÞAÐ SKILAÐI SÉR UPP Á SVIÐ.

„Já hiklaust, ég vinn mjög myndrænt. Notkun á efni á sviðinu er mér mjög hugleikin. Leikmyndin er hluti af sköpunarferlinu og mestöll unnin úr endurvinnanlegum efnum og er gerð þannig að auðvelt sé að pakka henni saman. Þannig er til dæmis auðvelt að fara með sýninguna út á land, sem ég vona að við getum gert seinna."

Ólýsanlegur léttir

Söngur og tónlist ríkja í verkinu. „Eitt af markmiðunum hjá tónskáldinu, Ingibjörgu Ýri, var að búa til íslenskt verk sem tæki mið af hinum klassíska tónlistarheimi. Þar horfðum við nokkuð til Péturs og úlfsins sem innblásturs. Við vildum hafa nýja tónlist þar sem leikið væri á klassísk hljóðfæri. Tónlistin er íburðarmikil, umlykur allt og fyllir upp í rýmið. Ég held að flestir hrífist með."

Hallveig segir að það sé ólýsanlegur léttir að leikhúsið sé nú opið á ný. „Með hverri sýningu er eins og heimurinn sé að verða aðeins meira venjulegur. Áhorfendur fá að koma í leikhúsið og þótt allir séu með grímu og langt bil sé á milli fólks og miklu færri áhorfendur en væru venjulega, þá getur maður ekki verið annað en gríðarlega þakklátur að fá að sýna, leika og skapa. Við sem komum að þessari sýningu erum bjartsýn af því við höfum fengið að sýna og finnum góða orku frá áhorfendum. Þá líður okkur eins og allt verði í lagi."

Í tengslum við sýninguna kemur út barnabók með texta verksins og myndum sem Hallveig teiknar. Kóði er prentaður í bókinni og með honum má nálgast tónlistina í verkinu á netinu.

Þóra Hjörleifsdóttir verður í Gerðubergi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYJÓLFUR

Gleymdar konur

Gleymdar konur sögunnar verða til umfjöllunar í bókakaffi Borgarbókasafnsins í Menningarhúsi Gerðubergs í kvöld, miðvikudaginn 27. janúar kl. 19.30-21.00.

Hvaða kvenna samtímans mun framtíðin minnast? Munu sögubækur framtíðarinnar verða öðruvísi en þær sem við lesum í dag, þegar kemur að afrekum kvenna? Hvað gerir fólk minnisvert? Hvers vegna er afreka karla fremur minnst en kvenna? Hver skrifar söguna? Erla Huld Halldórsdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Nína Björk Jónsdóttir leita svara við þessu.

Kvöldið hefst á því að heiðruð verður minning fimm gleymdra kvenna með fimm stuttmyndum úr Brazen-seríunni, eftir Pénélope Bagieu í leikstjórn Mai Nguyen og Charlotte Cambon.

Undirbúningur fyrir næsta leikár stendur nú yfir í Þjóðleikhúsinu.

Rafrænar áheyrnarprufur

Þjóðleikhúsið vinnur nú að undirbúningi næsta leikárs og kallað er eftir umsóknum um stöður leikara við húsið. Nú í fyrsta sinn er kallað eftir rafrænum umsóknum og prufum fyrir menntaða leikara. Leikarar geta sent stuttar upptökur af sér auk almennra umsóknargagna. Eftir að listrænir stjórnendur í nýju, listrænu teymi leikhússins hafa farið yfir umsóknir, verður hluta hópsins boðið í ítarlegri prufur. Þá er unnið með leikstjóra við húsið.

Skráning á umsóknum og innsending á prufugögnum fer fram í gegnum skráningarform á vefsíðu leikhússins, leikhusid.is. Skilafrestur er til og með 1. febrúar 2021.

MYNDLIST Á ÍSLANDI

Sérblaðið Myndlist á Íslandi kemur út **laugardaginn 25. febrúar.**

Þarna viljum við gefa stórum og litlum söfnum og galleríum tækifæri til að koma á framfæri því sem verður í gangi á nýja árinu! Í þessu blaði bjóðum við upp á hefðbundnar auglýsingar og kynningar sem unnar eru í samráði við blaðamenn og ljósmyndara Fréttablaðins.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

D-VÍTAMÍN Í SKAMMDEGINU

1.098 kr./glasið

Now D-Vítamín
2.000 IU - 120 gel hylki

189 kr./1 ltr.

D-vítamínbætt Léttmjólk
D-vítamínbætt Nýmjólk

959 kr./glasið

Lýsi Omega3 + D vítamín
120 perlur

759 kr./500 ml

Bónus Þorskalýsi
500 ml

998 kr./pk.

Lýsi Heilsutvenna
64 stk.

BÓNUS PLOKKFISKUR

998 kr./1 kg

Bónus Plokkfiskur
1 kg - verð áður 1.198 kr

BÓNUS SÆTKARTÖFLUSÚPA

1.298 kr./1 kg

Vegan **Bónus Sætkartöfluspúpa**
1 kg

BÓNUS KJÖTSÚPA

1.598 kr./1 kg

Bónus Kjötsúpa
1 kg

Verð gildir til og með **31. janúar** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

179 kr./stk.

Ísey Skvísur
125 g - nokkrar tegundir

298 kr./500 g

Ísey Hreint Skyr
500 g

375 kr./500 g

Ísey Bragðbætt Skyr
500 g - nokkrar tegundir

535 kr./pk.

MS LGG+
6 stk. í pk. - nokkrar tegundir

319 kr./1 ltr.

MS AB Mjólk
1 ltr. - tvær tegundir

439 kr./1 kg

Ísey Hreint Skyr
1 kg

698 kr./1 kg

Bónus Grjónagrautur
1 kg

498 kr./pk.

Kjarnafæði Lifrapylsa
455 g



Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FKA

VIÐURKENNINGARHÁTÍÐ

2021

FKA VIÐKURKENNINGARHÁTÍÐ 2021

Í KVÖLD KL. 21.00

Viðurkenningarhátíð FKA verður sýnd á Hringbraut í kvöld kl. 21.00 í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Huldu Bjarnadóttur.

Veittar verða þrjár viðurkenningar til kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd.

FKA Viðurkenning

FKA Þakkarviðurkenning

FKA Hvatningarviðurkenning

SJÓVÁ Íslandsbanki FKA HRINGBRAUT

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Gengið á Dólómítana Ferðaþáttur um leiðangur Íslendinga um ítölsku Dólómítana.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 Viðurkenningarhátíð FKA Félag kvenna í atvinnurekstri veitir konum í viðskiptalífinu viðurkenningar.
21.30 Viðurkenningarhátíð FKA Félag kvenna í atvinnurekstri veitir konum í viðskiptalífinu viðurkenningar.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Íslensku bókmenntaverðlaunin
10.10 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
10.55 Andrar á flandri Skotland.
11.25 Poppkorn 1987
11.50 Heimaleikfimi
12.00 Sagan bak við smellinn - Praise You
12.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1994-1995
13.45 Óskalög þjóðarinnar 1974-1983
14.45 Tónatal Cell7
15.45 Vísindahorn Ævars Tilraun - klifur með ryksugu.
15.55 Mamma mín
16.10 Táknmálsfréttir
16.20 Danmörk - Egyptaland Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum á HM karla í handbolta.
18.05 KrakkaRÚV
18.06 Kúlugúbbarnir
18.29 Rán og Sævar
18.40 Sammi brunavörður
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Trump-sýningin - Tjaldið fellur. The Trump Show - Downfall Heimildaþáttur frá BBC um síðustu mánuði Donalds Trumps í embætti. Þetta var viðburðaríkur tími þar sem hann reyndi að fá niðurstöðum forsetakosninganna hnekkt og ráðist var inn í þinghúsið í Washington. Rætt er við ráðgjafa og samstarfsfólk forsetans og skyggnst á bak við tjöldin.
21.10 Nútímafjölskyldan. Bonusfamiljen
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Nýjar hendur - innan seilingar
23.25 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.05 LPGA Tour 2021 Útsending frá Diamond Resorts.
11.05 LPGA Tour 2021 Útsending frá Diamond Resorts.
14.05 LPGA Tour 2021 Útsending frá Diamond Resorts.
17.05 Champions Tour Highlights 2021
18.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Diamond Resorts.
21.00 PGA Tour 2021 Útsending frá The American Express.
01.00 PGA Highlights 2020
01.55 PGA Special. 3M Open Compass Challenge
04.00 European Tour 2021 Bein útsending frá Omega Dubai Desert Classic.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents
14.25 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Will and Grace
20.00 The Block
21.00 Chicago Med Dramatísk þáttaröð úr smiðju Dick Wolf sem m.a. gerði Law & Order seríurnar.
21.50 The Great
22.40 The Arrangement
23.25 The Late Late Show
00.10 The Good Fight
00.55 The Resident
01.40 Devils
02.25 Fargo
03.15 The Twilight Zone
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
10.45 Morgunleikfimi
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú! Ung tónskáld í Upptaktinum - Birgir Bragi og Gabríel Máni.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Egils saga (12 af 18)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 Wolves
12.40 The Art of Racing in the Rain
14.25 Paris Can Wait
15.55 Wolves
17.40 The Art of Racing in the Rain
19.25 Paris Can Wait
21.00 What Lies Beneath Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Fyrir ári hélt hann framhjá Claire sem enn þá veit ekkert um það. Sjálf upplifir hún undarlega atburði sem eiga eftir að varpa nýju og ógeðfelldu ljósi á hjónaband hennar.
23.05 Backdraft 2
00.45 Chloe and Theo
02.05 What Lies Beneath

STÖÐ 2

08.00 The Goldbergs
08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.10 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Curb Your Enthusiasm
11.45 10 Years Younger in 10 Days
12.35 Nágrannar
12.55 Næturgestir
13.20 Friends
13.45 Drew's Honeymoon House
14.25 Catastrophe
14.50 Catastrophe
15.15 Gulli byggir
15.45 Lóa Pind. Battlað í borginni
16.20 Katy Keene
17.00 Suður-ameríski draumurinn
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikinglottó
19.10 Líf dafnar Undurfagrir og persónulegir þættir í umsjón Andreu Eyland um flest sem viðkemur fyrstu þrem árunum í lífi barna og foreldra þeirra.
19.50 First Dates Hotel
20.40 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
21.30 The Good Doctor
22.15 Limetown
22.50 Sex and the City
23.25 Succession
00.25 The Blacklist
01.10 NCIS. New Orleans
01.50 Veronica Mars
02.40 Veronica Mars
03.30 Curb Your Enthusiasm
04.05 Næturgestir

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Stelpurnar
21.10 Whiskey Cavalier
21.55 Big Little Lies
22.45 Gasmamman
23.35 Steypustöðin
00.05 Friends
00.30 Friends
00.50 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Seinni bylgjan - karla
09.00 Þór Ak. - KR
10.40 Valur - Njarðvík
12.20 Dominos Tilþrifin 5. umferð
13.05 Domino's körfuboltakvöld
14.20 Skallagrímur - Fjölnir Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
16.05 Keflavík - Valur
17.50 Stjarnan - FH Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
19.30 Seinni bylgjan - karla
20.50 Snæfell - Fjölnir Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
22.45 Valur - Breiðablik Bein útsending frá leik í Dominos. deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Levante - Real Valladolid
10.40 Benevento - Torino
12.20 Kansas City Chiefs - Buffalo Bills
14.50 Roma - Spezia
16.30 Spænsku mörkin
17.20 Ítölsku mörkin
18.10 Ipswich - Sunderland
19.50 The Fifth Quarter Ítarleg umfjöllun um leikina í ACB spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
20.05 Indiana Pacers - Toronto Raptors Útsending frá leik Indiana Pacers - Toronto Raptors í NBA.

SAMSUNG Í ORMSSON

QLED Q 80T **50.000 KR AFSL.**
TILBOÐSVERÐ 399.900 KR

QLED Q 80T **50.000 KR AFSL.**
TILBOÐSVERÐ 649.900 KR

QLED Q 70T **100.000 KR AFSL.**
TILBOÐSVERÐ 549.900 KR

SAMSUNG SJÓNVÖRP Á EINSTÖKUM JANÚAR VERÐUM

QLED Q 74T **20.000 KR AFSL.**
TILBOÐSVERÐ 179.900 KR

THE FRAME 20.000 KR AFSL.
TILBOÐSVERÐ 179.900 KR

75″ TU 7005
TILBOÐSVERÐ 249.900 KR

SAMSUNG HEIMILISTÆKI Í ÚRVALI

Vrn. SARL38T602FB1/EF

KÆLISKÁPUR M/FRYSTI
SVARTUR 203 CM
139.900 KR
Loftkælikerfi, hljóðlátur, Space Max ný tækni, No Frost tækni o.fl.

Vrn. SARFG23RESL1/XEE

KÆLISKÁPUR USA STÁL
329.900 KR
Twin Cooling tækni, No Frost tækni, jöfn dreifing á blæstri í öllum hillum o.f.l.

Vrn. SADW60R7070US/EE

UPPÞVOTTAVÉL 8 KERFA - STÁL
119.900 KR
Hljóðlát, sjálfvirk opnun, stillanleg hæð á efri grind, 70° bakteríudrepandi skolkerfi, 8 kerfi m.a. 60 mín hraðkerfi , sjálfhreinsandi o.fl.

Vrn. SADW60R7070UW/EE

UPPÞVOTTAVÉL 8 KERFA - HVÍT
109.900 KR

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Samkvæmisleikur gyllta límmiðans

Bókmenntaverðlaunin hafa verið misumdeild í gegnum árin, en óhætt er að líta um öxl eftir afhendingu þeirra í gær því enn standa þau vel undir frumtilgangi sínum, að draga fram athyglisverðustu útgáfubækur hvers árs.

Gunnar Helgason var nánast klikkaður af kæti á Bessastöðum þegar hann hlaut bókmenntaverðlaunin 2015 í barnabókaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslensku bókmenntaverðlaunin 2020 voru afhent í 32. sinn á Bessastöðum í gærkvöld og þótt fullkomin eining muni seint ríkja um tilnefningar og niðurstöður dómnefnda er jafnan kátt í forsetahöllinni á Bessastöðum þegar markaðsvænum gullmiðanum er útdeilt til verka sem þykja skara fram úr í þremur flokkum: skáldverka, barna- og ungmennabóka og fræðibóka og rita almenns efnis.

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru fyrst veitt 1989 þegar þau féllu ljóðskáldinu Stefáni Herði Grímssyni í skaut fyrir Yfir heiðan morgun: ljóð '87-'89.

„Eins og aðrir samkvæmisleikir eru þessi verðlaun mjög nauðsynleg og þau eru náttúrlega bæði góð en aukinheldur misvitur. Eins og allt samtíðarhjal," segir Valdimar Tómasson, ljóðskáld, bókasafnari og ótæmadi fróðleiksbrunnur um íslenskar bókmenntir.

„Mér fannst náttúrlega mjög ánægjulegt að strax í vöggu verðlaunanna hafi Stefán Hörður Grímsson fengið þau fyrir Yfir heiðan morgun. Það var náttúrlega bæði svona viss vottur fyrir ljóðlistina og heiður fyrir aldraða ljóðskáld sem var vel að þessu komið."

Skáldsögur og ljóð deila takmörkuðu rými í flokki skáldverka þar sem Valdimar finnst stundum heldur halla á ljóðið. „Ljóðin eru ekki eins mikil markaðsvara þannig að gullmiðinn á þau er ekki eins ákjósanlegur upp á að ná upp sölutölum. Það eru meiri líkur til þess að hann geti selt skáldsöguna meira," segir Valdimar og teflir fram tveimur öndvegisskáldum til viðbótar sem telja má óumdeild.

„Heiðursmenn eins og Hannes Pétursson og Þorsteinn frá Hamri hafa verið sæmdir þessu. Hannes 1994 fyrir Eldhyl sem kom út 1993 og Þorsteinn 1993 fyrir Sæinn sofandi.

Valdimar Tómasson FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Utangátta englar

Þegar talið berst að skáldsögunni leggur Valdimar áherslu á að hann er „bundnari ljóðheimum", en rifjar síðan upp að Englar alheimsins sem komu út 1993, „voru ekki einu sinni tilnefndir," en skiluðu Einari síðan bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs árið 1995. „Fæst orð hafa minnsta ábyrgð," segir hann, þegar hann er spurður álits á einhverri eftirminnilegustu og umdeildustu sniðgöngu síðari ára. Einar hlaut síðan bókmenntaverðlaunin 2015 fyrir skáldsöguna Hundadaga.

Kolbrún Bergþórsdóttir, menningarritstjóri Fréttablaðsins, leitar aðspurð ekki langt yfir skammt í þessum efnum. „Andri Snær var ekki tilnefndur í fyrra í fræðiritaflokknum fyrir Um tímann og vatnið. Það var skandall! Hann hefði átt að fá þau verðlaun."

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og þau íslensku eru stundum í takt og þannig hlaut Fríða Á. Sigurðardóttir þau bæði fyrir Meðan nóttin líður frá 1990 og Auður Ava hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2016 fyrir skáldsöguna Ör og síðan verðlaun Norðurlandaráðs 2018.

> LJÓÐIN ERU EKKI EINS MIKIL MARKAÐSVARA ÞANNIG AÐ GULLMIÐINN Á ÞAU ER EKKI EINS ÁKJÓSANLEGUR.
>
> Valdimar

Klikkað stuð

Árið 2013 var í fyrsta sinn tilnefnt sérstaklega í flokki barna- og unglingabóka og þá stóð Andri Snær Magnason uppi með sigurvöndinn í höndunum fyrir Tímakistuna.

Gunnar Helgason réði sér vart fyrir kæti á Bessastöðum tveimur árum síðar þegar Mamma klikk! skilaði honum verðlaununum í nýja flokknum og Hildur Knútsdóttir náði sögulegum árangri 2016 þegar hún varð fyrsti rithöfundurinn sem var tilnefndur fyrir tvær bækur sama árið.

Þá var Hildur tilnefnd, ásamt Þórdísi Gísladóttur, fyrir Doddi: bók sannleikans í flokki barna- og unglingabóka, þar sem hún hlaut síðan verðlaunin fyrir Vetrarhörkur.

Þá vakti teiknimyndasagan Vargöld – fyrsta bók einnig athygli í þessum sama flokki fyrir að vera fyrsta teiknimyndasagan sem hlýtur tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

toti@frettabladid.is

Andri Snær hlaut verðlaunin í sérstökum flokki barna- og unglingabóka en missti af almennu fræðalestinni 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auður Ava fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin 2016 og bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2018 fyrir skáldsöguna Ör. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gerður Kristný stóð vörð um ljóðið og hlaut verðlaunin í skáldskaparflokknum 2011 fyrir Bóðhófni. Helgi Hallgrímsson fékk þá fræðaverðlaunin fyrir Sveppabókina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heilbrigðir lokkar í kulda og trekki

Undanfarið hefur veðrið leikið okkur grátt, í það minnsta þegar kemur að kulda. Fyrri hluti vetrar var mildur en nú er kominn tími á að huga að húð og hári til að lenda ekki í leiðinlegum þurrki. Hér eru góð ráð til að halda hárinu heilbrigðu þrátt fyrir frostið.

Power Shots úr nýrri línu Lee Stafford fyrir skemmt hár er algjör snilld og mikil rakabomba. Styrkir, nærir og kemur í veg fyrir flækjur. Fæst í verslunum Hagkaupa.

Koddaver úr silki eru einstaklega góð, ekki bara fyrir hárið heldur einnig húðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kuldakast hefur sett sinn svip á janúarmánuð. Fyrir jól fengum við nokkuð mildan og góðan vetur og því var það nokkuð sjokk að þurfa loks að draga fram sínar hlýjustu flíkur. Þetta geta líka verið mikil viðbrigði fyrir húðina en ekki síður hárið. Það er um að gera að reyna að sporna við þurrum og leiðinlegum lokkum með ýmsum vörum og ráðum.

steingerdur@frettabladid.is

Reyndu fyrir alla muni að forðast það að nota blásara og hitajárn þegar hárið þarf nú þegar að ganga í gegnum þennan kulda. Ef nauðsyn þykir, þá skaltu alltaf muna að nota góða hitavörn áður þú sléttar, krullar eða blæst. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fyrir alla muni passaðu að fara ekki út með blautt hárið. Það er ekki einungis slæmt fyrir hárið sjálft heldur einnig heilsuna. Nú er ekki tíminn til að fá hvimleitt kvef. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Miracle hair treatment frá ELEVEN er ein vinsælasta hárvaran á landinu að sögn hárgreiðslufólks. Rakagefandi fyrir þurrt hár og kemur í veg fyrir klofna enda. Fæst meðal annars hjá harvorur.is.

Næringarúðinn frá Balmain er gríðarlega góður fyrir þurra enda og þægilegur til að grípa með sér. Fæst meðal annars hjá beautybar.is.

Nú er loksins hægt að kaupa hið einstaka Olaplex til heimanota. Fæst á mörgum hárgreiðslustofum og á sapa.is.

reitir.is

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf. auglýsir eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins

Tilnefningarnefnd Reita auglýsir eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins vegna aðalfundar sem haldinn verður 11. mars 2021.

Í því skyni að fá umfjöllun tilnefningarnefndar um tilnefningar eða framboð til stjórnar er áhugasömum bent á að fylla út form sem finna má á vefsíðu félagsins, www.reitir.is, og senda nefndinni eigi síðar en **3. febrúar 2021** á netfangið **tilnefningarnefnd@reitir.is**.

Farið verður með allar persónuupplýsingar, sem tilnefningarnefnd berast, sem trúnaðarmál og í samræmi við reglur um persónuvernd. Tillaga nefndarinnar um val á stjórnarmönnum verður birt samhliða boðun aðalfundar eða í síðasta lagi þremur vikum fyrir aðalfund. Önnur framboð verða birt sex sólarhringum fyrir aðalfund. Einstaklingur sem nefndin gerir ekki tillögu um sem stjórnarmann í félaginu getur ávallt gefið kost á sér til stjórnarsetu með því að skila inn formi framboðs til stjórnar innan hins almenna framboðsfrests samkvæmt samþykktum Reita, þ.e. sjö sólarhringum fyrir aðalfund. Form vegna umfjöllunar í tilnefningarnefnd eða framboðs til stjórnar má finna á vefsíðu félagsins **www.reitir.is.**

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf.

REITIR FASTEIGNAFÉLAG

DORMA
Láttu drauminn rætast
Ótrúleg útsala í fjórum búðum og á dorma.is
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði
www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN
Janúar útsala
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR
PURE COMFORT
fibersæng
Létt og þægileg fibersæng.
Stærð: 140x200 cm. Sængin er 300g. Má þvo á 60°c
Fullt verð: 9.900 kr.
Aðeins 7.920 kr.
PURE COMFORT
fiberkoddi
Léttur, ódýr og þægilegur fiberkoddi.
Stærð kodda: 50x70cm. 700g.
Má þvo á 60°c..
Fullt verð: 3.900 kr.
ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR
Aðeins 3.120 kr.
Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði
DORMA
Láttu drauminn rætast

Tinna mun fara með titilhlutverkið í leikverkinu Sunnefa sem frumsýnt verður í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kennir grunninn að því að öðlast jafnvægi

Í febrúar hefst námskeiðið Heima í þér sem er undir stjórn **Tinnu Sverrisdóttur**. Hún hóf að huga að andlegri heilsu sinni fyrir alvöru þegar hún var 15 ára og mætti í fyrsta skipti á 12 spora fund.

Leikkonan Tinna Sverrisdóttir stofnaði heilsusetrið Andagift með vinkonu sinni, söngkonunni Láru Rúnarsdóttur. Tinna segist snemma hafa byrjað að pæla í andlegum málefnum.

„Ætli heiðarlega svarið sé ekki einfaldlega að vanlíðan hafi leitt mig út á þessa braut. Mér leið ekki nógu vel, ég þjáðist af miklum kvíða og meðvirkni. Þegar ég var fimmtán ára tók ég þá ákvörðun að prófa að mæta á tólf spora fund, mér til mikillar lukku. Ég vissi ekkert hvað þetta var en ég mætti inn í herbergi fullt af unglingum sem áttu svipaða sögu og ég og ég man að ég var skíthrædd en fann mjög fljótt að þetta væri staður sem hjálpaði mér að kynnast sjálfri mér betur, svo hef ég ekki hætt að mæta síðan.

Þessi vinna hefur að sjálfsögðu haft gríðarleg áhrif á líf mitt og nú 17 árum síðar er kistillinn orðinn vel fullur af góðum ráðum og lífslexíum. Fyrir mér er þetta grunnurinn minn sem ég bý alltaf að og hefur aukið áhuga minn enn meira á andlegri heilsu og geðheilbrigðismálum," segir hún.

STUTTU EFTIR AÐ ÉG ÚTSKRIFAST SEM LEIKKONA KEYRI ÉG SVO BÓKSTAFLEGA Á VEGG AF STREITU OG VEIKIST UM LEIÐ. ÞÁ TEKUR VIÐ TÍMABIL ÞAR SEM MÍN ANDLEGA IÐKUN FER Í FYRSTA, ANNAÐ OG ÞRIÐJA SÆTI.

Rakst á vegg

Þegar Tinna var tvítug komst hún inn í leikaranám í Listaháskóla Íslands.

„Þá finn ég enn frekari þörf fyrir að huga að heilsunni minni til þess að halda sem bestu jafnvægi í gegnum námið og ég fer þá að iðka jóga og hugleiðslu af meiri krafti. Stuttu eftir að ég útskrifast sem leikkona keyri ég svo bókstaflega á vegg af streitu og veikist um leið. Þá tekur við tímabil þar sem mín andlega iðkun fer í fyrsta, annað og þriðja sæti. Ég gerði bókstaflega allt til þess að byggja mig upp aftur og byggja góðan grunn að því að ég geti starfað sem heilsuhraust leikkona á ný. Á þessum tíma ferðaðist ég mikið um heiminn, víkkaði sjóndeildarhringinn og prófaði alls konar hluti."

Hvert er mikilvægi þess að huga að andlegri líðan á tímum sem þessum?

„Að mínu mati skiptir það öllu máli því andleg líðan okkar er grunnurinn að öllu hinu. Hvernig okkur líður dag frá degi segir til um það og hefur áhrif á það hvernig við komum fram við fólkið í kringum okkur, hvernig við hugsum um eigin líkama og hversu fær við erum í starfi okkar. Ég finn það að minnsta kosti með sjálfa mig að þegar ég huga að minni andlegu heilsu smitar það í alla króka og kima lífs míns og gerir mér einfaldlega auðveldara að njóta þess sem er."

Dýrmætur tími

Tinna segist persónulega hafa upplifað þessa fordæmalausu tíma sem dýrmæta. Hún hafi orðið að læra að hægja aðeins á sér.

„Jafnvel þó að ég kenni hugleiðslu á ég það enn til að keyra mig í kaf í vinnu og öðru svo síðustu mánuðir hafa virkilega veitt mér betri yfirsýn, innri ró og tíma til að rækta sköpunarkraftinn minn. Í kjölfarið skapaðist hins vegar meira rými og tími fyrir leiklistina svo ég er búin að vera á fullu að leika allt árið sem er það skemmtilegasta sem ég geri, svo að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott," segir hún brosandi.

Í febrúar byrjar Tinna með námskeiðið Heima í þér.

„Það er fyrir alla þá sem vilja líða enn betur í eigin skinni. Námskeiðið er mjög einfalt og aðgengilegt að því leyti að þú þarft ekki að vera með neinn grunn í jóga eða hugleiðslu. Svo fer það fram á Zoom svo þú getir skapað þér hugguleg og umvefjandi rými heima hjá þér. Allir geta verið með, hvort sem þú býrð úti á landi eða erlendis. Að þessu sinni er þemað heilun og heildræn heilsa og mun ég kafa ofan í alla þá þætti sem þarf að huga að til þess að skapa heildstæðan og langvarandi árangur."

Að mati Tinnu er þetta grunnurinn að því að öðlast jafnvægi til að geta látið drauma sína rætast.

„Í samfélaginu okkar er lögð gríðarleg áhersla á líkamsrækt sem er að sjálfsögðu mikilvægt en mér þykir afar áríðandi að hvetja fólk til þess að rækta alla partana af sér. Að læra að rækta huga, tilfinningar, líkama og sál."

Allar frekari upplýsingar um námskeiðið Heimar í þér er hægt að finna á andagift.is.

steingerdur@frettabladid.is

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ÚTSALA!

Harry Potter og leyniklefinn (myndskreytt)
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 9.999.-



Hetja
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.999.-

Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-

Ísskrímslið
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð áður: 4.499.-

Fíllinn fljúgandi
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Fíasól og furðusaga um krakka með kött í maga
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-



Randver kjaftar frá - Geggjað ævintýri
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-

Barnaræninginn
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.999.-



Nóra
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 3.999.-



Íslandsdætur
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.999.-

Svefnfiðrildin
TILBOÐSVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 3.999.-



Neihyrningurinn
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 17. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

DV
ÞÚ FÆRÐ NÝJASTA DV Á HEIMKAUP.IS
HEIMKAUP.IS
Aðeins 995 kr.!

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar

Streitan bak við slökunina

Ég veit ekki hvort það er til marks um aukin áhrif samfélagsmiðla, hækkandi lífaldur minn eða að það sé alveg bullandi janúar, en mér finnst bókstaflega allir í kringum mig á kafi í sjálfsrækt núna. Setja sjálfan sig í öndvegi, hlusta á líkamann, slaka, njóta og vera. Og allt það.

Þetta er orðið eftirsóknarvert ástand. Meira að segja svo eftirsóknarvert að fólk leggur mikið á sig til að öðlast það. Í raun hefur orðið til alveg ný tegund af streitu við það að komast í hið margrómaða ástand slökunar og andlegrar visku.

Að baki hverri áhrifamikilli Instagram-mynd, þar sem fólk horfir dreymið út í sólarlagið, umvafið orku náttúrunnar eru oftar en ekki margir klukkutímar af streði með ljósmyndara og fylgdarliði. Pirringi jafnvel, að þetta gangi ekki hraðar í kuldanum.

Til að komast á jóganámskeiðið seinnipartinn og slaka vel á í 40 mínútur þarf að koma krökkunum í pössun, vera á áætlun til að ná í gegnum umferðina alveg þar til það rifjast upp í miðri Ártúnsbrekkunni að nestið fyrir handboltaæfinguna hjá yngsta barninu gleymdist og það þarf að fjarstýra björgunaraðgerðum með símann á öxlinni.

Á bak við lífrænu, litríku og ofurhollu máltíðina, sem er hluti af ákveðinni vegferð í næringu, er margra klukkutíma rúntur um úthverfi borgarinnar til að kaupa nauðsynleg hráefni í hinum ýmsu sérverslunum.

Mitt framlag til sjálfsræktar í janúar verður hins vegar að gera ekkert af þessu. Þess í stað ætla ég að vera sem mest heima við á innibuxunum, panta mat og láta mér nægja að dást að ykkur hinum blómstra. Ég hef bara ekki orku í meira.